



45

Neyðarbirgðir til 9 mánaða í Finnlandi



46

Graskersræktun í Skagafirði



52

Lífræðilegur fjölbreytileiki á Slow Food- hátíð



Blaðauki fylgir

Bændablaðið

20. tölublað 2023 • Fimmtudagur 2. nóvember • Blað nr. 644 • 29. árg. • Upplag 33.200 • Vefur: bbl.is



Litlir og stórir – en allir knáir! Diana Rós Þrastardóttir, bóndi og bókarí á Þórstöðum, með dótturina Heklu Lind Jónsdóttur. Í baksýn er stærsta og öflugasta kartöfluupptökuvél landsins og Jón Helgi Helgason, eiginmaður Díönu, rabbar við gest um kartöflubúskapinn. Þótt bjart sé yfir mannskapnum er búskapurinn bændum þungur í skauti og blíkur á lofti.

Mynd / Steinunn Ásmundsdóttir

Ágreiningur um ágang

Stofnstærð álfta og heidagæsa hefur stækkað töluvert og bændur verða varir við mikla ásókn stórra hópa gelfugla á tún og akra sem eru þeim til ama.

Í sumar sótti Hákon Bjarki Harðarson, bóndi á Svertingsstöðum 2 í Eyjafjarðarsveit, um undanþágu frá verndarlögum að skjóta allt að fimm fugla í þeim tilgangi að fæla frá þaulsetinn álftahóp en fékk höfnun. Hann sér lítinn tilgang í að sækja um styrk vegna tjóns af völdum ágangs því ef tjónabætur eru samþykktar fellur jarðræktarstyrkur niður á móti og sama upphæð fæst vegna tjóns. Eiríkur Egilsson, bóndi á Seljavöllum í Nesjum, segist heldur ekki sækja um tjónabætur enda liggi kostnaðurinn í efni og vinnu við að afstýra búsiðjum frekar en að verða fyrir tjóni.

Fjórum sinnum í röð hefur verið lögð fyrir Alþingi þingsályktunartillaga um tímabundið leyfi til veiða en málið hefur ekki fengið brautargengi.

Bent hefur verið á að veiðar séu ekki lausn og geti í raun haft þveröfug áhrif. Ýmsar aðrar leiðir séu fyrir hendi sem gætu stemmt stigu við ágang og nýjasta tækni gæti þar reynst haurk í horni. /ghp

Sjá nánar á bls. 20–22.

Fé með verndandi arfgerð þyrmt

– Ráðherra samþykkti breytingatillögu á riðureglugerð og bændur á Stórhóli halda hluta fjár síns eftir riðu

Bændur á Stórhóli í Húnaþingi vestra vonast til að fé þeirra með verndandi arfgerðir gegn riðu verði þyrmt í kjölfar reglugerðarbreytingar matvælaráðherra.

Ráðherra hefur nú samþykkt breytingatillögu yfirdýralæknis á reglugerð um riðuveiki í sauðfé, en með því er yfirdýralækni heimilað að leggja til niðurskurð á hluta hjarðar að undangenginni arfgerðargreiningu.

Riða greindist í sláturfé frá Stórhóli á dögunum og stóðu bændur þar frammi fyrir því að allt fé á bænnum yrði skorið skv. þágildandi riðureglugerð.

Fé með verndandi og mögulega verndandi arfgerðir hefur viðnám við riðusjúkdómnum, þó mismunandi.

DNA tekið úr allri hjörðinni

Búið er að taka DNA-sýni úr allri hjörðinni á Stórhóli og má því ætla að það fé sem er með verndandi arfgerðir verði ekki skorið og tjón bændanna því minna en ella.

Mörgum er í fersku minni þegar allt fé var skorið á tveimur bæjum sl. vor vegna riðu en við sýnatökur kom í ljós að margir gripanna höfðu verið með verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir.

Arfgerðafé verði ekki skorið

„Undirbúningur er í hefðbundnu ferli og án tímappressu,“ segir Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir hjá Matvælastofnun, MAST. Hún hafi verið bjartsýn um að reglugerðarbreytingin næði í gegn áður en allt fé yrði skorið á Stórhóli.

Á bænnum er um 590 fjár, þar af í það minnsta 40 með verndandi arfgerð sem bændur þar, þau Marianna E. Ragnarsdóttir og Garðar V. Gíslason, voru byrjuð að rækta.

„Já, við eigum 27 gimbrar og 10 hrúta,“ segir Garðar. „Við vorum búin að skipta út eiginlega öllum hrútunum, við ætludum bara að nota þetta í vetur. Þetta snýst um að það getur heldur enginn hangið með

einhverjar tuttugu kindur,“ segir hann og bætir við að þau hafi beðið átekta eftir fyrrmeðndri reglugerðarbreytingu og niðurstöðu starfshóps, sem matvælaráðherra skipaði fyrr á árinu til ráðgjafar um riðumálin, og er nú til kynningar.

„Þetta er hundfúlt,“ segir Garðar um riðusmítið og að óneitanlega sé um áfall að ræða. Riða greindist einnig á Stórhóli árið 2006 og þau Marianna því búin að fara í gegnum þessa raun áður.

Þekkt riðusvæði

Eitt jákvætt skimunarsýni úr fullorðnu sláturfé frá Stórhóli fannst fyrir nokkrum dögum en ekki hafði orðið vart sjúkdómseinkenna riðu á bænnum.

Stórhóll tilheyrir Húna- og Skagahólfi. Í Miðfjarðarhólfi, Húnahólfi og Vatnsneshólfi hafa greinst fjögur tilvik af riðu á síðustu sjö árum og deila hólfin varnarlinu.

Um það hvort Stórhóll hafi selt

eitthvert fé frá sér á undangengnum vikum og mánuðum segir Garðar svo ekki vera. „Nei, við náttúrulega höfum ekki mátt vera með viðskipti með fé vegna riðunnar 2006.“

Örugg og úthugsuð skref

„Þetta gefur mér von um að við séum að fara að taka með einhverjum hætti öðruvísi á þessu tilfalli að Stórhóli heldur en við höfum þurft að gera fram til þessa,“ segir Trausti Hjálmarsson, formaður búgreinadeildar sauðfjábænda.

„Þetta er sorglegt, og erfitt að setja sig í spor ábúenda á þessum bæjum og á þessu svæði þar sem fólk er að glíma við riðuna,“ segir hann.

„Við sjáum samt sem áður að nú erum við komin með þessa verndandi arfgerð af stað í ræktuninni hjá okkur.

Við gerum okkur vonir um að við séum að fara að stíga örugg og úthugsuð skref í nýrri nálgun í glímunnni við riðu, hvort sem það er innleiðing á verndandi og mögulega

verndandi arfgerðum og svo hins vegar í viðbrögðum við riðutilfellum þar sem þau koma upp.“ Trausti segist vona að nú sé verið að horfa inn í það mólél sem unnið verði eftir til framtíðar.

Aukin þekking skapar von

Bændasamtök Íslands hafa í samstarfi við fleiri aðila verið með fræðslufundi víða um land síðustu daga þar sem dr. Vincent Béringue, einn helsti riðusérfræðingur heims, ásamt hópi sérfræðinga, fjallar um næmi arfgerða, áhrif innleiðingar verndandi arfgerða á stofninn, ræktunaráherslur og almenn atriði varðandi baráttuna við riðuveiki.

Béringue hefur á síðustu mánuðum lagt stund á umfangsmiklar rannsóknir á næmi þeirra mismunandi arfgerða sem finnast í íslensku sauðfé m.t.t. riðuveiki. Sérfræðingahópurinn, sem skipaður var af matvælaráðuneytinu, er nú að skila af sér niðurstöðum. /sá

FRÉTTIR

Byggðastofnun:

Lækka vexti til bænda

Stjórn Byggðastofnunar tók þá ákvörðun 18. október sl. að lækka álag á óverðtryggða vexti landbúnaðarlána um 1 prósentustig, að því er fram kemur í tilkynningu frá stofnuninni.

„Vaxtakjör slíkra lána verða REIBOR+2,5%. Þá var ákveðið að lækka álag á óverðtryggða vexti lána til kynslóðaskipta í landbúnaði, lán sem falla undir COSME ábyrgðarsamkomulag Evrópska fjárfestingasjóðsins, um 1,3 prósentustig og verða kjörin REIBOR+2,0%,“ segir í tilkynningunni en breytingarnar taka gildi 1. nóvember.

Haft er eftir Arnari Má Elíassyni, forstjóra Byggðastofnunar, að ákvörðunin sé viðbragð við slæmu rekstrarástandi í landbúnaði.

„Mikil hækkun stýrivaxta síðustu misserin samhlíða hækkun verðbólgu hefur gert lántakendum á Íslandi mjög erfitt um vik. Stofnunin hefur samt sem áður ekki hækkað

vaxtaálag á sínum lánum yfir þetta tímabil en vextir óverðtryggðra lána hafa þó hækkað mikið vegna tengingar þeirra við REIBOR vexti og þar með stýrivexti.

Bændur hafa sérstaklega fundið fyrir þessum aukna fjármagns-kostnaði og víða er staða þeirra orðin mjög erfíð. Stjórn stofnunarinnar tók því ákvörðun að lækka vaxtaálag á óverðtryggðum lánunum til landbúnaðar til þess að bregðast við ástandinu. Þá mun stofnunin vera þátttakandi í frekari leiðum sem til skoðunar eru í bráðum rekstrarvanda stéttarinnar.“

Fram kemur að hlutverk Byggðastofnunar sé að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs í landsbyggðunum. „Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi.“ /ghp



Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir rekur nú tvær garðyrkjustöðvar nálægt Flúðum, Gróður á Hverabakka og Melu, og ræktar nú grænmeti í rúmlega 9.000 fm af gróðurhúsum. Með kaupum á Melum fylgir einnig rekstur Litlu bændabúðarinnar. Myndir /Aðsendar

Garðyrkja:

Halla kaupir Mela

– Íhugar að hætta útiræktun grænmetis

Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir hefur fest kaup á garðyrkjustöðinni Melum á Flúðum og er tekin við rekstri stöðvarinnar af Guðjóni Birgissyni og Sigríði Helgu Karlsdóttur.

Með kaupunum fylgir einnig rekstur Litlu bændabúðarinnar á Flúðum. Fyrir á og rekur Halla garðyrkjustöðina Gróður á Hverabakka þar steinsnar frá.

Á Hverabakka hefur framleiðsla sólskinstómata verið undirstaða reksturs auk útiræktunar á selleri og káli. Á Melum hefur verið ræktað fjölbreytt grænmeti en Halla hyggur fyrst um sinn á að rækta alfarið gúrkur þar, þó áfram verði aðrar tegundir í mun minna mæli ætlaðar fyrir Litlu bændabúðina.

„Það er ákveðin hagræðing í stærðinni. Ég sé ekki fram á að geta snögglega aukið framleiðsluna mína með því að fara út í stórar framkvæmdir á Hverabakka. Ég heyrði af því að þau væru að íhuga að selja og sé þá mikil tækifæri í að sameina rekstur á stöðvunum,“ segir Halla Sif, en með kaupunum stækkar umfang starfsemi hennar ríflega. Starfsmannafjöldi fer úr tæp tíu í rúmlega tuttugu stöðugildi yfir allt árið, sem svo tvöfaldað á sumrin.

„Þetta er rúmlega tvöföld stækkun á framleiðslu í gróðurhúsum. Auk þess tek ég við rekstri verslunarinnar. Svo er það útiræktunin,“ segir hún en hikar.

„Ég er þó tvístígandi um framtíð útiræktunar sem stendur. Ég er ekki að sjá að það sé mikil framlegð í henni eins og staðan er í dag, ekki nema að hækka verðið talsvert. Þá er vinnan í kringum útiræktunina mjög mikil og bitnar hún alltaf eitthvað á starfsemi gróðurhúsanna, sem eru þó undirstaða rekstursins. Ég tek til dæmis ekki neitt af mínum launum út úr útiræktuninni.“

Samspil sem gengur ekki upp

Ástæðurnar telur hún margþættar, framleiðsla útiræktaðs grænmetis kalli á mikinn starfsmannafjölda og veðrið spili stóran þátt í ræktuninni. Þannig hefðu þurrkar sumarsins orðið til þess að bændur bjuggust við uppskeru síðar en venjulega, sem leiddi til þess að innflutningur verslana á grænmeti stöðvaðist síðar. Á Melum var ræktun blómkaals aukin til að fylla upp í eftirspurn en



Frá síðustu uppskeru blómkaals í haust. Um 6-8 kíló rúmast í einum kassa.

einhver hluti þess náði ekki á sölu og skemmdist.

„Neytendur eru kröfuharðir líka, þeir vilja að það sé alltaf til blómkaal í búðum og verslanir eru ekkert tilbúnaðar að taka á sig að það sé kannski blómkaalslaust í einhverja daga til að vera tilbúnað með rými fyrir okkur. Þetta bitnar á öllum í keðjunni. Framleiðendur vilja koma sínum vörum að, svo fréttu neytendur að það er komin íslensk uppskera af blómkaali, kjósa það frekar og kaupa því ekki þetta innflutta til að klára það úr búðunum til að skapa rými fyrir okkar framleiðslu, svo þetta verður algjör hringavitleysa.“

Hún veltir einnig fyrir sér hvort verðhækkningar hafi haft áhrif á verslanir og neytendur.

Útiræktun grundvallarmál

Halla segir ástandið eins þvert yfir allar þær tegundir sem hún hefur verið að rækta úti en nú liggja hún yfir tölum og þurfi að taka ákvörðun á allra næstu vikum hvort hún muni stunda einhverja útiræktun næsta sumar.

„Ég veit ekki hvort ríkið sé eitthvað tilbúið að stíga meira inn í þetta, til að styðja bændur. Ef þetta er eitthvað sem við viljum vera að gera á Íslandi. Þetta er þínu prinsippmál fyrir mér að við séum að rækta grænmeti úti. Við erum bara ekkert á sérstaklega góðum stað til þess. Það er ekki eins og við getum fært okkur til um breiddargráður. Við erum með

betri kröfur á vinnumarkaði um aðbúnað starfsmanna, launakröfur eru allt öðruvísi en í löndunum í kringum okkur og stöðvarnar úti eru reknar með meiri stærðarhagkvæmni og fyrir stærri markaði. Ég veit ekki hvað við getum gert. Sjálf vil ég ekki vera að rækta vöru sem þarf að vera á miklu hærra verði, ég vil að varan sé aðgengileg fyrir alla.“

Bjartsýn þrátt fyrir þunga vaxtabyrði

Þó Halla viðurkenni fúslega að kaup á annarri garðyrkjustöð sé nokkuð djörf ákvörðun segist hún skuldbundin framleiðslu grænmetis og er stórhuga á framtíðina. „Ég vil og ætla mér að starfa við þetta og ég vil geta fundið leiðir til að auka framleiðsluna.“

Hún segir því drauminn að byggja við stöðina þegar betur árar á markaðnum. „Vaxtarumhverfi á lánunum mínum eru ekkert frábær í augnablikinu en ég bind miklar vonir við að eftir tvö eða þrjú ár verði ástandið betra. Ég held að með því að sameina rekstur stöðvanna þá nái ég að styrkja rekstur stöðvanna aðeins og hagræða í aðfanga- og launakostnaði en hingað til hef ég einbeitt mér að því að reyna að auka framleiðsluna örlítið með breytingum sem kosta ekki of mikið.

En ný gróðurhús til að rækta meira í er draumurinn, því það er gat á markaðnum fyrir vörur sem fólk vill.“ /ghp

Verðlækkun á áburði

Áburðarvísitala Alþjóðabankans hefur fallið um líðlega 35 prósent frá sama tíma í fyrra í kjölfarið af samsvarandi lækkingu á orkuverði, sérstaklega jarðgasi.

Ef horft er til verðbreytinga til skemmri tíma hefur áburðarvísitalan hækkað um líðlega þrjú prósent á þriðja ársfjórðungi samanborið við þann á undan. Er það vegna hækkunar á köfnunarefni, sakir rofs á framleiðslunni. Á móti kom lækking á fosfór og kalíum sem hélt verðhreyfingunni í skefjum.

Áburðarverð er því farið að nálgast meðalverð árinna 2012 til 2019. Heildarlækkun ársins 2023 mun líklega enda í 33 prósent og eru horfur til áframhaldandi lækkingar um 15 prósent á árinu 2024. Frá þessu er greint í októberskýrslu Alþjóðabankans um horfur á hráefnismörkuðum.

Ef horft er nánar til einstakra áburðarefna, þá hækkaði köfnunarefni (í formi þvagefnis) um átján prósent á þriðja ársfjórðungi. Þrátt fyrir það eru verðin 41 prósent lægri en á sama tíma í fyrra og er áætlað að heildarverðlækkun þessa árs verði 49 prósent. Þá eru gerðar væntingar til áframhaldandi lækkingar um 13 prósent á næsta ári þegar framleiðsla kemst á skrið.

Verðin á fosfór á formi DAP (díammoníumfosfat), féllu um fimm



Fyrirséð er að innihaldsefni tilbúns áburðar falli í verði til loka ársins 2024. Mynd / AL

prósent á þriðja ársfjórðungi og hafa lækkað um 34 prósent frá sama tíma í fyrra. Orkuverð stjórnað nokkru verði DAP þar sem ammoníak er hluti efnasambandsins.

Kalíumklóríð lækkaði um sex prósent á þriðja ársfjórðungi. Miðað við sama tíma í fyrra hafa verðin fallið um 60 prósent. Gert er ráð fyrir að heildarlækkun ársins 2023 verði 55 prósent og verðið haldi áfram að falla um 22 prósent árið 2024. Þrátt fyrir viðskiptabann á Rússland og Belarús hafa bæði löndin náð að selja mun meira en áætlað var, en þau réðu yfir 40 prósent af framleiðslu á kalíumklóríð. Áðurnefnd lönd hafa komið áburðarefninu inn á Kínmarkað, á meðan Evrópulönd hafa aukið innflutning frá Kanada. /AL



★Ærblanda

Próteinríkt (24%) orkufóður sem hentar þar sem þörf er á sterku fengildi.

★Ærblanda LÍF

Hagkvæm blanda með 15% próteini sem leggur til viðbótar prótein og orku. Hentar með betri heijum.



Sauðfjárfata



Ekta bæstefnasteinn



HIMAG Magnesium



Biggi alhliðablanda



Kalksalt



FW steinefnasteinn



Alhliðasteinn



Super Booster

sala@lifland.is sími 540 1100

Neyðarkall til þín



Björgunarsveitirnar senda frá sér árlegt Neyðarkall dagana 2. til 5. nóvember.



Tökum vel á móti sjálfbóðaliðum björgunarsveitanna og styðjum við öflugt björgunarstarf í landinu.

FRÉTTIR



Gert er ráð fyrir vernd landbúnaðarlands í dreif- og þéttbýli í nýrri hvítbók um skipulagsmál.

Vernd landbúnaðarlands í landsskipulagi

Drög að hvítbók um skipulagsmál liggur í Samráðsgátt stjórnvalda, en frestur til umsagnar rann út 31. október.

Hvítbókin verður grunnur að þingsályktunartillögu um nýja landsskipulagsstefnu til 15 ára, með fimm ára aðgerðaráætlun, þar sem meðal annars verður kveðið á um vernd landbúnaðarlands. Í kaflanum Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf er undir einum liðnum sérstaklega fjallað um áherslur í skipulagi hvað varðar landbúnaðarland í dreifbýli og þéttbýli. Þar er kveðið á um að skipulag eigi að stuðla að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið og stuðli að auknu fæðuöryggi þjóðarinnar.

Gert er ráð fyrir að við skipulagsgerð í dreifbýli verði land sem hentar vel til ræktunar matvæla almennt ekki ráðstafað til annarra

nota með óafturkræfum hætti.

Skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands til landbúnaðar og annarrar nýtingar munu byggjast á flokkun landbúnaðarlands með tilliti til ræktunarskilyrða, auk landslagsgreiningar og vistgerðaflokkunar. Ákvæðanir um uppskiptingu lands munu byggjast á skipulagsáætlunum. Áhersla er á að stefna í skipulagsáætlunum um ræktun stuðli að framleiðslu afurða með lítið kolefnisspor, svo sem innlendri grænmetisframleiðslu.

Þá verður í skipulagi dreifbýlis stutt við fjölbreytta nýtingu landbúnaðarlands, svo sem í tengslum við nýsköpun og ferðaþjónustu. Gert er ráð fyrir að við skipulagsgerð í þéttbýli verði vaxtarmörk þess skilgreind, meðal annars með það fyrir augum að standa vörð um verðmætt landbúnaðarland. Í skipulagi verði hugað að tækifærum til aukinnar ræktunar matvæla í þéttbýli. /smh

Ráðuneytissjórar skoða stöðu bænda

Stjórnvöld hafa skipað sérstakan starfshóp til að skoða fjárhagsstöðu bænda og koma með tillögur að úrbótum.

Í starfshópnum sitja ráðuneytissjórar þriggja ráðuneyta; matvæla- ráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og innviðaráðuneytis. Hópurinn mun leggja mat á þá stöðu sem upp er komin í landbúnaði í kjölfar endurtekinnna hækkana á stýrivöxtum og verðhækkana á aðföngum, eins og verðir í tilkynningu frá Stjórnarráðinu.

Þar segir jafnframt að höfuðstóll verðtrygðra lána hafi hækkað hratt síðustu misseri og þannig rýrt eiginfjárstöðu bænda eins og víðar í samfélaginu.

Staða landbúnaðar sé þó sérlega erfið að því leyti að rekstur búa er nátengdur heimilum bænda og hækkunar við fjármagnskostnað og aðfangaverð hafi haft íþyngjandi áhrif. Rekstur í landbúnaði sé því orðinn þungur hjá mörgum framleiðendum.

Starfshópurinn mun draga saman nýjustu gögn um stöðuna og þróun síðustu missera.

Í framhaldinu verða lagðar fram tillögur með hliðsjón af þessum gögnum og jafnframt leiða leitað til að auðvelda kynslóðaskipti og nýliðun í landbúnaði. Hópurinn mun verða í samráði við Bygðastofnun og önnur fjármálaframtækni auk hagsmunaaðila í landbúnaði. /sá

Ungir bændur:

Nýliðun nauðsynleg

– Landbúnaðurinn endi í niðurníðslu ef ungt fólk tekur ekki við bújörðum

Þuríður Lilly Sigurðardóttir, sauðfjárbóndi á Sléttu í Reyðarfirði, segir undanfarin ár lítið hafa verið gert til að ýta undir nýliðun í landbúnaði.

Það sýni sig í að kynslóðaskipti í greininni séu með minnsta móti. Hún hélt erindi á baráttufundi Samtaka ungra bænda í liðinni viku.

Þuríður segir baráttufundinn hafa verið til að fá ráðamenn og almenning, sem eru ekki endilega nátengdir landbúnaði, til að sjá hversu alvarleg staðan er. Það þýði ekkert fyrir stjórnvöld að vakna upp eftir einhver ár þegar búskapur í landinu hefur hnignað varanlega, því matvælaframleiðsla byggist ekki upp á einni nóttu. Tækifærin séu enn til staðar og það eru enn til ungrir bændur og blómleg bú sem hægt er að taka við. „En maður ris ekki upp úr öskunni eftir tíu ár þegar allt er í niðurníðslu. Það þarf að vera hægt að taka við búum þegar þau eru enn í blóma.“

Nær ómögulegt án fjölskyldutengsla

Samkvæmt Þuríði geta bændur nánast aldrei tekið við bújörðum nema þegar eiga sér stað ætliðaskipti innan fjölskyldu. Í þeim tilfellum sé þó engin leið góð því þær séu allar þannig að einhver tapi á þeim. „Annaðhvort þarf sá sem selur að selja svo ódyrt að hann hefur ekkert upp úr sínu ævistarfi – eða þá að ungi bóndinn þarf að skuldsætja sig svo hátt að hann getur ekki lifað af búskap, heldur þarf hann að vinna utan bús.“ Þetta geri það oft að verkum að þótt yngri kynslóðin taki til starfa á bænum þá dragist þau hreinu skipti á búrekstrinum sem eru nauðsynleg til að unga fólk geti hafið sína uppbyggingu.

„Maður veltir fyrir sér af hverju ungt fólk sé að fara í þessar aðstæður þar sem er mikil vinna fyrir nánast engin laun.“



Þuríður Lilly Sigurðardóttir.

Þetta þurfi að verða eftirsóknar- verð starfsgrein og segir Þuríður ekki aðlaðandi fyrir ungt fólk að vinna úti og koma svo heim í lok dags og þurfa að sinna bæði búskap og heimili.

„Ungir bændur standa ekki undir því í mörg ár að vinna hundrað og fimmtíu til tvö hundruð prósent vinnu. Á meðan allar stéttir eru að fara í styttri vinnuviku og lengri sumarfrí eru bændur að horfa á það að reyna að ná endum saman.“ Hún bætir við að næga atvinnu sé að hafa og hætta sé á að fólk sem annars færi í búskap leiti í önnur störf.

Í raun starfsmaður búsins

Þuríður segist heppin að taka við góðu búi hjá föður sínum, en samt þurfi hún og eiginmaður hennar að vinna utan bús – Þuríður í sextíu prósent starfi og maki hennar í fullu starfi. Móðir hennar er jafnframt í fullri vinnu.

Faðir Þuríðar, sem er kominn yfir sjötugt, sótti lengst af vinnu utan bús en í seinni tíð hefur hann verið

ungu hjónunum innan handar, enda kominn á eftirlaun.

Þau hafa stofnað einkahlutafélag í kringum búreksturinn og þótt Þuríður sjái um allan daglegan rekstur þá er faðir hennar enn eigandi búsins. „Við höfum ekki enn fundið þá leið sem er best til þess að ég geti keypt af honum. Þó ég vildi óska þess að ég gæti sagt að ég ætti bæði reksturinn og jörðina, þá er ég í rauninni bara starfsmaður.“ Ungu hjónin eiga hluta bústofnsins og hafa byggt sér einbýlishús á jörðinni. Þuríður segir að eftir að hafa reist sér heimili þá sé ekki mikið sem standi eftir til að kaupa fyrirtæki og jörð.

Þuríður þakkar fyrir að hún hafi ekki verið búin að skuldsætja sig mikið í ljósi þeirra vaxtahækkana sem hafa verið undanfarið. Hún veit til þess að þetta sé mjög erfið fyrir þá bændur sem tóku skjefið til fulls og að margir geti ekki staðið undir afborgunum. Fyrir vaxtahækkanimar þurftu bændur að vinna með búskap og nú sé umhverfið orðið mun verr. „Tekjurnar hafa ekki hækkað í neinum takti við útgjöldin.“ /ÁL

Getum stutt landbúnað betur

– Samanburður skakkur vegna innsláttarvillu

Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði, segir flest öll lönd í heiminum stýðja við landbúnað með einhverjum hætti.

Íslensk stjórnvöld geti gert betur og ættu helst að horfa til Noregs, þar sem aðstæður eru sambærilegar.

Í erindi á baráttufundi Samtaka ungra bænda í liðinni viku sýndi Margrét gögn þar sem hún bar saman stuðning við nýliðun á Íslandi, Noregi og ESB. Í Noregi sé skattkerfið nýtt til að liðka fyrir ætliðaskiptum og hafi bújörð verið í eigu fjölskyldu í meira en tíu ár sé ekki greiddur fjármagnstekjuskattur þegar hún er seld til fjölskyldumeðlima.

Á Íslandi sé fjárfestingastuðningur til nýliða í landbúnaði mun lægri en í Noregi og ESB. Hér er hámarkið níu milljónir, eða að hámarki tuttugu prósent af heildarfjárfestingu. Í Noregi geti styrkurinn verið allt að fimmtíu prósent og allt að áttatíu prósent í löndum ESB og er hámarksupphæðin hærri en býðst íslenskum bændum. Þá sé nýliðunarstyrkur frádráttarbær hér á Íslandi ef sami aðilinn fær líka framkvæmda- eða fjárfestingarstuðning, sem Margrét telur afar sérstakt. „Stóra atriðið er að þegar er verið að tala um stuðning við landbúnað á Íslandi þá verði að huga að þeirri sérstöðu sem við búum við. Meðal annars hvað varðar landgæði, en þar erum við í raun mun líkari því sem þekktist í Noregi heldur en innan ESB. Þar af leiðandi gefur samanburður við stuðning innan ESB ekki rétta mynd.“

Margrét segir að samkvæmt opinberum gögnum sé stuðningur við landbúnað á Íslandi um eitt prósent af landsframleiðslu, sem sé herra hlutfall en í samanburðarlöndum. Þær tölur séu þó rangar, því stuðningur við kynbótastarf í nautgriparékt hafi verið ofmetinn tífalt undanfarið ár vegna innsláttarvillu.

Það leiddi af sér skekkju upp á rúmlega einn og hálfan milljarð.



Margrét Gísladóttir.

Þó talað sé um aðgerðir til að bæta þá stöðu sem er komin upp núna kallar Margrét eftir því að lítið sé til lengri tíma og öll okkar nálgun á stuðning við landbúnað verði endurskoðuð. „Viðunandi afkoma er óhjákvæmileg forsenda eðlilegrar nýliðunar í landbúnaði eins og öðrum atvinnugreinum. Og til þess að tryggja afkomu – og þar með nýliðun – þarf tvennt að koma til: Annars vegar að ná niður framleiðslukostnaði og hins vegar aukinn opinber stuðningur.“ /ÁL

TILBOÐ MÁNAÐARINS*

20% AFSLÁTTUR AF STÖMPUM

+ KAUPAUKI

ÞÚ KAUPIR 2 STAMPA MEÐ 20% AFSLÆTTI OG FÆRD SALTSTEIN FRÍTT MEÐ

FYRIR NAUTGRÍPI

- STEINEFNABLANDA
- MAGNESÍUM / SELEN
- ORKUSTAMPUR
- LIFELINE PRE-CALVER

Þú kaupir 2 stampa og færð Kúastein FRÍTT með.



FYRIR SAUÐFÉ

- STEINEFNABLANDA
- SAUÐFJÁRSTAMPUR
- ORKUSTAMPUR
- LIFELINE LAMB & EWE

Þú kaupir 2 stampa og færð Sauðfjárstein FRÍTT með.



FYRIR HESTA

- HESTASTAMPUR
- STEINEFNABLANDA

Þú kaupir 2 stampa og færð Hestastein (2 stk.) FRÍTT með.



*Tilboðið gildir nóvember 2023 eða á meðan birgðir endast.



FÓÐURBLANDA

FB Reykjavík
Korngarðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840

FB Hvalsvíllur
Duftþaksbraut 1
570 9850

www.fodur.is
fodur@fodur.is



TOYOTA RAV4

ÆVINTÝRIN BÍÐA ÞÍN



Toyota RAV4 verð frá: 6.450.000 kr.
Toyota RAV4 Hybrid verð frá: 7.850.000 kr.
Toyota RAV4 plug-in Hybrid verð frá: 9.950.000 kr.



KINTO ONE langtímaleiga
Toyota RAV4, verð frá: 154.000 kr. á mánuði.

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERBLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – Sími: 563 0300 – Blaðamenn: – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is

Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – Sími: 866 3855

Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: 33.000 – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins. Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublaðið) kostar þá kr. 14.900 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 11.900 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.

Sími: 563 0300 – Kt: 631294-2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

LEIÐARI

Mínus

Fæðuöryggi er einn af hornsteinum þjóðaröryggis, segir Johan Áberg hér í tölublaðinu en hann er fulltrúi finnsku bændasamtakanna í Neyðarbirgðastofnun finnska ríkisins. Þar í landi eru alltaf á öllum tímum til neyðarbirgðir af fæðu, orku, lyfjum, lækningavörum og öllu því sem þarf til að halda samfélaginu gangandi í níu mánuði ef allar aðfangakeðjur lokast. Aðrar þjóðir líta nú til finnska kerfisins enda eru margar þjóðir að átta sig á að þær hefðu kannski ekki átt að leggja niður sínar neyðarbirgðastöðvar.

Á Íslandi er engin neyðarbirgðastofnun en vinna við að greina nauðsynlegar birgðir og meta stöðu þeirra liggur nú hjá ráðuneytum í framhaldi af útgáfu skýrslu starfshóps um neyðarbirgðir sem kom út síðasta haust. Þeirri vinnu átti að ljúka á fyrsta ársfjórðungi þessa árs en lítið hefur heyrst um framgang þeirrar vinnu.

Á meðan eru ekki gildandi nein stjórnsýslufyrirmæli um lágmarksbirgðir matvæla eða aðfanga til matvælaframleiðslu í landinu. Hér eru birgðir af matvælum sem liggja hjá framleiðendum, afurðastöðvum, innflytjendum, verslunum og neytendum.

Í þessu samhengi er þó eitt deginum ljósara; hér mun aldrei ríkja neitt fæðuöryggi ef við höfum ekki frumframleiðendur matvæla. Landbúnaður er ein af grunnstöðum samfélagsins, rétt eins og heilbrigðis- og skólakerfið. Hlutverk þess er að stuðla að sjálfbærni landsins, styrkja áfallþol samfélagsins og viðhalda matvælaöryggi. Bændur þjóna því veigamikla hlutverki að byggja undir grunn þjóðaröryggis í landinu.

Það er skritið að meginstöðum samfélagsins sé haldið uppi með láglauastörfum. Starf bónda, kennara og sjúkraliða eiga það sameiginlegt að vera illa borgaðar stöður sem ekkert samfélag kemst samt af án. Þjóð er ekkert án menntakerfis, við lifum vart án heilbrigðiskerfis, enginn kemst af án matar. Það sem skilur að fyrrnefndar starfsstéttir, kennararnir og sjúkraliðarnir annars vegar og bóndann hins vegar, er að þær fyrrnefndu geta og hafa barist fyrir sínum kaupmætti reglulega í gegnum kjarasamninga. Samningar ríkis við bændur eru hins vegar, eins og Jóhannes Sveinbjörnsson, dósent við Lbhl og bóndi, bendir á hér í blaðinu, bundnir til langs tíma og taka ekki mið af sveiflum í kostnaði við framleiðslu búvara. Bændur hafa enga tryggingu fyrir stöðugum kaupmætti, heldur þurfa þeir að taka af launum sínum neikvæða þróun allra helstu kostnaðarliða.

Enda sýna tölur Bændasamtaka Íslands að meðalmánaðarlaun bænda með búfé er fyrir neðan núllið. Bóndinn sem útvegaði þér lambalærið í fyrra krækti sér í skuldur fyrir ómakið, fékk mínus 35.000 krónur í mánaðarlaun. Það sama má segja um bóndann sem skaffaði í hamborgarann, hann borgaði einnig með sér og fékk mínus 366.000 krónur í mánaðarlaun.

Ríkisstjórnin ákvað að koma á fót starfshópi þriggja ráðuneytisstjóra til að leggja mat á stöðu landbúnaðar í framhaldi af neyðarfundi sem Bændasamtökin boðuðu með matvælaráðherra og fjármálaráðherra fyrir tveimur vikum. Ekki fylgir tilkynningu hvenær niðurstöðu er að vænta, hvort það verði innan einhverra vikna eða mánaða. Á meðan munu bændur halda áfram sínu góðgerðarstarfi og framleiða mat fyrir þjóðina á eigin kostnað. Ráðuneytisstjórnarnir munu varla setta sig við að borga tímakaupið sitt úr eigin vasa eins og bændur eru að gera. Og á meðan við biðum hriktir í stöðum fæðuöryggis þjóðarinnar.

Guðrún Hulda Pálsdóttir
ritstjóri.

Gunnar Þorgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



Í upphafi þessa pistils vil ég nota tækifærið og þakka Jóhönnu Lúðvíksdóttur hjartanlega fyrir samstarfið síðustu ár, en Jóhanna hefur starfað hjá Bændasamtökunum síðastliðin 35 ár og verður mikill eftirsjá af henni enda hefur hún reynst bændasamfélaginu mikill akkur í gegnum árin.

Í landbúnaði starfa bændur við margvíslegar reglur sem lúta að þeirra starfi og starfsumhverfi. Þar er löggjafinn með til viðmiðunar leikreglur sem settar eru af Evrópusambandinu sem skiptir landbúnaði upp í þrjú svæði, suðursvæði, miðsvæði og norðursvæði. Mismunandi leikreglur eru fyrir hvert svæði fyrir sig á grundvelli hvað má og hvað ekki má við framleiðslu afurða. Þar virðist engu skipta hollustuhættir við notkun sýklalyfja, hormóna eða varmarefna gagnvart neytendum.

Ef horft er til Íslands, þar sem við erum skilgreint norðursvæði í skilningi Evrópusambandsins, þá höfum við sem þjóð alveg gleymt því að nýta sérstöðu landsins fyrir þær undanþágur sem okkur sem þjóð auðnast til frelsis, athafna og sjálfstæðis. Íslenskar landbúnaðarvörur eru með þeim heilnæmstu í heimi sem framleiddar eru hér á landi og það er staðfest af Evrópsku lyfjastofnuninni. Á meðan er ekkert lát á óhóflegri notkun sýklalyfja í evrópskum landbúnaði sem leitt hefur til ört vaxandi aukningar sýklalyfjaónæmra bakteria sem berast í fólki.

Þrátt fyrir að vera „best í bekknum“, eru nú blikur á lofti um framtíðina þar sem afkoma í frumframleiðslunni er undir. Það er ekki okkur til framdráttar sem þjóð að láta okkar heilnæmu og hollu afurðir renna okkur úr greipum, því það sem við missum á framleiðslugrunni í dag verður ekki aftur náð svo hæglega.

Mikill og góður baráttufundur var haldinn á miðvikudaginn 26. október síðastliðin í

Starfsumhverfi



Salnum í Kópavogi að frumkvæði Samtaka ungra bænda. Fjöldmenn sótti fundinn þar sem hlýtt var á erindi frá ungum bændum sem lýstu stöðunni í raunheimum. Því líkt og ítrekað hefur verið bent á þá er afkomuvandinn okkar stærsta verkefni bæði gagnvart nýliðun og ekki síður hjá starfandi bændum hvar sem þeir eru í framleiðslu í öllum greinum landbúnaðar.

Þess vegna er það svo gríðarlega mikilvægt að þingmenn og sveitarstjórnarfolk sýni landbúnaðinum, einni af undirstöðuáttvinnugrein islenskrar þjóðar, meiri athygli og áhuga. Því allt sem viðkemur starfsskilyrðum landbúnaðarins eru jú mannanna verk sem mögulegt er að lagfæra eða færa til betri vegar. Þar er af mörgu að taka, líkt og ég kom að í upphafi, svo sem eins og einföldun regluverks sem nýtist okkur hér á norðursvæði Evrópu. Stefnum ótraud áfram að tæknivæðingu og nákvæmnisbúskap með því að nýta okkur tæknina, m.a. til framfara í eftirliti. Hvers vegna má ekki endurnýta örmerki á Íslandi þar sem við sendum ekki

gripi í sláturhús þvert yfir landamæri? Er það bara af því að Evrópusambandið segir nei? Eða gleymdist að óska eftir undanþágu þegar málið var rætt á meðal jakkafataklæddu mannanna í Brussel?

Svo kemur skilningur ESA að breyta þurfi reglugerð um blóðmerahald, sem þegar var búið að breyta nýlega og átti að gilda til 2026. Frá og með 1. nóvember er reglunum breytt og engar leiðbeiningar um hvað verður, hvorki frá ráðuneytinu né eftirlitsstofnuninni. Erum við virkilega búin að framselja svo mikið af fullveldinu að við þurfum að spyrja lögfæringana í Brussel hvað við megum gera og hvað ekki? Í hvers hlut kemur það þá að gæta hagsmuna Íslands og norðurhéraða innan Evrópu með fullnægjandi og kröftugum hætti? Önnur ríki virðast ná að setja inn ýmiss konar fyrirvara og stefnur á grunni dreifðra byggða og erfiðra aðstæðna, allt til þess að gæta að og tryggja starfsskilyrði þeirra atvinnugreina sem stundaðar eru innan þeirra landamæra.

GAMLA MYNDIN



Kornskurður á Búlandi í Austur-Landeyjum haustið 1981. Mynd sem birtist í þriðja tölublaði Freys árið 1982. Þar er grein sem segir frá sjö bændum í Austur-Landeyjum sem tóku sig saman um að rækta korn á alls ellefu hekturum. Meðaluppskeran var yfir ellefu tonn (hkg) á hektarann. Þetta framtak þótti merki um þá sókn sem átti sér stað í kornrækt á þessum árum. „Þótt þráðurinn hafi ekki slitnað um áratuga skeið í íslenskrum kornrækt verður að segja að litlu hafi mátt muna að svo færi,“ skrifar Matthías Eggertsson, höfundur greinarinnar og ljósmyndarinn. Hann var einn ritstjóra Freys.



Fullt var út úr dyrum í Salnum í Kópavogi. Þá var mikið áhorf í streymi.



Nokkrir tugir búfræðinema komu á fundinn.

Myndir / ÁL



Ályktun baráttufundar Samtaka ungra bænda fyrir launum og lífi í sveitum landsins var samþykkt með dynjandi lófataki. Hér endar Steinþór Logi Arnarsson, formaður SUB, vel heppnaðan fund.



Fundargestir komu alls staðar að af landinu, sem og úr fjölmörgum geirum sem snerta landbúnaðinn.



Tíu framsögumenn héldu erindi. Hér stendur Jón Helgi Helgason kartöflubóndi í pontu og bendir á að margir bændur stuðli að fæðuöryggi þjóðarinnar í sjálfböðavinnu.



Í pallborð mættu fulltrúar allra stjórnmalaflokka á Alþingi. Meðal þeirra var samhljómur um mikilvægi þess að hlúa vel að íslenskum landbúnaði.

Kraftur í ungum bændum

Samtök ungra bænda (SUB) boðuðu til baráttufundar undir yfirskriftinni *Laun fyrir lífi ungra bænda og íslenskra sveita*. Erindið var rekstrarumhverfi landbúnaðar á Íslandi, sem samtökin segja kominn að fótum fram.

Ályktun, sem samþykkt var í lok fundar, segir að ungir bændur standi frammi fyrir fjárhagslegum ómöguleika og engin tækifæri séu fyrir ungt fólk sem vilji komast í greinina. Eðlileg nýliðun sé forsenda áframhaldandi landbúnaðar í landinu og þar með fæðuöryggi þjóðarinnar. Ályktunin endar með þessum orðum: „Það er glapræði að leggja íslenskan landbúnað af. Þess vegna þarf að bregðast við án tafar. Seinna er of seint.“

Mæting var með besta móti, en á fundinum voru ekki einungis ungir bændur, heldur einnig eldri starfssystkin, stjórnmalamenn úr öllum flokkum, ráðherrar, fulltrúar fyrirtækja sem þjóna bændum, fjölmiðlafólk og margir fleiri. Setið var í nánast öllum sætum ásamt því sem fimm hundruð manns fylgdust með í beinni. Þá hefur á fimmta þúsund horft á upptökuna þegar þetta er ritað. /ÁL



Tveir Skagfirðingar taka þingmann Samfylkingarinnar tali.



Nemendur á Hvanneyri komu í Kópavoginn með rútu. Gefið var fri frá kennslu, enda snerti viðfangsefni fundarinnar framtíð þeirra.

MÆLT AF MUNNI FRAM

Í gegnum alla mína þáttagerð hér, hef ég lagt mig í framkröku við að hafa höfund að hverri vísu. Það held ég hafi lánast bærillega, þó ugglaut sé þar eitthvað misfarið með.

Þátturinn þessi verður samt hafinn með einni ófeðraðri, (mæðraðri) vísu sem er svo hnyttin að varla er tækt að birta hana ekki, meinlega og myndræna:

*Víst ég tel mig vita það
vonskufullur bófi,
hvort mér heldur horfir að
handarbak eða lófi.*

Mikil tíðindi bærust mér nýverið frá einum af lesendum þáttarinnar. Hafði hann í förum sínum ljóðkorn eftir **Rósberg G. Snædal**. Næsta öruggt má telja, að þetta stutta ljóð hefur hvergi fyrr birst, enda ort á árinu 1980, aðeins þremur árum fyrir andlát hans. Rósbjörg er þetta ár kennari á Hólum í Hjaltadal, og fannst þetta ljóð innan í einni af bókum hans. Ljóðið er að sönnu meistara verk líkt og allt hans háttbundna efni. Ljóðið nefnir höfundur „Drangey“:

*Útvörður okkar fjarðar
ægijögur með kögur,
öldunnar brimrót alda
afrenndur klettur stendur.
Drangey á drafnarengi
dýrmætust perla merlar,
hillir við hafsbrún gulli
hádegi sólar slegin.*

Eftir svona náttúrusköpun er hollt og heilnæmt að birta lesendum eina perlu úr safni **Orms Ólafssonar**. Ormur var eitt sinn spurður: Hvenær kemur andinn svo yfir þig að þú getir sett saman vísu? Ormur svaraði með næstu þremur vísu:

*Þeir sem braska í þessu og hinu
þurfa að nýta atvik hvert,
og sumir hafa á salerninu
sínar bestu vísur gert.*

*Með rim og stuðla reyni að þrúka,
rembist við að fornum síð.
Með hendingar sem hægðarauka
hef ég notað klósettið.*

*Að yrkja mér til frama og frægðar
festa kosti hefur skort.
Aðeins mér til hugar-hægðar
hef ég mínar vísur ort.*

Ásgrímur Kristinsson frá Ásbrekku orti:

*Ef að kynnu að bresta bönd
og brosum linna svanna,
kemst ég inn á undralönd
endurminninganna.*

Eftir **Ragnheiði Lýðsdóttur** er þessi veðurlýsing:

*Meðan vinda vængur gnýr
velli, rinda og gjögur,
faðmar tind og tófrum býr
tíbrá yndisfögur.*

Þórarinn Bjarnason járnsmiður orti í andleysi sínu:

*Minn er andi orðs við stjá
ekki í standi góðu,
brag þó vandað vildi fá
vænni bandatróðu.*

Næstu tvær hringhendur **Kristjáns frá Djúpalæk** eru ekki samstæðar, en augljóslega ortar í einhverju orðaskaki:

*Eg á snúinn eins og þú
orðagrúa, framar vonum.
Óviðbúinn er því nú
ekki þúfutitlingonum.*

*Víst í lundi Vöðluþinga
válegt stundum heyrst gelt
kjöltuhunda Húsvíkinga
hátt og undarlega hveltt.*

Umsjón:
Árni Geirhjórtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR



Matvælaráðuneytinu bærust 47 gild tilboð um kaup og sölutilboð voru 26.

Mjólkurkvóti:

Eftirspurn mun minni en framboð

Haldinn var tilboðsmarkaður með greiðslumark í mjólk þann 1. nóvember. Í annað sinn í röð er á markaði mun minni eftirspurn en framboð.

Greiðslumark sem viðskipti ná til eftir opnun tilboða nam 1.048.500 lítrum, en heildarmagn greiðslumarks sem boðið var fram í sölutilboðum var 3.287.023 lítrar.

Matvælaráðuneytinu bærust 47 gild tilboð um kaup og sölutilboð voru 26. Í tilkynningu úr ráðuneytinu kemur fram að í gildi sé ákvörðun ráðherra um að hámarksverð skuli vera þrefalt afurðastöðvaverð, sem við lok tilboðsfrests var 389 krónur á lítrann. Við opnun tilboða hafi komið fram jafnvægisverðið 300 krónur á lítrann.

Fjöldi kauptilboða undir jafnvægisverði var 16, en fjöldi sölu-

tilboða yfir jafnvægisverði var 17. Greiðslumark sem óskað var eftir var 1.600.500 lítrar. Heildarandvirði þess greiðslumarks sem viðskipti náðu til nam 314.550.000 krónum.

Seljendur með tilboð á jafnvægisverði eða lægra voru níu og selja 70,4 prósent af sínu framboðna magni, en kaupendur með tilboð á jafnvægisverði eða herra eru 31 og fá allt það magn sem sóst var eftir.

Í tilkynningunni kemur fram að sala greiðslumarks fari nú fram samkvæmt gildum tilboðum. Matvælaráðuneytið muni senda öllum tilboðsgjöfum upplýsingar um afgreiðslu tilboða og gera breytingar á skráningu greiðslumarks þegar uppgjör hefur farið fram. Upplýsingar um greiðslumark sitt geta bændur nálgast í Afurð.

/smh

Bændahópar

Vinum saman að markmiðum okkar og bætum árangur í jarðrækt og gróffóðuröflun

Hefur þú kynnt þér hvað bændahópar geta gert fyrir þig!

Viltu taka þátt í skemmtilegu og uppbyggilegu starfi með öðrum bændum!

Í bændahópum miðla bændur þekkingu sín á milli og ná árangri saman með ráðunautum RML.



Byrjum með nýja hópa á næsta ári

Upplýsingar um verkefnið og skráningar eru á heimasíðu RML, hnappur merktur „Bændahópar“.

Nánari upplýsingar gefur Þórey Gylfadóttir, netfang: thorey@rml.is sími: 516 5000



Arctic Circle:

Sértækar aðgerðir þarf til að forða hruni í landbúnaði

– Fæðuöryggi og fæðusjálfstæði á Hringborði Norðurslóða

Fæðuöryggi var til umræðu á einu pallborðanna á ráðstefnunni Arctic Circle sem haldin var í Hörpu dagana 19.–21. október sl. Þar steig í pontu Jóhannes Sveinbjörnsson, dósent hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Skýr greinarmunur var gerður á fæðuöryggi (e. food security) annars vegar og fæðusjálfstæði (e. food self-sufficiency) hins vegar. Fæðuöryggi þjóða getur verið uppfyllt með því að uppfylla fæðuframboð án tillits til staðsetningar framleiðslunnar. Fæðusjálfstæði þjóðar ræðst hins vegar af hæfni hennar til að fullnægja fæðubörf með eigin framleiðslu.

Jóhannes birti sjálfsaflahlutfall fimm eylanda í norðri og vísaði þar í tölur úr skýrslu sem unnin var fyrir Norðurlandaráð og Norrænu ráðherranefndina árið 2022. Ísland mælist þar með 53% sjálfsaflahlutfall, Færeyjar mælast með 22%, Grænland 17%, Áland með 59% og Bornholm 6%.

Sjálfsaflahlutfall Íslands hefur minnkað

Jóhannes bendir á að sjálfsaflahlutfallið á Íslandi hafi minnkað og vísaði þar í niðurstöður sem birtust í skýrslunni Fæðuöryggi á Íslandi, frá árinu 2021, þar sem kom meðal annars fram að hlutfall erlendra matvara hefur aukist á kostnað þess sem framleitt er hér á landi.

Á pallborðinu spurði Jóhannes hvað gæti valdið þessum samdrætti á Íslandi. Ekki væri um að ræða skort á auðlindum eða innviðum til aukinnar fæðuframléiðslu, heldur mætti rekja þær til samþrings efnahagslegra þátta. Hann nefndi að hér skorti hvata til aukinnar framleiðslu landbúnaðararfurða, búskapur væri láglaukastar og of lítið væri gert til að taka frá besta mögulega landsvæði til landbúnaðarframleiðslu.



Jóhannes Sveinbjörnsson, dósent hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, í pontu á Arctic Circle í Hörpu. Mynd/ghp

Bændur taka á sig neikvæða þróun

„Þó að mörgum finnst matarkarfan dýr þá hefur hún til lengri tíma lítið verið minnkandi hluti af heildarkostnaði heimilanna. Þegar landverð hækkar og kaupmáttarþróun hjá flestum starfsstéttum er jákvæð á meðan afkomuþróun í landbúnaði er neikvæð, verður landbúnaðurinn óhjákvæmilega undir í samkeppni um auðlindir og mannafla. Þetta er stór ógn og getur valdið algeru hruni eins og mörg dæmi finnast um í mannkynssöggunni,“ segir Jóhannes, en hann var fenginn til að vinna tillögur að fæðuöryggisstefnu fyrir matvælaráðuneytið árið 2022. Síðan þá hefur Matvælastefna og Landbúnaðarstefna verið samþykkt á Alþingi.

„Mín skoðun er að þrátt fyrir góðar aðgerðir stjórnvalda varðandi kornræktina og fleira þurfi að mæta þvi sérstaklega hvað ástandið í heiminum síðustu misseri hefur

þýtt fyrir landbúnaðinn. Það þarf sértækar aðgerðir núna til að forða hruni og jafnframt að byggja umgjörð landbúnaðarins til framtíðar þannig upp að hún geri ráð fyrir og mæti svona sveiflum.

Meðan flestar stéttir geta barist fyrir sínum kaupmætti mjög reglulega í kjarasamningum, eru samningar bænda við ríkið bundnir til mjög langs tíma, og taka almennt ekki mið af sveiflum í kostnaðarliðum. Þar að auki hefur það afurðaverð sem markaðurinn greiðir tilhneigingu til að hækka seinna heldur en kostnaðurinn gerir.

Bændur hafa enga tryggingu fyrir stöðugum kaupmætti, hvað þá kaupmáttaraukningu, heldur þurfa þeir að taka af launum sínum neikvæða þróun allra helstu kostnaðarliða þessi misserin, með skelfilegum afleiðingum fyrir nýliðun í landbúnaði og sjálfsaflahlutfall í fæðuframléiðslu, sem er mikilvægur hluti fæðuöryggis,“ segir Jóhannes.

/ghp

Bótakrafa frá blóðmerabændum

Bændasamtökin hafa sent matvælaráðuneytinu formlega athugasemd við þá ákvörðun að fella blóðmerahald undir reglugerð nr. 460/2017 um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni.

Þetta sé skerðing á atvinnufrelsi sem njóti verndar stjórnarskrár. Þar með hefur reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum frá 2022 verið felld niður en upphaflega átti hún að gilda til 2025. Öttast er að breytingin hafi í för með sér íþyngjandi og ósanngjarnar afleiðingar fyrir þá sem greinina stunda. Í erindinu segir að blóðmerahald hafi verið stundað í hartnær hálfa öld og sé rakið til rannsókna á fimmta og sjötta áratug tuttugustu aldar. Því sé auðvelt að rökstyðja að atvinnugreinin eigi ekki heima í reglugerð um vísindarannsóknir á dýrum.

Í einum kafla reglugerðarinnar eru listuð upp þau dýr sem má nota í vísindarannsóknir. Mjög ströng skilyrði eru við notkun dýra af tegundum í útrýmingarhættu, apaköttum og dýrum sem tekin eru úr náttúrunni. Heimilt er að nota dýr sem eru ræktuð til að nota í tilraunum og er í reglugerðinni taldar upp tegundirnar húsamús, brúnrotta, naggrís, gullhamstur, kínamstur,



Blóðmerahald hefur verið stundað í hartnær hálfa öld á Íslandi. Mynd / ghp

mongólsk stökkmús, kanína, taminn hundur, húsköttur, froskur, sebradanni og apakettir.

Í erindi Bændasamtakanna segir að þetta sé tæmandi upptalning og að blóðtökuhryssur falli ekki undir þessar skilgreiningar. Matvælastofnun geti þó veitt undanþágu frá þessari upptalningu á grundvelli vísindalegra raka og sé þess væntanlega þörf til að blóðtökubændur geti stundað sína starfsemi á grundvelli reglugerðarinnar. Tilgangur reglugerðar-

innar er að stuðla að takmörkun á notkun dýra í vísinda- og menntunarskyni. Bændasamtökin benda á að það standist ekki skilyrði um meðalhóf að fella blóðmerahald undir þessa reglugerð þar sem það muni takmarka fjölda hryssa í blóðtökustarfsemi og þá atvinnufrelsi bænda. Þá sé tekið fram í stjórnarskránni að ef leggja skuli bönd á atvinnufrelsi þurfi að setja um það lög á Alþingi á meðan reglugerðarákvæði nægi ekki ein og sér. /ÁL



LANDSHÚS

ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

TÍGULL PREMIUM GARÐHÚS

TIL Á LAGER

Tígull er 15 fm auka hús í garðinn fyrir vandláta. Húsið er sterkbyggt fyrir íslenskar aðstæður.



Ekki þarf byggingarleyfi fyrir stöðluðu húsi



Tillögur að nýtingu



Tíglahús reist við sumarhústað 2022



JÖKLAR GESTAHÚS

Henta vel sem gestahús, starfsmannahús, auka herbergi, heimaskrifstofa eða sem útleiguneining í ferðapjónustu. Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.

MIKLIR BREYTINGARMÖGULEIKAR



Jöklar Burst



Jöklar Flat



Jöklar íslensku húsin



Efla verkfræðistofa sér um tæknilega hönnun á húsunum okkar samkvæmt íslenskri byggingarlöggjöf.

3 MÁNAÐA AFGREIÐSLUTÍMI



Húsin frá okkur má finna víða um land

STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is www.landshus.is

Öll verð má finna á heimasíðu okkar



LANDSHÚS

FRÉTTIR

Kjötafurðastöðvar:

Stjórnarfrumvarp um heimild til samstarfs

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra mun leggja fram stjórnarfrumvarp um heimild kjötafurðastöðva til aukins samstarfs.

Var tilkynnt um þetta á vef matvælaráðuneytisins í gær þar sem fram kom að samþykkt hefði verið í ríkisstjórn að leggja málið fram sem stjórnarfrumvarp um framleiðendafélög. Því er ætlað að styrkja stöðu framleiðenda búvara og skapa tækifæri til aukinnar samvinnu og verðmætasköpunar.

Heimild til samstarfs eins og á Norðurlöndunum

Í frumvarpinu er lagt til að fyrirtækjum sem eru í eigu eða undir meirihlutastjórn frumframleiðenda verði heimilt að eiga með sér samstarf um afmarkaða þætti líkt og tíðkast í nágrannalöndum. „Við teljum þetta frumvarp vera lið í því að bæta stöðu bænda. Með skýrt afmarkaðri heimild til samvinnu í samræmi við landbúnaðarstefnu þá sem samþykkt var á Alþingi í vor“, er haft eftir Svandísi í tilkynningunni.

Þar segir einnig að í landbúnaðarstefnunni komi fram að tryggja skuli með löggjöf að innlendir framleiðendur hafi ekki lakara svigrúm til hagræðingar og samstarfs en framleiðendur í nágrannalöndunum. Í frumvarpinu sé einkum horft til útfærslu á reglum í Finnlandi.

Fallið frá fyrri drögum

Áður hafði matvælaráðherra lagt sams konar frumvarpsdrög í Sam-



ráðsgátt stjórnvalda til umsagnar í desember á síðasta ári. Það byggði meðal annars á tillögum spretthópsins frá því í júní á síðasta ári, sem ráðherra kallaði eftir vegna slæmrar stöðu í matvælaframleiðslu á Íslandi.

Samkeppniseftirlitið lagði hins vegar gegn þeim hugmyndum sem komu fram í frumvarpsdrögum, um undanþágu frá grunnreglum samkeppnislaga. Var talið að undanþágan færi mögulega gegn ákvæðum EES-samningsins og var því fallið frá þeim drögum. /smh

Atmonia:

Viljayfirlýsing um framleiðslu á umhverfisvænu ammoníaki

Fyrirtækin Qair Ísland og Atmonia hafa gert með sér samstarfssamning um framleiðslu á umhverfisvænu ammoníaki á Grundartanga. Gert er ráð fyrir að framleiðsla verði komin í gang árið 2028.

Um viljayfirlýsingu er að ræða þar sem stefnt verður að því að hagnýta nýja tækni Atmonia til að framleiða ammoníak sem umhverfisvænan orkugjafa, með sjálfbæru hráefni frá Qair; eins og raforku og vatni.

Orkuframleiðsla úr endurnýjanlegum auðlindum

Qair Group er raforkuframleiðandi með langa reynslu af því að þróa og reka innviði til orkuframleiðslu úr endurnýjanlegum auðlindum og starfar nú í 18 löndum.

Frá 2019 hefur vetnisframleiðsla verið mikilvæg stoð í stefnu Qair, sem rekur nú slík verkefni í Frakklandi, Íslandi og Brasilíu. Staðsetning framleiðslustöðvarinnar á ammoníakinu á Grundartanga verður einmitt við nýju vetnisvinnslustöð Qair sem er í þróun.

Tvær markverðar vörur í þróun

Atmonia er nýsköpunarfyrirtæki, stofnað 2016, sem er með tvenns konar vöruþróun í vinnslu sem munu geta lagt mikið af mörkum í baráttunni gegn loftslagsvandannum.

Önnur varan gengur út á framleiðslu á ammoníaki úr lofti og vatni án þess að losa gróðurhúsalofttegundir, en talið er að um tvö prósent af koltvísýringsslosun af mannavöldum í heiminum megi rekja til núverandi framleiðsluaðferðar ammoníaks. Vinsældir ammóníaks sem orkugjafi á skip og aðrar stórar vélar eru að aukast sem gerir hina nýju aðferð Atmonia mjög vænlega til nánustu framtíðar. Hin vara fyrirtækisins gengur út á framleiðslu á sjálfbæru nitrati úr ammoníaki en núverandi



Guðbjörg Rist, framkvæmdastjóri Atmonia, og Tryggvi Þór Herbertsson, stjórnarformaður Qair Ísland, eftir að viljayfirlýsingin var undirrituð.

nitrátframleiðsla er sérstaklega mengandi ferli. Nitratið mun nýtast sem áburður og getur stuðlað að sjálfbærni og fæðuöryggi á tilteknum svæðum.

Tvær viðurkenningar

Atmonia hefur nýlega hlotnast tvær viðurkenningar fyrir árangur sinn.

Í sumar hlaut fyrirtækið viðurkenningu úr Nýsköpunarsjóði dr. Þorsteins Inga Sigfússonar við Háskóla Íslands árið 2023. Þetta er í þriðja sinn sem viðurkenning er veitt úr sjóðnum en tilgangur hans er að stuðla að auknum áhuga á nýsköpun og styrkja efnilega frumkvöðla, nemendur eða vísindamenn, sem með einhverjum hætti sinna verkefnum eða rannsóknum er lúta að nýsköpun.

Getur aukið hróður íslenskrar tækni

Nýverið fékk svo Atmonia Nýsköpunarverðlaun Samorku 2023. Í greinargerð Samorku um viðurkenninguna

segir að tækni Atmonia sé einkaleyfavarin sem beri vott um nýnæmi hennar.

„Við mat dómnefndar var horft til ýmissa þátta eins og nýnæmis, samsetningar teymis, verðmætis fyrir Ísland, markaðstækifæra, verðmætis m.t.t. loftslagsmála og nýtingar orku, vatns og hliðarstrauma fyrir verkefnið.“

Það er mat dómnefndar að verkefni Atmonia mæti mjög vel lýsingu Samorku á nýsköpunarverðlauninum og þeim þáttum sem hér voru nefndir. Dómnefndin var einróma í mati sínu og telur að framgangur verkefnisins geti haft afar jákvæð og þýðingarmikil áhrif.

Má þar nefna nýtingu hreinnar innlendirar orku fyrir eldsneytis- og áburðarframleiðslu, minnkun kolefnislosunar, auknar útflutnings- og innflutnings- og minni innflutning erlendra afurða. Verkefnið getur einnig nýst víða annars staðar og aukið hróður íslenskrar tækni erlendis,“ segir í umsögn dómnefndarinnar. /smh

Hrútaskráin kemur út 17. nóvember

Eitt vinsælasta blað landsins, Hrútaskráin, kemur úr prentun 17. nóvember nk. Í henni verða kynntir 48 glæsilegir hrútar, sem verða meðal annars í notkun á sauðfjársæðingastöðvum yfir fengitímann. Hrútakosturinn er að venju gríðarlega öflugur, blanda af reynsluboltum og yngri köppum sem hafa nú hafið sinn fyrsta vetur á sæðingastöðvunum. Þetta er í 26. skipti sem hrútaskráin kemur út en ritstjóri hennar er Guðmundur Jóhannesson, ráðunautur hjá RML. /mhh



Vesturbyggð

Skipulagsauglýsing

Samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi: Breyting á deiliskipulagi hafnar- og þjónustusvæðis á Patreksfirði, Vesturbyggð.

Tillagan felur í sér skilgreiningu á fjórum íbúðalóðum við Þórsgötu, neðan við Mýrar, á svæði sem skilgreint er sem ÍB1 í gildandi Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, frá og með 23. október til 4. desember 2023 og er einnig til sýnis á heimasíðu Vesturbyggðar, www.vesturbyggd.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 4. desember 2023.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði.

Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Virðingarfyllt,
Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar

Uppbygging á Hvolsvelli

Mjög mikið er að gerast í uppbyggingu í kringum ferðaþjónustu í Rangárþingi ytra, bæði hjá litlum aðilum og stórum.

„Það virðist ekki vera neitt lát á uppbyggingu hjá okkur, alls staðar er verið að byggja og byggja. Núna eru til dæmis 74 íbúðir í byggingu á Hvolsvelli. Hinar 23 eru í byggingu í pósnúmeri 861, það er að segja í Fljótshlíð, Landeyjum og undir Eyjafjöllum,“ segir Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra, aðspurður hvort það hafi hægst eitthvað á byggingaframkvæmdum í sveitarfélaginu vegna hárrar verðbólgu og vaxta.

„Við erum að fara að opna á lóðaumsóknir í þriðja áfanga Hallgerðartúns á Hvolsvelli sem eru par-, rað- og fjölbýlishúsaloðir, alls 32 íbúðir,“ segir Anton enn fremur.

En hvaða fólk er aðallega að flytja í sveitarfélagið? „Það er alls konar fólk að byggja hjá okkur, til dæmis ungt fólk sem hefur verið í minni íbúðum er að stækka við sig og eldra fólk sem er að byggja sér hentugra og viðhaldsminna húsnæði. Svo alls konar fólk sem flytur til okkar til þess að sinna sínum störfum í ferðaþjónustu, skólafólki og annari þjónustu. Leigumarkaður á Hvolsvelli er mjög litill eða enginn og þar er verulegur skortur. Við vonumst til að sú uppbygging sem er hafin og er í kortunum leysi það að einhverju leyti,“ segir Anton Kári.

„Það er mest megnis í dreifbýli, en þar eru áætlanir um talsverða uppbyggingu eins og nokkur stór hótél og gríðarlega flott spa. Einnig eru minni aðilar í uppbyggingu smáhýsa og fleira. Talsverð plön eru líka í gangi á Hvolsvelli, t.d. fyrsti áfangi 200 herbergja hótels sem verður staðsett við LAVA og svo er líka að fara í gang núna á næstu dögum uppbygging á miðbæjarreitnum okkar, en þar verða íbúðir í bland við verslun og þjónustu,“ segir Anton Kári og telur þróunina mjög ánægjulega og góða fyrir sveitarfélagið.



Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra, getur ekki verið annað en ánægður með þá miklu uppbyggingu sem á sér stað í sveitarfélaginu. Mynd/MHH

„Að vísu kallar það að sjálfsögðu á að okkar innviðir ráði við fjölgunina, sem við gerum nú þegar með nægu leikskólalássi, skólalássi og góðu úrvali af verslun og þjónustu.“ /MHH

STÖÐLUÐ HÚS ÚR LÍMTRÉ OG STEINULLAR- EININGUM



160 m² – 11.400.000 m.vsk.*

Breidd 10,0m

Lengd 16,0m

Vegghæð 3,15m

Mænishæð 4,97m

Pakhalli 20°

1 x Iðnaðarhurð 3,5 x 3,25m

2 x Gönguhurðir

2 x Gluggar



240 m² – 17.300.000 m.vsk.*

Breidd 12,0m

Lengd 20,0m

Vegghæð 4,15m

Mænishæð 6,33m

Pakhalli 20°

1 x Iðnaðarhurð 4,0x4,0m

2 x Gönguhurðir

2 x Gluggar

■ Aðaluppdrættir, sökkulteikningar og burðarvirki fylgja

■ Festingar og efni til uppsetningar innifalið

■ Útveggir og þak úr steinullareiningum

■ Úrval lita á þak og vegg

■ Íslensk framleiðsla

HAFÐU SAMBAND

Sími: 412 5350 Netfang: byggingar@limtrevirnet.is

*Tilboðsverð gilda til 31.12.2023 og miðast við snjóálagssvæði 2

FRÉTTIR

Dagur sauðkindarinnar:

Teigur 1 verðlaunað

Félagsbúið Teigur 1 í Fljótshlíð var útnefnt ræktarbú ársins 2022 í Rangárvallasýslu á Degi sauðkindarinnar, sem fór nýlega fram á Hvolsvelli.

Sauðfjárræktarbúið er í eigu hjónanna Guðna Jenssonar og Örnú Daggar Arnþórsdóttur, ásamt Tómasi Jenssyni. Við val á ræktunarbúi er stuðst við reglur RML, sem samþykktar hafa verið af fagraði í sauðfjárrækt.

„Í Teigi 1 hefur verið stunduð metnaðarfull sauðfjárrækt til fjölda ára sem m.a. endurspeglast í háu kynbótamati ærstofnsins. Ærnar eru frjósamar og mjólkurlagnar og lömbin væn og vel gerð. Meðal heildareinkunn kynbótamats ána er 105,2 stig. Þá hefur búið lagt nokkuð til hins sameiginlega ræktunarstarfs í landinu en þaðan hafa komið hrútar sem þjónað hafa á sauðfjáræðingastöðvunum. Teigur 1 var einnig valið ræktunarbú ársins árið 2016,“ segir m.a. í umsögn RML.

Þá kemur fram í umsögninni að á árinu 2022 voru meðalafurðir eftir hverja á á búinu 37,4 kg, frjósemin



Bræðurnir á Teigi 1, þeir Jens Heiðar Guðnason, 9 ára og Ýmir Atli, 5 ára tóku við bikurunum á Degi sauðkindarinnar 14. október síðastliðinn.

Mynd / mhh

var 2,17 lömb eftir fullorðna á og 2,01 lömb til nytja. Veturgömlu ærnar stóðu sig einnig afbragðs vel, en þær skiluðu að jafnaði 21,9 kg og 1,16 lömbum til nytja. Meðalfallþungi dilka var 18,0 kg, einkunn fyrir gerð 10,1 og fyrir fitu 6,5. Hlutfall gerðar og fitu var 1,55.

/mhh

Sjá nánar um Dag sauðkindarinnar á bls. 68.

Bláskógabyggð:

Konur eru með 1,1% hærri laun en karlar

Nýlega var gerð viðhalds-úttekt hjá Bláskógabyggð á launum starfsmanna.

Viðhaldsúttekt er það þegar sveitarfélög, sem hafa fengið jafnlaunavottun, fara í gegnum úttekt árlega til að viðhalda vottuninni. Í úttektinni kom fram að munur á launum kynjanna er þannig að konur eru með 1,1% frávik frá meðaltalinu, það er að segja 1,1% hærri laun en karlar. „Þetta þarf auðvitað að skoða í því



Ásta Stefánsdóttir.

ljósi að konur eru meirihluti starfsmanna, en það er samt sem áður verið að bera saman sömu og jafnverðmæt störf. Fylgnin 96,5% er eiginlega mælikvarði á hversu marktæk úttektin er, þetta er mjög hátt á þeim skala, þannig að þetta er vel marktæk niðurstaða,“ segir Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri. Starfsmannafjöldi greiningarinnar var alls 109,

24 karlar og 85 konur. Greiningin var gerð út frá launum maímánaðar.

/mhh



Opnað fyrir skil á haustskýrslum

Matvælaráðuneytið hefur opnað fyrir skráningar á haustskýrslum fyrir árið 2023 í Bústofni.

Í samræmi við 10. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013, er öllum umráðamönnum búfjár skylt að skila árlega rafrænni haustskýrslu í Bústofn, eigi síðar en 20. nóvember.

Í haustskýrslunni skal koma fram fjöldi ásetts búfjár af hverri tegund, allt búfé í hagagöngu og á hvaða jörð eða landspildu. Einnig skal koma fram grófföðursuppskera af hefðbundnum nytjatúnnum og leigutúnnum ásamt fyrningum og upplýsingum um aðra fôðuröflun og landstærðir.

Skila þarf haustskýrslu í Bústofn eigi síðar en 20. nóvember 2023.

Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

Akureyri:

Stækka B. Jensen á alla enda og kanta

– Stefna á að auka vinnslugetuna um 50% á næsta ári

B. Jensen ehf., að Lóni á Akureyri, hefur eflst og dafnað allt frá stofnun árið 1968. Nú stendur til að stækka.

Markaðssvæði B. Jensen er allt landið, að sögn Eriks Jensen framkvæmdastjóra. „Við sendum um land allt og seljum bæði til einstaklinga og fyrirtækja, s.s. veitingahúsa,“ segir hann.

Nú vinna 18 manns hjá fyrirtækinu sem samanstendur af sláturhúsi, kjötvinnslu og verslun. Erik stendur iðulega vaktina í versluninni, sem er vinsæl meðal heima- og ferðafólks. „Ég er allt í öllu, ef þarf að gera við, mála, ræða við bændur, panta inn eða selja, ég geri bara það sem gera þarf,“ segir Erik hlæjandi.

Stækka um 1.000 fermetra

Sláturhús B. Jensen var stækkað til að koma fyrir nýrri vinnsluáttu um 50%, starfsmannaaðstaða o.fl. stækkaði 2010 og nú stendur enn til að sækja í sig veðrið. Grunnur er kominn að 1.000 m² viðbyggingu sem verður að hluta til á tveimur hæðum. Á efri hæð verða skrifstofur, stærri kaffistofa og betri búningaástaða og á jarðhæðinni aðstaða fyrir kjötvinnslu. Búðin verður sömuleiðis stækkuð.

„Við ætlum helst að auka vinnslugetuna með nýbyggingunni um 50% aftur,“ segir Erik. „Ég vil helst fara í 150-200 tonn á mánuði í framleiðslunni. Við erum í 60-80 tonnum núna, það er misjafnt milli mánaða.“ Þau stefna á að byggingin verði tilbúin í maí næsta vor þannig að hægt sé að taka hana í notkun. Ráða þarf inn eitthvað af viðbótarfólki og reiknað með að starfsmenn verði þá um 25 talsins í heildina.

Eina húsið með sláturhús, kjötvinnslu og búð

Áhættuvefir úr slátruninni, svo sem heilar, fara til brennslu suður í Kolkú. Þó að það sé kostnaðarsamt segir Erik það samt ódýrara en að brenna þetta sjálfur. Ekki standi til að breyta því nema brennslustöð verði sett á laggirnar á Akureyri.

Þótt nautakjötið sé hvað veigamest hjá B. Jensen er fyrirtækið einnig með svína- og hrossakjöt á boðstólum, að sögn Eriks, og svínakjötið slagar hátt upp í nautakjötssöluna. „Þetta er eina húsið á Íslandi sem rekur sláturhús,



Feðgarnir Erik Jensen framkvæmdastjóri og Fannberg Jensen gæðastjóri á þönum í verslun B. Jensen á Akureyri.

Mynd / SÁ



Verslun B. Jensen er að Lóni á Akureyri.



Úrvalið er gott af fersku kjöti og frosnu og einnig er seld ýmis gjafavara.

kjötvinnslu og búð,“ segir hann. Erik rekur fyrirtækið ásamt konu sinni, Ingibjörgu Stellu Bjarnadóttur, en þau keyptu það árið 1998. „Fyrirtækið var stofnað 1968 af foreldrum mínum,

Jónínu Guðjónsdóttur og Benny Albert Jensen, sem var danskur slátrari. Þau eru svo þrjú börnin okkar að vinna hér og ein tengdadóttir.“

/sá

Skelfilegt ástand á Kirkjuhvoli

Nýlega var lögð fram skýrsla frá Eflu verkfræðistofu til sveitarstjórnar Skaftárhrepps vegna rakaskimunar og sýnatöku í félagsheimilinu Kirkjuhvoli á Kirkjubæjarklaustri.



Félagsheimilið Kirkjuhvoli á Kirkjubæjarklaustri liggur undir skemmdum.

Mynd / Aðsend

Skýrslan sýnir að ástand hússins sé skelfilegt í alla staði því það var til dæmis mygla í öllum byggingarsýnum sem tekin voru í húsinu. Þá kom í ljós mikið af rakaskemmdum og rakaummerkjum í húsnæðinu.

Einar Kristján Jónsson sveitarstjóri hefur lagt fram drög að kostnaðaráætlun til sveitarstjórnar vegna viðgerða á húsinu og hljóðar hún upp á 250 milljónir króna til að gera húsið hættulaust fyrir starfsemi.

„Húsið hefur ekki verið dæmt ónýtt, en það er verulega illa farið vegna leka og litils viðhalds. Það hefur engin ákvörðun verið tekin hvað verður gert í stöðunni en ef niðurstaðan verður sú að gera húsið ekki upp þá verður það rífið og lóðin notuð undir sívaxandi eftirspurn um lóðir fyrir verslun og þjónustu á Kirkjubæjarklaustri,“ segir Kristján.

Félagsheimilið Kirkjuhvoli er í eigu Skaftárhrepps. Gestastofa hefur verið rekin í húsinu en nú þegar þjóðgarður Vatnajökulsþjóðgarðs er að flytja í nýja gestastofu á staðnum þá verður engin starfsemi í húsinu.


/mhh



EITT AF MATARUNDRUM VERALDAR

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT ER FYRSTA ÍSLENSKA MATVARAN SEM FÆR PDO-MERKINGU

Íslenskt lambakjöt hefur öðlast PDO-merkingu, sem er hæsta stig upprunatilvísunar í Evrópu. Íslenska lambakjötið er þar með komið í hóp með mörgum þekktustu og eftirsóttustu gæðavörum heims.



FRÉTTIR



Námskeiðunum er ætlað að auka fagmennsku í rúningi og meðhöndlun ullarinnar. Mynd / ghp

Ístex:

Námskeið í rúningi og ullarflokkun

ÍSTEX stendur fyrir tveimur námskeiðum í rúningi og kynningu á ullarflokkun nú í byrjun nóvember. Tilgangurinn er að auka almenna fagmennsku í rúningi og meðhöndlun ullarinnar.

Sigurður Sævar Gunnarsson, framkvæmdastjóri ÍSTEX, segir að rétt vinnubrögð skipti miklu máli varðandi rúning og frágang á ull. „Til dæmis er mjög mikilvægt að fá ekki tvíklippur eða óhreinindi í ullina. Þá er mikilvægt að þetta sé sem auðveldast fyrir bæði kindina og rúningsmanninn. En oft fer þetta mjög vel saman.“

Það er skoski rúningskennarinn Robbie Hislop sem kemur aftur til landsins og mun stýra námskeiðunum sem verða haldin annars vegar 1.–3. nóvember í Mýrdal, Kolbeinsstaðahreppi, og hins vegar 5.–7. nóvember á Hákonarstöðum, Jökuldal. Hislop hélt vel sótt námskeið í vor, en hann er kunnur rúningskennari og sauðfjárabóndi í Skotlandi.

Sigurður segir að samhliða rúningsnámskeiðinu verði boðið upp á kynningu á ullarflokkun á vegum starfsmanna ÍSTEX. Hann segir að hafa þurfi allnokkra hluti í huga til að hámarka gæði ullarinnar og frágangsins. „Ull tekur fljótt í sig óhreinindi eftir að sauðfé er tekið á hús. Þess vegna skiptir máli að komast í rúning sem allra fyrst.

Vöntun á reyndum rúningsmönnum hjálpar því ekki til við að auka gæði á ull. Góð ull er lykilatriði fyrir ÍSTEX.

Að sögn Sigurðar hefur Unnsteinn Snorri Snorrason, á Syðstu-Fossum í Borgarfirði, verið aðalhvatamaður að því að fá Hislop til landsins. „Það eru ansi margir íslenskir bændur og áhugafólk um íslenska ull sem fylgjast með honum á samfélagsmiðlum. Þetta var klárlega til gagns og gamans fyrir þá sem tóku þátt í vor.“

Eykur þekkingu og tengsl

„Þetta er skemmtilegt verkefni sem margir bændur hafa áhuga á. Einnig er skortur á reyndum rúningsmönnum víða um land og ákveðin kynslóðaskipti virðast vera að eiga sér stað. Við vilðum því halda áfram að styðja svona og gera meira úr þessu, til dæmis með ullarflokkunina.“

Von okkar er að þessi rúningsnámskeið auki ekki aðeins þekkingu og skilning í greininni, en einnig tengsl á milli fólks. Þannig geta góðir síðir og reynsla dreifst sem víðast á sem skemmstum tíma. Jafnframt hvetjum við sauðfjárabændur með góðar hugmyndir í heimahéraði um að auka veg og gæði ullar að hika ekki við að hafa samband. Svoleiðis gerast oft góðir hlutir,“ segir Sigurður enn fremur. /smh



Selma Dröfn Brynjarsdóttir og Ingvi Stefánsson standa að uppbyggingu hins stóra Sölvastaðabús sem mun hýsa um 400 gyltur og grísi þeirra á komandi árum. Aðbúnaður dýra og manna mun verða til fyrirmyndar. Myndir / SÁ

Svínarækt:

Fyrstu gylturnar inn næsta vor

Nýtt hús undir um 400 gyltur og grísi þeirra er risið frá grunni á Sölvastaðum í Eyjafjarðarsveit. Um 3.000 gyltur eru nú í landinu.

Gyltuhúsið er 2.900 m² að stærð og hús fyrir starfsmannaáðstöðu og fôðurböndun er 300 m².

Ingvi Stefánsson, svínabóndi í Teigi í Eyjafjarðarsveit og formaður Félags svínabænda, segir vonir standa til að húsin verði fullkláruð að utan og hægt verði að setja upp innréttingar og fôðurkerfi eftir áramótin. Gangi það eftir getu fyrstu gripirnir farið inn í húsin í apríl 2024.

„Þetta eru fyrst og fremst byggingar fyrir gyltur þar sem framleiddir verða smágrísir sem fara á önnur bú til áframeldis,“ segir Ingvi. „Þó verður um helmingur af grísum alinn upp í 30 kg á búinu.“

Í upphafi eru keypt lífdýr inn á bú. Það eru unggyltur. Þær þurfa svo að ná ákveðnum aldri til að hægt sé að hleypa þeim til. Þá er meðgang og mjólkurskeið eftir. Þetta er ferli sem tekur 6-9 mánuði. Þá fer búvið fyrst að skila frá sér grísum til áframeldis.

Viðbragð við samdrætti

Aðspurður um hvernig aðbúnaði svínanna verði háttáð segir Ingvi stærstu breytinguna felast í því að afleggja alveg hefðbundnið básahald þar sem gyltur eru komnar í lausagöngu.

„Þannig eru gylturnar einnig í lausagöngu á mjólkurskeiði. Jafnframt eru stíur stækkaðar mikið frá því sem áður var,“ segir hann. Í takt við reglur sem fela í sér auknar kröfur um aðbúnað svína þótti skynsamlegt að byggja nýja aðstöðu frá grunni. Áætlaður kostnaður mun vera rúmlega 700 m.kr. Ingvi er í



Sölvastaðasvínabúvið risið. Steft er á að taka húsið í notkun næsta vor.

samstarfi við Kjarnafæði/Norðlenska og Bústólpa um uppbyggingu hins nýja svínabús.

„Framleiðsla hér fyrir norðan hefur verið að dragast saman og að óbreyttu hefði hún getað horfið alfarið af svæðinu innan tveggja til þriggja ára, ef ekkert hefði verið gert,“ segir hann og heldur áfram: „Bæði þessi félög hafa hagsmuna að gæta að viðhalda þessari framleiðslu á svæðinu. Það eru bæði störf og samlegðaráhrif með öðrum kjötvörum í húfi. Því var stofnað félag um þennan rekstur og KN og Bústólpi eru hluthafar í því ásamt svínabúinu á Teigi.“

Um framtíðarsýn hans fyrir hönd Sölvastaðabúsins segir Ingvi að metnaður standi til að hafa allan aðbúnað eins og best verði á kosið, bæði fyrir menn og dýr.

„Sem dæmi má í því samhengi nefna að við höfum gotstíur umtalsvert stærri en regluverkið fer fram á. Við leggjum einnig mikið upp úr því að öll ásynd og umgengni verði til fyrirmyndar. Höfum líkað skoðað hvernig við getum nýtt svínaskítinn til húshitunar og á sama tíma minnkað kolefnissporið í rekstrinum. Vonandi verður hægt að takast á við þá áskorun í nánustu framtíð.“

Miklar áskoranir en líka bjartsýni

Ingvi er spurður hvaða augum hann líti stöðu svínaræktar á Íslandi í dag og hverjar hann telji vera helstu áskoranir.

„Maður fer ekki af stað í svona verkefni nema að hafa trú á framtíðinni í greininni,“ segir hann og heldur áfram: „Helsta áskorunin er nú sennilega sú að vera í síaukinni samkeppni við kollegana erlendis sem fá talsverðan afslátt af kröfum er snúa að dýravelferð og nota margfalt meira magn af sýklalyfjum en við gerum í okkar búskap. Svo er nú vaxtastigið ekki heldur að hjálpa okkur þessi misserin. Einnig er maður alltaf hræddur við pólitíkina, við erum að stunda það sem ESB skilgreinir sem heimskautalandsbúnað. Það ásamt miklum kaupmætti þýðir að landbúnaður á Íslandi verður ekki stundaður án þökkalega skilvirkar tollverndar.“

Á móti kemur að við höfum hreina vatnið og ódýra og endurnýjanlega orku, ásamt gnægð landrýmis. Þetta tel ég að muni hjálpa okkur meira á næstu áratugum en við gerum okkur grein fyrir í dag,“ segir Ingvi að endingu. /sá

Dyrhólaey:

Gjaldtaka hefst á bílastæðum

Þann 1. september 2024 hefst gjaldtaka á bílastæðum við Dyrhólaey í Mýrdal.

Í Dyrhólaey hafa innviðir verið eflir síðustu ár með nýjum bílastæðum, göngustígum og salernishúsi svo eitthvað sé nefnt. Rukkað er inn á salernin á staðnum. Mikil aukning gesta fjölda hefur verið á svæðinu og rekstrarkostnaður fer því samhliða ört hækkandi. Má þar nefna viðhald, umsjón bæði svæðis og salernis, landvörslu og fleira. Þjónustugjöldin, sem verða innheimt á bílastæðunum munu alfarið renna í rekstur svæðisins, samkvæmt upplýsingum frá Ingu Dóru Hrólfssdóttur hjá Umhverfisstofnun.

„Fundað hefur verið með sveitarfélaginu, sem er Mýrdalshreppur, og fulltrúa landeiganda og hefur komið fram á þeim fundum að þau séu sátt við þessa leið okkar. Þjónustugjöld, sem eru innheimt á bílastæði, eru einfaldari í framkvæmd heldur en fyrirkomulagið er núna, sem er gjaldavél og hlið inn á salernið. Verið er að vinna í að senda póst til helstu ferðaþjónustufyrirtækja og SAF til upplýsingar. Ákveðið var að gildistíminn væri um haustið

Gjaldskráin frá 1. september 2024

a) Fólksbifreið með allt að 5 sætum	kr. 750
b) Fólksbifreið með 6 til 9 sætum	kr. 1.000
c) Rútur með 10 til 18 sætum	kr. 2.000
d) Rútur með 19 til 32 sætum	kr. 4.000
e) Rútur með 33 til 64 sætum	kr. 7.500
f) Bifhjól	kr. 300

því fyrirtæki eru þegar byrjuð að selja ferðir fyrir næsta sumar,“ segir Inga Dóra. Dyrhólaey er í óskiptu landi jarðarinnar Austurhúsa, sem er í eigu Mýrdalshrepps, og þriggja einstaklinga; Matthildar Ólafsdóttur Valfells, Jóns Valfells og Vigfúsar Ásgeirssonar. Mýrdalshreppur á 53,86% Dyrhólaeyjar. Austur- og Vesturhúsajarðir í Dyrhólahverfi eiga sameiginlega nýjar í Dyrhólaey. Dyrhólaey var friðlýst sem friðland árið 1978 og er í umsjón Umhverfisstofnunar. /MHH

ZIPWAKE

Svansson ehf

ZipWake

stöðugleikabúnaður fyrir báta.

Báturinn verður fljótari á plan, stöðugri á ferð og sparar eldsneyti.

Svansson ehf, Melabraut 19, 220 Hafnarfjörður
Sími 697 4900, Netfang : sala@svansson.is


Við fjármögnum atvinnutæki



Lykill
Fjármögnun

ÍSLENSK FRAMLÆIÐSLA Á LÍMTRÉ OG STEINULLAREININGUM

Hjá okkur færðu burðarvirki og klæðningar
fyrir flestar byggingar



- Hesthús
- Gagnaver
- Flugskýli
- Reiðhallir
- Iðnarhús
- Íþróttahús
- Verslanir
- Geymslur
- Fjós
- Fjánhús
- Svínahús
- Vélargeymslur
- Lagerhús
- Geymslubil
- Fiskvinnsluhús
- Knatthús

KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ

Sími: 412 5350 Netfang: byggingar@limtrevirnet.is

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS



Hver eru laun bænda í samanburði við aðra í landinu?

Í lögum um starfsumhverfi bænda er kveðið á um að kjör starfstéttarinnar skuli vera sambærilegar við aðrar stéttir þar sem krafa um þekkingu og ábyrgð gagnvart rekstri er svipuð.

Í þessu samhengi er yfirleitt miðað við laun iðnmenntaðra starfsgreina. Til að gera samanburðinn sem skýrastan hafa BÍ sett saman pott af iðnmenntuðum starfstéttum, sumar í ábyrgðarstöðum, aðrar ekki, sótt meðal mánaðarlaun þeirra af Hagstofu Íslands og reiknað meðallaun úrtaksins.

Sést úrtakið í töflu hér til hliðar. Þegar vísað er í laun samanburðarstéttar er vísað í meðallaun þessara starfstilla.

Til að reikna út kjör bænda ár hvert er stuðst við bæði laun og hagnað býlisins af rekstri, eins og þau eru gefin upp í rekstrarreikningum í gögnum Hagstofunnar. Gefur þetta réttasta

Búgrein	Sauðfjárbú	Kúabú	Nautgripabú	Samanburðarstétt
2021				
Meðallaun á mánuði	154.227	598.085	239.087	938.800
Hagnaður/tap deilt á mánuði	40.882	114.259,8	-128.968	
Afkoma á mánuði (meðallaun+hagnaður)	195.109	712.345	110.119	
Mismunur frá mánaðarlaunum samanburðarstéttar	-742.691	-225.455	-827.681	
2022				
Afkoma á mánuði	- 34.449	14.038	-336.006	1.018.700
Mismunur frá mánaðarlaunum samanburðarstéttar	-1.052.149	-903.662	-1.051.301	
Mismunur frá meðallaunum 2022 (745.000)	-779.449	-630.962	-1.081.006	

mynd af stöðunni því hagnaður af rekstri fer vissulega einnig í vasa bænda eins og um hefðbundinn einkarekstur sé að ræða og sama sinnis hefur tap af rekstri einnig áhrif á heimilishaldið. Aðeins eru til opinber

gögn fram til ársins 2021, nægar eru forsendurnar til að framreikna þau til ársins 2022 með ágætis nákvæmni. Er það byggt á aðfangaverði, afurðaverði, vaxtastigi og öðrum verðhækkunum. Er stuðst við Rekstrarrannsókn RML

við þann uppsetning þar sem hægt er að sjá rekstur býla skipt niður í kostnaðar- og tekjulíði á ítarlegan hátt. Til eru áætlanir fyrir stöðuna 2023 og teljum við okkur hafa ágætis yfirsýn yfir stöðu þessa árs en á þessum tímamarki væri óábyrgt að birta þær, bæði vegna þess að árinu er ekki lokið og þar sem þau byggja á framreikningi af framreikningi. Það er nú orðið frekar langt síðan opinberar tölur fyrir þennan málaflokk hafa verið uppfærðar.

Sést í töflunni hér að ofan hversu mikið bil er á kjörum launa bænda og þeirra sem bændur eiga að vera miðuð við. Eins og sést þarna áætluð við að meðalafkoma sauðfjárbylis sé neikvæð um tæplega hálf milljón yfir árið og nautgripabús hafi verið neikvæð um rúmlega fjórar milljónir.

Á síðasta ári var afkoma kúabús næg til greiðslu upp á tæplega 115.000 krónur á mánuði að meðaltali.

Vakin er athygli á að þessir útreikningar miða við einföld mánaðarlaun til samanburðar en ljóst er að flestum býlum er ekki sinnt af einu starfsgildi og því má áætla að munurinn sé í raun mun meiri.

Ljóst er að staðan hefur versnað til muna árið 2023, sér í lagi í kúa- og nautgripabýlum þar sem fjármagnskostnaður er farinn að veða mikið, rúmlega tvöfaldast á undanföllum tveimur árum og er nú vel rúmlega 5 milljarðar samanlagt fyrir kúabú.

Er ekki óalgenget að býli séu farin að greiða um og yfir 12 milljónir á ári í fjármagnskostnað, sem er langt um meira en bændurnir lifa á sjálfir. Teljum við yfirgnæfandi líkur á að allar þrjár búgreinar muni skila neikvæðri afkomu á þessu ári og að launagreiðslugeta verði engin nema með skuldaaukningu. /SFB

Weckman stálklæðningar 30 ára reynsla á Íslandi



BÁRUJÁRN verð kr. 3.300 m²

TRAPISA verð kr. 3.300 m²

STALLAÐ STÁL verð kr. 4.500 m²

Öll verð eru með vsk.

H. HAUKSSON EHF.

Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

Úrtak starfsheita til útreikninga á samanburðarlaunum

Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda í iðnaði
Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda í byggingariðnaði og mannvirkjagerð
Störf byggingarsmiða - iðnlærðir
Störf húsasmiða - iðnlærðir
Störf trésmiða - iðnlærðir
Störf byggingarmanna við frágang - iðnlærðir
Störf pípuþvottarmanna - iðnlærðir
Störf málmsmiða, logsuðumanna, blikksmiða og stálsmiða - iðnlærðir
Störf vélvirkja - iðnlærðir
Störf vélvirkja - iðnlærðir verkstjórar
Störf rafvélavirkja - iðnlærðir
Störf rafeindavirkja - iðnlærðir

Bændablaðið kemur næst út
16. nóvember

Er þitt verkstæði með réttu dekkinn?

GSI-6



Harðskeljadekk

TOYO TIRES
driven to perform

S944

TOYO TIRES
driven to perform

Ice Freezer

Neglanlegt
HarðskeljadekkTOYO TIRES
driven to perform

G3S - ICE

Neglanlegt
HarðskeljadekkTOYO TIRES
driven to perform

Observe Van



Sendibíladekk

TOYO TIRES
driven to perform

Toyo AT3

TOYO TIRES
driven to perform

Toyo MT

TOYO TIRES
driven to perform

Ice Zero Friction



PIRELLI

Pzero Winter



PIRELLI

Ice Zero 2/Scorpion Ice Zero 2



Nagladekk

PIRELLI

Cinturato Winter



PIRELLI

Winter Sottozero 3



PIRELLI

Scorpion Winter



PIRELLI

Scorpion Winter 2



PIRELLI

Arctic Premitra Snow

MAXXIS®
DEKK

Arctic Trekker SP02

MAXXIS®
DEKK

Arctic Trekker NP5/NS5

MAXXIS®
DEKK

SS-01

MAXXIS®
DEKK

Presa Spike

Sendibíladekk
NeglanlegtMAXXIS®
DEKK

Bighorn M918



Fjórhjóladekk

MAXXIS®
DEKK

LW-71



Neglanlegt

LAUFENN
Journey in Style

Ice 1

NANKANG
FREE YOUR WAY

Ice 2

NANKANG
FREE YOUR WAY

SV-1

NANKANG
FREE YOUR WAY

SV-3

NANKANG
FREE YOUR WAY

SV-4

NANKANG
FREE YOUR WAY

AT5



Neglanlegt

NANKANG
FREE YOUR WAY

MT

NANKANG
FREE YOUR WAY

SW-8



Nagladekk

NANKANG
FREE YOUR WAY

SW-9



Nagladekk

NANKANG
FREE YOUR WAY

IV-1

Sendibíladekk
NeglanlegtNANKANG
FREE YOUR WAY

Glacier MSR



Neglanlegt

Mastercraft
TIRES


Courser CXT



Neglanlegt

Mastercraft
TIRES

Courser MXT



Neglanlegt

Mastercraft
TIRES

Wintersafe 2

NORDEX
- great tires

WS-71

KUMHO TIRE
All-ways. Go With you

WP-72

KUMHO TIRE
All-ways. Go With you

WI-31



Neglanlegt

KUMHO TIRE
All-ways. Go With you

WI-32



Nagladekk

KUMHO TIRE
All-ways. Go With you

WS-31



Neglanlegt

KUMHO TIRE
All-ways. Go With you

RSD1



Vörubíladekk

DOUBLECOIN

RSD3




Vörubíladekk

DOUBLECOIN

Þú getur beðið þitt verkstæði um dekkinn sem henta þér. Skoðaðu úrvalið á nesdekk.is

FRÉTTASKÝRING



Teikning / Hlynur Gauti

Ágreiningur um áhrif veiða

– Skapa þarf forsendur til að bændur geti gripið til varnar gegn ágangi fugla á tún og akra

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



Samkeppni um rými og auðlindir geta valdið misklið milli manna og dýra. Í tilfalli sambands bænda og álfta, gæsa og helsingja er lífsafkoma og efnahagur bóndans rót ágreiningsins.

Fuglarnir sækja í fæðu á tún og akra sem ætlað er fyrir búskapinn. Með auknum jarðgæðum og vaxandi kornrækt er fyrirséð að ágangur fugla aukist enda geta gróskumikil tún og kornakrar verið hagstæðir dvalarstaðir með afbrigðs fuglafæðu.

Bændur hafa reynt að grípa til hinna ýmsu aðferða til að fæla fugla frá landskikum. Fuglahræður,

veifur, ýlur, gasbyssur og hundar hafa verið notuð gegn fuglaágangi sem og tiltekin jarðvinnsla og skjólbeltaræktun – jafnvel sérstakir fuglabeitarakrar. Allar slíkar aðgerðir eru bæði tímafrekar eða kalla á umtalsverð fjárútlát – og aukatími og aurar eru ekki beint á hverju strái hjá bændum. Þeir sem lenda í miklum ágangi geta orðið fyrir talsverðu tjóni; heymagn

minnkar og verður jafnvel ólustugt vegna mengunar, kornbændur verða af uppskeru sem vega þarf þá upp á móti með auknum kaupum á innfluttu föðri.

Bændur sem vilja afstýra tjóni þurfa að gera það á sinn kostnað. Ekkert kerfi er í gangi til að styðja við fyrirbyggjandi aðgerðir. Það eina sem er í boði er að tilkynna þegar tjón hefur átt sér stað og sækja um bætur. Bændur eru á einu máli um að þær tjónagreiðslur skili engum árangri og feli ekki í sér neinar úrbætur á augljósu og vaxandi vandamáli.

Margir bændur eru hins vegar á því að lausnin felist í afléttingu alfríðunar álfta og skýrari heimild til að verja sitt jarðnæði með veiðum. Fjórum sinnum í röð hefur verið lögð fyrir Alþingi þingsályktunartillaga um tímabundið leyfi til veiða en málið hefur ekki fengið brautargengi.

Bent hefur verið á að veiðar séu ekki lausnin og geti í raun haft þveröfug áhrif. Ýmsar aðrar leiðir séu fyrir hendi sem gætu stemmt stigu við ágangi og nýjasta tækni gæti þar reynst harkur í horni. Allar ákvarðanir og aðgerðir krefjast þó í fyrsta lagi rannsóknna, ítarlegs samráðs, stefnumótunar og áætlanagerðar.

Fuglarnir

Orsakir aukins ágangs fugla liggur í breyttri landnotkun, bættum aðstæðum til ræktunar og aukinni kornrækt. Í *Bleikum ökrum – aðgerðaráætlun um aukna kornrækt* er farið yfir málefnið með vísunum í heimildir og rannsóknir þar að lútandi.

Þær fuglategundir sem helst herja á tún og kornakra eru álft, heidagæs og grágæs en einnig hafa margæsir, blesgæsir og helsingjar valdið staðbundnu tjóni.

Stór áborin tún með næringarríku sáðgresi og kornakrar eru góð fæða fyrir þessa fugla.

Álftantýjar

Álftir hafa verið alfríðaðar frá árinu 1913. Ástæða fríðunarinnar var einna helst þryði tegundarinnar og þokki en ekki vegna þess að stofninn var álitinn viðkvæmur eða í útrýmingarhættu. Þó mun álftin hafa verið nytjafugl framan af öldum. Grágás og Jónsbók innhalda báðar ákvæði um að landeigendur hafi óskorðaðan veiðirétt. Álftir voru áður nýttar á ýmsan hátt, kjötið étið, egginn einnig og skinnið notað í efni, dúnninn tekinn og fjáðrinn þóttu hin bestu skriffæri. Fjáðrir og heilu álftahamar voru útlutningsvara á 18. og 19. öld.

Álftin er stærsti fugl sem hér á landi finnst og algengur um allt land. Stofninn hefur stækkað töluvert – um 1960 taldi hann um þrjú til fimm þúsund fugla en árið 2020, þegar síðasta taling fór fram, var stofnstærð metin um 43.000 fuglar.

Heidagæsastofninn hefur einnig stækkað umtalsvert, árið 1952 var hann 23.000 fuglar en er nú í sögulegu hámarki, um 480.000 fuglar. Grágæsir eru taldir 60.000 talsins og hefur fækkað töluvert undanfarin ár, voru um 100.000 árið 2012.

Veiða má grágæs og heidagæs frá 20. ágúst til 15. mars. Álftin er hins vegar alfríðuð og vernduð sérstaklega samkvæmt hinum alþjóðlega Bernarsamningi um villtar plöntur og dýr.

Stofnstýring ekki í sjónmáli

Ísland er þar að auki aðili að samningi um vernd farfugla og votlendisfugla í Afríku og Evrasíu. Samningurinn er gerður til verndunar votlendisfuglum á viðkomustöðum þeirra og nær til fjölda fuglategunda sem verpa eða hafa áningarstað á Íslandi.

Ríki geta ákveðið að vinna að því að stýra stofnstærðum fuglategunda sem valda skemmdum á uppskeru, og þurfa þá að skilgreina *ásættanlega verndarstöðu*. Út frá þeirri skilgreiningu er hægt að ráðast í aðgerðir til að hafa áhrif á stærð fuglastofna.

Það var gert í tilfalli Svalbarðastofns heidagæsa árið 2012, stofnstærð var þá minnkuð skipulega

Ný varanleg bogahýsi

Ódýr og hagkvæmur kostur fyrir geymslur og útihús sem uppfyllir byggingarreglugerðir



- Stöðluð hönnun, grunneining 5 x 6 m. - lengjanleg í 3 m. einingum
- Hurðargat á gaffli 2,75 x 2,75 m.
- Í boði bæði einangruð og óeinangruð
- Verð frá kr. 1.320.00 m/vsk. fyrir 5 x 6 m. bogahús

Nánari upplýsingar í gegnum tölvupóst hysi@hysi.is

Hýsi-Verkheimar ehf. | Smiðjuvegi 5, Kópavogi | Sími 497 2700
hysi@hysi.is | hysi.is | hysi.is

HYSI
BYGGJUM BETUR

niður í 60.000 fugla til að lágmarka skaða sem þær valda á uppskeru og gróðri í freðmýri án þess að gera út af við stofninn.

Ekki hefur verið farið út í að skilgreina ásættanlega verndarstöðu íslenskra fuglastofna, en sú forsenda þarf að vera fyrir hendi ef ráðast á í fækkunaraðgerðir. Þar sem álfín er vernduð sérstaklega samkvæmt Bernarsamningnum myndi markviss fækkun þeirra eða opin veiðileyfi aldrei samrýmast alþjóðlegum skuldbindingum Íslands gagnvart samningum. Ef út í slíka stofnstýringu færi farið væri nauðsynlegt að samræma aðgerðir milli aðildarríkja viðkomandi samninga.

Eins og áður sagði hefur fjórum sinnum verið lögð fyrir Alþingi þingsályktunartillaga um tímabundið leyfi til veiða gæsa, álfta og helsingja. Ein slík tillaga liggur nú fyrir Alþingi en áður hefur málið ekki hlotið framgang.

Sjöunda grein laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 kveður á um að ráðherra geti, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, veitt tímabundið leyfi til veiða í því skyni að koma í veg fyrir tjón. Bændur hafa látið á þessa undanþágu reyna en með litlum sem engum árangri.

Þurfti að forða fénu og fékk ekki undanþágu

Í vor fór Hákon Bjarki Harðarson, bóndi á Svertingsstöðum 2 í Eyjafjarðarsveit, þess á leit við umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að hann veitti honum undanþágu til að skjóta allt að fimm álfur í þeim tilgangi að fæla frá álfthóp sem var þaulsetinn á beitahólfi fyrir lambfé í nær tvo mánuði.

Hákon segir að hundruð geldfugla hafi sótt í þetta tiltekna beitahólf, tekið undir sig svæðið og haldið lambfénu frá um helming beitahólfsins. Hann þurfti að endingu að færa hluta af lambfénu í annað beitahólf þar sem beitin var búið sökum mikils ágangs álfta. Beiðni Hákonar fór í umsagnarferli og niðurstaðan var neikvæð – ráðherra hafnaði henni.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna málsins kemur fram að ekki séu forsendur fyrir tímabundinni afléttingu friðunar vegna þess að skýra stefnumótun vanti. Hins vegar er þar viðurkennt að álfstafinn hafi farið stækkandi og ágangur á akra og tún sé vaxandi vandamál. Hákon segist þekkja til þess að fleiri hafi látið á undanþáguákvæðið reyna en ekki haft erindi sem erfiði. Samkvæmt upplýsingum frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu hafa aðeins tvær undanþágubeiðnir borist því á sl. fimm árum. Ein er óafgreidd.

„Mér finnst ekkert að því að sækja þurfi um sérstakt veiðileyfi, en mér finnst engu að síður réttlætlegt að bændur fengu þá einhvern tímann heimild til veiða. Í Danmörku geta bændur fengið veiðileyfi með þeim skilyrðum að þeir skili inn hluta af hræinu. Ég myndi vilja sjá einhvers konar fyrirkomulag þar sem bændur gætu fengið leyfi til að verja sín lönd,“ segir Hákon og bætir við að það þurfi aðeins heilbrigða skynsemi og sjón til að átta sig á stærðargráðu vandamálsins.

„Þótt við höfum farið allt að tíu sinnum á dag til að reka upp fuglana þá vorum við oft ekki komin nema heim að íbúðarhúsi aftur, í 200 metra fjarlægð, og þá voru fuglarnir komnir aftur á beitahólfið,“ segir Hákon.

Tjónið bætt en styrkur minnkar á mótí

Í svari ráðuneytisins til Hákonar er honum bent á að hægt sé að sækja



Álfthópur á túni í Eyjafirði í vetur.



Hákon Bjarki Harðarson.

um styrki vegna tjóns af völdum villtra dýra. Hákon segist einu sinni hafa sótt um þann styrk og fengið bætt tjón þegar álfur lögðust á byggakur.

„En þá féll jarðræktarstyrkurinn niður á mótí og sama upphæð kom sem styrkur vegna tjóns. Eftir það hef ég því bara tekið jarðræktarstyrkinn og sleppt því að eyða tíma í að skrifa umsókn og tjónamat vegna ágangs fugla.“

Hann segir að ekki sé hægt að sækja um bætur ef ágangurinn er á tún nema það sé nýrækt á fyrsta ári. „Mér finnst það skjóta verulega skökku við að eingöngu sé bætt fyrir tjón á nýræktum á fyrsta ári. Í okkar tilfelli leggjast álfurnar á tún sem ætlað er fyrir lambfé á vorin. Þar verðum við ekki eingöngu af grasi sem ætlað var fénu heldur skilja álfurnar eftir sig mikið magn af skít sem skemmir svo fyrstu uppskeru á túninu. Skepnarnar vilja síður hey sé það mengað af skít.“

Geldfuglar hreinustu vandræði

Eiríkur Egilsson, bóndi á Seljavöllum í Nesjum í Hornafirði, er einnig að kljást við ágang bæði að vori og hausti. „Við erum þannig í sveit sett að gæsin kemur um miðjan apríl og því er þetta sérstaklega slæmt á vorin. Þær passa sig á því að velja bara það besta,“ segir hann og vísar þar í nýræktartún sem bæði heiðagæsir og grágæsir gæða sér á. Á seinni árum hafi helsingjum einnig fjölgað mikið.

Álfín er þó erfiðari að eiga við, hún mæti eilítið síðar til Seljavalla en dvelji lengur við og virðist meðvituð um að vera vernduð fyrir veiðum. „Geldfuglarnir eru hreinustu vandræði. Þeir eru komnir jafnharðan og maður rekur þá upp. Það er allt of mikið af þeim og alveg nauðsynlegt að fara að fækka þeim eitthvað.“

Eiríkur segist bregða á það ráð að setja upp fuglahræður en þrátt fyrir það þurfi hann að fara oft á dag til að stýggja fugla í burt. „Þetta snýst líka um að sá alveg að skurðbökkum

„Ég myndi vilja sjá einhvers konar fyrirkomulag þar sem bændur gætu fengið leyfi til að verja sín lönd ...“

til að koma í veg fyrir að fuglarnir geti lent einhvers staðar, því þá er voðinn vís. Einnig höfum við verið að girða kanta.“

Því fari mikil aukavinna í að verjast ágangi fugla. Eiríkur segist ekki hafa sótt um tjónabætur, enda liggja kostnaðurinn í efni og vinnu við að afstýra búsisfjum frekar en að verða fyrir tjóni.

Hann telur æskilegt að bændur fái í hendur frekari úrræði til að verja tún sín og akra og nefnir þar möguleika á vorveiðum á gæs og heimild til að veiða álf.

„Slíkar veiðar mættu náttúrulega ekki vera stjórnlausar því það yrði auðvelt að skjóta álfina. En ef það væri skotið á álfina þá myndi hún



Eiríkur Egilsson.

styggtast og ekki gera jafn mikinn usla,“ segir Eiríkur.

Uppskerutapið mælt

Náttúrustofa Suðausturlands vann skýrslu árið 2018 um uppskerutap vegna ágangs gæsa á valin ræktarlönd í landshlutanum vorið 2018. Höfundar skýrslunnar voru Kristín Hermannsdóttir, Pálína Pálsdóttir og Snævarr

Guðmundsson. Þar var gerð tilraun til að meta fjárhagslegt tjón bænda af völdum ágangs. Könnuð voru áhrif gæsabeitar að vori og fram á sumar á grasuppskeru. Bornar voru saman uppskerur, annars vegar á grasi sem óx á friðuðum grasreitum og hins vegar á reitum sem fuglar komust að. Einnig voru skoðuð tengsl á milli fuglafjölda á ákveðnum tünnum og rýrnun uppskeru.

Niðurstöður sýndu að þurrefnisuppskera var að meðaltali 24% minni þar sem fuglar komust um túnin. Uppreiknað töpuðust 3,1 heyrúlla af þurrefnisuppskeru á hektara að meðaltali á tilraunátúnunum. Grófir útreikningar, miðað við kostnaðarforsendur árið 2015, sýndu að mismunur á uppskeru kostaði að meðaltali 24.647 kr./ha.

Í umræðukafla skýrslunnar segir: „Það er mikilvægt að finna viðunandi lausnir á þeim vanda og tjóni sem bændur standa frammi fyrir á jörðum sínum en öruggar upplýsingar um stofnstærð og þróun íslenska grágæsastofnsins og grænlenk/íslenska heiðagæsastofnsins er ein af forsendum þess. Rannsóknir sýna að aukinn ágangur gæsa í ræktarlönd bænda er ekki einungis vegna fjölgunar í gæsastofnum. Varpsvæði þeirra eru að stækka og farvenjur þeirra að breytast vegna loftslagsbreytinga sem hefur þær afleiðingar að gæsir dvelja lengur á landbúnaðarsvæðum á hverju ári heldur en áður.“

Veiðar getu haft þveröfug áhrif

Ágangur fugla á ræktarlöndum var efni veggspjalds sem Náttúrustofa Vesturlands hafði til sýnis á nýlegri líffræðiráðstefnu. Höfundar þess voru Hafrún Gunnarsdóttir, Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Yfirlitsgrein eftir þau um efnið mun birtast í næsta tímariti *Fugla*, félagariti Fuglaverndar.

„Við förum yfir fjölda greina þar sem fjallað var um tjón fugla á ræktarlandi, hvaða afleiðingar það getur haft og til hvaða aðgerða hægt er að grípa. Á Íslandi eru það náttúrulega álfur og gæsir sem hafa gert bændum lífið leitt enda standa bændur að mestu einir gegn þessum vanda og hafa fá töl í höndunum til að bregðast við.“

Framhald á næstu síðu.

SUZUKI FJÓRHJÓL

LÁTTU EKKERT STOPPA ÞIG!

KINGQUAD 750AXI 4X4

VERÐ KR. 2.590.000

Suzuki fjórhjól eru með power stýri og 100% driflæsingu. Þau eru létt, lipur og meðfærilegTraust, ódýr í rekstri og þægileg í notkun.

Suzuki á Íslandi
Skeifunni 17
Sími 568 5100
www.suzuki.is

FRÉTTASKÝRING

Ég skil því að margir kalli eftir því að einfaldlega fækka fuglum innan þessara stofna en ég tel að málið sé hreinlega ekki svo einfalt og rannsóknir hafa bent til þess að slíkt gæti haft þveröfug áhrif og aukið orkuþörf fuglanna þ.e.a.s. að þeir færi sig meira á milli svæða og þurfi því að éta meira. Sömuleiðis eykst streita hjá þeim og minni tími gefst í fæðuinntöku og þá þurfa fuglarnir að verja lengri tíma á ræktarlandi,“ segir Hafrún Gunnarsdóttir, sem starfar sem líffræðingur hjá Náttúrustofu Vesturlands.

„Þéttleikaháð áhrif geta valdið því að veiðar hafi lítil áhrif á stofninn í heild sinni og í sumum tilfellum jafnvel fjölgað fuglum. Það getur t.d. virkað þannig að við fækkun batni afkoma eftirlifandi fugla og þeir framleiði fleiri unga. Annar möguleiki er að óskipulögð fækkun innan stofna fækki fuglum um of og minnki fjölbreytileika innan stofnanna, sem getur skaðað þá til framtíðar.

Það er því ljóst að ef fækka á gæsnum og álfnum hérlendis með veiðum þarf að móta vöktun í kringum verkefnið, sem grundvallast á því að viðhalda ákveðnum fjölda fugla þannig að lífvænleika stofnanna sé viðhaldið en skaðsemi af hálfu fuglanna verði ásættanleg. Slíka vöktun þarf að móta á vísindalegum grunni sem byggist á gögnum sem ná yfir grunnupplýsingar stofnana svo sem fjölda fugla, aldursdreifingu innan stofna, stofnsveiflur, dreifingu fugla um landið, farleiðir yfir landamæri og því þarf að auka samstarf við önnur lönd en ekki síst þurfum við að skilja sambandið á milli fjölda fugla og umfangs tjónsins sem þeir valda,“ segir Hafrún.

Því sé ljóst að aðgerðir sem miða að því að fækka fuglum með veiðum yrðu alltaf mjög kostnaðarsamar.

Tækniframfarir getu hjálpað við fælingar

Hafrún bendir á að tjón af völdum fugla sé miklu frekar fólgið í hegðun þeirra heldur en fjölda. Þannig valdi grágæs töluvert meira tjóni en heiðagæs, þrátt fyrir að stofninn sé miklu minni. Astæðan er að grágæsir kjósa að dvelja á láglandi en heiðagæsir halda sig á hálendinu á varptíma.

Í grein Hafrúnar, Róberts og Menju er lögð áhersla á að fara aðrar leiðir en að grípa til stórfelldra veiða til að fækka gæsnum, annars vegar



Hafrún Gunnarsdóttir.

„Þéttleikaháð áhrif geta valdið því að veiðar hafi lítil áhrif á stofninn í heild sinni og í sumum tilfellum jafnvel fjölgað fuglum ...“

með því að nota einhvers konar fælingaraðferðir og hins vegar að beita atferlissvístfræðilegum nálgunum.

Fæling snýst um að valda fuglum óþægindum eða hræðslu svo þeir forðist ákveðin svæði. Hafrún nefnir nokkur dæmi: „Þær geta verið sjónrænar, svo sem fuglahræður, flugdrekar, borðar sem endurkasta ljósi eða annars konar eftirlíkingar af rándýrum. Hljóðrænar fælur hafa verið notaðar á flugvöllum en ég veit ekki til þess að slíkt sé mikið notað á ræktarlöndum. Þetta geta verið gasbyssur sem framleiða háværa hveli, stundum eru neyðarköll fugla spiluð til að vekja óttaviðbrögð hjá fuglum. Svo eru sumir fuglar næmir fyrir hátíðnihljóðum, sem geta valdið forðun en í tilfelli álfta og gæsa er óvíst hvort slíkar fælur komi að gagni. Hundar, ekki síst smalahundar, hafa reynst vel til þess að fæla fugla af ræktarlandi en hins vegar er það ekki á allra færi að ala upp hund og ljóst er að töluverður tími fer í þjálfun þeirra, auk þess sem finna þarf leiðir til að hundarnir traðki sem minnst á uppskerunni, þar sem það á við.“



Fæling snýst um að valda fuglum óþægindum eða hræðslu svo þeir forðist ákveðin svæði. Fyrirtækið The Drone Bird Company hefur þróað sérstaka dróna sem ætlaðir eru til þess að verjast tjóni vegna ágangs fugla. Drónarnir líkjast ránfugli á flugi sem hægt er að nota með sjálfstýringu.

Mynd / Drone Bird Company


Þá telur Hafrún líklegt að drónar gætu spilað stærri þátt í framtíðinni við fælingu fugla. „Fyrirtækið The Drone Bird Company hefur þróað sérstaka dróna sem ætlaðir eru til þess að verjast tjóni vegna ágangs fugla. Drónarnir þeirra líkjast ránfugli á flugi sem hægt er að nota án mikillar fyrirhafnar með sjálfstýringu.“

Fælingaraðferðir hafa verið gagnrýndar fyrir að virka aðeins í skamman tíma, enda hafa álfir og gæsir töluverða vitsmunalega getu til að þekkja og læra á umhverfið sitt. Þess vegna segir Hafrún mikilvægt að blanda saman ólíkum fælum til að viðhalda forðun hjá fuglum. Einnig geti verið gott að færa kyrrstæðar fælur reglulega úr stað til að koma fuglunum á óvart og tryggja að fælingarátakið sé sem öflugast þegar gróður er á viðkvæmu vaxtarstigi.

Atferlissvístfræðilegar nálganir

Skilningur á atferli álfta og gæsa er grundvallarforsenda þess að hægt verði að stemma stigu við tjóni af þeirra völdum. Tjón virðist oft vera fremur staðbundið, þ.e.a.s. sumir bændur verða endurtekið fyrir miklu tjóni á meðan aðrir verða ekki varir við fuglana.

„Ég tel að þetta geti verið vegna þess að gæsir og álfir velji alltaf hagstæðasta dvalarstaðinn hverju



Fyrirtækið Bird - X hefur þróað alls kyns fælingarlausnir, þar á meðal leysigeisla og LED ljós eins og hér sést.

Mynd / Bird-X

sinni. Slíkir staðir eru oft í nálægð við vötn eða votlendi, henta vel til flugtaks og lendingar, hafa gott útsýni og hættu á afráni er lítil. Því má gera ráð fyrir að þótt fuglum verði fækkað með veiðum, sé ekki víst að það muni hafa áhrif á tjón á svæðum sem myndu teljast til hagstæðra fuglasvæða, því álfir og gæsir munu jú halda áfram að sækjast í slík svæði,“ segir Hafrún og bendir á að kannski sé mögulegt að hagnýta þá þekkingu og breyta svæðunum þannig að þau verði minna aðlaðandi fyrir fugla. Jafnvel með því að planta skjólbeltum sem bæði skerða útsýni og draga úr hentugleika til lendingar og flugtaks.

Hún segir að víða erlendis hafi verið brugðið á það ráð að útbúa sérstaka fuglabeitarakra þar sem fuglar fá að dvelja óárettir og uppfylla orkuþörf sína. „Á Norðurlöndunum hafa bændur fengið sérstaklega greitt fyrir að útbúa og viðhalda slíkum ökrum. Það getur verið hagkvæmt að nota fælingu og fuglabeitarakra sem sameiginlegt úrræði þannig að hægt sé að fæla fugla frá einum stað og laða þá að öðrum. Rannsóknir benda til þess að ef rétt er að þessu staðið megi draga umtalsvert úr tjóni. Hins vegar gefur augaleið að notkun fuglabeitarakra kostar mun meira land heldur en ella og því þarf að veita og meta hverju sinni hvort réttlætning sé að eyða náttúrulegum heimkynnum annarra dýra til að laða álfir og gæsir. Mögulega er einnig hægt að nýta ræktarland sem nú þegar er búið að uppskera, enda sækja gæsir og álfir gjarnan í slíkt land þar sem mikið af korni fellur til við uppskeru og verður því auðveldlega aðgengilegt. Seinkun á plöngingu akra getur því þjónað svipuðum tilgangi og

fuglabeitarakrar ef gæsir og álfir fá að dvelja þar óárettar og fíta sig upp fyrir far eða vetrardvöl á Íslandi,“ segir Hafrún.

Aukin þekking nauðsynleg fyrir árangursríkar ákvarðanir

Ágangur og tjón af völdum álfta og gæsa er flókið viðfangsefni sem krefst rannsókna, ítarlegs samráðs, stefnumótunar og áætlanagerðar. Ef ráðast á í það verkefni að lágmarka tjón af völdum ágangs þarf bæði að greina umfang vandans og auka skilning á honum. Í niðurstöðu greinar Náttúrustofu Vesturlands er lögð áhersla á að rannsóknaraðilar og bændur efla samstarf sín á milli.

„Þetta er mikilvægt vegna þess að veiðar á innlendum dýrum til að verjast tjóni ættu alltaf að vera þrautaráð og ættu ekki einungis að ráðast af efnahagslegum sjónarmiðum. Allar aðgerðir sem beinast að villtum dýrum þurfa einnig að taka mið af líffræðilegri fjölbreytni, vistfræðilegum áhrifum og dýravelferðarsjónarmiðum. Einnig er Ísland aðili að alþjóðasáttmálum um náttúruvernd, þar á meðal Bernarsamningnum um verndun villtra dýra og plantna og því ber okkur skylda til að vernda þær tegundir sem falla þar undir. Nauðsynlegt er að fá ólíka aðila að borðinu, svo sem bændur, rannsóknaraðila, náttúruverndarsinna og stjórnmöld, til að móta saman stefnu sem byggð er á þekkingu. Því þótt sé frá því hvar hver og einn stendur í garð náttúruverndar, hlýtur sameiginlegt markmið okkar að miðast við að auka þekkingu svo hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir sem skila árangri,“ segir Hafrún Gunnarsdóttir.



Er þér kalt?



Þú færð hitablásara frá Master hjá okkur

PÓR H F

Reykjavík og Akureyri Thor.is
S 568-1500

Milwaukee

PACKOUT

vfs.is

geymslueiningar, töskur, kistur, krókar og aukahlutir **á tilboði til 15. nóvember**



**Sjáðu öll
tilboðin á
vfs.is**

*Komdu skipulagi á verkfærin
þín með sterku Milwaukee
PACKOUT einingunum á meðan
afslættir og tilboð gilda.*

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

MHG
VERSLUN

Husqvarna
snjóblásarar - finndu kraftinn



Snjóblásari ST424T
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, belti, rafstart.



Snjóblásari ST424
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST330
11,1 HP, vinnslubreidd 76cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST327
9 HP, vinnslubreidd 69cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST224
7 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, rafstart.



Snjóblásari ST124
7 HP, vinnslubreidd 61cm.

MHG
VERSLUN

Husqvarna
á Íslandi - allt til á lager



Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl



Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl



RC320TS AWD
Sláttutraktor - 12.6 kW



FS400
Gólfsög
Sögunardýpt 16,2cm



K770
Steinsög
Sögunardýpt 12,5cm



K970
Steinsög
Sögunardýpt 15,5cm



K3600 MK II
Steinsög
Sögunardýpt 27cm



K7000
Steinsög / forsög
Sögunardýpt 14,5cm



550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl

MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir

Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogur | S 544 4656 | mhg.is

MENNING

Á döfinni ...

Freyvangsleikhúsið í Eyjafirðinum er mörgum kunnugt, en undanfarið hafa þar staðið yfir æfingar á frumsamda verkinu **Bangsímon og Gríslingur í jólasveinaleit**, en höfundur er engin önnur en formaður leikfélagsins, hún **Jóhanna Sigurbjörg Ingólfssdóttir**.



Leikhúsgestir fá að fylgja ferðalagi þeirra Bangsímons og Gríslings, sem Disney gerðu svo ódauðlega, en þessir ástsælu félagar eru komnir alla leið til Íslands. Ástæða þess er að þeir höfðu haft fregnir af því að hér væru heilir þrettán jólasveinar, í stað þess eina sem býr í Bandaríkjunum.

Kynnast Bangsímon og Gríslingur klassísku íslensku verunum okkar sem allir þekkja – þá með talinn jólaköttinn – á leið sinni um fjöllin blá, en gengur ferðin upp og ofan eins og vænta má.



Til viðbótar við að hafa samið verkið er leikstjóri einnig í höndum Jóhönnu. Er þetta í annað sinn sem hún leikstýrir barnaverki hjá Freyvangsleikhúsinu, fyrir jólin í fyrra. leikstýrði hún nefnilega verkinu um þá Kárius og Baktus.

Miðasalan er þegar hafin á www.tix.is og í síma 857 5598 enda má enginn missa af þessu stórskemmtilega verki. Áætlaðar sýningar eru sex talsins, frá 17. nóvember til 3. desember og er miðaverð 2.500 krónur.

Sýnt verður í Freyvangsleikhúsinu en þar má einnig kaupa sér eitthvað gott í munninn til að njóta meðan á sýningunni stendur. /SP

Leikfélag Austur-Eyfellinga:

Maður í mislitum sokkum

Leikfélag Austur-Eyfellinga var stofnað 1970 og hefur á þessum áratugum sett upp klassísk stórverkefni á borð við **Kardimommubæinn og Önnu í Stórborg** auk þess að sinna leiklistarkennslu.

Nú í ár, um miðjan september, hóf leikfélagið æfingar á gamanleiknum **Maður í mislitum sokkum** eftir Armund S. Backman. Um ræðir grátbroslegan farsa þar sem ekkjan Steindóra er í aðalhlutverki. Hún er búsett í blokk eldri borgara og lifir heldur tilbreytingarsnaudu lífi þar til dag einn að hún finnur ókunnan mann sitjandi í farþegasætinu í bílnum hennar.

Sá er illa áttaður, þekkir hvorki nafn sitt né hvernig stendur á því að hann situr í bílnum – veit hvorki hvort hann er að koma eða fara.

Steindóra ákveður í einhverju fæti að fara með hann heim til sín sem í kjölfarið veldur bæði alls kyns misskilningi og vandamálum, enda skilja nágrannar hennar og vinir ekkert í því hvaða (mögulega spennandi) maður þetta er og hvort megi bara hirða fólk upp af götunni sisvona?

Býður þessi bráðfyndni farsa bæði upp á hlátur og grátur undir leikstjóri Gunnsteins Sigurðssonar, en áætlað er að frumsýna um miðjan nóvember í félagsheimilinu Heimalandi. /SP



Á sviðinu standa þær stóllur Anna Margrét Aðalsteinsdóttir og Þórunn Ólafsdóttir.

Leikfélag Keflavíkur:

Jólasaga Dickens

Eitt öflugasta áhugaleikfélag landsins, **Leikfélag Keflavíkur**, setur nú upp hina viðfrægu **Jólasögu Dickens**, sem samín var árið 1842 af enska rithöfundinum **Charles Dickens**.

Hann var afar vinsæll og afkastamikill rithöfundur, en eftir gott gengi þessarar frægu sögu tók hann þá ákvörðun að hann skyldi skrifa svo að segja eina jólasögu á ári það sem eftir væri ævinnar.

Sagan fjallar, eins og flestir vita, um nirfilinn og fyrirtækjaeigandann hann Scrooge sem hefur ímugust á jólahaldi – og raunar öllu því sem

felur í sér gleði eða fjárútlát þó hann eigi fleiri aura en hann kann að telja. Á jólanótt heimsækir hann draugur fyrrverandi sameiganda hans – sem segist hafa verið dæmdur til heljar eftir dauðann fyrir framkomu sína og hegðun í lifanda lífi. Flytur hann þær fréttir að Scrooge eigi von á heimsókn þriggja jólaanda sem munu reyna að leiða hann á betri vegu. Scrooge bregður við, en telur þetta hið mesta rugl.

Það reynist ekki rétt og er hann leiddur í gegnum líf sitt, fortíð, framtíð og loks nútíð, sem verður til þess að hann ákveður að bæta ráð

sitt, gera betur og létta öðrum lífið eins vel og hann kann.

Leikfélag Keflavíkur hefur haft ærið gaman af að setja þessa sýningu upp, en að henni koma rúmlega 50 manns og líkt og alltaf er líf og fjör í mannskapnum. Þess má geta að af 24 manna leikhópi eru 16 börn en sýningin er sett upp í samstarfi við Regnbogaraddir, barnakór Keflavíkurkirkju, og í honum eru um það bil 25 börn á grunnskólaaldri.

Um ræðir nútímauppfærslu af sögunni sem gerist í hvorki meira né minna en í Reykjanesbæ samtíms, en leikgerðin er skrifuð af þeim



Brynju Ýr Júlíusdóttur og Guðlaugi Ómari Guðmundssyni.

Leikstjóri er Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson og danshöfundur Sigríður Rut Ragnarsdóttir Ísfeld.

Stefnt er á frumsýningu þann 10. nóvember í húsnæði félagsins að Vesturbraut 17 í Reykjanesbæ. Miða má nálgast á tix.is og miðaverð er 3.000 krónur. /SP



KUBOTA M6 er eins og
sniðin fyrir íslenskan
landbúnað





PÓR H

Reykjavík og Akureyri Thor.is
S 568-1513 og 568-1556



Æfingafærlíð er skemmtilegt eins og sjá má hér bak við tjöldin en af 24 manna leikhópi eru 16 börn í sýningunni. Myndir / Aðsendar

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði
Husqvarna byggingavörum
á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjoppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

Þjónustuverkstæði
og varahlutir



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14"
Steinsög/Hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna Trowel
BG 245
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm



Husqvarna LF75
Jarðvegsþjappa
97kg, 500 mm Plata



Husqvarna FS400
LV gólfög
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna Rammer
Hopperi LT6005
230mm Plata, 69 kg



Husqvarna FS 500
E rafmagns gólfög
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150 mm Max



Husqvarna K4000
Steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000
Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000
Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Víkurbær 4 - 203 Kópavogur
Opíð mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is



Skráðu þig á

Matvæla þing 2023

HÖRPU 15. NÓVEMBER



Skannaðu kóðann og skráðu þig.
matvaelathing.is



Hringrásarhagkerfið, í samhengi við nýsamþykktu matvælastefnu til ársins 2040, er meginviðfangsefni þingsins sem er nú haldið í annað sinn.

Á þinginu koma saman undir einu þaki þær fjölmörgu og ólíku starfsgreinar sem koma að framleiðslu, vinnslu og dreifingu matvæla á Íslandi. Þar myndast vettvangur fyrir samræðu milli neytenda, stjórnvalda og framleiðenda um matvæli í hringrásarhagkerfinu.

Þingið verður sett kl. 9:00 og lýkur kl. 16:00.
Allt áhugafólk um matvæli er hjartanlega velkomið!

Í DEIGLUNNI



Edda Rún Ragnarsdóttir, sem situr í stjórn LH og tekur þátt í skipulagningu Uppskeruhátíðarinnar, og með henni á myndinni er systir hennar, Jóna Margrét Ragnarsdóttir. Mynd / Aðsend

Hestamenn rífa upp stemninguna

Uppskeruhátíð hestamanna hefur verið haldin árlega af Landsambandi hestamannafélaga (LH) og Félagi hrossabænda.

Þátttaka hefur verið dræm síðastliðin ár en nú stendur til að rífa upp stemninguna.

Til margra ára voru uppskeruhátíðir hestamanna haldnar við góðar undirtektir í glæsilegum veislusal Hótel Broadway en eftir að staðnum var breytt hefur uppskeruhátíðin verið á hálfgerðum hrakhólum. Til nokkurra ára var hátíðin haldin í veislusal Gullhamra en ekki hefur náðst að búa til sambærilega stemningu þar líkt og áður var.

Á uppskeruhátíðum hafa hestamenn komið saman og glaðst ásamt því að þeir knapar og hrossaræktarþú sem skarað hafa fram úr á árinu hafa verið veittar viðurkenningar fyrir glæstan árangur.

Skipulagning uppskeruhátíðar hestamanna er hafin og fyrir undirbúningsnefnd fer Edda Rún Ragnarsdóttir, stjórnarmaður LH.

„Uppskeruhátíð hestamanna fer fram 18. nóvember í Gamla bíói. Snillingarnir Jógvan og Friðrik Ómar munu veislustýra og þeir hafa lofað að það verði mikið hlegið. Ásamt því munum við bjóða upp á þriggja rétta kvöldverð. Svo mun Sigga Beinteins trylla lýðinn ásamt DJ Atla sem skemmtir fram á kvöld.“

Edda segir að stefnan sé að færa hátíðina í nýjan búning en þó að halda í gömlu góðu hefðirnar sem hafa skapast. „Okkur langar að koma uppskeruhátíð hestamanna á þann stall sem áður var, það mun örugglega taka smá tíma, en við vonum innilega að hestamenn séu til í þetta verkefni með okkur. Það væri gaman að sameinast og gleðjast yfir góðum árangri okkar hestamanna á líönu tímabili.“

Verðlaun hátíðarinnar í ár verða stórglæsileg, sérhönnuð af Inga í Sign. Miðaverði er stillt í hóf og er miðasala hafin á lhhestar.is.

/þag

Hrossarækt:

Stofnuðu sæðingastöð um einn hest

Nú er farið að hausta og flestar ræktunarhryssurnar komnar aftur til síns heima. Viðs vegar um land voru starfræktar sæðingastöðvar og var ein slík í Hjarðartúni, þar sem sæðingastöð var stofnuð fyrir einn hest.

Hrossaræktendur kannast flestir við Sindra frá Hjarðartúni en hann sló í gegn á síðasta Landsmóti þegar hann hlaut hæstu hæfileikaeinkunn sem gefin hefur verið íslenskum hesti. Mikil aðsókn var í hestinn eftir Landsmótið og tóku eigendur á það ráð að vera með hestinn í sæðingum.

„Þó að allir hrossaræktendur stefni leynt eða ljóst að því að rækta falleg og hæfileikarík hross sem fara í góðan dóm, er ekki víst að menn átti sig á því hverjar afleiðingar geta orðið að eiga Landsmótssigurvegara. Eftir Landsmótið í fyrra opnuðust tækifærisgluggar. Freistandi fyrirspurnir bárust í hestinn bæði innanlands en aðallega að utan. Sindri var greinilega orðinn verðmætur og spurning hvort selja ætti hann hæstbjóðanda,“ segja Kristín Heimisdóttir og Bjarni Elvar Pjetursson, hrossaræktendur í Hjarðartúni.

Annir í sæðingum

Kristín og Bjarni tóku þá ákvörðun um að selja ekki hestinn. Sindri hefði þá líklegast farið úr landi og hugnaðist þeim það ekki. „Það stendur vel að honum og okkar skoðun er sú að hann eigi að þjóna íslenskrum ræktun. Við tókum því, án mikillar umhugsunar, þá ákvörðun að eiga hestinn áfram og hafa hann heima í Hjarðartúni,“ segir Kristín. Ljóst var að til að anna mikilli eftirspurn þyrfti að sæða við hestinum. Yfir 100 hryssur fyljuðust við Sindra það árið en tók hesturinn bæði á móti hryssum á húsi, í sæðingum og síðan í hólfí.



Bjarni Elvar Pjetursson og Kristín Heimisdóttir í Hjarðartúni halda í þá Sindra frá Hjarðartúni og Seið frá Hólum. Myndir / Aðsend

„Álagið var gríðarlegt og segja má að önnur starfsemi búsinns hafi verið í lágmarki á meðan.“

Eftir síðasta sumar ákváðum við að kynna okkur sæðingar betur og heimsóttum hrossaræktendur og dýralækna bæði innanlands og utan til að sjá hvernig ná mætti sem bestum árangri. Frændur vorir, Danir, sem hafa náð mjög góðum árangri í sæðingum íslenska hestsins sem og Þjóðverjar, veittu okkur góð ráð,“ segir Bjarni.

Í framhaldinu var ákveðið að fara alla leið og setja á laggirnar löggilta sæðingastöð í Hjarðartúni í samvinnu við öflugt teymi dýralækna, þeirra Charlottu Oddsdóttur, Huldu Jónsdóttur, Helgu Gunnarsdóttur og Tómasar Jónssonar.

„Charlotta er sérmenntuð í frjósemi hryssna, Hulda er reynslumikil í sæðingum og sér um daglegar sæðingar í Hjarðartúni, Helga er tengiliður okkar á Norðurlandi og sæðir með skömmtum sem sendir eru þangað, og Tómas heldur svo utan um reksturinn,“ segir Bjarni.

Útbúið var nýtt hesthús ásamt gerði sem er eingöngu ætlað í sæðingastarfsemi og sæðisvinnsluherbergi innréttað.

Þannig næst að halda sæðingastarfsemi frá algjörlega aðskilinni frá annarri starfsemi hesthússins. „Við vorum líka heppin að Anna Margrét Geirsdóttir, sem hafði verið hjá okkur í starfsnámi eftir annað árið á Hólum, var áfram í Hjarðartúni og hélt utan um sæðingastarfsemi.“

Vel í lagt

„Eins og flestar mæður hafa áttað sig á, þá skiptir hryssuna miklu máli að heilbrigði og rólegheit séu í fyrirrúmi í öllu ferlinu,“ segir Kristín og bætir Bjarni við; „það var kannski svolítið vel í lagt að byggja sæðingastöð fyrir einn stóðhest. Hugmyndin er að geta verið með tvo stóðhesta í sæðingum á stöðinni. Því var mikilvægt að fá annan hest til að nýta teymið og aðstöðuna.“

Fengu þau Seið frá Hólum til sín en hann er hæst dæmði stóðhesturinn í ár með 8,83 í aðaleinkunn. „Árangur sæðinga hefur verið framar vonum og náðu þeir félagar, Sindri og Seiður, að anna öllum þeim hryssum sem komu á nýju sæðingastöðina í sumar. Þetta er búið að vera ótrúlegt ævintýri sem gaman hefur verið að taka þátt í,“ segja þau Kristín og Bjarni / hf



Útbúið var nýtt hesthús ásamt gerði sem er eingöngu ætlað í sæðingastarfsemi og sæðisvinnsluherbergi innréttað.

VARAHLUTIR Í KERRUR






QUALITY FOR LIFE



Bílabúðin


Stál og stansar

Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík | Sími 517 5000 | stallogstansar.is



Móttökustaðir fyrir ull og afhending umbúða 2023/24

Söfnunarstaður	Flutningsaðili	Sími	Ullarpokar fást hjá	Sími
Mosfellsbær	Ístex hf. Völuteig 6	566-6300	Ístex hf. Völuteig 6	566-6300
Borgarnes	Magnús Kristjánsson	832-1557	KB. Búrekstrardeild	430-5500
Snæfellsnes	Velverk. Ystu Görðum	894-7257	Ragnar og Ásgeir Grundarfirði	430-8100
Búðardalur	Biggi Upp ehf	691-4995	KM þjónustan Búðardal	434-1611
Saurbær	Biggi Upp ehf	691-4995	KM þjónustan Búðardal	434-1611
Króksfjarðarnes	Biggi Upp ehf	691-4995	KM þjónustan Búðardal	434-1611
Barðaströnd	Biggi Upp ehf	691-4995	Barði Sveinsson Innri-Múla	456-2019
Pingeyri	Biggi Upp ehf	691-4995	Hákon S. Unnsteinsson Ketilseyri	849-8364
Flateyri	Biggi Upp ehf	691-4995	Hákon S. Unnsteinsson Ketilseyri	849-8364
Ísafjarðardjúp	Biggi Upp ehf	691-4995	Hákon S. Unnsteinsson Ketilseyri	849-8364
Hólmarvík	Strandafrakt	892-4646	Strandafrakt	892-4646
Bitrufjörður	Strandafrakt	892-4646	Strandafrakt	892-4646
Borðeyri	Strandafrakt	892-4646	Kaupfélag V-Hún, pakkhús	455-2325
Hvammstangi	Ullarþvottastöð	483-4290	Kaupfélag V-Hún, pakkhús	455-2325
Blönduós	Ullarþvottastöð	483-4290	Lifland Blönduósi	540-1155
Sauðárkrókur	Ullarþvottastöð	483-4290	Kaupfél. Skagfirðinga, Verslunin Eyri	455-4610
Akureyri	Sverrir Þór Sverrisson	865-0240	Bústólpi Oddeyrargötu	460-3350
Húsavík	Sverrir Þór Sverrisson	865-0240	Heimamenn ehf	891-8800/464-2100
Mývatn	Sverrir Þór Sverrisson	865-0240	Heimamenn ehf	891-8800/464-2100
Kópasker	Vökvapjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvapjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Þórshöfn	Vökvapjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvapjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Þórshöfn	Vökvapjónusta Eyþórs	893-1277	Jón R. Gíslason, Fjarðarvegur 25	892-0632
Vopnafjörður	Vökvapjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvapjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Egilsstaðir	Sverrir Þór Sverrisson	865-0240	Landstólpi	480-5610
Höfn	Biggi Upp ehf	691-4995	KASK Höfn Hornafirði	470-8222
Kirkjubæjarklaustur	Biggi Upp ehf	691-4995	N1 - Kirkjubæjarklaustri	487-4628
Vík	Biggi Upp ehf	691-4995	Verslunin Aldan	696-6816
Hvolsvöllur	Þórður Jónsson	893-2932	Þórður Jónsson	893-2932
Flúðir	Biggi Upp ehf	691-4995	Fóðurblandan Selfossi	570-9840
Selfoss	Biggi Upp ehf	691-4995	Fóðurblandan Selfossi	570-9840



www.ullarmat.is

SOLIS

BEST IN INDUSTRY

5

YEARS WARRANTY

VALLARBRAUT

SOLIS 90XL
NÝTT ÚTLIT
NÝIR EIGINLEIKAR
VENDIGÍR, LYFTIKRÓKUR
5 ÁRA ÁBYRGÐ
SJÓN ER SÖGU RÍKARI

VALLARBRAUT.IS TRÖNUHRAUNI 5
S - 454 0050

Í DEIGLUNNI

Brothættar byggðir:

Sterkur Stöðvarfjörður

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

Verkefni Bygðastofnunar undir yfirskriftinni Brothættar byggðir hefur teygst sig víða um landið en alls hafa 14 byggðarlög tekið þátt.

Eins og áður hefur komið fram er markmið þess að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðarkjörnum landsins og er m.a. unnið í samvinnu við íbúa, landshlutasamtök, sveitarfélög og aðra með það fyrir augum að ráða bót á þessum vanda.

Litið er til örðugra viðfangsefna sem eiga við á fleiri en einum stað á landinu, gætt er þess að stilla saman strengi yfirvalds og íbúa og á allan hátt efla móttöðuafli brothættra byggða. Fá íbúar hvers byggðarlags fyrir sig kost á að forgangsraða þeim málefnum er þeim þykja að helst mætti taka til og sjá verkefnastjórar Bygðastofnunar um að virkja frumkvæði og samtakamatt íbúanna, enda mikilvægar raddir í hverju samfélagi.

Samfélag Stöðvarfjarðar

Eitt þeirra byggðarlaga sem fallið hafa undir væng verkefnisins er Stöðvarfjörður. Var þar nú nýverið haldinn fundur meðal íbúanna og farið yfir hvað áunnist hefur síðastliðna átján mánuði, en verkefnið, sem ber nafnið Sterkur Stöðvarfjörður, hófst snemma árs 2022. Hafði þá komið í ljós að íbúum hafði fækkað allverulega, eða um 32% síðan um aldamót.

Á þessum fyrsta fundi helgina 5.-6. mars í fyrra komu fram allmargar uppástungur frá íbúum sem greitt var úr eftir bestu getu og stefnan gróflega mótuð. Skiptust meginmarkið niður í fjóra flokka, en þeir eru eftirfarandi: Fyrirmyndarumhverfi – Samheldið samfélag – Öflugt atvinnulíf – Sterkir innviðir. Var sammælt um það að Stöðvarfjörður hafi alla burði til þess að eflast sem ferðamannastaður, menningar- og nýsköpunarbær.



Stöðvarfjörður hóf göngu sína í verkefninu Brothættar byggðir í ársbyrjun 2022 og völdu íbúar heitið Sterkur Stöðvarfjörður á íbúaþingi. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki í lok árs 2025 hvað aðkomu Bygðastofnunar varðar. Mynd / Wikipedia

Hæst bar umræða um miðbæjarreit Stöðvarfjarðar, Balann, en uppbygging hans fékk flest atkvæða íbúa byggðarinnar sem vilja ýta undir aðlaðandi útivistarsvæði fyrir alla fjölskylduna. Hugmyndir um húsnæðismál og byggingar voru hátt á lofti, göngustígar og umhverfisfegur auk atvinnuskapandi greina. Allt eru þetta málefni sem komust ofarlega í forgangsroðun verkefnisins, en spurningunni „Hvað eigum við?“ var kastað upp á fundinum. Nefndar voru náttúruperlur staðarins, mannaúður auk þátta sem væru ríkir en þörfuðust styrkingar. Verkefnisstjóri var ráðinn, Valborg Ösp Árnadóttir Warén, auk nokkurra aðila í verkefnisstjórn, en að lokum var framtíðarsýn fyrir árið 2025 komið í orð.

Samkvæmt skýrslu Bygðastofnunar er hún svohljóðandi: Stöðvarfjörður idar af mannlífi og íbúar á öllum aldri eru virkir þátttakendur í samfélaginu. Atvinnulíf er öflugt og störfum hefur fjölgað, hvort sem það eru störf í bænum



Styrkþegar frumkvæðisjóðs Sterks Stöðvarfjarðar í apríl síðastliðnum. Mynd / austurbru.is

eða óstaðbundin störf. Íbúum hefur fjölgað og Stöðvarfjörður er þekktur sem fjölskylduvænt og gott samfélag sem tekur vel á móti nýbúum. Stöðvarfjörður hefur byggst upp

sem eftirsóttur ferðamannastaður og menningar- og nýsköpunarbær og í þorpinu er næg gisting og þjónusta ásamt fjölbreyttum möguleikum til afþreyingar. Balinn er orðinn að skjólgöðu og notalegu útivistarsvæði fyrir fjölskyldur.

Svæðið er grótt og fallegt og þar er nýr leikvöllur með leiktækjum og afþreyingu fyrir allan aldur. Miðbærinn hefur byggst upp og hefur fallega og snyrtilega ásynð. Húsin í þorpinu eru falleg og þeim er vel við haldið. Það liggur góður og breiður vegur inn í fjörðinn og út í þorp.

Styrkveiting frumkvæðisjóðs

Tvennar styrkveitingar frumkvæðisjóðs Sterks Stöðvarfjarðar buðust íbúum byggðarlagsins, annars vegar í nóvember 2022, þá 7 m. krónur sem skiptust niður á 13 umsækjendur og svo var úthlutun í apríl nú í ár þar sem 7,2 m. deildust niður á 17 umsækjendur.

Kaffibrennslan Kvörn var eitt þeirra hlaut dágóða upphæð í formi styrkja yfir árið, en aðspurður telur eigandinn, Lukasz Stencel, þetta verkefni Bygðastofnunar af hinu góða, bæði samfélagslega hvetjandi svo og brýn nauðsyn.

Lukasz, sem hefur staðið að vinnslu kaffibauna sl. ellefu ár, nýtti styrkveitinguna að stórum hluta til kaupa á vél en hann bæði malar og brennir sínar baunir af kostgæfni.

Ævintýrlegur keimur

Þykja sumum kaffitegundir fyrirtækisins bragðast heldur ævintýrlega, en kaffibaunirnar koma víðs vegar að úr heiminum, þ.á.m. Perú, Hondúras, Kólumbíu og Mexíkó. Segir Lukasz fólk eiga að vera

óhrætt að smakka enda raunin sú að fleiri en færri komast á bragðið af góðu kaffi. Til gamans má geta að á sínum tíma var fyrirtæki Íslenskrar erfðagreiningar einna fyrst til þess að leggja inn reglulega pöntun hjá honum, þá hvorki meira né minna en 56-60 kg mánaðarlega.

Í dag er kaffið selt víða um land. Nýmálað kaffi frá Kaffibrennslunni Kvörn má finna í Melabúð Vesturbæjar Reykjavíkur, auk þess sem nú er hægt að fá mánaðarlega kaffiáskrift í gegnum síðu Kvarnar á Facebook.

Blómstrandi byggðarlög

Frumkvæðisjóðir Brothættra byggða eru styrktarsjóðir verkefna þeirra svæða sem taka þátt. Stutt er við verkefni sem styðja uppbyggingu hvers byggðarlags fyrir sig, til þróunarverkefna og annarra samfélagslefrandi verkefna.

Eiga landsmenn það sameiginlegt að vilja sjá byggð landsins okkar blómstra og binda forsvarsmenn Brothættra byggða vonir um að með verkefninu myndist sá grunnur er þarf til þess. Frekari upplýsingar má finna á vefsíðu Bygðastofnunar og þau byggðarlög sem hafa áhuga á þátttöku hvött til að sækja um.



Kaffibrennslan Kvörn var eitt þeirra fyrirtækja sem fékk styrkveitingu frumkvæðisjóð.

Nýtt hjá Arctic Trucks
DAVANTI dekk!

DAVANTI dekk á kynningarverði!

Frábær dekk hönnuð í Evrópu. Vönduð efni og góð hönnun skila dekkjum með góða endingu, grip og áreiðanleika við alls konar aðstæður. Fáanleg í flestum stærðum fólksbíla, jeplinga og jeppa.



ALLTOURA H/T 4-SEASONS

Öruggt heilsársdekk sem virkar vel við allar aðstæður, sumar og vetur.



WINTOURA SUV

Frábært alhliða jeppingadekk sem hentar jafnvel á malbíki og á grófum slóðum. Gott grip í snjó og hálfu.



TERRATOURA A/T

Hörkufint jeppadekk sem veitir stöðugleika og gott grip þegar mest á reynir í erfiðum aðstæðum.

Weckman stálgrindarhús

- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Henta vel fyrir gripahús, hlöður, reiðhallir og tækja- og vélageymslur.
- Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður.



Yleiningar

Með steinullar eða PIR kjarna



Stálklæðningar

Fjöldi tegunda og lita í boði



H. HAUKSSON EHF.

Ögurharfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



Allt frá
fræjum til
afurða

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is



Samhentir

Í DEIGLUNNI



Áætlað er að ef framleidd hefðu verið lífkol úr þeim dýrahæjum og slátur-úrgangi sem var fargað á árinu 2019 í hefðbundinni brennslu, hefði samdráttur á losun koltvísýrings numið 11.500 tonnum.

Mynd / Wikipedia

Loftslagssjóður:

Kanna fýsileika lífkolaframleiðslu

Bændasamtök Íslands fengu nýverið 15 milljóna króna styrk úr Loftslagssjóði vegna verkefnis sem felst í fýsileikagreiningu á framleiðslu á lífkolum úr lífrænum úrgangi.

Í lýsingu á verkefninu kemur fram að með banni á urðun á lífrænum úrgangi á Íslandi, frá síðustu áramótum, skapist ákveðin vandamál við að koma tilteknum lífrænum úrgangi í viðunandi farveg; eins og til dæmis dýrahæjum og sláturúrgangi. Markmið verkefnisins verði að skoða hvort fýsilegt sé að hagnýta nýja tækni hér á landi til framleiðslu á lífkolum; sem hefði þann tvíþætta tilgang að koma þessum úrgangi í umhverfsvænan farveg og binda auk þess kolefni í orkusjálfbæru ferli sem veldur engri losun gróðurhúsalofttegunda.

Aðferðir sem eru hagnýttar í Evrópu

Bændasamtök Íslands horfa til aðferða sem hafa verið hagnýttar á meginlandi Evrópu. Þær felast í brennslu á lífrænu efni í sérhæfðum brennsluofni í loftfirrtum bruna. Engin losun er úr þessu ferli, en afurðirnar eru lífkol, sem hægt er

að nota sem áburð, blanda þeim í húsdýra- og gæludýrafóður eða jafnvel íblöndunarefni í byggingariðnaði.

Í verkefnalýsingu kemur enn fremur fram að nýleg riðusmittilfelli í Miðfirði hafi afhjúpað brýna þörf fyrir fleiri brennsluofna í landinu sem væri hægt að nota þegar aðstæður krefðust þess að dýrahæ séu brennd. Á þeim tíma, þegar farga þurfti hræjunum í Miðfirði, hafi eini brennsluofninn verið óstarfhæfur og því hafi þurft að urða riðusýkt fê sem hefði verið óviðunandi niðurstaða.

Leita verður betri leiða til förgunar

Í greinargerð með verkefninu segir að til að metnaðarfull markmið Íslands í loftslagsmálum nái fram að ganga verði að leita nýrra lausna og betri leiða til að farga dýrahæjum og sláturúrgangi, en nú sé gert. Þetta verkefni sé liður í því.

Áætlað er, að ef framleidd hefðu verið lífkol úr þeim dýrahæjum og sláturúrgangi sem var fargað á árinu 2019 í hefðbundinni brennslu, hefði samdráttur á losun koltvísýrings numið 11.500 tonnum. /smh



Bændurnir í Lambhaga, Ómar Helgason og Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, komu inn í verkefnið í byrjun árs 2021 með blandaðan búskap. Mynd / smh

Loftslagsvænn landbúnaður:

Nýr samningur sem gildir út næsta ár

Samstarfssamningur hefur verið undirritaður um framhald á verkefninu Loftslagsvænn landbúnaður, sem mun gilda út næsta ár. Verkefnið er samstarfsverkefni á milli Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarinnar (RML), Landgræðslunnar, Skógræktarinnar og matvælaráðuneytisins og var sett á fót á árinu 2020. Með nýjum samningi er stefnt að því að verkefnið stækki og eflist.

Meginmarkmið verkefnisins er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði og landnotkun og auka kolefnisbindingu í jarðvegi og gróðri.

Nýir þátttakendur í Loftslagsvænum landbúnaði

Heiðarbær 1	806 Selfossi	Sauðfjárrækt
Brúnastaðir	570 Fljót	Sauðfjárrækt
Birtingaholt 4	846 Flúðir	Nautgripærækt
Austvarðsholt 1c	851 Hella	Sauðfjárbú
Neðri-Torfustaðir	531 Hvammstangi	Nautgripærækt
Sölvanes	561 Varmahlíð	Sauðfjárrækt
Leifsstaðir (Hokur)	671 Kópasker	Sauðfjárrækt
Holt	681 Þórshöfn	Sauðfjárrækt
Göngustaðir	621 Dalvík	Naugripærækt/sauðfjárrækt
Norðurhjáleiga	881 Kirkjubæjarkl.	Sauðfjárrækt
Fljótshólar	803 Selfoss	Garðyrkja
Hverabakki	845 Flúðir	Garðyrkja
Miðhvammur	641 Húsavík	Garðyrkja
Gerði	851 Hella	Garðyrkja
Breiðargerði	561 Varmahlíð	Garðyrkja

Fimm garðyrkjubýli bætast við

Karvel L. Karvelsson, framkvæmdastjóri RML, segir að það sem breytist frá fyrri samningi er að nú bætast tíu sauðfjár- og nautgripabú við hóp þátttakenda, auk fimm garðyrkjuframleiðenda í útiræktun – sem eru þá þeir fyrstu sem koma inn í verkefnið úr þeirri grein.

Mun fleiri umsóknir bærast en hægt var að samþykkja, eða alls um 25, og því var dregið af handahófi úr lista umsækjenda og fyrstu fimmtán sem komu upp úr pottinum var boðin þátttaka.

Verkefnið er hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum og þeir bændur sem taka þátt í verkefninu fá aðgang að ráðgjöf og fræðslu um loftslagsmál.

Í tilkynningu úr matvælaráðuneytinu kemur fram að í lok síðasta árs hafi 46 bú verið þátttakendur í

verkefninu; 22 í sauðfjárrækt og 24 í nautgripærækt.

Árangurstengdar greiðslur

Greiddir eru styrkir fyrir þátttöku, til að mynda vegna efnagreininga, auk þess sem teknar hafa verið upp árangurstengdar greiðslur samkvæmt aðgerðaráætlun. Samkvæmt stöðuskýrslu um verkefnið frá 2022 hefur þekking þátttakenda á loftslagsmálum aukist sem og færni þeirra í loftslagsaðgerðum. Bændurnir hafa þjálfast í að skipuleggja landnotkun á jörðum sínum og öðlast betri yfirsýn yfir fyrirliggjandi verkefni í búrekstrinum. Í skýrslunni segir að þátttaka í verkefninu hafi einnig hvatt bændur til að vera virkir í umræðunni um loftslagsmál í sínu nærsamfélagi.

Nýta á þá þekkingu sem verður til í verkefninu í framtíðarstefnumótun á málefnasviðinu. /smh



HONDA

GÆÐI
Í YFIR
40 ÁR

**HONDA SNJÓBLÁSARAR
FÁST Í FAGVERSLUN BYKO**

www.byko.is/honda | honda@byko.is | 821-4152

Þú finnur Bændablaðið
á www.bbl.is,
Facebook & Instagram

TM

Þjónusta TM er hugsuð fyrir þig

Á **tm.is** og í **TM appinu** getur þú gengið
frá öllum tryggingum hvar og hvenær
sem þér hentar.



Grande Brio 45



Grande Brio Ride On 145



ECN-M



IBH-S



Durasweep 130



Willmop 50



JMB-M



JMB-M



JMB-C

MARPOL
HREINLÆTISVÖRUR

**BJÓÐUM ALLAR GERÐIR VÉLA OG TÆKJA
TIL RÆSTINGA** Leyfðu okkur að gera þér tilboð
sem gæti komið þér á óvart!

Dalbrekka 15 | 200 Kópavogur | s. 544 5588 | marpol@marpol.is



Þegar lítið er um snjó þurfa veiðimenn að leggja mikið á sig þar sem rjúpan heldur sig til hlés. Mynd / Óskar Andri

Rjúpnaveiði fer vel af stað

– Dagar mun fleiri en undanfarin ár

Veiðitímabilið hófst föstudaginn 20. október og segir Áki Ármann Jónsson, formaður Skotveiðifélags Íslands (Skotvís), það fara vel af stað.

Veiði verður heimilud fimm langar helgar, eða frá föstudegi til þriðjudags, sem Áki segir aukningu frá fyrri árum. Nú sé opið fyrir veiði í samtals 25 daga, en þeir hafi ekki verið eins margir síðan 2006. Jafnframt séu þetta heilir dagar, en í fyrri hafi einungis mátt veiða hálfa daga. Síðasti veiðidagurinn verður 21. nóvember.

„Það er mjög gott að hafa svona marga daga til að velja úr,“ segir Áki. Hans markmið er jákvæð upplifun af veiðunum umfram fjölda fugla og skipti veðurastæður miklu máli.

Veiðimenn þurfi að leggja mikið á sig til að fanga bráðina þegar snjóinn skortir, en þá haldi rjúpan sig til hlés og feli sig milli steina og þúfna. Fyrstu veiðidagarnir hafi einkennst af rigningu og hvasviðri, sérstaklega sunnanlands og á suðvesturhorninu, sem leiði til þess að fuglarnir séu dreifðir og styggir.

Áki efast um að margir hafi farið



Áki Ármann Jónsson.

til veiða í nágrenni Reykjavíkur, en af því sem hann hefur heyrt gekk veiðin prýðilega í öðrum landshlutum og ekki hafi verið merkjalegur munur milli þeirra.

Stofninn yfir meðaltali

Áki segir rjúpnastofninn vera 30 prósent yfir meðaltali sem skýrist af venjulegum stofnsveiflum. Vöxtur hafi verið frá 2021 þegar stofninn var í lægð.

Samt sem áður hafi verið viðkomubrestur vegna vor- og

sumarhreta síðustu tvö ár á norð-austurhluta landsins. Ungarnir séu sérlega viðkvæmir fyrir bleytu og kulda þegar þeir eru nýkomnir úr eggi. Unnið sé að nýrri stjórnar- og verndunaráætlun, sem byggist á því að veiðin fari fram í fimm daga skorpum eins og fyrirkomulagið er núna. Þá geti veiðin farið upp í allt að 45 daga ef stofninn stendur vel. Áki bendir á að gögn úr veiðikortakerfinu sýni að fjöldi leyfilegra veiðidaga hafi lítil áhrif á hversu oft veiðimenn ganga til rjúpna eða heildarveiðina.

„Þetta er jólamaturinn hjá tíu til tólf prósent þjóðarinnar samkvæmt könnunum,“ segir Áki.

Þessi tala hafi haldist nokkuð stöðug, en sveiflist þó aðeins í takt við aflabrogð. Rjúpur varðveitast í mörg ár í frysti og geymi veiðimenn gjarnan fugla til hörðu árána.

Að jafnaði þurfi einn fugl til að metta hvern fullorðinn veislugest og samkvæmt könnunum sem Skotvís gerir meðal sinna félaga þá þarf hver veiðimaður að meðaltali níu rjúpur hver jól fyrir sína fjölskyldu. Að lokum segist Áki hvetja til hófsamra veiða eins og áður. /ÁL

Skógrækt:

Skakkaföll í skógum

Skógar landsins komu ekki sérlega vel undan árinu sem er að líða en trjávöxtur var í meðallagi miðað við fyrri ár.

„Nokkur skakkaföll urðu í skógum landsins á árinu,“ segir Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri.

„Allmiklar skemmdir og nokkur afföll voru á nýgróðursettum plöntum í vetrarveðrum, sérstaklega á Suðurlandi, en mikla storma gerði í janúar. Vorfrost í apríl og maí eftir vetrarhlýindi ollu kali á viðkvæmum asparklónum á Norðurlandi en ekki tiltakanlegum skemmdum á trjágróðri þegar á heildina er lítið. Hins vegar gerði mikið saltveður í vestanroki um hvítasunnu og meiri skemmdir urðu á nýlaufguðum trjám á Vesturlandi en við höfum séð í mörg ár.

Bundnar vonir við náttúrulegan óvin birkipélunnar

Júnímánuður var síðan kaldur á vestanverðu landinu þannig að trén voru lengi að ná sér. Svo réttist úr restinni af sumrinu og trén náðu sér að miklu leyti.

Annars staðar á landinu urðu ekki skemmdir í hvítasunnuveðrinu og á landinu austanverðu var maí ágætur og júní sá hlýjasti sem mælst hefur.

Þó að júlí og ágúst hafi verið slakari þeim megin á landinu dugði hitinn í júní til þess að vöxtur trjáa varð þar ágætur,“ segir Þröstur jafnframt.

Enn bar talsvert á skemmdum af völdum birkikembu og birkipélu en Þröstur segir góðu fréttirnar þær að fundist hafi náttúrulegur óvinur birkipélu á landinu (snikjuvespa) þannig að vonandi haldi þær skemmdir ekki áfram að ágerast.


Aðrar skemmdir af völdum skordýra eða sveppsjúkdóma hafi ekki verið meiri en venjulega ef frá sé talið að asparryð var mjög áberandi austur á Héraði þetta haust.

Góð tíð hér og hvar vó á móti skemmdum

„Þegar á heildina er lítið var sumarið sennilega í meðallagi hvað varðar trjávöxt því góð tíð sem skiptist vel milli landshluta vó á móti skemmdum,“ segir Þröstur.

Að hans sögn er of snemmt að segja nokkuð um hversu mikið var gróðursett af trjám í ár þar sem þær hafa ekki verið teknar saman hjá Skógræktinni enn sem komið er.


Sama gildi um tölur varðandi trjáfellingar enda grisjun enn í gangi. /sá



Á ýmsu gekk í veðrum ársins, eins og verða vill, og skógar döfnuðu misvel eftir landshlutum. Mynd / SÁ.



Klippur og beygjuvélar



Stroffur
Naglar
Viralásar
Járnabakkar
Plastlistar og stjörnur
Kambar

Klippum og beygjum rúllustál í sjálfvirkri beygjuvél

Vir og lykktur ehf • viroglykkjur@internet.is • 772-3200

Sameining samþykkt

Sameining Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar var samþykkt í íbúakosningu laugardaginn 28. október.

Íbúar í Tálknafjarðarhreppi samþykktu tillöguna með 96% atkvæða. 139 greiddu atkvæði með sameiningu en 5 greiddu atkvæði gegn sameiningu.

Auðir og ógildir atkvæðaseðlar voru 1. Kjörsókn var 78,1%. Íbúar í Vesturbyggð samþykktu tillöguna með 82% atkvæða. 364 greiddu atkvæði með sameiningu en 73 greiddu atkvæði gegn sameiningu.

Auðir og ógildir atkvæðaseðlar voru 4. Kjörsókn var 52,48%.

/mhh

Þarft þú að láta bora??

Við hjá Finni ehf. búum yfir tækjakosti af allra nýjustu gerð.

Við borum niður allt að 500 metrum með beltabor sem auðvelt er að koma á torfæra staði.

Fyrir frekari upplýsingar, sendið á bor@finnurehf eða hringið í síma 897-1490

**Heitt vatn??
Kalt vatn??
Varmaskiptir??**

FINNUR EHF
VERKTAKAR - VÉLLEIGA

SMITVARNABOÐORÐIN 10

(sem gilda á riðusvæðum)

1. Bóndi ver sitt bú – smitvarnir á hverju búi eru alltaf á ábyrgð bónda.
2. Óheimilt er að flytja sauðfé á milli sóttvarnarsvæða. Leyfi Matvælastofnunar þarf til flutnings á fé með verndandi/mögulega verndandi arfgerðir.
3. Óheimilt er að flytja sauðfé á milli bæja innan svæðis og milli hjarða innan svæðis.
4. Óheimilt er að taka aðkomufé inn í fjárhús:
 - Bannað er að nota fjárhús til þess að draga í sundur fé.
 - Bannað er að hýsa aðkomufé sem finnst á jörðinni.
 - Bannað er að selja eða lána hrúta á milli bæja.
 - Bannað er að fara með ær undir hrúta á öðrum bæjum.
 - Bannað er að fara með lömb til að venja undir á öðrum bæjum, eða til þess að koma í fóstur sem heimalingum.
 - Bannað er að halda hrútasýningar. Hægt er að sækja um leyfi Matvælastofnunar í undantekningartilvikum.
 - Bannað er að framkvæma afkvæmarannsóknir með því að safna fleiri hrútum á einn bæ.
 - Ef hýsing á aðkomufé er óhjákvæmileg skal ekki nota til þess fjárhús, hlöður eða fjós og viðkomandi bygging þríf og sóttthreinuð að hýsingu lokinni.
5. Óheimilt er að taka heim fé sem hýst hefur verið á riðusýktum bæ.
6. Óheimilt er að flytja milli bæja allt sem mögulega getur borið smitefni milli staða s.s hey, heyköggla og hálm, húsdýraáburð, túnþökur og gróðurmold nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.
7. Óheimilt er að nýta sama fjárflutningavagn við flutninga frá fleiri bæjum á fjall, til slátrunar, eða úr réttum án þrifa og sóttthreinsunar. Skv. reglugerð 527/2017 um velferð dýra í flutningi eiga allir gripaflutningabílar og vagnar að vera lekaheldir.
8. Óheimilt er að fara með á milli bæja kamba og hnífa á fjárklippur, markatengur, lyfjadælur og önnur tæki sem óhreinkast hafa af sauðfé.
9. Óheimilt er að fara með tækjabúnað til landbúnaðarstarfa milli sóttvarnarsvæða án þrifa og sóttthreinsunar.
10. Forðast skal að hleypa aðkomufólki inn í fjárhús nema því aðeins að það klæðist annað hvort einnota hlífðarbúnaði sem skilinn er eftir á bænum eða fari í hlífðarföt og stígvél búsins. Á þetta einkum við á sauðburði.

Í reglugerð nr 651/2001 með síðari breytingum koma fram helstu reglur sem gilda innan riðusvæða og á milli svæða með ólíka sjúkdómastöðu. Hægt er að sækja um undanþágur frá þessum boðorðum til héraðsdýralæknis sem vinnur úr öllum umsóknum í samráði við sérfræðinga Matvælastofnunar í riðumálum og er ákvörðun tekin með hliðsjón af sjúkdómastöðu. Undanþágur eru yfirleitt háðar skilyrðum um þríf og sóttthreinsun tækjabúnaðar og/eða umbúðir og notkun.



VIÐTAL

Þórustaðir í Eyjafjarðarsveit:

Kartöfluverð þarf að hækka

– Íslenskir framleiðendur geta ekki keppt við innflutning og eru á fallanda fæti

Steinunn Ásmundsdóttir

steinunn@bondi.is



Stærsta karöfluupptökuvél landsins stendur á hlaðinu á Þórustöðum í Eyjafjarðarsveit. Hún sparar mannafla og þar með launakostnað en þrátt fyrir það er reksturinn niðþungur.

Vélin er af gerðinni Grimme SE 150-60. „Við keyptum hana 2022 og erum því búin að nota hana í tvö ár,“ segir Helgi Örlygsson, kartöflubóndi að Þórustöðum, þar sem lengi hefur verið einhver mesta kartöfluframleiðsla landsins. „Hún tekur upp tvær rásir, sem sagt tvöfalt meira en gamla vélin gerði, og þar af leiðandi erum við tvöfalt fljótari með hvern hektara.“

Þetta mun vera stærsta vél af þessari gerð hér á landi, að sögn Helga. Margar Grimme-vélar séu hér í notkun en þetta sé eina vélin sem taki upp tvær rásir í einu. „Það er einn að keyra og svo er einn og upp í þrjá-fjóra á vélinni, það fer náttúrulega eftir gördunum: í nýjum gördum þurfum við fjóra,“ segir hann og bætir við að í góðu landi og veðri geti þau tekið upp undir einn og hálfan til tvo ha á dag.

Vélnar spara mannafla

Helgi útskýrir að það sem sé frábrugðið í kartöfluupptöku með stóru vélinni sé að kartöflurnar fari upp í stórt síló og svo beint í kassa á vagni. Þannig þurfi miklu sjaldnar en ella að stoppa og losa vélna. „Það er hagkvæmara að setja beint á vagninn og þessi vél hjálpar okkur mjög mikið og sparar mikla vinnu. Tvö síðustu ár höfum við getað minnkað launakostnað við upptöku heimlíkið,“ segir hann.

Vélin kostaði um 30 m.kr. plús vsk. „Við keyptum þetta til að reyna að ná böndum á launakostnað.“



Helgi Örlygsson tók við jörðinni Þórustöðum af föður sínum og afa og hefur stundað þar kartöfluverkt nærfellt alla daga síðan ásamt fjölskyldu sinni og fleirum. Búið er að reyna ýmislegt til að hagræða í búskapnum en Helgi er ekki bjartsýnn á stöðu mála í íslenskum landbúnaði. Myndir / SÁ.

Það er eins með stafræna flokkarann inni, sem flokkar kartöflurnar eftir stærðum og útliti, hann sparar helling í launakostnaði. Þannig að sparnaður í launakostnaði vegur upp á móti vöxtunum af þessum tveimur vélum að verulegu leyti.“ Vinnslan er í gömlu og endurinnréttuðu fjósi og þar rúlla um þvottatromlur, færibönd og flokkara Gullauga, Rauðar, Premier, Milva, Solist, Rósagull og Helga.

Juku við að hvatningu stjórnvalda

Ekki er annar búskapur á Þórustaðajörðinni þar sem búa þrjár fjölskyldur. Auk Helga eru þar sonur hans, Jón Helgi, og kona Jóns, Dána Rós Þrastardóttir ásamt börnunum og Jón Kristjánsson og Tinna Ósp Viðarsdóttir og börn.

Á jörðinni hafa verið ræktaðar kartöflur í ríflega öld og var farið að

rækta þær til sölu á árabílinu 1950 til 1967. Þórustaðakartöflurnar eru seldar á Norðurlandi, dreift gegnum Samkaup og einnig seldar í Sölufélag garðyrkjumanna. Þær dafna vel í góðum jarðvegi sem hefur verið haldið frjósömum með skiptirækt.

Helgi, sem tók við af föður sínum og afa, hefur verið lengi í kartöflunum, eða frá 1977, framan af með konu sinni, Vigdís E. Helgadóttur, sem lést árið 2018. Þórustaðir ehf. urðu til 2016 og þeir Jón Helgi og Jón Kristjánsson komu inn í reksturinn 2018.

Þau hafa árlega framleitt frá 200 upp í 500 tonn á 18-40 ha lands.

„Árið 2020 voru bændur hvattir í búvörusamningum til að auka grænmetisframleiðslu um 25%,“ segir Helgi og bætir við: „Við fórum í það og tókum upp undir 100% aukningu og stuðningurinn minnkaði! Við vorum í kringum 18-19 ha og fórum í 40. Það er engin forsenda fyrir rekstri af þessu tagi í dag, m.a. vegna þess að stjórnvöld hafa ekki staðið við gefin loforð.“

Blikur á lofti í búskapnum

Þegar spurt er hvort Þórustaðafólkið lifi af kartöfluverktinni hlær Helgi við, kannski nokkuð kalt, og segist aldrei hafa unnið eingöngu í kartöflum.

Þær hafi verið hálfgerð hobbí. Kannski sé landbúnaður almennt að verða hobbí. „Það eru allavega ekki laun í þessum búskap. Á þessu svæði eru nokkur kartöflubú og á þeim öllum eru bændur í aukastörfum með kartöfluverktinni,“ segir Helgi, sem sjálfur er framkvæmdastjóri Kaffitárs á Akureyri.

Hann segir, líkt og svo margir bændur í dag, að reksturinn sé afar þungur. „Þetta er vinnufrek starfsemi vegna þess að taka þarf upp allar kartöflurnar á haustin á stuttum tíma. Við vorum að borga eitt og hálf starf en stöðugildin eru í raun fjögur. En í dag höfum við ekki tók á að greiða nein laun. Þó að vaxtakostnaðurinn hjá okkur sé ekki sérlega hár þá sjáum við fram á að við þurfum að fara að fjárfesta meira en það er bara ekki hægt eins og staðan er í dag. Kostnaðarhækkunar á aðföngum s.s. áburði, útsæði, eldsneyti og varnarefnum hefur farið langt umfram hækkunar á afurðaverði, sem stýrt er af verslunum.“

Aðspurður hvornig honum lítist á búskap í Eyjafirði um þessar mundir svarar hann að bragði: „Engan veginn. Vaxtaumhverfið er náttúrulega fáránlegt. Þeir aðilar sem voru búnir að byggja upp á annað borð og höfðu lítlar skuldir eiga kannski möguleika.“



Hér gefur að líta stærstu kartöfluupptökuvél landsins sem tekur upp úr tveimur rásum í einu og sparar bæði tíma og mannafla.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Horft heim í hlað á Þórustöðum á Degi landbúnaðarins þegar gestum og gangandi var boðið heim að skoða kartöflubúskapinn, bæði á þvotta- og flokkunarvélur innan dyra og svo utandyra á vinnuvélur af öflugasta tagi.

Það eru litlar skuldir hjá okkur en samt er þetta mjög erfitt því afurðaverðið er ekki nógu hátt og við fáum ekki að ráða verðinu. Stóru verslanakeðjurnar neiti að taka inn kartöflur ef afurðaverðið hækkir eins og þyrfti. Þær segist þá bara geta fengið kartöflur einhvers staðar annars staðar eða flytji þær inn.

„Tollurinn var 60 kr. í ársbyrjun 2004 og er enn þann dag í dag, en ætí uppreiknað að vera 156 kr. miðað við verðlag. Tollverndin er þannig engin,“ hnytir Helgi við.

Afurðaverð stendur íslensku kartöflunni fyrir þrifum

Hvað myndi Helgi vilja sjá gerast í íslenskri kartöflurækt, hafandi verið í henni til áratuga? „Ég vil sjá hækkun á afurðaverði um 120 kr. kg, hækkun verndartolla um 200 kr. kg og hækkun á jarðræktarstyrk,“ segir hann. „Það eru þrjár aðilar á landinu sem ráða því hvort þeir kaupa vöruna þína eða ekki og einn af þeim með um 60% af markaðinum. Það er erfitt við að eiga þegar viðkomandi aðili vill ekki láta kartöfluklóðið kosta meira en fjögur hundruð kall út úr búð. Þetta er auðvitað fákeppni!

Hann segist vera búinn að hugsa þetta aftur á bak og áfram í langan tíma. „Ef maður verðleggur sig út af markaðnum þá verður ekkert tekið af manni og enginn vill kaupa afurðina. Ég held satt að segja að viðhorfið þurfi að breytast, hægt og rólega, og að kartöfluverðið þurfi að hækka. Við getum ekki miðað okkur við útlönd þar sem hægt er að fá ódyrt vinnuafli á vorin og haustin og uppskeran er helmingi meiri á hvern hektara, enda sumarið lengra en hér á Íslandi.“



Nýuppteknar kartöflurnar eru þvegnar í tromlu og fara svo í stærðaflokkarann og þaðan í umbúðir brakandi ferskar og finar.



Rósagull og smælki tilbúið til neytenda en ræktuð eru sjö yrki alls.

Hann segir að vel geti verið að hægt sé að rækta kartöflur og selja í minna mæli ef menn hafi eitthvað annað að starfa með. Þá borgi einhver önnur starfsemi reksturinn. „Ég sé ekki að þessi grein haldi sér og held að fleiri muni hætta þessu ef ekkert breytist.“

Helgi segir fólk þó jafnan bera sig vel og það vilji ekki segja upphátt að allt sé heldur á niðurléið.

„Svo þegar ég spyr hvort menn reikni sér laun fyrir vinnuna sem þeir vinna við þetta þá verður fátt um svör. Þetta er bara ekki hægt.“

Allir gjörsamlega búnir að fá nóg

Díana Rós Þrastardóttir býr á Þórustöðum VII og hefur tekið drjúgan þátt í kartöflubúskapnum. Hún er ættuð úr Saurbæjarhreppi í Dalasýslu en foreldrar hennar eru sauðfjárbændur á Neðri-Brunná. Hún flutti að Þórustöðum vorið 2018.

„Eftir að ég kom hingað í kartöflubúskapinn er ég búin að vinna við hann,“ segir Díana Rós. „Bæði við vinnsluna á kartöflunum og við bókhaldið, en ég er viðurkenndur bókarí. Síðan vinn ég í Kaffitári á Akureyri sem sölumaður.“ Hún segir lausan tíma fara í að sinna börnum þeirra Jóns Helga Helgasonar, manns hennar, og búskapnum, Hún grípi einnig í að baka, mála og auðvitað í sauðburð og smalamennsku eftir atvikum.



Vinnuálagið tekur allt frá manni

Aðspurð hvernig sé að vera ung kona í búskap segir hún það oft og tíðum bæði gaman og gefandi. „Það er gaman að geta verið með krakkana með í brasinu, en allt hefur þó mörk. Ég er fædd og uppalin í sveit og hef alltaf elskað þetta sjálf. En þó að manni finnist þetta skemmtilegt þá minnkar þessi tilfinning að njóta þegar vinnuálagið er að taka allt frá manni. Maður hefur unnið í kartöflunum fram að kvöldmat, svo setið í bókhaldinu fram eftir kvöldi og flestar helgar fara í vinnu,“ segir hún.

Díana Rós segir samstöðu milli bænda og vináttu. „Það er voðalega gott að búa í Eyjafjarðarsveit,“ bætir hún við. En henni list ekki vel á stöðu íslensks landbúnaðar um þessar mundir. „Ég verð að segja að staðan er komin úr því að vera ekki góð í það að vera hreint út sagt hræðileg,“ segir hún og heldur áfram: „Maður er svo sem búinn að sjá það gerast alla ævi að það er ótrúlegt hvað hægt er að traðka á bændastéttinni. En núna eru allir gjörsamlega búnir að fá nóg, enda ekkert eftir til að gefa. Almennungur og stjórnvöld þurfa að fara að sýna þessu einhvern áhuga – maturinn birtist ekki bara úti í búð – það er fólk sem vinnur baki brotnu til að koma þessu þangað og á nánast engum launum. Íslenskur landbúnaður er að mínu mati að framleiða hreinustu og vistvænustu vöru sem þú getur náð þér í! Ætli það þurfi ekki að koma einhver erlendur, frægur leikari og segja að það þurfi að bjarga íslenskum landbúnaði til að eitthvað sé gert og fólk vakni,“ segir Díana Rós.

„Almennungur og stjórnvöld þurfa að fara að sýna þessu einhvern áhuga - maturinn birtist ekki bara úti í búð...“

Verður að vera hægt að borga mannsæmandi laun

Hún segir að það verði að vera hægt að borga mannsæmandi laun. „Endurskoða þarf tollverndina og láta hana fylgja verðlagi – hún hefur ekkert breyst síðan 2004. Tryggingar þurfa að vera til staðar vegna uppskerubrests og tjóns. Bændur þurfa að fá betri kjör á vexti þannig að hægt sé að fjárfesta í betri útbúnaði og aðstöðu, bæði fyrir velferð dyra og heilsu bænda.“

Unnt þurfi að vera að fylgja þróun í landbúnaði án þess að fara á hausinn við það. Einnig þurfi að hjálpa eldri bændum að geta hætt búskap án þess að koma út í mínus. „Það er ekkert eðlilegt við það að jarðir með fullum rekstri séu á sama verði og einbýlishús í Reykjavík,“ segir hún jafnframt. „Einnig þurfa bændur að veðsetja í húsinu sínu fyrir lánum fyrir rekstrinum, þannig að ef reksturinn fer á hliðina þá tapar þú ekki bara jörðinni þinni heldur húsinu þínu líka,“ segir Díana að endingu og er hugsu yfir af hverju ekki sé sett veð í jarðirnar sjálfar.



SNOWEX® VETRARBÚNAÐUR

Salt- og sanddreifarar. Amerísk gæðataeki sem endast.



Víkurbær 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is

Garðyrkja:

Hringrásarkerfi í ylrækt

– Hollenskur fræðimaður telur að nauðsynlegar kerfisbreytingar muni taka 5–10 ár

Sigurður Már
Harðarson
smh@bondi.is



Hollenski garðyrkjufraeðingurinn Alexander Boedijn segir Íslendingum þegar kemur að þróun tæknilausna í átt að hringrásarkerfum gróðurhúsa, sem er einmitt hans sérsvið.

Boedijn var þátttakandi í hringborðsumræðum sem Sjávarklasinn skipulagði í tengslum við Nordic Circular Summit, sem var haldin í aðdraganda Hringborðs norðurslóða (Artic Circle).

Boedijn er fræðimaður sem starfar við Business unit Greenhouse Horticulture og tengist Wageningen-háskólanum í Hollandi, sem er vel virtur landbúnaðarháskóli. Hann var tekinn tali eftir málstofuna, sem haldin var í Sjávarklasnum í Reykjavík.

Hollendingar stórtækir í gróðurhúsaræktun

Hann segir að gróðurhúsaræktun á Íslandi sé í grunninn sams konar og í Hollandi, unnið sé með sömu grundvallarefni. Munurinn sé auðvitað sá að í Hollandi sé þessi grein afar stór og háþrúð – jafnvel á evrópskan mælikvarða, með gróðurhúsaræktun á um 10 þúsund hekturum lands.

Til samanburðar sé íslensk ræktun á minna en 20 hekturum.

Því sé gagnlegt fyrir Íslendinga að hagnýta sér þá þekkingu sem hafi orðið til í Hollandi í átt okkar að íslensku hringrásarhagkerfi, sem stjórnvöld hafi markað stefnu um. Hringrásarkerfi íslenskrar ylræktar sé einn liður í þeirri vegferð.

Verðmæt næringarefni fara til spillis

Að sögn Boedijn er brýnt að hraða



Hollenski garðyrkjufraeðingurinn Alexander Boedijn tók þátt í hringborðsumræðum á málstofunni Nordic Circular Summit, þar sem hringrásarkerfi í gróðurhúsum bar á góma. Mynd / smh

þessari þróun sem mest því verðmæt næringarefni sem nauðsynleg eru til ræktunar – og eru jafnvel takmörkuð auðlind – fara í miklu magni til spillis í því kerfi sem hefur verið við lýði. Þau skolist gjarnan út úr kerfinu sem úrgangur.

Samvinna á milli landa skipti miklu, þar sem bændur, fræðimenn, stjórnvöld, framleiðendur og söluaðilar á aðföngum deili þekkingu og reynslu. Hann segir hugmyndafræði hringrásarkerfis gróðurhúsaræktunar horfi til þess að loka þeirri rás tiltekinna efna sem rata í dag inn og út úr gróðurhúsum; eins og vatns, næringarefna, gróðurmolddar, koltvísyrings og plastefna.

Markmiðið sé að ræktunin verði minna háð aðföngum efna sem eru til í takmörkuðum mæli og minnka soun sem nálgast er með sjálfbærni.

Spurður um framgang hringrásar hugmyndafræðinnar í hollenskri ylrækt segir hann að með þróun á hátækni í stórum gróðurhúsum, sem hafi verið í gangi í allnokkur ár, sé samhliða þróun jafnt og þétt í þessa átt sömuleiðis.

Og áður en farið var að leggja upp með hringrásarkerfi sem hagnýta hugmyndafræði í gróðurhúsum. Nú sé hún einnig komin inn í stefnumótun stjórnsvalda, auk þess sem farið sé að vinna að ýmsum lausnum í aðfangakeðjunni.



Boedijn er fræðimaður sem starfar við Business unit Greenhouse Horticulture og tengist Wageningen-háskólanum í Hollandi, sem hér sést, sem talinn er einn fremsti háskóli heims á sviði landbúnaðar. Mynd / Wikipedia



Frá hringborðsumræðum Nordic Curcular Summit í október.

Möguleikar á meiri skilvirkni

Hann segir að hvatar til umskipta yfir nýtt kerfi komi bæði frá stjórnsvöldum, einnig beint úr aðfangakeðjunni og bændum sjálfum – sem sjá möguleika á meiri skilvirkni. Bændur eigi kost á herra verði fyrir sínar afurðir með því að geta flaggað vottunum um slík framleiðslukerfi og stjórnvöld eru háð markmiðum Evrópusambandsins (ESB) í slíkum umhverfismálum. ESB er með skýra áætlun um framvinduna í átt að hringrásarkerfi og hún leitar hægt en örugglega inn í löggjöfina.

Boedijn segir helstu áskoranir á leiðinni til hringrásarhagkerfisins sé hversu framleiðslukerfin séu háð efnum sem séu ýmist til í takmörkuðum mæli, eins og áburðar-efni, eða þurfi að skipta út vegna stefnubreytinga í umhverfismálum. Dæmi um það er jarðefnaeldsneyti sem orkugjafi.

Kerfisbreyting yfirvofandi

Yfirvofandi sé kerfisbreyting, á aðfangakeðjunni, sem hann telur að verði mikil áskorun í öllum löndum.

Umskiptin hjá hverjum og einum framleiðanda geta líka verið kostnaðarsöm á meðan verið sé að færa sig á milli kerfa – og á þeim tíma geti verið erfitt að keppa í verði við sambærilegar vörur.

Þegar Boedijn er spurður um hvað hann telji að það muni taka langan tíma fyrir þessi umskipti að eiga sér stað, þannig að hringrásarkerfi í gróðurhúsaræktun verði orðin almenn, segir hann að það sé í raun bara spurning um hversu mikið stjórnvöld vilji skuldbinda sig til að gera. Ljóst sé að metnaðurinn sé til staðar og ef hægt verði að leiða áformin í lög mún komast alvöru hreyfing á málin.

Tækni sé í raun til staðar, en líklega muni taka um fimm til tíu ár fyrir aðfangakeðjur að verða tilbúnar með valkosti af hæfilegri stærðargráðu.

Stjórnvöld þurfi að setja lög og reglur, en einnig styðja beint við þessa þróun. Nú þegar hafi stjórnvöld í Hollandi gefið út það markmið að á árinu 2030 muni hafa dregið úr innflutningi á hrávöru um 50 prósent. Það markmið hafi hins vegar ekki verið útfært, svo ekki sé vitað hvað það þýðir fyrir hrávöruna sem flutt er inn til ylræktar í Hollandi.

Tækniþekking Hollendinga

Boedijn telur að Íslendingar geti sótt mikið í tækniþekkingu Hollendinga, á leið þeirra að hringrásarhagkerfinu. Málið hafi reyndar borið á góma á málstofunni Nordic Circular Summit. Hann hafi þar greint frá þeirri miklu grósku sem sé þar í tækni- og nýsköpunargeiranum hvað þetta varðar. Þeir íslensku garðyrkjubændur sem séu á þeim buxunum að reisa hátæknivætt hringrásargróðurhús, geti horft þangað.

Þó sé það ekki þannig að sömu aðstæður séu til staðar í báðum löndum. Hollendingar leiti leiða til orkuskipta, en stór hluti framleiðenda í Hollandi reidi sig á jarðgas til að knýja sín hús. Hann segir að um 25–30 jarðhita-holur séu í Hollandi en dýrt sé að hagnýta jarðhitann og hann sé ekki alls staðar í boði. En verið sé að skoða marga umhverfisvæna orkukosti. Á dagskrá Boedijn í Íslandsheimsókninni var meðal annars að skoða garðyrkjjustöðina Lambhaga. Hann segist hafa verið mjög hrifinn af því sem hann sá þar, eins og til dæmis nýjungar við ræktunina á salatinu – þar sem eigandinn hafi innleitt sitt eigið framleiðslukerfi.

Starf í tæknideild SS á Selfossi

Sláturfélag Suðurlands leitar að starfsmanni í viðhalds- og tæknideild félagsins á Selfossi. Við leitum að kraftmiklum og jákvæðum einstaklingi til að bætast í öflugan hóp SS fólks á góðum vinnustað.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Almenn viðhald á búnaði og húsnæði starfsstöðvarinnar
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af viðhaldsvinnu
- Skipulagshæfileikar og geta til að vinna sjálfstætt
- Jákvæðni, góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund

Áhugasamir sækji um starfið á Alfred.is - Umsóknarfrestur til 13. nóvember nk. Frekari upplýsingar um starfið gefur Benedikt Benediktsson í netfangi benedikt@ss.is

Sláturfélags Suðurlands er 115 ára, öflugt og framsækið matvælafrirtæki í eigu búvöruframleiðanda á Suður- og Vesturlandi og almennra hluthafa. Höfuðstöðvar þess eru í Reykjavík og þar eru auk skrifstofu, markaðs- og söludeildir. Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt frystihúsi og vörudreifingu kjötvara. Á Selfossi rekur félagið sláturhús ásamt úrbeiningu á kjöti og þökkunarstöð.

Nánari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess, www.ss.is



RML í 10 ár



ÁSKORANIR OG TÆKIFÆRI Í LANDBÚNAÐI

10 ára afmælisráðstefna
Ráðgjafarmiðstöðvar
landbúnaðarins

Fimmtudaginn 23. nóvember
á Hótel Selfossi

[Sjá nánar á baksíðu](#)

Samræmd rekstrar-
ráðgjöf til þróunar og
hagnýtingar bústjórnar

[Sjá nánar á blaðsíðu 3](#)

Skipulagðar myglu-
varnir í kartöflurækt
í hlýnandi loftslagi

[Sjá nánar á blaðsíðu 4](#)

Ræktun gegn riðu
– innleiðing á verndandi
arfgerðum í sauðfjár-
stofninn

[Sjá nánar á blaðsíðu 6](#)





RML 10 ára

Um síðustu áramót voru 10 ár frá því að Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) var stofnuð og höfum við verið að fagna þeim tímamótum með margs konar hætti á þessu ári. Meðfylgjandi Bændablaðinu að þessu sinni er „aukablá“ sem starfsfólk RML á veg og vanda af.



Karvel L. Karvelsson.

Efni blaðsins gefur innsýn í brot af fjölbreyttri starfsemi RML en í leiðinni erum við einnig að minna á afmælissráðstefnu sem verður haldin á Hótel Selfossi þann 23. nóvember næstkomandi. Yfirskrift ráðstefnunnar er Áskoranir og tækifæri í landbúnaði en sjá má dagskrá ráðstefnunnar á öftustu síðu þessa aukablaðs. Áskoranir fyrirtækisins RML hafa verið margar frá því það var sett á laggirnar þann 1. janúar 2013. Fyrirtækið fór af stað með lítið veganesti fjárhagslega en mikinn mannauð og einkenndust fyrstu 2-3 árin af því að halda fyrirtækinu gangandi frá mánuði til mánaðar.

Frá byrjun hefur verið ótulllega unnið að því að styrkja stöðir fyrirtækisins og kannski einmitt vegna þess hve lítinn fjárhagslegan arf það fékk í byrjun þá var ekki um annað að velja en bæta reksturinn og gera það skipulega. Ráðgjafarþjónustan hefur þurft að takast á við miklar skerðingar á framlögum frá stofnun RML og við blasa meiri skerðingar en tekjustofnar fyrirtækisins eru breiðari en þeir voru og verkefni eru fjölbreyttari og stærri. RML hefur haft það meginhlutverk að vera ráðgjafarfyrirtæki í landbúnaði og er að fullu í eigu Bændasamtaka Íslands og þar af leiðandi bændur en hefur sem slíkt ansi víðtækt hlutverk.

Auk þess að veita bændum hlutlausu og óháða ráðgjöf sinna starfsmenn RML ýmsum lögbundnum verkefnum og veita ráðgjöf til ýmissa hagaðila svo sem ríkisstofnana, ráðuneyta og einkaaðila.

Áskoranir í landbúnaði í dag eru víða, miklar hækkningar á aðföngum, gríðarlegur vaxtakostnaður, áskoranir vegna loftslagsmála, hert samkeppni, og breyttar neysluvenjur. Tækifærin eru hins vegar mörg en umræðan um þær nýjungar og möguleika sem eru að verða til í íslenskum landbúnaði hverfur oft og tíðum vegna þeirrar stöðu sem landbúnaðurinn er í, eðlilega þar sem bændur eru hreinlega að róa lífróður um þessar mundir. Það er því full ástæða til þess að minna á að þrátt fyrir allt þá eru tækifæri í landbúnaði óvíða meiri en á Íslandi. Gæði og hreinleiki vatns og lands eru einstök í heiminum, bændur hafa á síðustu árum fjárfest í tækni og dýravelferð þannig að aðbúnaður hvort sem það er dýra eða plantna er einstakur á heimsvísu. Lyfja- og varnarefnanotkun er ein sú alminnsta í heiminum.

Það eru ótrúlega spennandi hlutir að gerast núna í íslenskum landbúnaði. Loksins hillir undir það að nýr áfangi sé að nást í baráttu við riðu og mun eitt erindi á ráðstefnunni fjalla um þann árangur sem er að verða með ræktun á verndandi arfgerðum gegn riðu. Erfðamengisúrval í mjólkurframleiðslu er að umbylta öllu ræktunarstarfi þar og má áætla að á næstu árum verði

erfðarframfarir hraðari en verið hefur auk þess sem kyngreining nautasæðis er líklega handan við hornið, bæði kyngreiningin og erfðamengisúrvalið munu hafa verulega jákvæð áhrif á mjólkurframleiðsluna og þar með hag kúabænda.

Tækniframfarir, aukinn sjálfvirknivæðing, meiri nákvæmni og nýting gagna skila betri nýtingu aðfanga, meiri gæðum og meiri afurðum. Við höfum góðar forsendur hér á landi til þess að nýta okkur þau tækifæri sem felast í tæknivæddum landbúnaði. Söfnun gagna og þátttaka í skýrsluhaldi er góð, tæki og búnaður eru til staðar og menntunarstig og þekking innan landbúnaðarins er mikil. Ræktunarskilyrði hafa farið batnandi með hlýrra loftslagi og nú hillir undir að hægt verði að hleypa nýju lífi í kornrækt með stuðningi ríkisins við kornrækt og kynbætur á korni.

Um þessi tækifæri og fleiri til verður fjallað á ráðstefnunni, því vil ég hvetja bændur og aðra hagaðila að koma á ráðstefnuna þann 23. nóvember og hlýða á þau fjölmörgu góðu erindi sem þar er boðið upp á og gleðjast með okkur yfir daginn og jafnvel fram á kvöld.

Kæru bændur. Til hamingju með afmælið! Starfsmenn RML hlakka til að sjá ykkur á Selfossi

Karvel L. Karvelsson framkvæmdastjóri.

NorFor og fóðuráætlanagerð á Íslandi

NorFor er samnorrænt fóðurmaterki fyrir nautgripi sem Danmörk, Noregur, Svíþjóð og Ísland standa að baki. Samstarfið hófst árið 2002 en NorFor var síðan tekið í notkun árið 2006. Kerfið byggir á rannsóknargögnum frá Norðurlöndunum. Bændasamtök Íslands höfðu umsjón með hlut Íslands í samstarfinu en svo hefur Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) gert frá því það tók við því hlutverki við stofnun hennar árið 2013.



Baldur Örn Samúelsson.

Ístjórn NorFor er einn fulltrúi frá hverju landi og sömuleiðis er hvert land með ábyrgðarmann fyrir rekstri, þróun og þjónustu notandaumhverfis hvers lands. Innan NorFor vinnur einnig faghópur þar sem fremstu vísindamenn Norðurlandanna í fóðurfræði nautgripa vinna saman að þróun kerfisins. Sömuleiðis er þróunarteymi sem sér um framkvæmdahluta þróunar kerfisins og innleiðingu á nýjungum.




Gott samstarf við fóðurfyrirtæki

Notagildi NorFor byggir á svokallaðri fóðurtöflu sem inniheldur stöðluð fóðurgildi á öllum helstu hráefnum sem notuð eru í fóður nautgripa. Heyfnagreiningar eru grunnurinn að fóðuráætlunum en einnig eru upplýsingar um kjarnfóðurtegundir sem eru á markaði, nauðsynlegar. RML hefur átt mjög gott samstarf við íslensk fóðurfyrirtæki og valið réttar hrávörur til að reikna NorFor-fóðurgildi fyrir kjarnfóðurtegundirnar. Þetta góða samstarf hefur skilað mikilvægum upplýsingum inn í NorFor og þar af leiðandi gert fóðuráætlanagerðina nákvæmari og í gæðaprófunum yfir Norðurlöndin hafa íslenskar kjarnfóðurtegundir komið mjög vel út. Flest fóðurfyrirtæki í landinu hafa einnig nýtt sér NorFor í sinni fóðurráðgjöf og því snertir NorFor mun fleiri bændur en bara þá sem fá ráðgjöf frá RML, sem er virkilega ánægjulegt.

Íslenskir útreikningar

NorFor reiknar orku- og próteinþarfir gripa, áætlar gróffóðurát og reiknar hve mikið kjarnfóður þarf til að uppfylla næringarþarfir gripanna miðað við tiltekið gróffóður. Fyrir mismunandi kúakyn eru mismunandi átgetulíkön sem byggð eru á rannsóknargögnum. Þegar reiknuð er áætlun fyrir íslenskar kúr er notast við reiknilíkan byggt á íslenskum gögnum fyrir átgetuna sem skilar nákvæmum útreikningum fyrir íslenska kúakynið.



Mynd 2 Myndræn framsetning á ferlum fóðurmaterkisins NorFor.

Nyt (kg)	K 16	K 20	Heild	kr/kú/dag	Metan g/dag	Metan g/kg mjólkur
40	6	9,7	15,7	1.665 kr.	493	12,3
35	6	6,8	12,8	1.328 kr.	450	12,9
30	6	4	10	1.002 kr.	409	13,6
25	5	2,2	7,2	703 kr.	369	14,8
20	3,9	0,5	4,4	407 kr.	333	16,7
15	1,3	0	1,3	116 kr.	299	19,9
10	0	0	0	- kr.	265	26,5

Eldri kúr.

Nyt (kg)	K 16	K 20	Heild	kr/kú/dag	Metan g/dag	Metan g/kg mjólkur
30	5	6,8	11,8	1.238 kr.	348	11,6
25	5	4,1	9,1	924 kr.	344	13,8
20	4	2,2	6,2	614 kr.	305	15,3
15	2,8	0,5	3,3	309 kr.	272	18,1
10	0	0	0	- kr.	244	24,4

Fyrsta kálfs kvígur. Mynd 1. Dæmi um kjarnfóðurtöflu eftir nyt, við birtum áætlaða metanlosun með öllum áætlunum.

Fóðuráætlanagerð

Fóðuráætlanagerð byggja á heyfnagreiningum hvers bús þar sem oftast er unnið eftir ákveðnu meðaltali út frá sýnum og heyförða. Oftast er ekkert svigrúm við val á heygerðum og þarf oftast að nota allt hey sem er til á hverju búi og því byggir áætlanagerðin frekar á að velja heppilegt kjarnfóður til að gefa með gróffóðrinu sem er til. Þegar áætlun er reiknuð eru hafðar til hliðsjónar niðurstöður tanksýna og afurðaskýrsluhald í Huppu. Út frá heyfnagreiningunum eru reiknaðar kjarnfóðurþarfir fyrsta kálfs kvígna annars vegar og eldri kúa hins vegar, eftir fyrirfram ákveðnum nytflokkum og stöðu á mjaltaskeiði. Einnig er hægt að reikna áætlun út frá nýjustu mjólkurskýrslu til að fá einstaklingsmiðaða útreikninga en sú áætlanagerð krefst meiri handstyrkingar á kjarnfóðurgjöfinni.

Gjafatækni

Sjálfvirkir kjarnfóðurbásar og mjaltþjónar verða stöðugt algengari í íslenskum fjösnum en þessi búnaður býður oftast upp á uppsetningu á svokölluðum fóðurtöflum og með þeim er hægt að færa áætlunina inn í kerfið og láta kerfið fóðra eftir áætluninni. Með aukinni tæknivæðingu getur þetta sparað kjarnfóður þar sem kerfið minnkar og eykur sjálfkrafa kjarnfóðurgjöfina eftir mjólkurframleiðslu hvers grips.

Umhverfismál

Líkur eru á því að NorFor muni í framtíðinni gegna lykilhlutverki í útreikningum á kolefnis-

spori í tengslum við fóðrun. Hægt er að reikna áætlaða metanlosun gripanna út frá hvaða gróffóður og kjarnfóður þeir éta og er hægt að reikna fóðuráætlun út frá minnkari losun gróðurhúsalofttegunda. Sömuleiðis er nýlega búið að innleiða reikniformúlur sem áætla minni losun á metani við notkun íblöndunarefnanna Bovaer® og nitrats. Þar sem útskolun köfnunarefnis er vandamál er nauðsynlegt að reikna réttar próteinþarfir til að hámarka afurðir án þess að ofþóðra á próteini og tapa þá af miklu köfnunarefni með saur og þvagi.

RML

RML býður upp á faglega og óháða fóðurráðgjöf byggða á NorFor-útreikningum og afurðaskýrsluhaldinu í Huppu. Hjá RML starfa tveir fóðurfræðingar, undirritaður og Ditte Clausen, með mikla faglega þekkingu að auki er mikil reynsla í fóðurráðgjöf hjá fleiri starfsmönnum. Það hefur aukist hjá RML að útvíkka ráðgjöfina og tengja við fleiri þætti svo sem tækni, rekstur og jarðrækt. Má nefna að í sumar var boðið upp á nýjan ráðgjafarpakka sem kallaður var Sproti+ en þar kemur saman jarðrækt og fóðrun í heildrænni ráðgjöf, sem skilar af sér fóðuráætlun og áburðaráætlun ásamt sýnatökum og heimsóknum. Stabbi og Stæða eru síðan sjálfstæðir fóðurráðgjafarþakkar sem RML hefur boðið upp á lengi.

Höfundur er ráðunautur hjá RML.

Rekstrarráðgjöf í landbúnaði og rekstrarverkefni búgreina

– Samstarf bænda og RML

Í þessari grein er ætlunin að gera stuttlega grein fyrir hvernig unnið er að almennri rekstrarráðgjöf í landbúnaði fyrir bændur af hálfu RML og einnig hvernig rekstrarupplýsingar úr einstökum búgreinum nýtast, bæði einstökum bændum í starfi, og eins fyrir viðkomandi búgrein í heild til að sjá betur hver þróunin er á hverjum tíma.



Runólfur Sigursveinsson.

Fyrir síðustu aldamót fór af stað vinna við sérhæfða rekstrarráðgjöf í landbúnaði á vegum einstakra búnaðarsambanda. Með þátttöku í þessum verkefnum fengu þátttakendur niðurstöður settar þannig fram að þeir gátu séð hvernig þeir stóðu sig í einstökum rekstrarþáttum á hverjum tíma í samanburði við aðra.

Í kjölfar bankahrunsins 2008 urðu slík rekstrargögn ekki síður mikilvæg til að sjá betur hvernig einstök bú stóðu rekstrarlega m.t.t. fjárskuldbindinga. Í framhaldinu var unnið að samræmdri framsetningu rekstrarlegra gagna undir forystu Bændasamtaka Íslands í samvinnu við starfsmenn einstakra búnaðarsambanda.

Stofnun RML og samræmd rekstrarráðgjöf

Í ársbyrjun 2013 hóf RML starfsemi og þar með varð til undir einum hatti allhliða ráðgjafarfyrirtæki í eigu bænda í gegnum BÍ. Eitt af þremur meginviðum RML var Rekstrar- og nýsköpunarsvið. Á því sviði var áfram unnið að samræmingu vinnubragða m.t.t. rekstrargreininga og áætlanagerðar. Í dag eru vinnubrögð stöðluð varðandi þessa þætti og á hvaða kennitölur í rekstri er miðað við. Hins vegar eru einstakar áætlanir eins mismunandi og þær eru margar.

Mismunandi form einstakra rekstrar- og fjárfestingaáætlana fyrir bændur

- Einfalt stöðumat og mat á skuldapóli núverandi rekstrar.
- Möguleg endurskipulagning á núverandi skuldastöðu.
- Framkvæmdaáætlanir, t.d. fjósbyggingar og aðrar stærri fjárfestingar. Samhliða eru oft umsóknir um fjárfestinga-stuðning.
- Beiðni getur einnig komið frá fólki sem vill skoða sín mál m.t.t. að kaupa jörð sem er í rekstri – og/eda vegna ætliðaskipta, mögulega vegna nýliðunarstuðnings.
- Eins m.t.t. aukningar á framleiðslu og mögulega fjölbreyttari rekstur, (ferðþjónusta og fleira).

Einstök rekstrarverkefni eftir búgreinum

Frá stofnun RML og til dagsins í dag hefur verið unnið að þróun aðferðafræði, bæði m.t.t. framsetningar á gögnum og eins að byggja upp heildstæða bústjórnarráðgjöf fyrir einstakar búgreinar með samtengingu rekstrarlegra gagna og afurðaskýrsluhalds í hverri búgrein fyrir sig. Þessi verkefni byggja á samræmdu verklagi samkvæmt neðangreindum atriðum.

- Verkefni byggja á bókhaldsgögnum, ársreikningum og í einstaka tilvikum framtalsgögnum.
- Einnig framleiðslutölum; bæði magntölum varðandi mjólk og kjöt svo og gæðaflokkun mjólkur og kjöts.
- Upplýsingar úr gagnagrunnum, www.huppa.is, www.fjarvis.is, www.jord.is auk upplýsinga frá Mælaborði landbúnaðarins og www.afurd.is
- Hvert bú fær síðan niðurstöður í forni skýrslu og ábendinga um stöðu búsinns/ rekstrarins í samanburði við heildar meðaltal og eins þróun í eigin rekstri (síðustu þrjú ár).

Sauðfé

Í sauðfjárræktinni má segja að unnið hafi verið skipulega að söfnun rekstrarlegra upplýsinga allt frá árinu 2014 á vegum RML. Alls voru það 56 sauðfjárnú sem skiluðu gögnum vegna rekstrar 2014 en fjöldinn var kominn upp í 100 bú árið 2019. Alls voru tæp 190 sauðfjárnú sem skiluðu rekstrarlegum gögnum til uppgjörs árið 2022 með rekstartölur fyrir árin 2019 til 2021. Svipaður fjöldi sauðfjárnú mun skila gögnum vegna rekstrar 2022. Vægi þátttökubúanna í innlögðu magni kindakjöts í afurðastöðvar árið 2021 var um 28% af heild.

Kúabúin

Árið 2020 hófst sambærilegt verkefni fyrir kúabændur. Alls skiluðu það ár 90 kúabú gögnum vegna árána 2017 til 2019, ári síðar var fjöldinn kominn upp 123 bú og á liðnu ári voru 154 kúabændur þátttakendur í þessu rekstrarverkefni og líkur eru á að um 170 kúabú verði þátttakendur í ár. Alls var hlutdeild þátttökubúanna árið 2021 í innvegnum magni mjólkur í afurðastöðvar um 38% af heildarframleiðslu mjólkur það ár.

Nautaeldisbændur

Árið 2020 hófst skipuleg söfnun rekstrarlegra upplýsinga hjá nautakjötsframleiðendum, með svipaðri aðferðafræði og kúa- og sauðfjárnúendum. Alls skiluðu 20 sérhæfð nautaeldisbú gögnum fyrsta árið, flest þeirra þó með annan rekstur með.

Alls má reikna með um 30 búum sem skila gögnum vegna árána 2020 til 2022 þegar uppgjöri lýkur á þessu ári. Sá fjöldi búna mun endurspeglar um 20 til 25% af heildarframleiðslu nautakjöts viðkomandi ár.

Garðyrkjubændur

Árið 2021 hófst síðan sambærilegt rekstrarverkefni fyrir garðyrkjubændur. Alls skiluðu 25 framleiðendur í garðyrkju rekstrarlegum gögnum vegna árána 2019 til 2021. Þessi bú voru mjög breytileg að samsetningu en af þeim voru 15 nær eingöngu í útmatjurtarækt, flest með kartöflur en afgangurinn í ylrækt.

Hér, (í töflum 1 og 2) má sjá dæmi um úrvinnslu á einstökum þáttum fyrir 80 búna úrtak annars vegar sauðfjárnú og hins vegar kúabúa, sömu bú öll árin. Allar tölur á verðlagi hvers árs.

Hver bóndi í þessum rekstrarverkefnum fær niðurstöður fyrir sitt bú með samanburði við meðaltal hópans á hverjum tíma og jafnframt er bent á, í samantekt, hvar styrkleikar eru í rekstri viðkomandi bú og hvar megi gera betur.

Mikilvægi rekstrarverkefnanna

Ljóst er að með því að beita ofangreindri aðferðafræði varðandi vinnslu rekstrarlegra upplýsinga frá einstökum búum eftir búgreinum – og samhliða að nýta tiltækar upplýsingar úr gagnagrunnum skýrsluhaldsins – fá þátttakendur í verkefnum niðurstöður sem nýtast þeim í bústjórn á eigin bú og gefa jafnframt vísbendingar hvar styrkleikar liggja í rekstri og hvar megi gera betur. Ekki síst með því að hafa samanburð við síðustu ár í eigin rekstri og jafnframt að bera sig saman við stærri hóp í sömu búgrein.

Með aukinni þátttöku bænda í rekstrarverkefnum eftir búgrein, fá búgreinarnar í hendur ákveðin gögn til nota í hagsmunabaráttu og til afkomuvöktunar.

Að lokum

- Markmið sameiginlegra rekstrarverkefna eftir búgreinum er að bændur fái heildstæða greiningu á sínum rekstri, ásamt því að það verði til rekstrargrunnur til afkomuvöktunar fyrir einstakar búgreinar.
- Verkefni eru jafnframt lykill að aukinni fagmennsku, bæði meðal bænda og stöðkerfis – skapa grunn til að bera sig saman við aðra bændur í sömu grein.

Höfundur er ráðunautur hjá RML.

Breytilegur kostnaður	2019	2020	2021	2022	% br.	
	Meðaltal	Meðaltal	Meðaltal	Meðaltal	4 ár	
Aðkeypt fóður, kr/ltr.	80	25,8	26,6	29,8	33,4	30%
Áburður, kr/ltr.	80	8,2	9,2	10,3	18,2	122%
Sáðvörur, kr/ltr.	72	0,9	1,3	1,2	1,3	55%
Rekstur búvéla, kr/ltr.	80	11,3	10,9	12,4	15,4	36%
Rekstrarvörur, kr/ltr.	80	6,1	7,0	7,6	8,8	44%
Flutningar, kr/ltr.	80	6,0	6,0	6,1	6,1	2%
Dýralækniskostnaður, kr/ltr.	79	2,1	2,5	2,5	2,3	9%
Verktaka við jarðvinnslu/fóðurverkun, kr/ltr.	55	2,3	2,2	2,5	2,6	13%
Önnur aðkeypt þjónusta, kr/ltr.	80	4,6	5,0	5,0	5,9	29%
Breytilegur kostnaður alls, kr/ltr.	80	67,3	70,8	77,3	94,2	40%
Breytilegur kostnaður v/fóðuröflunar kr/ltr.	80	23,9	25,3	28,1	39,7	66%

Tafla 1. Þróun breytilegs kostnaðar hjá kúabúum, 80 búna úrtak (sömu bú öll árin).

Breytilegur kostnaður kr/kg	2019	2020	2021	2022	% br.
	Meðaltal	Meðaltal	Meðaltal	Meðaltal	4 ár
Aðkeypt fóður kr/kg	28	35	38	33	17,3%
Áburður og sáðvörur kr/kg	146	163	182	299	104,9%
Rekstur búvéla kr/kg	137	128	139	171	25,1%
Rekstrarvörur kr/kg	92	100	124	132	43,9%
Ýmis aðkeypt þjónusta kr/kg	107	128	133	146	36,9%
Breytilegur kostnaður kr/kg	510	554	616	782	53,4%
Framlegð kr/kg	606	666	718	980	61,7%
Framlegðarstig tekna af sauðfjárrækt (%)	54,3%	54,6%	53,8%	55,6%	2,4%

Tafla 2. Þróun breytilegs kostnaðar og framlegðar 80 sauðfjárnú 2019–2022 (sömu bú öll árin)

Jarðrækt – þjónusta og ráðgjöf

Ráðunautar RML leitast við að veita góða þjónustu og ráðgjöf hvort sem um ræðir skráningu gagna í Jörð, önnur störf sem fara fram við skrifborð, eða þau sem fela í sér vatnspéttan skófatnað og óhreina fingur.



Þórey Gylfadóttir.

S tödugt er leitað leiða við að bæta viðmót í skýrsluhaldskerfinu Jörð til þess að sem einfaldast sé fyrir notendur að skrá gögn sem nákvæmast inn í kerfið og vinna með þau. Nýlega var ný og skalanleg útgáfa af Jörð tekin í gagnið þannig að notkun í snjallsímum og spjaldtölvum væri auðveldari. Það er von okkar að notendur séu ánægðir með það framtak enda var nokkuð búið að kalla eftir slíkum breytingum. Þeir sem ætla að sækja um greiðslur til ríkisins á grunnni lögbundins skýrsluhalds þurfa að gera grein fyrir ræktun, uppskeru og notkun áburðar. Jörð býður upp á breiða notkun varðandi allt sem snýr að jarðrækt og hvetjum við bændur til að nýta sér það og skrá sem mest til þess að ræktunarsagan sé sem best skráð. Ræktunarsaga er mjög mikilvægur þáttur í t.d. áburðaráætlanagerð sem er mikilvægur þáttur í bættari nýtingu áburðarefna og góðri bústjórn.

Ráðunautar RML taka hey- og jarðvegssýni og túlka niðurstöður efnagreininga sem nýtast til áætlanagerðar þar sem markmiðið er að fá sem mesta og besta uppskeru sem hluta af sinni fóðurframleiðslu.

Aukin eftirspurn hefur verið eftir einstaklingsmiðuðum ráðgjafarpökkum í jarðrækt og þátttakendum í Sprotanum fjölgar ár frá ári. Í Sprotanum er fjölbreyttur hópur bænda sem vilja ráðgjöf við ólík verkefni jarðræktarinnar sem líka breytast á hverju bú milli ára þegar verið er í Sprotanum ár eftir ár.

Ráðunautar RML vinna í teymisvinnu við að finna bestu lausnina hverju sinni með það að leiðarljósi að mæta þörfum hvers og eins, hvort sem viðfangsefnið snýr að skráningum, sýnatökum, túnkortum, ræktun eða áburðaráætlunum. Vegna vinsælda Sprotans var ákveðið í vor að bjóða upp á ráðgjafarpakkann Sprota+ þar sem til viðbótar við jarðræktina er komin fóðuráætlun. Það er von okkar að það skili enn betri árangri að vinna að þessum náskyldu þáttum með bændum í teymisvinnu sérfræðinga RML.

Þar sem þekkingu skortir leitar RML til erlendra ráðunauta eins og gert hefur verið í garðyrkju og ylrækt og hefur það gefist mjög vel. Síðustu misserin hafa jarðræktaráðunautar RML einnig sótt sér þekkingu út fyrir landsteinana varðandi svokallaða bændahóparáðgjöf. Þetta ráðgjafarform hefur gefist einkar vel víða erlendis og þar sem vel er haldið utan

um innleiðingu og þróun þessarar ráðgjafar hefur hún skilað bændum mun betri árangri en sú ráðgjöf sem við þekkjum betur, sem fer fram milli ráðunauta og bónda. Í hverjum bændahópi eru um 10 bú og tveir ráðunautar sem hittast fimm sinnum á ári þar sem farið er í fyrirfram ákveðin viðfangsefni. Þetta form býður upp á umræður og miðlun reynslu sem er mjög mikilvægt til að ná árangri í því sem stefnt er að.

Það er mikilvægur þáttur í starfsemi RML að hafa aðgengi að ráðgjöf og þjónustu óháð staðsetningu. Hluti af því er að halda fræðslufundi á nokkrum stöðum á landinu til að auðvelda bændum að sækja sér þekkingu um ýmis málafni, nú síðast um áburðarmál. Til viðbótar við dreifða fundi hafa upptökur af efnum verið gerðar aðgengilegar á heimasíðu RML að fundaröðum loknum.

Þrátt fyrir þær breytingar sem framtíðin ber í skauti sér og íslensk jarðrækt stendur frammi fyrir, með nýjum áskorunum og tækifærum, leitast ráðunautar RML ávallt við að veita trausta og óháða ráðgjöf sem byggir á reynslu og þekkingu.

Höfundur er ráðunautur hjá RML.



Kartöflumygla

– Mygluspá og mygluvarnir í hlýnandi loftslagi

Kartöflumygla er vel þekktur og algengur sjúkdómur sem hefur fylgt kartöfluræktun árum saman. Myglan hefur oft valdið uppskerubresti og þekktastar eru hörmungar og hungursneyð á Írlandi 1845–1849. Írar voru þá mjög háðir kartöfluræktun og þegar uppskeran brást ítrekað af völdum myglu dó um ein milljón manna úr hungri og yfir ein milljón fluttist búferlum, flestir til Ameríku.



Helgi Jóhannesson.

Hér á landi var kartöflumygla landlæg frá 1890–1960. Eftir það varð nokkurt hlé, líklega vegna kólnandi veðurfars. Árið 1990 kom upp faraldur á Suðurlandi, og aftur árið eftir. Á tíunda áratugnum og eftir aldamót kemur mygla upp af og til en með nokkurra ára hléum á milli. Árið 2019 sást mygla á litlu svæði í Þykkvabæ en náði ekki útbreiðslu. Eftir það hefur myglan sést á hverju ári á Suðurlandi, að þessu ári meðtöldu.



Mynd - Helgi Jóhannesson.

markmið: Að koma á fót mygluspákerfi, vakta myglu hjá bændum, taka sýni af myglu til arfgerðargreininga og fjölga varnarefnum á markaði hér á landi. Styrkur fékkst, og vann Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins verkefnið í samstarfi við Háskólann í Árhús, BJ-Agro í Danmörku, og sunnlenska kartöflubændur.




Arfgerðargreining myglu er mikilvæg til að fylgjast með uppruna og útbreiðslu mismunandi arfgerða. Komið hafa fram nýjar arfgerðir sem eru þolnar fyrir ákveðnum varnarefnum sem gagnast þá ekki gegn myglunni. Sýni af myglu sem hefur greinst hér 2021 og 2022 hafa öll verið af sömu arfgerð, E41- A2. Sá stofn er talinn eiga uppruna sinn í Danmörku en er nú algengur víða í norðanverðri Evrópu.

Mygluvarnir byggjast aðallega á því að úða fyrirbyggjandi með varnarefnum, eða nota efni sem stöðva mygluna ef hún hefur náð útbreiðslu. Mikilvægt er að hafa nokkur mismunandi efni að velja úr, bæði til að koma í veg fyrir að mótstaða myndist og til að geta brugðist við þolnum myglustofnum.

Til að auðvelda bændum mygluvarnir eru veðurupplýsingar og veðurspár notaðar til að meta hættu á myglusmiti. Þar sem kartöflumygla þarf hitastig yfir 10 °C og hátt rakastig í ákveðinn tíma, er hægt að reikna líkur á smiti út frá veðurmælingu og veðurspá til nokkurra daga. Sumarið 2022 var sett upp sjálfvirk veðurstöð í Þykkvabæ sem tengd var við mygluspárkerfið Euroblight. Það kerfi hefur verið þróað og notað með góðum árangri á Norðurlöndum, Þýskalandi, Hollandi og víðar í Evrópu.

Þar sem úðun með mygluvarnarefnum er kostnaðarsöm er mikilvægt að geta metið þörfina á úðun og ef hægt er að fækka úðunum eða minnka styrk efnanna þegar smitálag er lítið, geta sparast umtalsverðir fjármunir. Einnig getur mygluspáin virkað sem viðvörðun fyrir bændur þannig að þeir bregðist við tímanlega sem minnkar þá líkur á því að myglan komi ræktendum að óvörum.

Auk Þykkvabæjar eru helstu kartöfluræktarsvæði landsins í Eyjafirði og Hornafirði, en þar hefur myglan ekki látið á sér kræla undanfarin ár.



Mynd 1. Mygluspá fyrir Hornafirði, Þykkvabæ og Eyjafjörð sumarið 2023.

Í Eyjafirði er þurrara loftslag þegar hlýtt er, og í vætutíð er oftast svöl norðanátt. Mygluskilyrði eru því mjög sjaldgæf þar og aðeins vitað um eitt tilfelli árið 2014 þar sem mygla sást án þess þó að valda verulegu tjóni. Á Hornafirði er aftur á móti svipað veðurfar og í Þykkvabæ, en þar hefur mygla ekki sést í yfir 60 ár. Því ber líklega að þakka þeirri stefnu ræktenda á svæðinu að nota eingöngu útsæði úr Eyjafirði og Hornafirði.

Vöktun fleiri svæða – Mygluspá aðgengileg á heimasíðu RML

Síðastliðið sumar voru settar upp veðurstöðvar í Eyjafirði og Hornafirði til að fylgjast með mygluhættu á þeim svæðum. Mygluspáin var tengd við heimasíðu RML þar sem bændur gátu séð reiknaða mygluhættu frá degi til dags fyrir sitt svæði yfir ræktunartímann. Á mynd 1 má sjá hvernig mygluspáin birtist yfir ræktunartímann sumarið 2023. Út frá myndinni má lesa að veðurfar í Þykkvabæ og á Hornafirði hefur verið svipað með tilliti til mygluhættu. Smitálag er meira í Hornafirði í júní, en minna í lok júlí – byrjun ágúst samanborið við Þykkvabæ. Þó er ljóst að talsverð mygluhættu var á báðum svæðum eftir þurrkatímabilið í júlí. Niðurstaða mælinga

sumarsins styðja því Hornfirðinga í þeirri stefnu að kaupa ekki útsæði af myglusvæðum og reyna þannig að koma í veg fyrir að myglan berist til þeirra.

Mælingar í Eyjafirði staðfesta að þar eru sjaldan mygluskilyrði og smitálag var mjög lítið þar í allt sumar. Eyfirðingar flytja þó inn útsæði þannig að smit getur borist á svæðið, en veðurskilyrðin virðast í flestum árum koma í veg fyrir útbreiðslu myglu.

Góð reynsla af verkefninu og áfram bætt við þekkingu á mygluspá

Reynsla af mygluvörnum síðustu tveggja ára sýnir að með markvissum aðgerðum er hægt að koma í veg fyrir, eða takmarka mjög tjón af völdum myglu, þó smit sé til staðar og veðurskilyrði séu myglunni hagstæð. Áframhald verður því á verkefninu, sem miðar að því að veita bændum ráðgjöf út frá mygluspá, fylgjast með útbreiðslu og arfgerðum myglu og þróa aðferðirnar áfram í ljósi reynslu og nýrrar þekkingar sem bætist við á hverju ræktunartímabili.

Höfundur er ráðunautur hjá RML.

Loftslagsvænn landbúnaður

Aðgerðaáætlunin

A. Aðgerðir sem lúta að því að dregið sé úr losun gróðurhúsategunda

1. Betri nýting tilbúins áburðar og nýting lífrænna áburðarefna
2. Meta möguleika á niturbindandi jurtum
3. Minni olíunotkun
4. Verndun jarðvegs
5. Endurheimt votlendis
6. Draga úr innflygkerjum

B. Aðgerðir sem lúta að aukinni kolefnisbindingu

1. Uppgræðsla
2. Endurheimt skóglendis (birkiskóga og víðikjarrs)
3. Skjólbeltaræktun og ræktun hagaskóga
4. Ræktun nytjaskóga

C. Hugsað út fyrir boxið



Loftslagsvænn landbúnaður

Samstarfsverkefni stjórnvalda, Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, Skógræktarinnar og Landgræðslunnar sem hófst í ársbyrjun 2020. Hér má sjá aðgerðaráætlun verkefnisins.

Tölvudeild BÍ færðist til RML árið 2020

Þann 1. janúar 2020 færðist tölvudeild BÍ yfir til RML. Frá þeim tíma hefur rekstur forrita BÍ og kerfisumsjón verið á hendi RML.

Við tilfærslu deildarinnar þá bættust við níu starfsmenn í starfsmannahóp RML. Óhætt er að segja að þessi tilfærsla hafi verið mikið framfaraskref.

Verkefni deildarinnar eru margvísleg og munu án efa styrkja starfsemi RML og byggja upp aukna þekkingu starfsfólks. Skýrsluhaldsforritin eru gríðarlega verðmæt fyrir bændur og þær upplýsingar sem þau geyma.

Tækniþróun í landbúnaði er mjög hröð og mikilvægt að þekking sé sem breiðust innan raða RML.

Á heimasíðu RML undir Forrit og skýrsluhald má skoða þau forrit sem eru í boði og leiðbeiningar með þeim.





Mynd - Halla Eygló Sveinsdóttir.

Bylting í íslenskri nautgripærækt

Fyrir um sex árum síðan hófst undirbúningur að innleiðingu erfðamengisúrvals í íslenskri nautgripærækt. Sú vinna stendur enn, en í lok síðasta árs var stigið stórt skref þegar kynbótamat byggt á erfðamengisaðferðum (erfðamat) var birt í fyrsta skipti.



Guðmundur Jóhannesson.

Fagræð í nautgripærækt tók þá ákvörðun að hagnýta þessa aðferð strax í ræktunarstarfinu, byggja val nautkálfa á stöð eingöngu á erfðamati og hætta afkvæmaprófun ungnauta. Í þessu felst gríðarlega mikil breyting sem ekki er hægt að kalla neitt annað en byltingu. Þau naut sem nú eru keypt á stöð eru keypt í þeim tilgangi að þau verði strax notuð eins og um reynd naut væri að ræða, það er naut sem í eldra kerfi höfðu lokið afkvæmaprófun. Þetta þýðir að nautin koma nú til fullrar notkunar rétt rúmlega ársögmul eða á sama tíma og áður var sent úr þeim sæði til prófunar. Eldra kynbótaskipulag byggði á afkvæmaprófun nautanna þar sem verulegur tími fór í bið. Í fyrsta lagi þurfti að biða eftir að nautin yrðu kynþroska og gæfu sæði. Í öðru lagi þurfti að biða eftir því að dætur nautanna fæddust og eignuðust að tveimur árum liðnum sinn fyrsta kálf. Í þriðja lagi þurfti að biða eftir því að fá upplýsingar um afurðir dætranna og þá fyrst var hægt að reikna áreiðanlegt kynbótamat fyrir nautin. Frá því naut fæddist og þar til það lauk prófun liðu því að jafnaði nálægt 70 mánuðum eða nærri sex ár. Í nýju skipulagi, með hagnýtingu erfðamengisúrvals, liða ekki nema 14-16 mánuðir frá því naut fæðist og þar til útsending sæðis úr því getur hafist.

En hvað er erfðamat? Án þess að kafa djúpt í tæknileg smáatriði má segja að erfðamat sé frábrugðið hefðbundnu kynbótamati að því leyti að arfgerðir eru notaðar til að meta skyldleika á milli gripa í stað ættartölu. Þörf er á að arfgreina viðmiðunarhóp sem tengir arfgreiningar við frammistöðu gripanna í þeim eiginleikum sem við reiknum kynbótamat fyrir, t.d. afurðir, frumutölu og sköpulag. Tölfræðilíkon kynbótamatsins eru svo „þjálfuð“ til þess að meta kynbóttagildi gripa í stofninum. Viðmiðunarhópnum þarf síðan að viðhalda um ókomna tíð þannig að hann sé sem skyldastur stofninum á hverjum tíma.

Vert er að minna á að erfðamatid eru engin töfrabróð. Þótt að nautastöðvarnaut séu valin inn á stöð með meira öryggi þegar valið byggir á arfgerð er öryggið á matinu ekki alveg jafn hátt og á nautum sem lokið hafa afkvæmaprófunum. Meiri erfðaframarir í nýju kerfi byggjast á að kynslóðabilið styttest (um 4-5 ár í tilfelli nautanna). Líkónin sem meta kynbóttagildið gera okkur jafnframt kleift að velja foreldra næstu kynslóðar með meiri nákvæmni en áður sem leiðir aukins úrvalsstyrks og enn hraðari erfðaframar. Einnig sýna rannsóknir erlendis að eftir því sem fleiri arfgerðum er safnað og viðmiðunarhópurinn sem er bæði arfgreindur og eru með svipfarsmælingar fyrir útreikningana stækkar, eykst öryggi erfðamatsins fyrir öreynda gripa.

Í doktorsverkefni sínu fann Egill Gautason út að öryggi erfðamats gripa sem ekki eru með arfgreiningu er ekki hærra en hefðbundins kynbótamats. Því var ákveðið að arfgreina allar kvígur og til þess að gera sýnatöku sem ódýrasta, öruggasta og skilvirkasta var jafnframt ákveðið að hún færi fram um leið og einstaklingsmerki er sett í gripinn. Þannig er komið á kerfi sem er ódýrt og öruggt auk þess sem erfðamat gripanna liggur fyrir á þeim tiltölulega ungum. Það þýðir að sé svigrúm til þess að velja úr kvígum má nota erfðamatid til þess að grisja kvíguhópinn og lækka þannig rekstrarkostnað búanna. Þá opnast leið til þess að velja betur en áður hvaða naut hentar á hvaða kvígu að teknu tilliti til kosta og galla.

Í upphafi skyldi endinn skoða, en það liggur fyrir að stjórnláus notkun þeirra gripa sem hæst hafa erfðamat getur aukið skyldleikarækt umfram það sem æskilegt er. Til þess að hamlá á móti aukningu skyldleikaræktar er gjarnan beitt svokölluðum kjörerfðaframlögum. Það þýðir að í einhverjum tilvikum getur verið betra að nota hátt metna gripa minna en þá sem lægra eru metnir vegna þess að þeir eru minna skyldir stofninum. Kjörerfðaframlögum má þannig beita við ákvörðun um kaup á nautum á nautastöð eða við ákvörðun um notkun þeirra. Með því að hamlá skyldleikarækt

nást minni erfðaframarir til styttri tíma lítið en með langtímahagsmunum í huga verða erfðaframarir meiri þegar upp er staðið.

Nú er unnið að því að formgera nýtt kynbótaskipulag. Það felst m.a. í því að reiknað verður út hversu marga nautkálfa á að arfgreina til þess að velja þann fjölda nautkálfa sem þarf til endurnýjunar nautastofnsins á hverjum tíma. Jafnframt þarf að ákvarða hve mikið skal nota hvert og eitt naut og hvort nota eigi nautin mismikið, m.a. með hliðsjón af ætterni og skyldleika við stofninn.

Sú bylting sem nú stendur yfir í nautgripæræktinni er ekki eingöngu falin í innleiðingu erfðamengisúrvals. Margt annað kemur til og má nefna að útreikningar á erfða-/kynbótamati hafa verið endurforritaðir auk þess sem innleiddar hafa verið nýrri og betri aðferðir. Þannig hefur tekist að straumlínulaga ferlið og nú tekur vinnsla erfðamats innan við tvo sólarhringa í stað 1-2 vikna áður.

Auk þessa er stöðugt verið að horfa til nýrra eiginleika. Nú er unnið að því að skoða eiginleika er varða lifun og má þar nefna kálfadauða, burðarerfiðleika og tengda þætti. Einnig er verið að skoða eiginleika sem hafa áhrif á vaxtarhraða, stærð og fjöðurnýtingu gripa. Stefnt er að birtingu erfðamats fyrir þessa þætti innan tíðar.

Höfundur er ráðunautur hjá RML.

Sprotinn – jarðræktarráðgjöf

Við hvetjum bændur til að kynna sér jarðræktarráðgjöf okkar í gegnum SPROTANN.

Um er að ræða einstaklingsmiðaða samsetningu þar sem þjónustan er útfærð eftir óskum og þörfum á hverju býli fyrir sig.

Þjónustuliðir í grunnpakka Sprotans

- Aðstoð við skráningu á áburðargjöf, ræktun og uppskeru í Jörð.is.
- Aðstoð við viðhalda túnkorti og grunnupplýsingum um spildur í Jörð.is.
- Aðstoð við umsókn um jarðræktarstyrk og landgreiðslur eftir því sem við á.
- Aðstoð við sáðskiptaáætlun.
- Greining á áburðarkostnaði út frá uppskeru túna.
- Áburðaráætlun er lokaafurð Sprotans hverju sinni og er hún unnin út frá upplýsingum sem safnað hefur verið saman undangengið ræktunarár.

Aðrir valbundnir þjónustuliðir í Sprotanum

- Jarðvegssýnataka og túlkun á niðurstöðum.
- Ræktunaráætlun og úttekt á ræktarlandi.
- Túlkun og ráðgjöf er varðar efnagreiningu á búfjáraburði.

Mynd - Oddný K. Guðmundsdóttir.



Sprotinn jarðræktarráðgjöf



Sprotinn jarðrækt og fódurráðgjöf

Bændahóparáðgjöf – hvað er það?

Í upphafi árs bauð RML í fyrsta skipti upp á Bændahópa, sem er ný nálgun er kemur að ráðgjöf til bænda.

Fyrirmyndin er fengin frá Finnlandi þar sem mjög góður árangur hefur náðst með þessari tegund ráðgjafar.

Finnskur sérfræðingur, Anu Ella, hefur veitt RML kennslu og ráðgjöf en mikilvægt er að hafa reynslumikinn einstakling með sér í þessu verkefni þar sem aðferðir og nálganir eru ólíkar því sem ráðunautar almennt nota í ráðgjöf til bænda. Hver hópur samanstendur af 10 búum og tveimur ráðanautum.

Unnið er með viðfangsefni sem bændur taka þátt í að velja og móta en nú er unnið með efni sem tengist jarðrækt, svo sem bættri nýtingu áburðar og hagkvæmari gróffóðuröflun.

Nú fer að liða að lokum fyrsta ársins hjá tveimur fyrstu hópunum og það hefur verið gefandi og skemmtilegt að vinna saman með bændunum að þeim viðfangsefnum sem voru valin í upphafi með fjölbreyttum aðferðum og nálgunum.

Á næsta ári geta hóparnir svo haldið áfram saman og boðið verður upp á nýja hópa í þessu spennandi verkefni.

Mynd - Helga Halldórsdóttir.



Bændahóparáðgjöf RML

Bylting í sauðfjarræktinni

- Endurnýjun íslenska sauðfjarkynsins til þols gegn riðu

Eftir áratuga langa baráttu gegn riðu í íslensku sauðfé þar sem aðalvopnin voru takmarkaður samgangur fjár á milli bæja á riðusvæðum og niðurskurður sýkra hjarða urðu straumhvörf í þessum málum í byrjun árs 2022. Þá fundust í fyrsta sinn á Íslandi kindur með ARR-samsætuna á bænum Þernunesi við Reyðarfjörð, en ARR-samsætan er alþjóðlega viðurkennd sem verndandi gegn riðu.



Þórdís Þórarinsdóttir.

Íkjölfarið hófst undirbúningur á að innleiða ARR í íslenska sauðfjárstofninn með þeirri von að loks væri hægt að sigra riðuna með skipulögðu ræktunarstarfi.

Rannsókn á áhrifum innleiðingar ARR

Fáir arfberar ARR-samsættunnar í upphafi sem allir eru úr sömu hjörðinni, vekja aftur á móti áhyggjur um að hröð innleiðing geti haft í för með sér neikvæð áhrif á aðra þætti ræktunarstarfsins t.d. minni erfðaframarfarir



Eypör Einarsson.

og tap á erfðafjölbreytileika í stofninum. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands hófu því vinnu við rannsóknarverkefni þar sem markmiðin voru að meta áhrif mismunandi leiða við innleiðingu ARR. Til skoðunar voru áhrifaþættir eins og hraði innleiðingar, skyldleikarækt og virk stofnstærð ásamt erfðaframarför í öðrum eiginleikum. Lokaskýrsla verkefnisins „Ræktun gegn riðu – Áhrif mismunandi leiða við innleiðingu verndandi arfgerða metin með slembihermunum“ birtist á heimasíðu RML í júlí síðastliðnum. Niðurstöðurnar sýna að hægt er að innleiða ARR tiltölulega hratt hér á landi með viðráðanlegum fjölda arfgerðagreininga og án þess að skyldleikarækt í stofninum fari yfir hættumörk eða að virk stofnstærð fari undir hættumörk.

Í rannsókninni var íslenski sauðfjárstofninn settur upp með hermílikani í tölvu og ARR innleitt í stofninn yfir 20 ára tímabil. Þrjár breytur aðskildu tólf sviðsmyndir: 1) hvort áhersla á riðumótstöðuræktun var mikil í öllum stofninum eða mikil á riðusvæðum en minni annars staðar, 2) hversu stórt hlutfall lamba var arfgerðargreint, og 3) hvort hrútar með verndandi arfgerðir voru aðeins notaðir í eitt ár eða í allt að þrjú ár. Til samanburðar var sett upp grunnsviðsmynd þar sem aðeins fór fram hefðbundið ræktunarstarf.

Í öllum sviðmyndum báru nánast allar kindur á riðusvæðum minnst eina ARR-samsætu eftir 9 ár af riðumótstöðuræktun og í öllum stofninum eftir 20 ár (mynd 1). Allar sviðsmyndir riðumótstöðuræktunar leiddu til meiri skyldleikaræktar en hefðbundin ræktun. Í sviðsmyndum þar sem lögð var áhersla á hraða innleiðingu í öllum stofninum var skyldleikaræktin áberandi meiri samanborið við sviðsmyndir þar sem áherslan var minni utan riðusvæða (mynd 2). Einnig minnkaði virk stofnstærð í öllum sviðsmyndum riðumótstöðuræktunar en var þó alltaf yfir því sem talið er lágmark af Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO). Ein af afgerandi niðurstöðum rannsóknarinnar var að hröð endurnýjun hrúta sem bera verndandi arfgerðir fyrstu ár riðumótstöðuræktunar, dró

úr neikvæðum áhrifum. Sviðsmyndir þar sem hrútar voru endurnýjaðir hratt leiddu til minni skyldleikaræktaraukningar og juku virka stofnstærð samanborið við sviðsmyndir þar sem endurnýjun hrúta var hefðbundin. Þessi áhrif voru sérstaklega greinileg þegar innleiðing ARR fór hratt fram í öllum stofninum.

Ný ræktunarstefna


Á grunni hermílikansóknanna hefur verið mótuð ræktunarstefna af fagræði í sauðfjarrækt sem miðar að því gera íslenska sauðfjárstofninn þolinna gegn riðuveiki. Áætluin felur í sér að tekin verða stór skref í innleiðingu verndandi arfgerða á næstu 5 árum. Hvatt er til þess að bændur á áhættusvæðum m.t.t. riðuveiki innleiði verndandi arfgerðir sem allra hraðast og er markmiðið fyrir þann hóp að nánast allir gripir séu a.m.k. arfblendnir fyrir verndandi genasamsættum árið 2033. Fyrir stofninn í heild er markmiðið að árið 2042 beri sem næst allar kindur lítið næma eða verndandi arfgerð og þar af sé a.m.k. 75% sauðfjár sem beri verndandi genasamsætu.

Áhrifaþættir á árangur


Lykilþættir í því að ná fram þessum markmiðum felast í umfangsmiklum arfgerðargreiningum á sauðfé og öflugri dreifingu erfðaefnis í gegnum sæðingastöðvarnar. Fram undan er því gjörbreytt stefna í vali á hrútum sem fara á sæðingastöð. Frá árinu 2024 verða hrútar með hlutlausar arfgerðir aðeins teknir til notkunar í undantekningartilfellum og frá árinu 2032 er stefnt að því að meginþorri stöðvahrúta verði arfhreinir fyrir verndandi arfgerðum.

Almenn þátttaka bænda í verkefninu er vissuleg grundvallaratriði. Allir sauðfjorbændur landsins þurfa að líta á það sem sjálfsagðan hlut að nota eingöngu hrúta sem bera þekktar arfgerðir. Fyrsta mál er að draga sem hraðast úr notkun hlutlausra hrúta og útrýma áhættuarfgerð gegn riðuveiki samhliða því að fjölga verndandi arfgerðum. Gert er ráð fyrir mjög umfangsmiklum arfgerðargreiningum næstu 3 til 5 árin meðan hrútaflotinn í landinu er að stærstum hluta arfblendinn fyrir verndandi arfgerðum og greininga er þörf til að vita hvaða afkvæmi hafa hlotið hnossið. Eftir því sem arfhreinum hrútum í notkun fjölga minnkar svo þörfin fyrir arfgerðargreiningar. Hvernig til tekst mun vissulega einnig ráðast af því hvernig opinberum stuðningi við verkefnið verður háttáð.

Í íslensku sauðfé finnast fleiri genasamsætur en ARR sem veita mótstöðu gegn riðu. Þær samsætur innhalda breytileikana T137, N138, C151 og H154 á Priongeninu. Í gangi er alþjóðleg rannsókn sem m.a. miðar að því að rannsaka næmi þessara breytileika. Þátttakendur frá Íslandi í þessum alþjóðlega rannsóknarteymi eru Karólína Elísabetardóttir, fulltrúar frá Tilraunastöðinni á Keldum og RML. Ef fleiri genasamsætur munu öðlast



Mynd 1 - Þrjú arfgerðahlutfalla ærstofnsins á árunum eftir að riðumótstöðuræktun hefst. Q eða R tákna breytileika í sæti 171. Efrri myndin sýnir sviðsmyndir þar sem innleiðing fer hratt fram í öllum stofninum og neðri myndin sýnir sviðsmyndir þar sem innleiðing fer hratt fram á riðusvæðum en hægjar annars staðar.



Mynd 2 - Þrjú meðalskyldleikaræktarstuðul í stofninum við innleiðingu ARR-samsættunnar. Í sviðsmyndum 1_1_gg og 1_1_uu fer innleiðing hratt fram í öllum stofninum en í 2_1_gg og 2_1_uu fer innleiðing hratt fram á riðusvæðum en hægjar annarsstaðar. Í 1_1_uu og 2_1_uu eru ARR-hrútar aðeins notaðir í 1 ár fyrstu ár innleiðingarinnar og leiðir það til minni skyldleikaræktaraukningar samanborið við 1_1_gg og 2_1_gg þar sem endurnýjun hrúta var hefðbundin.

sama sess og ARR myndi það auðvelda framræktun stofnsins m.t.t. skyldleikaræktar og erfðafjölbreytileika. Í öllu falli verður stefnt að því næstu árin að viðhalda öllum þeim breytileikum sem auka þol kinda gegn riðu en ræktunaráætlanir verða uppfærðar samkvæmt nýjustu þekkingu á hverjum tíma.

Spennandi tímar fram undan

Hafið er ákaflega spennandi verkefni í sauðfjarræktinni sem í raun má kalla byltingu.

Nýr eiginleiki, sem er þol gegn riðu, verður nú settur á oddinn í ræktunarstarfinu á næstu árum. Ef vel tekst til þá mun eftirgjöf í öðrum ræktunareiginleikum verða sáralítill. Uppskeran, þegar fram líða stundir, verður hins vegar sú að riðuógnin sem búgreinin hefur staðið frammi fyrir, mun hjaðna og miklir fjármunir munu sparast ef stórfelldir niðurskurðir sauðfjár heyrja sögunni til.

Höfundar eru ráðunautar hjá RML.



Mynd - Þórdís Þórarinsdóttir.



Mynd - Anna Guðrún Grétarsdóttir.

Gestafyrirlesarar á afmælisráðstefnu RML



Hér koma í myndaröð nöfn annarra fyrirlesara en starfsmanna RML auk kynningar á umfjöllun þeirra hér að neðan. Frá vinstri: Davíð Lúther Sigurðarson, Guðný Helga Björnsdóttir og Jóhann Magnússon, Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir og Óli Finnsson, Hjálmar Gíslason, Ísak Jökulsson, Margrét Gísladóttir og Jóhannes Sveinbjörnsson.

Davíð Lúther Sigurðarson

Davíð Lúther Sigurðarson er markaðsmaður og gullfiskabóndi og verður með erindi um stöðu samfélagsmiðla í dag og notkun þeirra á sem einfaldastan hátt og aðrar skemmtilegar þælingar.

Guðný Helga Björnsdóttir og Jóhann Magnússon

Guðný Helga Björnsdóttir og Jóhann Magnússon búa á Bessastöðum við Hrutafjörð þar sem þau reka kúabú, hrossarækt, skógrækt og ferðapjónustu. Urðu forvitin um auglýsingu RML um verkefnið Loftslagsvænn landbúnaður, sóttu um þátttöku og komust inn. Í erindinu mun Guðný fara yfir hvers þau hafa orðið visári.

Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir og Óli Finnsson

Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir er garðyrkjubóndi hjá Garðyrkjustöðinni Gróður og Óli Finnsson er garðyrkjubóndi hjá Garðyrkjustöðinni Heiðmörk. Þau segja frá sinni reynslu af því að vera nýliði í garðyrkju.

Hjálmar Gíslason

Hjálmar Gíslason er stofnandi og framkvæmdastjóri GRID ehf., en það er fimmta sprotafyrirtækið sem hann setur á fót. Hjálmar starfaði áður sem framkvæmdastjóri vörustjórnunar hjá Qlik, eftir kaup Qlik á fyrirtækinu DataMarket sem hann stofnaði 2008. Hjálmar er gagnanörð og frumkvöðull af lífi og sál, en GRID er fimmta hugbúnaðarfyrirtækið sem hann stofnar. Erindi Hjálmars mun fjalla um þessa gervigreind.

Ísak Jökulsson

Ísak Jökulsson er bóndi á Ósabakka á Skeiðum. Hann er búvísinda- og búfræðimenntaður frá LbhÍ. Hann er stjórnarmaður í Samtökum ungra bænda. Ísak hefur mikinn áhuga á sjálfbærari landnýtingu og matvælaframleiðslu. Erindi hans mun fjalla um hringrásakerfi næringarefna og möguleikana því tengdu.

Margrét Gísladóttir

Margrét Gísladóttir er með BS gráður í efna- og matvælafræði frá HÍ og MS gráðu í matvælafræði frá

Konunglega dýralækna- og landbúnaðarháskólanum (KVL nú KU) á Friðriksbergi í Danmörku. Hún hóf störf hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (nú Matis) árið 1998 og hefur frá þeim tíma unnið að mörgum verkefnum sem tengjast nýtingu á hliðarhræfni aðallega úr fiskvinnslu með áherslu á prótein. Undanfarin ár hefur hún starfað að verkefnum er tengjast nýpróteinum (e: alternative proteins) meðal annars úr grasi, baunum og skordýrum. Erindi Margrétar mun fjalla um próteingjafa morgundagsins.

Jóhannes Sveinbjörnsson

Jóhannes Sveinbjörnsson er dósent við LbhÍ, þar sem aðalviðfangsefni hans í rannsóknum og kennslu eru fóðurfræði, framleiðslukerfi í sauðfjárrækt og fæðuöryggi. Hann rekur ásamt fjölskyldu sinni bú að Heiðarbæ 1 við Þingvallavatn, þar sem aðalbúgreinarnar eru sauðfjárrækt og kjúklingarækt og silungsvæði er einnig mikilvæg aukabúgrein. Erindi Jóhannesar mun fjalla um áskoranir í íslenskum landbúnaði í breyttri heimsmýnd

ESGreen tool Climate

– Útreikningar á kolefnisspori og búrekstrartól

Annar aðalfyrirlesara afmælisráðstefnu RML er Jens Bligaard.



Jens Bligaard er framkvæmdastjóri hjá Seges í Danmörku.

Jens er menntaður búfræðingur sem fór í framhaldsmenntun í búvísindum og doktorspróf í hermilíkunum og skordýrafræðum. Hann hefur starfað við rannsóknir við háskólann í Árósum og sem stjórnandi hjá dönsku ráðgjafarþjónustunni SEGES.

Jens er núna í forsvari fyrir ESGreenTool Climate hjá Seges en það er verkfæri sem nýtist bæði vegna útreikninga á kolefnisspori í landbúnaði en einnig sem búrekstrartól.

Jens mun í erindi sínu fjalla um ESGreenTool, hvernig það hefur verið byggt upp og mikilvægi þess í dönskum landbúnaði sem er einn sá öflugasti í Norður-Evrópu.



Mynd - Halla Eygló Sveinsdóttir.

Hlutverk búfjár í sjálfbærri matvælaframleiðslu

Annar aðalfyrirlesara afmælisráðstefnu RML er Dr. Jude L. Capper



Jude L. Capper, PhD, DSc (h.c.) ARAGS er prófessor í sjálfbærri nautakjöts- og sauðfjárrækt við Harper Adams háskólann (HAU) í Shropshire, Bretlandi; og er einnig sjálfstæður ráðgjafi um sjálfbærni búfjárræktar, með áherslu á mjólkurframleiðslu, nautakjötsframleiðslu og sauðfjárrækt.

Hún vinnur nú að verkefnum sem tengjast losun gróðurhúsalofttegunda í nautakjöts- og sauðfjárrækt á Bretlandi; sjálfbærni framleiðslukerfa í sauðfjárrækt, og áhrif tvínytja kúakynja á sjálfbærni framleiðslukerfa í mjólkur- og nautakjötsframleiðslu.

Erindi Jude á afmælisráðstefnu RML



Mynd - Halla Eygló Sveinsdóttir.

mun fjalla um hlutverk búfjár í sjálfbærri matvælaframleiðslu, þar á meðal hvernig bændur geta dregið úr umhverfisáhrifum. Hún mun einnig fjalla um staðreyndir og aðferðir sem geta nýst til að takast á við algengar rangfærslur í umræðu um sjálfbærni í framleiðslu á kjöti og mjólk.

ÁSKORANIR OG TÆKIFÆRI Í LANDBÚNAÐI

10 ára afmælisráðstefna
Ráðgjafarmiðstöðvar
landbúnaðarins

Fimmtudaginn 23. nóvember
á Hótel Selfossi

Hótel Selfoss býður tilboð á gistingu
vegna ráðstefnunnar
Bókanir á info@hotelfselfoss.is eða í síma 480 2500

Aðalsalur

Kl. 10:00 – 12:15

- Setning og ávörp
- Hlutverk búfjár í sjálfbærri matvælaframleiðslu. Jude L. Chapper prófessor við Harper Adams University í Englandi
- Kolefnisreiknivél – ESGreen tool. Jens Bligaard framkvæmdastjóri hjá Seges í Danmörku

Kl. 12:15 -13:00 Hádegishlé

Kl. 13:00 – 15:15 Málstofa A

- Hvað er með þessa gervigreind. Hjálmar Gíslason nörd
- Samfélagsmiðlar og landbúnaður. Davíð Lúther Sigurðarson, markaðsmaður og gullfiskabóndi
- Mikilvægi rekstrarupplýsinga í landbúnaði. Runólfur Sigursveinsson ráðunautur hjá RML
- Bylting í sauðfjárræktinni. Eypór Einarsson og Þórdís Þórarinsdóttir ráðunautar hjá RML
- Íslensk nautgriparækt – bylting í farvatninu. Guðmundur Jóhannesson ráðunautur hjá RML
- Áskoranir í íslenskum landbúnaði í breyttri heimsmynd. Jóhannes Sveinbjörnsson dósent við LBHÍ og bóndi að Heiðarbæ

Kl. 13:00 – 15:15 Málstofa B

- Prótein morgundagsins. Margrét Geirsdóttir verkefnastjóri hjá Matís
- Kartöflumygla – Mygluspá og mygluvarnir í hlýnandi veðurfari. Helgi Jóhannesson ráðunautur hjá RML
- Hvaða áherslur setjum við í jarðrækt. Þórey Ólöf Gylfadóttir ráðunautur hjá RML
- Hjálp! Er ég að taka við góðu búi? Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir garðyrkjubóndi, garðyrkjustöðinni Gróður og Óli Finnsson garðyrkjubóndi – garðyrkjustöðin Heiðmörk
- Hvað er eiginlega loftslagsvænn landbúnaður. Guðný Helga Björnsdóttir, bóndi á Bessastöðum
- Hringrásarkerfi næringarefna – umhverfissóðaskapur. Ísak Jökulsson, bóndi á Ósabakka á Skeiðum

Kl. 15:15 Ráðstefnulok með léttum veitingum í boði RML

Kl. 18:30 Fordrykkur fyrir kvöldverð

Kl. 19:30 Hátíðarkvöldverður

Veislustjóri Gísli Einarsson

Tónlistaratriði Eypór Ingi Gunnlaugsson

Skráning á ráðstefnu
og hátíðarkvöldverð
fer fram á rml.is



Í DEIGLUNNI

Fæðuöryggi:

Neyðarbirgðir til 9 mánaða

– Þjóðaröryggi einn af grunnunum á bak við landbúnaðarstefnu Finnlands

Borgurum Finnlands er tryggður aðgangur að fæðu, orku, lyfjum, lækningavörum og öllu því sem þarf til að halda samfélaginu gangandi ef allar aðfangakeðjur lokast.

Helsti hvatinn er nábyli við Rússland, þó nýlega hafi reynt á kerfið þegar Covid-19 faraldurinn herjaði á heimsbyggðina. Johan Åberg, framkvæmdastjóri landbúnaðarsviðs Samtaka bænda og skógareigenda í Finnlandi (MTK), segir þennan hugsunarhátt vera innbyggðan í erfðafni Finna. Eftir seinni heimsstyrjöld hafi flest Norðurlöndin komið upp samsvarandi kerfi sem öll hafa verið lögð niður á undanföllum áratugum, nema í Finnlandi.

Þar í landi starfi ríkisfyrirtæki sem hafi það hlutverk að halda utan um neyðarbirgðir. Á finnsku heitir það *Huoltovarmuuskesskus*, sem er hægt að snúa yfir á íslensku sem Neyðarbirgðastofnun ríkisins. Johan segir markmið stofnunarinnar að halda samfélaginu gangandi með lágmarks-röskunum á neyðartímum með birgðum af korni, eldsneyti, áburðarefnum, lyfjum og lækningabúnaði til níu mánaða. Lengst af hafi neyðarbirgðirnar verið til sex mánaða, en vegna óstöðugleika á sviði alþjóðamála var sú ákvörðun tekin fyrir hálfu ári að stækka birgðirnar.

Fyrirkomulag sem allir hagnast á

Huoltovarmuuskesskus vinnur náið með mismunandi geirum og tekur Johan virkan þátt í þeirra starfi sem fulltrúi bændasamtaka. Hann segir hið opinbera og einkaaðila hafa bæði hag af því fyrirkomulagi sem er á geymslum fyrir varning eins og korn og eldsneyti.

Fyrirtæki sem eigi korngeymslur geri samkomulag við *Huoltovarmuuskesskus* um hversu miklar umfram-birgðir þau eigi öllum stundum og fái þóknun fyrir. Þá geti önnur fyrirtæki, sem eigi ekki nægan aðgang að geymslum, samið við Neyðarbirgðastofnun ríkisins um að þau haldi sinn lager í geymslum á vegum hins opinbera. Með þessu sé tryggð velta á vörum sem annars rynnu út ásamt því sem þeim er dreift um landið.

Rekstur sjálfbær

Johan segir *Huoltovarmuuskesskus* rekið fyrir hagnað sem hlýst af sölu og kaupum á varningi sem sveiflast í verði, sem og sérstökum fæðuöryggisskatti. Eignir stofnunarinnar eru tveir milljarðar evra, sem samsvarar þrjú hundruð milljörðum íslenskra króna, að mestu bundnar í neyðarbirgðum.

Neyðarbirgðastofnunin kaupir sitt korn þegar verðið er lágt, til að mynda í kjölfar uppskeru á haustin þegar bændur skortir geymslupláss, og selji þegar verð er hátt.

Stofnuninni sé óheimilt að hafa áhrif á markaðinn og þarf að selja hverjum þeim innlenda aðila sem býður hæsta verðið. Með þessu afli stofnunarinnar talsverðra tekna sem komi á móti tapi sem fylgir geymslu á lyfjum og lækningabúnaði sem þarf að farga eftir ákveðinn árafjölda.

Miðla reynslu til annarra þjóða

„Ég held að ekkert annað Evrópuland sé með jafnöflugt kerfi. Það eru líklegast einhverjar neyðarbirgðir hér og þar, en ekki nálægt því eins stórar og okkar,“ segir Johan. Á undanföllum árum hafi sendinefndir frá Svíþjóð, Noregi, Bandaríkjunum og fleiri löndum komið til Finnlands til að læra af þeirra reynslu.

Viðhorf almennings er mjög jákvætt til *Huoltovarmuuskesskus*, en ólíkt flestum þjóðum heims þá hafi Finna ekki skort sýnatökupinna, handspritt og andlitsgrímur þegar Covid-19 heimsfaraldurinn skall á. Þá hafi verið skortur á korni sumarið 2022 og fódurframleiðendur hvergi getað nálgast hráefni. Veitt var heimild til að selja nokkur hundruð tonn af fódurkorni til að tryggja að ekki yrði rof í kjarnfóðurframleiðslu.

Geirar stilla saman strengi

Í Finnlandi er enn herskylda og er allt ungt fólk kallað í herþjónustu. Eftir það fer fólk á æfingar með hernum á fimm ára fresti þar til það kemst á fertugsaldurinn.

Johan segir sumt fólk halda áfram þjónustu sinni við herinn eftir fertugt með annarri nálgun, þar sem ekki er gert ráð fyrir að það sé sent á vígvöllinn.

Johan Åberg fer fyrir landbúnaðarsviði MTK, finnskum systursamtökum Bændasamtaka Íslands.

Mynd / AL

Þegar Bændablaðið ræddi við Johan var hann nýkominn af þjóðvarnarnámskeiði hjá hernum, sem sé fyrir fullorðna einstaklinga sem gegni leiðandi stöðum í mismunandi geirum, bæði í einkafyrirtækjum, hagsmunasamtökum og opinberum stofnunum.

Námskeiðin miði að því að

efla samvinnu milli þjóðhagslega mikilvægra starfsgreina og koma á tengslum milli einstaklinga sem í þeim starfa. Johan tók þátt sem fulltrúi bænda og vann þá náið með fimmtíu manna hópi sem hittist þrisvar á ári. „Þetta hefur mjög mikið að gera með fæðuöryggi, því það er einn af hornsteinum

þjóðaröryggis að tryggja nægar matarbirgðir á krisútímum.“

Á þessum námskeiðum sé farið yfir alla mögulega flöskuhálsa í samfélaginu með því að setja á svið mismunandi áföll, hvort sem það er stríð við Rússland, lagnaðarís sem lokar Eystrasaltinu eða heimsfaraldur. /AL



Heylaust í Borginni

- getur þú hlaupið undir bagga?

Jólin nálgast, og Reykjavíkurborg óskar eftir að kaupa 200 heybagga til að hjálpa til við að skapa hlýlega og notalega stemmingu á torgum borgarinnar á aðventunni.

Við þyrftum að fá baggana afhenta í lok nóvember. Hafðu samband á upplýsingar@reykjavik.is ef þú getur hjálpað okkur, eða vilt fá frekari upplýsingar.



Finnski herinn skipuleggur þjóðvarnarnámskeið þar sem fólk í þjóðhagslega mikilvægum geirum stillir saman strengi. Dómkirkjan í Helsinki. Mynd / Tapio Haaja



Helgi Sigfússon ræktaði til gamans grasker í sumar og uppskar um 40 stykki af aldinum. Hann telur ágæta möguleika vera fyrir graskersframleiðslu á Íslandi.

Myndir / Aðsendar

Skagafjörður:

Farsæl tilraunaræktun á graskerum

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Það er vel hægt að rækta grasker í köldum gróðurhúsum á Íslandi, þó ekki hafi farið mikið fyrir slíkri ræktun fram til þessa. Í sumar sannreynði Helgi Sigfússon það í Skagafirði í tilraunaræktun, þar sem hann uppskar um 40 stykki.

„Ég er uppallinn í Keflavík og vann á „Vellinum“ sem ungur maður og þar komst ég fyrst í kynni við grasker. Ég er búfræðingur þannig að ég hef alltaf haft svolitinn áhuga á margvíslegri ræktun. Svo hafa áhrifin orðið sterkari frá

Bandaríkjunum varðandi ýmsa síði eins og með hrekkjavökuna og ég hugsaði alltaf meira og meira um að það væri gaman að prófa ræktun á þessu,“ segir Helgi, spurður um forsöguna á bak við tilraunaræktunina.

Stór og ljúffeng graskersfræ

Helgi ræktar graskerin í köldu gróðurhúsi á landi dóttur sinnar og tengdasonar á Reykjum í Skagafirði, en hann er sjálfur búsettur á Reyðarfirði.

„Þar sem svona ræktun krefst þess að það sé haldið nokkuð vel utan hana þá ákvað ég að hafa þetta ekkert umfangsmeira í þessari tilraun. Plönturnar verða

svo rosalega stórar og aldin geta náð 900 kílóum af þessu yrki þar sem aðstæður eru bestar. En maður stoppar vöxtinn áður en þau ná slíkri stærð.“

Fræin eru mjög stór að sögn Helga og afar ljúffeng ristud. „Hefði er fyrir því að nota aldinkjötið í súpur og bökur ýmiss konar.“

Hann telur ágæta möguleika vera fyrir graskersræktun á Íslandi, þau þurfa að minnsta kosti kalt gróðurhús en ættu að þrífast enn betur með lýsingu og hita. „Eftir að hafa fengið þessa hugmynd og afnot af gamla gróðurhúsinu pantaði ég fræ frá Svíþjóð. Þá var að sá í potta inni og eftir fimm til sex daga spiruðu þau, sem heppnaðist vel. Sáði fyrst 30. mars og aftur tvisvar

með eins til tveggja vikna millibili,“ segir Helgi og bætir við að hann hafi sótt sér upplýsingar frá Norður-Ameríku. „En þar er reyndar ræktað á stórum ökrum, skiljanlega.“

Hefði með lagni getað ræktað 200 grasker

„Ég hins vegar vissi að svo til allt má rækta lóðrétt, það er í brúsum, dunkum og þess háttar og fullyrst að væri hið minnsta mál. Þegar var svo búið að tvíumpotta varð að koma plöntunum í 20-25 lítra brúsa, sem búið var að skera ofan af og bora göt á botninn og þau frekar fleiri en færri. Ílátin mega alveg vera aðeins stærri,“ útskýrir Helgi.

Hann telur að í plássinu í litla gróðurhúsinu sem hann notaði hefði með lagni mátt rækta og uppskera um 200 grasker. „Þessi tilraun tókst en ef ég hefði ætlað að fá sem mest út úr þessari ræktun þá hefði ég stýft plönturnar og látið hverja þeirra bera um þrjú aldin.“

Gælir við möguleikann um meiri framleiðslu

Helgi segist alveg geta hugsað sér að fara út í litla framleiðslu og markaðssetja graskerin. En það velti dálítið á hvort hann fái að nota gróðurhúsið áfram.

„Þá þyrfti ég líka að dvelja þarna lengur sem væri svo sem ekki vandamál þar sem ég gæti eitthvað hjálpað til líka á bænum. Á meðan plönturnar uxu – og það var gifurlega hraður vöxtur – þyrfti að finna réttu moldina, mala hana í taðkvörn ásamt þurri mykju, sem ég safnaði í beitarhólfi holdanautanna á bænum. Þessu blandaði ég saman ásamt tilbúnum áburði í hlutföllum, sem var nú nokkur ágiskun. Og svo hófst daglegt eftirlit, upphenging á klifurbráðum, klipping og ekki minnst vökvun og enn meiri áburður. Ef nokkur planta þarf umönnun, mikið vatn og áburð þá er það grasker og sérstaklega þetta afbrigði sem ég hafði valið og fengið sent.“

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

BALEX METAL
YLEININGAR

Léttar stálklæddar samlokueiningar sem fást með þéttifrauds- eða steinullarkjarna. Auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir. Henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjálæðningum.

Hafðu samband: bondi@byko.is



Helgi telur að með lagni hefði hann getað ræktað og uppskerað um 200 grasker. Hann segir plöntuna kröfuharða þegar kemur að næringarþörf.



Dagbjört með vinalagt heimaræktað hrekkjavökugrasker.



Helgi ásamt Kristjáni og einni afurð tilraunaræktunarinnar. Aldin yrkjanna sem Helgi ræktaði geta náð 900 kílóum við bestu aðstæður.



Helgi ræktaði graskerinn í köldu gróðurhúsi í Skagafirði. Rækunin krefst nokkurrar natni. „Um tíma hrærði ég saman stráskyri og þurru bökunargeri og vökvaði,“ segir Helgi meðal annars.

Stráskyur og þurrt bökunarger í matinn

Helgi heldur áfram útskýringum á ræktunarferlinu og segir grasker vera sérstaklega kröfuharðar plöntur þegar kemur að næringarþörf. „Þeir amerísku margendurtaka í fræðunum að þú sért kominn með afar gráduga plöntu sem fúlsar ekki við neinu „matarkyns“. Um tíma hrærði ég saman stráskyri og þurru bökunargeri og vökvaði. Veit að þeir í Ameríku vökva líka með kúamjólki.

Fyrstu blómin sjást um það bil 50-55 dögum eftir sáningu og vaxtartíminn er svipaður og hjá kartöflum, eða 90–120 dagar. Fyrst koma karlblómin og stuttu seinna kvenblómin. Þau eru nokkuð lík, nema kvenblómið hefur grængula kúlu undir blóminu, það er efst á

blómstilk. Á sömu plöntu eru oft bæði kynin og það lærist fljótt að sjá muninn á blómunum. Þá eru frævur kvenblómsins eins og kóróna en frævill karlsins bara stakur.

Og þar sem okkur vantar flugurnar, verður maður að handfrjóvga þegar blómin hafa opnað sig; strjúka frævilinn með mjúkum bursta eða pensli og dusta frjósallanum yfir kórónuna í kvenblóminu. Blómin standa ekki svo lengi þannig að seinnipart dags gæti verið of seint að frjóvga. Síðan visnar karlinn og drepst. Áður en það gerist má safna þeim blómum saman og steikja á pönnu – sem er hreint lostæti.

Blóm kerlunnar lokast og kúlan stækkar og endar í graskeri,“ segir Helgi að lokum um forvitnilegan ræktunarferil graskersins.

Afmælistilboð af rafmögnum Volkswagen ID.



ID.4 Pure frá: 5.890.000 kr.

~~Verð áður: 6.390.000 kr.~~



ID.4 Pro 4Motion- verð frá: 7.490.000 kr.

~~Verð áður: 8.290.000 kr.~~



ID.4 GTX frá: 7.990.000 kr.

~~Verð áður: 8.790.000 kr.~~



ID.5 GTX frá: 8.380.000 kr.

~~Verð áður: 9.380.000 kr.~~



ID.Buzz Cargo frá: 7.350.000 kr.

~~Verð áður: 8.350.000 kr.~~



ID.Buzz Pro frá: 8.790.000 kr.

~~Verð áður: 9.590.000 kr.~~



Allt að milljón króna afsláttur Tilboðin gilda til 16. nóvember 2023



Laugavegi 174, 105 Reykjavík ... Sími 590 5000 ... www.hekla.is
Höldur Akureyri ... Bílasala Selfoss ... Bílás Akranes ... Bilakjarninn Reykjanessbæ ... BVA Egilsstöðum



Zodiac OPEN og Zodiac PRO

eru væntanlegir eftir áramót og nú er rétti tíminn til að festa kaup á nýjum Zodiac.

Bjóðum auka haustafslátt ef pantað er í nóvembermánuði.

Tryggðu þér eintak af söluhæsta RIB bát landsins á verði sem hefur aldrei sést áður.

Zodiac PRO. frá kr. 5.500.000.- m/vsk (hlaðinn aukabúnaði)

Zodiac OPEN 6.5 frá kr. 5.900.000.- m/vsk

Bombard Sunrider 6.5 frá kr. 4.100.000.- m/vsk.

Linder álbátarnir hafa verið nær uppseldir í Evrópu síðastliðin sumur, en koma eftir áramót í stærðum 400 cm og 440 cm.

Frábært verð í frábærum gæðum.



Bókaútgáfa: Frændur fagna skógi

Skógræktarfélag Íslands gaf nýverið út yfirgripsmikla bók sem fjallar um sögu samvinnu Íslendinga og Norðmanna á sviði skógræktar.

Hér er farið allt aftur til landnáms fram til okkar daga. Stærstur hluti bókarinnar gerir grein fyrir 32 skiptiferðum sem voru gerðar milli Noregs og Íslands á árunum 1949 til 2000. Hópar Íslendinga fóru sextán sinnum til Noregs og komu norskir hópar til Íslands jafn oft. Þó þetta væru skiptiferðir var ljóst að Íslendingar höfðu mun meira að læra af Norðmönnum en öfugt, enda þeir síðarnefndu fagmenn á meðan við vorum byrjendur.

Skógræktarfolk öðlaðist tækifæri til að fá verklega kennslu á hliðum skógræktar sem ekki voru þróaðar hérlandis. Þar má nefna skógarhögg og grisjun, en timburvinnsla er öflug atvinnugrein í Noregi.

Norðmenn sem komu til Íslands gátu bent íslensku skógræktarfolki hvað hægt væri að gera betur, en þegar hingað var komið var ferðast um mismunandi skógræktarsvæði. Þá gafst Norðmönnum færi á að



komast í snertingu við trjategundir sem sjaldgæfar eru á heimaslóðunum.

Óskar Guðmundsson er höfundur bókarinnar, en hún er bæði í íslensku og norsku. Þá er hún liðlega 330 síður í stóru broti – ríkulega myndskreytt og aðgengileg. Hérna býðst lesendum innsýn í þróun menningar í kringum íslenska skógrækt, enda hefur samvinna Íslendinga og Norðmanna haft mikil áhrif á mótun greinarinnar hérlandis. Kjörgrípur fyrir alla sem hafa áhuga á skógrækt. /AL



Fjölskylduviðburður um mosa og votlendi

Náttúruminjasafn Íslands og Landgræðslan standa fyrir fjölskylduviðburði um mosa og votlendi sunnudaginn 5. nóvember nk. í Perlunni í Reykjavík.

Í Perlunni fer fram sýningin Vatnið í náttúru Íslands sem Náttúruminjasafnið stendur fyrir. Fyrsta sunnudag hvers mánaðar er boðið upp á fjölskylduviðburði á sýningunni þar sem gestum gefst færi á að tengjast náttúrunni á óvenjulegan og skemmtilegan hátt. Nú í byrjun nóvember mun viðburðurinn tengjast mosum og votlendi með sýningunni Mosar í mýrinni sem er hluti af hátíð líffræðilegrar fjölbreytni 2023, að því er fram kemur á vef Náttúruminjasafnsins.

Viðburðurinn fer fram á 2. hæð Perlunnar milli kl. 14 og 16 sunnudaginn 5. nóvember. Aðgangur er ókeypis. /ghp



Rangárbíngi eystra er mikið landbúnaðarsvæði og óhjákvæmilegt að stór hluti nemenda Öldunnar tengi sterkt við sveitastörf og ræktun. Það endurspeglast í mótun útisvæðis hins nýja leikskóla. Mynd / Stefán Friðrik

Hvolsvöllur:

Landbúnaður innblástur leiksvæðis

Rúmlega hundrað börn sækja nám í nýjum leikskóla sem tók til starfa í Rangárbíngi eystra í haust.

Leikskólinn Aldan á Hvolsvelli er átta deilda leikskóli og getur tekið á móti 180 börnum. Útisvæði skólans endurspeglar þá staðreynd að sveitarfélagið er mikið landbúnaðarsvæði.

„Frankvæmdir gengu virkilega vel og voru að mestu innan tíma- og fjárramma. Undanfarin tvö ár hafa ekki verið auðveld fyrir börn, foreldra og starfsmenn leikskólans. En vegna myglu þá þurfti að bregðast við og skipta deildum upp á nokkra staði í þorpinu. Engu að síður þá gekk þetta allt saman ótrúlega vel. Það er einvörðungu vegna þess að allir lögðust á eitt.

Útisvæðið er algjörlega framúrskarandi að mínu viti og talar mjög vel í þær áherslur sem við hjá sveitarfélaginu erum með þegar kemur að börnunum okkar. Skapandi og frjótt samfélag,“ segir Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárbíngs eystra.

Aðalheiður E. Kristjánsdóttir og Jóhann Pétursson, landslags-



Leikskólinn Aldan á Hvolsvelli getur tekið á móti 180 börnum. Mynd / Aðsend

arkitektar hjá Landmótun, hönnuðu útisvæðið ásamt Huldu Davíðsdóttur og Írisi Reynisdóttur en hugmyndir starfsfólks leikskólans voru hafðar til hliðsjónar við hönnun.

Þar má m.a. finna íslenskar fjárréttir, fjölbreytt gróðursvæði og svæði til matjurtaræktar. „Náttúrulegur efniviður og frjál

leikur með hugmyndaflug barnanna að vopni var áherslupunktur leikskólastarfsmanna sem var ánægjulegt að vinna með og útfæra. Náttúruleikurinn er byggður upp með efniviði úr nærliggjandi skógrækt sem og tilfallandi grjóti af svæðinu,“ segir Aðalheiður. /ghp

Savage 93R17 17 HMR með 3-9x40 sjónauka **kr 119.000**

Savage 93R17 GVXP 17 HMR **kr 99.900**

Savage 110 APEX PREDATOR XP Sett sjónauki 4-12x Vortex cal 22-223-250-243-6,5 creed. Fótur, Deyfir sonic **kr.234.900**

SRascal Target XP 22Lr. **kr. 89.900**

Savage Mark II FVXP 22cal með 3-9x sjónauka þungu hlaupi **kr. 89.900**

Pallas BA15-22 Black 22cal **kr. 89.900**

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturrost.is



Katrín (t.h) með nýja plakatið sitt um íslensku húsdýrin sem hún var að teikna og gefa út. Mynd / mhh

Teiknar íslensku húsdýrin

Listakonan Katrín J. Óskarsdóttir í Miðtúni við Hvolsvöll gaf nýlega út veggspjald með íslensku húsdýrunum.

„Viðtökurnar hafa verið mjög góðar, teikningarnar koma út algerlega eins og ég teikna þær og prentun, pappír og allur frágangur er til fyrirmyndar. Svona plakati er mjög fræðandi fyrir t.d. skóla og leikskóla þar sem hægt er að sjá öll dýrin saman sem teljast til íslensku húsdýranna í réttum lit og útliti.“

Katrín, sem er með vinnustofu heima hjá sér, teiknar flesta daga en auk dýranna teiknar hún líka andlitsmyndir. „Núna er ég að teikna

íslensku sauðalitin en hugmyndin er að gefa út plakati með þeim líka. Í þeirri vinnu hef ég kynnst mörgum sauðfjárbóndanum en þrátt fyrir að hafa alist upp í sveit þar sem voru meðal annars kindur hef ég fræðst ótrúlega mikið um sauðkindina og komist að því að kind er ekki sama og kind,“ segir Katrín hlæjandi.

Hægt er að skoða verk Katrínar á Facebook-síðum hennar, annars vegar íslensku húsdýrin og hins vegar Fólki/People Art Gallery. Nýja húsdýraplakatið fæst m.a. í Sveitabúðinni Unu á Hvolsvelli, í bókabúðum víða um land og í Húsdýrargarðinum. /mhh



Kristín Erlendsdóttir, ein kvennanna í stjórn Íslenska bútaumsfélagsins saumaði pallbílinn hér á myndinni af kostgæfni. Mynd / Aðsend

Bútaumur:

Saumum nú jólas kraut

Í stjórn Íslenska bútaumsfélagsins sitja nokkrar mætar konur, en ein þeirra, Sigrún Ingibjörg Sveinbjörnsdóttir, er farin að huga að jólinum.

„Þegar líður á árið er alltaf gaman að fönndra eitthvað hátíðlegt til skreytinga heima við eða mögulega nota sem pakkaskraut,“ segir Sigrún. Hún bætir við að upplagt sé að spreyta sig á meðfylgjandi uppskrift enda saumaskapurinn þar bæði skemmtilegur og auðveldur, enda sé bæði hægt að sauma í vél og í höndunum.

Áhugasamir lesendur geta nú sest við sauma, og muna að hafa eftirfarandi við höndina: Fallegt efni, t.d. úr bómull eða filti, tröð, tvinna/útsaumsgarn, skæri, nál eða saumavél, nú og svo perlur/palliettur eða annað sem má sauma á til skreytinga.

En gefum Sigrúnu orðið: „Byrjið á að klippa út efnið sem á að nota í verkið. Næst að sauma jólatréð saman. Ef það er gert í saumavél er best að klippa sniðið aðeins stærra en áætlað er, því það er saumað saman á röngunni og svo snúið við. Þeir sem sauma í höndunum gera það hins vegar á réttunni með tvinna eða útsaumsgarni.

Fyllið tröð léttilega með smá tröð og fyrir þá sem vilja er gaman að skreyta það með perlum eða palliettum. Skiljið eftir op neðst á trénu fyrir trjástofninn.

Stofninn má í stað efnis, vera úr einhverju öðru, hvort sem það er tréstubbur eða kanilstöng. Saumið fótinn á tröð og/eða festið með lími.

Eins er farið að með trukkin, saumað er með vél eða í höndunum. Ef saumavél er notuð í verkið er gott að hafa opið (fyrir tröðið) ofan á pallinum til þess að hægt sé að festa tröð þar við. Setjið smá tröð í bilinn. Ekki gleyma að setja band í þakið á bílnum til að geta hengt hann upp.

Þegar bíllinn er kominn saman eru dekkinn fest báðum megin með þræðispori, eða hvernig sem hentar best.

Næst eru gluggastykkið og ljósið fest á sama hátt og síðast eru útlínur saumaðar á bílinn, með afturstung eins og sýnt er á myndinni


Einnig getur verið gaman að gera sína eigin útfærslu af bílnum og þá má t.d. kíkja í töluboxin, hvort leynist þar gamlar tölur sem hægt er að nota sem dekk eða ljós. /SP

CLT – EININGAR



Krosslímðar timbureiningar
Grænar byggingalausnir

TIMBURGRINDARHÚS



EININGAR EHF

WWW.EININGAR.IS

SÍMI: 565 1560 einingar@einingar.is

Eigum bíla til afhendingar



Volkswagen Caddy
Verð frá: 4.890.000 kr.



Laugavegi 174, 105 Reykjavík | Sími 590 5000 | www.hekla.is
Höldur Akureyri | Bílasala Selfoss | Bílas Akranes | Bílakjarninn Reykjanesbæ | BVA Egilsstöðum



Haukur og Kiddi eru ekki róbótar

Þeir eru alvöru sérfræðingar með áratuga reynslu og vita allt um smurólur á landbúnaðartæki jafnt sem skipaflotann.

Hringdu í vini og fáðu tilboð hjá fyrirtækjapjónustu Olís, í síma 515 1100, eða á olis.is.

Fyrirtækjapjónusta Olís

Alvöru fólk með alvöru þekkingu og reynslu



Umhverfisvernd:

Kókoskúlar

Þann 30. apríl árið 1933 sást hin fyrsta kókoskúluauglýsing skjóta upp kollinum í blöðum Íslendinga.

Var það auglýsing frá Brjóstsykurs og sætindaverksmiðju / efnagerð – Umboðsverzlun og Heildsölu Magnúsar Th. S. Blöndal, sem staðsett var í Vonarstræti 4b. Þar var kókoskúlan talin upp ásamt fleira söluvænu hrossgæti.

Þarna hefur verið um að ræða kókoskúlar gerðar úr kakó, sykri og kókosmjólsblöndu, sætar litlar kúlar sem bráðuðu í munninn eins og nokkrir eldri borgarar rifjuðu upp á dögnum.

Farið yfir söguna

Gegnum tíðina hafa svo hinar ýmsu uppskriftir að kókoskúlum fundist í helstu uppskriftaritum. Fyrst um sinn, eða í kjölfar stríðsáranna síðari, voru þær heldur fábrotar, og hljóðuðu á þá leið að hræra mætti saman 250 g af kókosmjóli, 75 g af smjöri, svo 25 g kakói, 175 g flórsykri og 2 dl af rjóma (sem mátti reyndar sleppa).

Aðferðinni var lýst í tímaritinu Melkorku, (sem sérstaklega var ætlað konum), þann 1. nóvember árið 1957: „Kakó og flórsykur siklað saman, allt blandað og hitað upp yfir vægum hita, þangað til deigið loðir saman.“

Endurnýtanlegt: Hægt að nýta oftar en einu sinni. – Allir helstu afgangar, jafnvel nokkurra daga gamlir, eru nýttir við gerð kókoskúlnnar.

Sjálfbært: Að uppfylla helstu þarfir án þess að þurfi mikið eða nokkuð til viðbótar. – Innihald kókoskúlnnar stendur nær eitt og sér, þarf ekki mikið til svo hægt sé að njóta hennar.

Kolefnisjafnað: Það sem vegur upp á móti losun kolefnis í andrúmsloftið. – Rafmagnsnotkun, eins og þarf í bakstri, á ekki við í tilfelli kókoskúlugerðar.



Auglýsing dagblaðsins Vísí í apríl fyrir 90 árum síðan kynnti sætindi á borð við kókoskúlar. Mynd / timarit.is

Látið það kólna og bítið til kúlar, dýfið þeim í kókosmjól. Geymið á köldum stað í þéttri dós.

Um tuttugu árum síðar var uppskriftin orðin heldur dýrari, en í Dagblaðinu þann 11.12 1976 birtist eftirfarandi: „3 stórar matskeiðar smjör, 125 g flórsykur, 125 g kókó, 3 matskeiðar rjómi og lítið glas af koniaki. Öllu er hrært vel saman og búnar til kúlar, sem velt er upp úr kókosmjóli og látnar standa á köldum stað. Best að geyma kúlnar í luktri dós í ísskápnum.“

Í kringum árið 1980 fór svo hafrámjól að gæta í uppskriftunum og þótti slíkt jafnan smart í matreiðslutímum hinna helstu grunnskóla. Útkoman á þeim vígvelli var oft upp og ofan en nú gæti einhver farið að spyrja sig hvers vegna verið er að rekja feril kókoskúlnnar.

Endurnýtanleg, sjálfbær og kolefnishlutjafnuð

Jú – það er nefnilega svo merkilegt, að eins og alþjóð veit, er í tísku allt sem

fellur undir þann staðal að vera endurnýtanlegt, sjálfbært, kolefnisjafnað og þar fram eftir götum – og viti menn. Kókoskúla sú sem hefur fengist í bakaríum í áratugi fellur undir alla þessa flokka.

Þarna er um að ræða óskaplegt gömsæti, samansett úr því sem til fellur (sjálfbært/endurnýtanlegt). Í stað þess að henda gömlum vinarbrauðsendum, formkókum eða því sem til fellur er því blandað saman, romm- og kakóbættu. Því næst eru mótaðar kúlar sem ekki þarf að baka (kolefnisjöfnun) og þeim velt upp úr kókum.

Eða eins og einn vinsælasti bakari landsins orðar það:

„Þetta er ansi einfalt, bara hræra saman gömlum kókum, marmelaði, kakó og rommi. Croissant-afgangar mega fara í þetta líka, en þá þarf að passa að hnoða það nógu lengi. Ég hef annars ekki gert þetta í mörg ár... Þetta er þó bakkelsi sem stendur alltaf fyrir sinu og alltaf jafn vinsælt, hvar á landinu sem er.“ /SP



Svava H. Guðmundsdóttir kynsir sinnepið sitt á Bragðagarði í Grasagarðinum í Laugardal. Hún segist þurfa að herða á framleiðslunni vegna vaxandi eftirspurnar. Mynd / Aðsend

Smáframleiðendur:

Einu sinni hugmynd en nú þekkt gæðavara

Fyrir þrjátíu og sjö árum fékk Svava H. Guðmundsdóttir þá hugmynd að þróa og framleiða eigið sinnep. Í dag er það þekkt vara.

Svava, sem er formaður Samtaka smáframleiðenda matvæla (SSF), segir að í byrjun hafi sinnepsframleiðslan aðeins verið til fjölskyldunota en árið 2014 hafi hún tekið af skarið og hafið framleiðslu sinnepsins fyrir almenna sölu.

En af hverju sinnep? „Ég bjó lengi í Svíþjóð og vandist þar á að nota skánst sinnep í gljóa á jólastinku og hamborgarhygg,“ segir Svava. „Þar sem sinnep af þeirri gerð fékkst ekki hér var einfaldast að framleiða það sjálf.“

Aðspurð um leiðina frá hugmynd til framleiðslu segir hún að sú leið hafi verið heldur flókin og megi þar nefna leyfin, að finna framleiðslustað og koma vörinni í sölu.

„Ég tel mig hafa verið mjög heppna og hef kynnst mörgu flottu fagfólki, til dæmis hjá Matis þar sem ég hóf framleiðsluna, í Eldstæðinu sem er deilidhús þar sem ég framleiði í dag og hjá Samtökum smáframleiðenda matvæla (SSF). Ekki má gleyma þeim ótal mörgu smáframleiðendum sem hafa stutt mig og gefið mér ótal góð ráð.“

Mætir aukinni eftirspurn

SVAVA sinnep er handverksframleiðsla sem fer fram í Eldstæðinu. Svava sér sjálf um framleiðsluna, sem er þar af leiðandi ekki mjög umfangsmikil en á uppleið vegna aukinnar eftirspurnar. Hún segist ekki vera með fólk í vinnu, en fjölskylda og vinir hjálpi til.

Sinnepið er selt hér innanlands og ekki ráðgert að sækja út fyrir landsteina að markaði. Svava heldur úti vefnum sinnep.is og þar er, auk upplýsinga um vöruna, að finna nokkrar fyrirtaks uppskriftir.

Þegar talið berst að nýsköpunarumhverfi dagsins í dag telur Svava það nokkuð flókið hjá smáframleiðendum matvæla en með tilkomu Samtaka smáframleiðenda matvæla hefi það batnað. „Þekking almennings á gæðum og tilvist afurða smáframleiðenda hefur aukist. Söluþekkingin í verslunum landsins hefur fjölgað. Ég veit ekki hvort frumkvöðlaumhverfið hjá smáframleiðendum er erfiðara hjá konum en körlum, hef sjálf ekki orðið vör við mismunum og held að það fari meira eftir verkefnum og frumkvöðlinum sjálfum. Það sem er mest aðkallandi í dag er að samræma og einfalda regluverkið fyrir greinina,“ segir hún.

Góður undirbúningur lykll

Svava hvetur þá sem eru að huga að smáframleiðslu til að hugsa hugmyndina vel, tala við frumkvöðla sem komnir eru af stað í framleiðslu og setja sig í samband við SSFM, Matis og aðra aðila í greininni.

Um það hvað helst sé á döfinni hjá SSFM segir hún það vera að halda áfram að styðja félagsmenn og veita þeim ráðgjöf ásamt því að vera gátt inn til smáframleiðenda matvæla og miðla gagnlegum upplýsingum til þeirra. „Lika að halda áfram að vinna að því að regluverkið í kringum smáframleiðslu matvæla verði samræmt og einfaldað.“ /sá



Málagníð finnst víða. Hjörleifur Jóhannesson tók þessa skemmtilegu mynd af búðareiganda í Tam Duong í Norðvestur-Víetnam á dögnum. Þar var hann ásamt tveimur vinum að ferðast á mótorkjólum og fékk síðasta tölublað Bændablaðsins að fara með í ferðina. „Það er þannig að Bændablaðið er bara eins og tannburstinn. Alltaf með,“ segir Hjörleifur.

Rexton lúxus ferðafélagi!



Rexton

- Byggður á grind
- Hátt og lágt drif
- Sparneytin dísel vél
- Læstur millikassi
- Sjálfstæð fjöðrun
- 7 manna
- Læst afturdrif*
- 3 t dráttargeta
- 5 ára ábyrgð

* Í Adventure og Ultimate.

Eigum jeppa til afendingar.



Bílabúð Benna
kolefnisjafnar selda bíla

Nánari upplýsingar á
benni.is

Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

LANDBÚNAÐUR Í SKÁLDSKAP



Berglind Kristinsdóttir. Mynd / Aðsend

„Má ekkert laga, né koma að okkar máli?“

Orðsins list kemur að þessu sinni frá Berglinni Kristinsdóttur. Hún er fædd 1985 og uppalin á Pverlæk í Holtum í Rangárvallasýslu. Kúabóndi á Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit og er í hlutastarfi á Hlíð í umönnun og sveitarstjórnarfulltrúi.

„Ég hef aldrei gefið út ljóð og sögur,“ segir Berglind. „Sennilega bíður einn heill persónuleiki ofan í ímyndaðri skúffu hjá mér sem þarf að tjá sig. Ég hef alltaf haft gaman af myndmáli, samlíkingum og sviðsmyndum, sem sagt færa tilfinningar í eitthvað myndrænt. Eftir að ég las upp ljóðið fyrir einn ljóðmælskan íbúa á Hlíð ákvað ég að þetta fengi að fara út í kosmósið til þess að vera vatn á hjólin í allri umræðu um starfsskilyrði bænda.“ /sá

Bráðabirgða baggaspottinn – þarftu á honum að halda?

Í upphafi er það nú ofast vel meint,
þið vitið, bráðabirgða baggaspottinn.

Ég, sjálfur bóndinn sem bugast seint,
sjálfsagt uppúr þrjóskunni sprottinn.
Náttúrulögmalin, við þurfum því öll að lúta,
umberum því stundum skrautlega hnúta.

Bóndans baslið! – við virðumst aldrei búin,
og samskiptahliðin vera okkur snúin.
Í höfðinu sveima oft huggunarorðin,
allt eftir heyrforða og blessuð kjörorðin.

„Eh, það kemur aftur annað vor“
og liggjum á bæn um ekkert slor.
Mun ég þá hafa það sem þarf og þrek?
Til þess að finnast ekki um það sek,
að sjá sjálfsmynd mína speglast með honum
– sjálfum bráðabirgða baggaspottinum –

Við bændur lifum á gærdeginum, þó liðinn sé.
Þeim fækkandi fer, sem á vetur setja sitt fé.
meðan sigtar þingið sinn sand af sannleik,
– verða næst hetjur í eigin harmleik.

Ítrekað uppfærður kynslóðanna kliður,
tekur hann enda – þessi undarlegi mannsiður?
Að býsnast yfir bændum í byltingum
en sjá svo allt annað í hyllingum.

Er ég þetta baggaband ríkis og ráðs?
Þeim ríku og þar um ríðandi til háðs?
Flosnandi er hún, samfélagstengingin,
og fæst hvergi sögð, raunverulega meiningin.
Málamiðlunar-bandið óbreytt fær að hanga,
Menn endurtekið saman til kosninga ganga.

Skilyrðin til landbúnaðar erfast mjög illa,
hugsuðir áhyggjur sínar léttilega fylla.
Hvaða þjóðir staga niður hornstaur úr engu stáli?
Má ekkert laga, né koma að okkar máli?

Hvað mun taka við af þessu bandi?
Er ég orðinn seinni tíma vandi?
Eða gengur dýrið laust, þessi pólitíski fjandi?

Fyrir utan þægindarammann þinn, þú mig finnur,
þar fyrir ræktun og lífinu bóndinn brennur.

Við bændur höfum uppskorið í þessu fagi,
árlegar veigar af náttúrunnar tagi,
sú móðir er að láni hjá miklum yfirmanni,
saman við þrjú – oftast í verkstolsbanni.

Úr okkar völdugu veraldar geilum,
verðmætum milli okkar sibreytilega deilum.
Hverskonar framtíð viltu öðrum en þér?
– því til bráðabirgða við búum öll hér.

Ég bið þig neytandi góður,
að verja þitt manneldisfóður.
Það virðist allt hægt af manna verkum
– oft þarf bara einn, heildinni viljasterkum –

Mér sýnist það band sem búskapurinn minn spann,
sé reynsla sem ég hvergi annars staðar fann.
Því hún tvinnast við forna feður sem í lófana spýttu
og formæður allra sem flest uppúr moldinni nýttu.

Af mold er ég komin og vil helst með henni lífið allt sjöfald
– áfram þú þarft þrisvar á dag á bónda að halda!



DFSK Arctic Transport 100 % Rafmagnsbíll
Burður 1280kg

TILBOÐSVERÐ
3.500.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG
import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ“



VIÐBURÐA DAGATAL



4. NÓVEMBER

BRÚLESK

Kabarett

MIÐAR Á TIX.IS





Jólahlaðbord á Brú

17., 18. & 24. nóvember
1., 2., 8. & 9. desember

FYRIRSPURNIR OG PANTANIR:
VEISLA@BRUBRU.IS

GRÍMSNESI





10. NÓVEMBER



MIÐAR Á TIX.IS

SVIÐAVEISLA 2023







SÚLUR
STÁLGRINDARHÚS

Vönduð stálgrindarhús af öllum stærðum og gerðum sérsniðin að þínum þörfum.

www.sulurehf.is
kristjan@sulurehf.is



Góður rómur var gerður að fræðsluerindum á Bragðagarðinum sem var vel sóttur, en Dóra segir að hundruð gesta hafi gert sér ferð í Grasagarðinn meðan á hátíðinni stóð.



Dagný Hermansdóttir og Svanhildur Sigfúsdóttir kynntu kartöfluræktun frá fræi.



Alda Björk Ólafsdóttir og harðfiskurinn, sem er unninn úr vannýttu hráefni.



Dóra Valsdóttir, verkefnastjóri hjá Mátis, flutti fyrirlestur um skyr og bauð upp á smakk á mismunandi skyrtegundum.



Dagný Hermansdóttir með súrkálið sitt.

Myndir / sm



Helvítis Kokkurinn mætti með eldþiparsultur.

Bragðagarður í Grasagarðinum:

Lífræðilegur fjölbreytileiki á Slow Food-hátíð

Slow Food-hugsjónin var í hávegum höfð í Grasagarðinum dagana 20. og 21. október. Þá stóð Slow Food Reykjavík fyrir hátíðinni Bragðagarður, þar sem í boði var kjarngott andlegt fóður og matarkrásir.

Dóra Svavarsdóttir, formaður Slow Food Reykjavík, segir að hátíðin hafi heppnast mjög vel, en hún samanstóð af fyrirlestur, vinnustofum og matarmarkaði. „Á föstudaginn fengum við 131 gest á hátíðina og svo 601 á laugardegnum. Við erum glimrandi glöð með þetta og vonum að þetta verði vísir að fleiri svona hátíðum,“ segir hún.

Hátíðin hófst einmitt á föstudeginum með erindi Dóru um eðli Slow Food-hreyfingarinnar. Hún byrjaði á að útskýra slagorð hreyfingarinnar, Góður, hreinn og sanngjarn matur (Good, clean and fair). Matur ætti að vera góður fyrir jörðina, framleiðandann og góður á bragðið. Hann ætti að vera „hreinn og náttúrulegur“, ekki tilbúin vara af tilraunastofu, eða með fjölda innihaldsefna. Þá ættu viðskipti með matvæli að vera sanngjörn; fyrir neytendur að kaupa og framleiðendur að selja.

Lífræðilegur fjölbreytileiki í kjarnastarfsemi Slow Food

Hún talaði sérstaklega um lífræðilegan fjölbreytileika sem eina af þremur stöðum í kjarnastarfsemi Slow Food. Sérstök stofnun Slow Food væri starfandi um lífræðilega fjölbreytni og þar stæðu allnokkur sjálfstæð verkefni.

Bragðörkin (Ark of Taste) gengi út á varðveislu á afurðum, bæði handverki og matvælategundum, og á Íslandi væru 23 afurðir skráðar inni í Bragðörkinu.

Í verkefnum Presidia eru mynduð samfélög í kringum tiltekna ræktun eða vinnslu á afurðum í Bragðörkinu, Narrative Lable (sögumiðinn) – segir sögu afurða og framleiðenda sem eru í Presidia – og er aðgengilegur neytanda á sjálfri vörinni, Cooks' alliance eru hópar matreiðslumanna sem skuldbinda sig til að nota vörur úr Bragðörkinu og Presidia á hverju svæði.

Í íslensku Presidia eru nú íslenska landnámsheitan, íslenska geitin og íslenska skyríð.

Dóra sagði að besta leiðin til að varðveita matvörur, sem væri verðmæti í, sé einfaldlega að borða þær.

Verndun vistkerfa stórra og smárra

Lífræðileg fjölbreytni var einnig til umfjöllunar í erindi heimspekingsins Ole Martin Sandberg, sem starfar hjá Náttúru-

minjasafni Íslands. Hann flutti erindi um fæðuheimspeki (philosophy of food) þar sem mikilvægi verndunar vistkerfa, stórra og smárra, var megininntakið.

Hann sagði að í hverjum mannlíkama væru um 30 þúsund milljarðar frumna, helmingur þeirra væru frumur annarra lífvera eins og til dæmis baktería og sveppa – og annarra örvera sem lifa alls staðar í líkónum okkar. Kjarnsýrugreiningar hafi leitt það í ljós að um 800 mismunandi tegundir af örliífverum lifi í mannlíkamanum og þúsundir af ólíkum undirtegundum. Það væri mikil lífræðileg fjölbreytni í litlu rými.

Ole sagði að flestar þessara örvera væru bakteríur og að þar til alveg nýlega hafi verið talið að þær væru að mestu leyti slæmar. Staðreyndin væri hins vegar sú að mannlíkaminn getur ekki starfað án þessara örvera. Þetta séu þannig ekki bara lífverur sem búa innra með okkur, heldur að þær séu við. Við værum ekki við, án þeirra. Saman værum við ein lífvera.

Áhrif þarmaflóru á andlega heilsu

Ole sagði að örverurnar væru ekki aðeins nauðsynlegar fyrir líkamlega virkni okkar og vellíðan. Lífræðilegur fjölbreytileiki innra með okkur stjórni einnig geðheilsu okkar, skapi okkar og hugsun. Rannsóknir hafi sýnt að heilinn sé tengdur beint við magann og verði fyrir áhrifum af því sem er þar til staðar.

Ef ekki sé jafnvægi lífræðilegs fjölbreytileika í innra vistkerfi okkar séum við líklegri til að þjást af þunglyndi, kvíða, einbeitingarskortri og vitsmunalegum sjúkdómum eins og Alzheimer og vitglöpum. Þannig að persónuleiki okkar – hugsanir okkar – mótast af lífræðilegum fjölbreytileika innra með okkur.

Hann sagði að fyrir mörgum árum þegar hann flutti til Bandaríkjanna, hafi hann eftir stuttan tíma tekið eftir því að honum leið ekki vel – hvorki líkamlega né andlega. Hann hafi komist að því að maturinn var eitt af vandamálunum. Amerískur matur sé öðruvísi en danski maturinn sem hann hafi alist upp við, þar sem hann var vanur að borða heilkornbrauð með fullt af fræjum og öðru sem er erfitt að melta. Í stað þess að fara beint í gegnum þig helst það í þörmunum um stund þar sem það tekur nokkurn tíma fyrir það að brotna niður sem þýðir að það nærir alla þarmaflóruna.

Örverurnar í þörmum hans voru vanar því að fá þessa næringu en eftir að hann flutti til Bandaríkjanna hætti hann að fæða þær, þannig að þeim leið illa og honum líka. Þá hafi hann byrjað að baka sitt eigið brauð.

Við meltum menningu okkar

Ole segir að þetta dæmi sýni líka að heilsa sé að einhverju leyti menningarlegt fyrirbæri. Kannski þurfi Bandaríkjamadur sem elst upp við dúnkenna samlokubrauðið sitt ekki danskt rúgbrauð fyrir heilsu sinnar þarmaflóru. Geti mögulega valdið meltingartruflunum vegna þess að þá skortir örverurnar sem hafa verið hjálfaðar sérstaklega til að melta það. Þeir þurfa aðra hluti sem maginn er vanur.

Til séu rannsóknir sem gefa til kynna að fólk sem elst upp við þá menningu að hrisgrjón eru hluti af daglegum máltíðum séu skilvirkari í að vinna næringarefni úr þeim – að það hafi þarmaflóru sem sé sérhæfð í því. Ole segir þetta athyglisvert, að menningin sem við séum alin upp í móti ekki aðeins hugsanir okkar og venjur heldur sé bókstaflega í líkama okkar. Þegar við borðum meltum við þannig menningu okkar og hún verður hluti af okkur.

Fjölbreytileikinn á undanhandli

Af þessu leiði að öll séum við í raun ólík vistkerfi með fjölbreytileika mismunandi örvera, sem eru aðlagðar og mótaðar af menningarlegu og náttúrulegu umhverfi okkar. En þessi fjölbreytileiki sé á undanhandli.

Að sögn Ole er Afríka sú heimsálfa sem sé með mestan erfðafræðilegan fjölbreytileika meðal manna, sem sé ekki skýrtíð þar sem uppruna mannkyns megi rekja þangað. Algengt sé einnig að mikill fjölbreytileiki sé í örveruflórunni hjá afrísku fólki.

En hnattvæðing og þéttbýlismyndun dragi úr þessum fjölbreytileika. Þegar fólk sem bjó í dreifbýli og lifði á staðbundinni fæðu – yfirleitt rötum og grænmeti sem inniheldur mikið af trefjum



Sif Matthíasdóttir með geitaafurðir frá Hrisakoti. Svava Hrönn Guðmundsdóttir, formaður Samtaka smáframleiðenda matvæla, með sinnepsframleiðslu.



Ole Martin Sandberg flutti erindi um fæðuheimspeki.



Dóra Svavarsdóttir, formaður Slow Food Reykjavík, hélt erindi.

– flytur til borgarinnar og byrjar að borða sömu unnu matvælin og finnast alls staðar í heiminum, byrjar það líka að missa örverurnar sem það var vant áður. Þetta leiðir til heilsufarsvandamála, en einnig hignunar á líffræðilegum fjölbreytileika.

Gætum misst getuna til að melta ákveðin matvæli

Í rannsókn sem Ole vitnar til eru leiddar líkur að því að raunveruleg hættu sé á að tilteknar gamlar örverur deyi út, sem brjóta niður trefjar í matvælum, með hraðri hnattvæðingu matvæla og með útbreiðslu á vestrænum lífsstíl. Ef það gerist gætum við misst getu okkar til að melta ákveðin matvæli.

Fólk sé ekki bara frumurnar í mannlíkamanum og mannlegt DNA. Mannvera – og raunar hvaða lífvera sem er – samanstandi af mörgum öðrum lífverum sem búa inni í henni og eru hluti af henni.

Ole segir að þessar lífverur komi utan frá. Þær komi úr víðara umhverfinu og mótist af matnum sem við borðum, sem mótist af aðstæðum og menningu á hverjum stað. Það sé því í raun ekki hægt að gera skýran greinarmun á innan og utan, á milli umhverfis og lífveru. Sá líffræðilegi fjölbreytileiki sem er innra með okkur – og við erum – komi utan frá og verði hið innra. Án líffræðilegs fjölbreytileika í umhverfi okkar verði ekki líffræðilegur fjölbreytileiki í þörmum okkar. Sem þýðir að án þess getum við ekki þrífist. Mannfólk og allt annað líf sé háð líffræðilegum fjölbreytileika.

Engum geti líðið vel ef örverurnar í þörmunum fá ekki þá næringu sem þær þurfa. En til að fæða þessar örverur þarf að hugsa um umhverfið, samfélagið – og jörðina og andrúmsloftið í stærra samhengi. Vegna þess að þar liggja grunnurinn að heilsu hvers og eins.

Sérstaklega þurfi að hugsa um jarðveginn, þar sem svo margar örverur eiga heimili og þar sem líffræðileg fjölbreytni sé hvað mest. Enda séu þær örverur ekki bara nauðsynlegar mönnum heldur einnig jörðinni. Við verðum hluti af líffræðilegri fjölbreytni jarðarinnar með því að neyta matar sem á uppruna sinn í henni.

Jörðin sem vistkerfi og lífvera

Líffræðilegur fjölbreytileiki í jarðvegi sé einnig nauðsynlegur til að viðhalda þeim jarðvegi. En hvernig við ræktum mat getur annaðhvort eyðilaggt jarðveginn og örverurnar í honum, eða hjálpað til við að viðhalda honum.

Hann segir að ef líkaminn sé vistkerfi sem hýsir allan þennan fjölda smærri lífvera, sé auðvelt að þysja út og hugsa um mannveruna sem lífveru í miklu stærra vistkerfi. Lífvera geti verið vistkerfi fyrir aðrar lífverur og vistkerfi geti virkað eins og lífvera.

Í þeim skilningi mætti líta á jörðina alla bæði sem vistkerfi og lífveru – rétt eins og líkama. Þannig séum við öll eins og örverurnar í líkamanum en þó hluti af ofurlífverunni sem kallast lífhvolfið. Við séum hluti af stærri heild. Velferð okkar velti á heilbrigðri virkni þeirrar stærri heildar – alveg eins og velferð hennar veltur á okkur. /smh

Vú Hú Hú !!


Á stærstu eyju veraldar, Grænlandi, býr tíu ára þjakkur sem heitir Emil. Búsettur í llulissat við friðlýstan ísfjörð á heimsminjaskrá UNESCO.

Hvert sem Emil fer er hann með fótboltann með sér. Undir höndinni, á lærunum, á ristinni, á tánum eða uppi á haus. Hann er nánast því rafmagnaður.

Þrátt fyrir hæfileika Emils í fótbolta, þá rennur einnig saltvatn í æðum hans, ásamt aldagömlu veiðieðli þjóðarinnar. Að veiða í matinn til að lifa af.

Einn daginn er Emil á netaveiðum með afa sínum og ömmu þegar hann fær óvænt stelpu í netið.

Það kemur honum í vanda og flækir málin töluvert en á sama tíma upplifir hann ótrúleg ævintýri.



NÝ BÓK

Lífraent hreinsivirki!

— NÚTÍMA ROTÞRÓ —

Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótél o.fl.

Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð

3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn

Engar síturagnir - fyrirferðarlítill

Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar

Þýsk gæði - CE merkt

Stærðir 2-600 persónueiningar

HVAMMSHÓLAR

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI ☎ +354 660 4085 ✉ SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

SÖLUHROSS FRÁ HÓLUM - nóvember 2023

Sala fer í gegnum: Ríkiskaup / eignir - Bára Hafsteinsdóttir s. 863-6601 - netfang: bara.hafsteinsdottir@rikiskaup.is

- | | | |
|---|--|--|
| <p>1. Ullur frá Hólum IS2015158300
 Blup: 123
 F: Viti frá Kagaðarhóli
 M: Ferna frá Hólum (mf: Hröður frá Refsstöðum)
 Lýsing: Ullur er fyrst og fremst frábær tóltari. Góður ferða- og reiðhestur með fina fótlyftu. Ullur er mikið tamminn og kann flestar fimíæfingar. Hentar sem keppnishestur í léttari flokkum. Ullur er sterkur, næmur og gæfur en hentar ekki byrjendum. Ullur er 144 cm á herðakamb.
 Tilboð óskast</p> | <p>3. Íshildur frá Hólum IS2015258301
 Blup: 134
 F: Skýr frá Skálakoti
 M: Storð frá Hólum (mm: heiðursverðlaunahryssan Ösp frá Hólum)
 Sköpulag: 8,42
 Hæfileikar: 8,32
 Lýsing: Íshildur er með mjög góðan kynbótadóm, 8.36 í aðaleinkunn. Efní virkilega gott keppnishross. Íshildur er með 8,5 fyrir marga verðmæta eiginleika eins og tölt, hægt tölt, skeið, brokk, fegurð í reið, háls-, herða og bógasamræmi o.fl. Íshildur er þæg, skemmtilega viljug og þjál. Hún kann flestar fimíæfingar og er 145 cm á herðarkamb að stærð.
 Tilboð óskast</p> | <p>4. Íþrótt frá Hólum IS2015258301
 Blup: 117
 F: Eldur frá Torfunesi
 M: Storð frá Hólum (mm: heiðursverðlaunahryssan Ösp frá Hólum)
 Sköpulag: 8,09
 Lýsing: Íþrótt er efnileg hryssa í margt. 140 cm á herðar, þægilega viljug. Gæti hentað í keppni, ræktun eða sem virkilega góð útreiðahryssa. Hún kann flestar fimíæfingar. Hentar ekki byrjendum.
 Tilboð óskast</p> |
|---|--|--|



Háskólinn á Hólum áskilur sér rétti til að hafna öllum tilboðum ef svo ber undir.



UTAN ÚR HEIMI

Norraent mataræði:

Alvarlegir annmarkar á næringarráðleggingum

Óháð úttekt gagnrýnir aðferðarfræði og ályktanir um neyslu á rauðu kjöti og eggjum.

Þó nokkrir annmarkar eru á nýjum norrænum næringarráðleggingum (NRR) er kemur að neyslu á rauðu kjöti og eggjum. Misræmi gæti í ályktunum skýrslunnar miðað við þau gögn sem ráðleggingarnar byggja á.

Það kemur fram í niðurstöðum óháðrar úttektar sem bandaríska greiningarfyrirtækið EpiX Analytics framkvæmdi á nýjum norrænum næringarráðleggingum sem gefnar voru út í júní sl. Niðurstöður greiningarinnar lýsa aðferðarfræðilegum göllum í vinnslu skýrslunnar, skorti á gagnsæi á aðferðarfræði og forsendum ráðlegginganna. Þá er bent á ósamræmi milli forsenda og ráðlegginga.

Í úttektinni kemur fram að þau gögn sem ráðleggingarnar byggja á um heilsufarsáhrif neyslu á rauðu kjöti bendi ekki skýrt á 350 gramma hámarksneyslu á viku. Nýlegri rannsóknir styðja mikilvægt hlutverk óunnins rauðs kjöts í hollu mataræði. Benda greinendur EpiX Analytics á að ráðleggingarnar hefðu allt eins getað verið 500 grömm á viku eða hærri.

Í úttektinni er einnig bent á mikið ósamræmi milli forsenda og ráðlegginga um eggjaneyslu.

Forsendurnar sem sagt er frá í skýrslunni segi að hófleg neysla eggja væri hluti af heilbrigðu og umhverfisvænu mataræði en ráðleggingarnar sjálfar séu settar fram með öðru orðalagi. Mælt sé með 0–1 eggji á dag. Þrátt fyrir það segir í skýrslunni að takmarkaðar sannanir séu fyrir neikvæðum áhrifum neyslu á fleiri en einu eggji á dag.

Þá bendir úttektin á að allar vísindalegar niðurstöður séu háðar óvissu. Ekki sé hægt að setja fram vísindarannsóknir sem sannleika og til að forðast að ofmeta heilsufarsáhrif á neyslu ákveðinna fæðutegunda sé nauðsynlegt að gera grein fyrir óvissubáttum. Úttektin segir að norræna næringarráðgjöfin geri ekki nógu mikið úr óvissubáttum. Nefnt er sem dæmi að þær vísindarannsóknir sem hafi farið fram um neyslu á rauðu kjöti einkennist af skekkjum og töluverðri óvissu og erfitt geti verið að draga sterkar ályktanir út frá þeim.

Úttektin var gerð að beiðni MatPrat – markaðsstofu um kjöt og egg í Noregi, sem á þó ekki að hafa haft áhrif á vinnu greiningarfyrirtækisins. Í aðdraganda útgáfu nýrra norræna næringarráðlegginga gagnrýndu norrænu bændasamtökin skort á vísindalegri aðferðarfræði og gagnsæi við vinnslu ráðlegginganna.

/ghp



Þótt hér virðist ríkja friðsældin ein á þessu sænska býli eru blikur á lofti í þarlandum landbúnaði. Mynd / Jessica Pamp

Svíþjóð:

Ungir sænskir bændur eru í afleitri stöðu

Þriðji hver sænskur bóndi er á eftirlaunaaldri og æ fleiri leggja bú sín niður eða láta þau ganga til næstu kynslóðar.

Samtök sænskra bænda, Lantbrukarnas Riksförbund (LRF), gáfu nýverið út skýrslu þar sem í ljós kemur alvarleg staða. Bú þeirra eldri ganga ekki áfram til næstu kynslóðar heldur eru unnvörpum lögð af, seld stórvirkum jarðakaupendum eða landið brotið upp í litlar einingar og selt þannig í pörtum. Þetta getur haft gríðarlega alvarlegar afleiðingar fyrir sænska matvælaframleiðslu þegar til lengri tíma er lítið.

Ungir bændur innan LRF hafa bundist samtökum um að skoða leiðir til að auðvelda kynslóðaskipti/eigendaskipti landbúnaðarjarða.

Fjármagnsskortur og jarðauppkaup efnaðra helst í veginum

Rannsókn var gerð meðal félaga LRF á aldrinum 18–35 ára og stóð hún frá nóvember 2022 til mars 2023. Í ljós kom m.a. að fyrir 90 árum voru tæplega 430 þúsund landbúnaðarfyritæki í Svíþjóð en í dag er sú tala 59 þúsund. Undanfarin 30 ár hafi u.þ.b. 90 þúsund býli verið lögð af og innlend landbúnaðarframleiðsla farið úr 75% í 50%. Býlum hefur þannig snarfækkað en þau eru oft og tíðum orðin mun umfangsmeiri. Í dag standa tæplega 2 þúsund býli undir helmingi af heildarframleiðsluverðmæti sænsks landbúnaðar.

Um 94% þátttakenda í könnuninni sögðust vilja verða eigendur landbúnaðarlands í framtíðinni og eiga framtíð sem bændur. Í ljós kom að þeir litu á það að hafa frelsi til að stjórna tíma sínum sjálfir sem mikið tækifæri. Á sama tíma eru uppi áhyggjur af því að ungt fólk veigri sér af ýmsum ástæðum við að taka við af eldri kynslóð bænda og þeir fáu sem geti hugsað sér það eigi í erfiðleikum með að fjármagna líkt.

Þrennt er einkum í vegi ungs fólks sem vill taka við búskap og eignast eigin jarðir. Í fyrsta lagi fjármögnun landbúnaðarjarðakaupa, í öðru lagi samkeppni við vel efnaða stórbændur o.fl. sem kaupir upp jarðir og býli og í þriðja lagi vandkvæði þeirra sem vilja taka við af foreldrum sínum við að kaupa út systkini.

Skortur á arðsemi og neikvætt viðhorf

Í viðtölum við unga félagsmenn LRF kom t.d. fram að fyrir utan framangreindir hindranir hefði viðhaldi oft ekki verið sinnt í áratugi og það að standa frammi fyrir nauðsynlegum endurbótum ásamt því að kaupa væri óyfistíganlegt fjárhagslega. Stórar jarðir væru iðulega brotnar upp í margar minni einingar og land og skógar seld í mörgum pörtum til að fá sem mest söluandvirði.

Lítill býli séu óhagstæð vegna regluverks í landbúnaði. Þá séu vextir óhagstæðir varðandi langtímafjárfestingar. Hátt fasteignaverð skili lágrí ávöxtun og afstaða bankastofnana til

landbúnaðar sé neikvæð þar sem þær líti ekki á hann sem arðbæran. Þá hafi almenningur neikvæða sýn á bændur og líti jafnvel á þá sem „loftslagsglæpamenn“. Einnig hafi margir eldri bændur rekið bú sín án arðsemi áratugum saman. Skortur á arðsemi sé líka plága í kynslóðaskiptunum.

„Ungt fólk sem hefur ekki mikið milli handanna á erfitt með að ráða við þetta og bankarnir loka augunum,“ segir einn viðmælenda í rannsókninni.

Þá er tekið til þess að þótt ungt fólk vilji gjarnan starfa við landbúnað geri það kröfu um lífandi byggðarlög þar sem þjónusta er fyrir hendi, svo sem leikskólar, grunnskólar, heilsugæsla, matvöruverslanir og önnur þjónusta.

Breytingar orðnar mjög aðkallandi

Spurningin hljóti á endanum að vera hvernig styðja megi við að fjölbreyttur búskapur af öllum stærðargráðum þrífist í landinu. Til þess verði að endurskoða regluverk landbúnaðarins og stuðningskerfi svo kostnaður við landbúnaðarframleiðslu hindri ekki nýliðun í bændastétt.

Skoða verði hið brenglaða samkeppnisástand þar sem innflutt matvæli lúti ekki sama stranga regluverkinu og innlend matvælaframleiðsla. „Við verðum að fá langtíma-leikreglur sem gefa okkur samkeppnisforskot, ekki öfugt,“ segir einn viðmælenda. Þar á meðal séu breytingar á lögum um jarðakaup, eignamyndun, opinberan stuðning til bænda og endurskoðun á notkun lánaábyrgða gegnum Evrópska fjárfestingabankann.

„Ég sakna sænskra stjórnámalanna sem lýsa stolti yfir sænskum landbúnaði. Ég sakna líka blæbrigðaríkari mynda úr fjölmiðlum um nútímalandbúnað og hlutverk hans í sænsku samfélagi,“ sagði annar.

„Við hjá LRF-Ungdomen trúum á breytingar og sjáum að eitthvað þarf að gerast. Ekki aðeins vegna okkar eigin kynslóðar heldur líka fyrir þá eldri sem munu halda áfram og fyrir þá yngri sem koma á eftir. Fyrir þá sem vilja geta borðað sænskan mat og notað hræfni úr sænska skóginum í dag, en líka á morgun,“ segir í skýrslunni.

/sá

KYNNING NÝRRAR STEFNU
LANDBÚNAÐARHÁSKÓLA ÍSLANDS

2024-2028



22. nóvember 2023 | kl 13 – 15 | Hvanneyri

Við bjóðum hagaðilum og öðrum áhugasömum til kynningarfundar og umræðna um nýja stefnu LBHI. Í kjölfar fundar verður boðið upp á skoðunarferð um Hvanneyrartorfuna. Öll velkomin!

WWW.LBHI.IS • 433 5000

Skordýr:

Litlu dýrin sem stjórna heiminum

Skordýrum fer fækkandi. Um það eru merki víða um heim. En kannski er ekki allt sem sýnist.

Skordýrum, fjölbreyttasta hópi lífvera á jörðinni, er að fækka með áður óþekktum hraða. Þau hafa þó í um 400 milljónir ára verið farsælasti hópur dýra á jörðinni. Skordýr eru tveir þriðju hlutar rúmlega 1,5 milljóna skráðra dýrategunda heimsins og væntanlega milljónir þeirra enn óþoppötvaðar.

Því hefur verið haldið fram að skordýr gætu horfið á innan við öld miðað við núverandi hnignunarhraða og stórlandbúnaður á iðnaðarskala ásamt loftslagsbreytingum valdi þar mestu tjóni af öllu. Vísindamennirnir telja gjarnan eyðingu náttúrulegra búsvæða vegna þéttbýlismyndunar þó vera lykilatriði hvað varðar fækkun skordýra.

Nýjustu rannsóknir benda þó til að fréttir af fækkun skordýra á heimsvísu um allt að 25% á einum áratug séu ekki alls kostar réttar. Málið sé mun flóknara en svo. Skv. frétt BBC um málið er skordýrum sem búa á landi að fækka en þóddum sem lifa í ferskvatni fjölga.

Mesta skordýrafækkunin í Evrópu og Bandaríkjunum

BBC segir samantektarrannsókn sem byggir á gögnum úr 166 langtíma-könnunum á 1.676 stöðum og birt var í vísindatímaritinu Science, draga upp mjög blæbrigðaríka og breytilega mynd af ástandi skordýraheilbrigðis.

Þannig fækki skordýrum eins og fiðrildum, maurum og engisprettum um 0,92% á ári, eða um 9% á áratug. Það sé ekki eins slæmt og áður var talið en engu að síður mjög alvarlegt. Ástand þessara stofna sé verra á ákveðnum svæðum en öðrum. Fljúgandi skordýrum hafi fækkað að meðaltali. Hins vegar sé meirihluti skordýra lítið áberandi og lifi fjarri augum fólks – í jarðvegi, trjám eða vatni.

Rannsóknir sem sýni fram á fækkun hafi í mörgum tilvikum fjallað um afmörkuð svæði eða einstakar tegundir og eigi þess vegna ekki við almennt. Me st var skordýratapið í vestur- og miðvesturríkjum Bandaríkjanna og í Evrópu, sérstaklega í Þýskalandi.

Þótt mörgum tegundum á landi fari fækkandi sýni samantektarrannsóknin að skordýr sem lifa í

fersku vatni, eins og mýflugur, aukist um 1,08% á ári. Þessi jákvæða þróun hafi verið sterk í Norður-Evrópu, í vesturhluta Bandaríkjanna og síðan á tíunda áratugnum í Rússlandi. Vísindamennirnir telja að þetta sé vegna lagasetninga sem orðið hafi til þess að mengaðar ár og vötn voru hreinsuð.

Hins vegar muni fjölgun skordýra sem lifa í vatni ekki bæta upp hrun hinna. Þau séu aðeins um 10% þess fjölda sem lifa á landi.

Skógi vaxin búsvæði langbest

Á ræktuðu landi annars vegar og náttúrulegum skógi og engjum hins vegar hélst heildarmassi skordýra jafn en tegundafjölbreytni minnkaði um allt að 30% á ræktuðu landi. Á sama tíma var annað mynstur í borgarlandslagi: lítil breyting á tegundafjölbreytileika en 40% fækkun á lífmassa skordýra. Rannsóknin útskýrir ekki ástæður þessa en segir mögulegt að á meðan búskapur framleiði mikið af gróðri þar sem skordýr geti lifað séu plönturnar sem vaxa þar einsleitar. Þannig að sveitin geti borið mikið af skordýrum, en litla tegundafjölbreytni. Að sama skapi er minni gróður í borgum en meira úrval búsvæða svo sem almenningsgardar, garðar og grasræmur meðfram gangstéttum. Skógi vaxin svæði, bæði í borgum og á ræktuðum svæðum, stóðu upp úr varðandi skordýrafjölda og fjölbreytileika tegunda.

Standa undir nánast öllum vistkerfum

Skordýr standa undir nánast öllum vistkerfum á landi og í ferskvatni og skipta sköpum fyrir fæðukeðjuna. Þau eru fæða fugla, skriðdýra og spendýra eins og leðurblaka. Skordýr skipta líka afar miklu máli þegar kemur að frjóvgun, síðast en ekki síst uppskeru, endurvinnslu næringarefna og heilbrigði og loftun jarðvegs. Skordýr fræva meira en 75% af uppskeru á heimsvísu, er það þjónusta sem metin er á allt að 577 milljarða dollara á ári, skv. The Intergovernmental Science-Policy Platform on Biodiversity and Ecosystem Services (IPBES). Harvard-lífvæðingurinn E. O. Wilson hefur einmitt sagt um skordýrin: „Þetta eru litlu dýrin sem stjórna heiminum.“ /sá



MINNINGAR ÞÍNAR

MUNU GLATAST!

SPÓLUR ERU AÐ NÁLGAST ÞAÐ SÍÐASTA



VIÐ YFIRFÆRUM EFNID Á STAFRÆNT FORM

- Á DVD DISKA
- MINNISLYKLA
- STÆRRI MINNISDRIF

FULLKOMINN TÆKJABÚNAÐUR

MYNDFORM

Trönuhraun 1, 220 Hafnarfirði. Sími 534 0400
myndform@myndform.is



FORÐASTAUTAR FYRIR SAUÐFÉ

- Leysast hægt upp í vömbinni
- Virka í u.þ.b 4 mánuði
- Fæst einnig með kopar
- 50 stk í stauk

Ertu klár fyrir fengitímamann?

FJÁRKRÍTAR
FJÁRSPREY
SKÍRLÍFSBELTI
VÉLKLIPPUR
FORÐASTAUTAR O. FL.



www.kb.is



BÚREKSTRARDEILD

Egilsþóli 1
310 Borgarnesi
S: 430-5500



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHUÐUM

ISHURÐIR

www.ishurdir.is
564-0013 | 865-1237

HITABLÁSARAR, ÞURRKAARAR OG RAKAEYÐINGARTÆKI

Þarf að halda hita á vinnusvæði eða þurrka það upp?
Við bjóðum þér fjölbreyttar lausnir á frábæru verði!



VINNUPALLAR

Vinnupallar ehf. - Vagnhöfða 7 - s. 787 9933 - vpallar@vpallar.is - www.vpallar.is

FRÆÐSLA

Skógrækt:

Skógur er matarkista

– Umfjöllun um málþing skógarbænda á Varmalandi – fyrri hluti

Víða var komið við á vel sóttu málþingi skógarbænda sem haldið var að Þinghamri á Varmalandi í Borgarfirði laugardaginn 14. október síðastliðinn.



Hlynur Gauti Sigurðsson.

Í þessari grein verður sagt frá fyrri hluta þingsins sem fjallaði um matvæli sem hægt er að hafa í og af skógi. Í næsta tölublaði Bændablaðsins má vænta umfjöllunar um seinni hluta þingsins sem gekk út á skógarumhirðu og gagnvið. Fyrir áhugasama má nálgast frekari upplýsingar um málþingið undir fréttir á skogarbóndi.is þar sem meðal annars er aðgengilegur hlekkur á myndupptöku af Youtube-síðu Bændasamtaka Íslands.

Samstaða

Þemu málþingsins voru tvö, þ.e. „matur úr skóginum“ og „umhirda skógarins“. Áður en komið var að fræðsluerindum bauð Jóhann Gísli Jóhannsson, formaður búgreina-deildar skógarbænda, gesti velkomna á málþingið og lýsti gleði sinni með að skógarbændur væru aftur komnir saman til að vera með á viðburði sem þessum.

Honum var í sínum opunarorðum hugleikið hversu mikilvægt það væri að að bændur stæðu saman og minnst á hvítleitt orðaskak bænda á milli vegna íhaldssamra búskaparháttá.

Nær væri ef bændur ættu samræður en væru ekki í eltingarlek við laganna bókstaf, en svo virðist sem einmitt sá bókstafur sé valdur að óþarfa ágreiningi milli búgreina.

Meiri samstaða

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtakanna, kom einnig inn á þessi vandræði og sammæltust formennirnir, hann og Jóhann Gísli, um að þessi kurr yrði ekki leystur með einhverju skóhorni í aflögðu fjárhúsi heldur yrði að gera það með víðtækri sátt.

Að öðru leyti sagði Gunnar frá fjölbreyttu starfi sem starfsmenn Bændasamtakanna vinna dags daglega. Hann sagði meðal annars frá stóru verkefni sem snýr beint að loftslagsmálum og senn kemur að því að Kolefnisbrúin taki til starfa á sínu sviði. Að lokum sagði hann frá ómurlegu ástandi í landinu vegna skipulagsmála.

Frumbyggjahyggar

Í erindi Þratar Eysteinssonar skógræktarstjóra, sem flutt var af Aðalsteini Sigurgeirssyni, fagmála- stjóra Skógræktarinnar, var einnig komið



Varmaland í allri sinn dýrð að morgni málþings. Hótel Varmaland á miðri mynd og var málþingið haldið á Þinghamri sem er byggingin lengst frá. Horft til norðurs í átt til Baulu.

Mynd / HGS

inn á skipulagsmál en frá hinum endanum. Það er nefnilega þannig að skipulagsmál eru mannanna verk; byggð á ábúðarfullum ákvörðunum valdamanna hverju sinni. Náttúran er lítið að skipta sér af skipulagsmálum og allra sist á umbreytingartímum loftslags eins og flestir sérfræðingar sammælast um að nú séu í loftinu.

Í erindi Þratar var kynnt til sögunnar nýyrðið „frumbyggjahygga“ þar sem átt er við að manneskjan á það til að setja merkimiða á allt, ólíkt náttúrunni.

Það lýsir sér til að mynda í þróingsýninni við að skipuleggja inn í framtíðina eftir því hvernig hlutirnir voru áður, en ekki eins og náttúran þróast. Staðarefniviður er sem sagt sjaldnast heppilegasta hráefnið.

Sjálfbærni

Eygló Björk Ólafsdóttir, matvæla-framleiðandi hjá Móður Jörð í Vallanesi á Fljótsdalshéraði, sagði frá lífrænum búskap og ræktun í skjóli skóga og skjólbelta.

Ræktarlandið í Vallanesi er um 70 hektarar og er skýlt af 230 hektara skógi og skjólbeltakerfi sem telur um 9 kílómetra.

Matvæli þeirra eru seld um land allt og nemur magn þeirra 120 tonnum á ársgrundvelli. Skógrækt og skjólbeltarækt hefur verið stunduð í Vallanesi í 40 ár og er grundvöllur gjöfullar ræktunar á jörðinni, ár eftir ár. Ekki er nóg með að skjól auki ræktunina vegna hækkanði hitastigs heldur auðgast lífvænlegur jarðvegurinn einnig.



Nokkrir framsögumenn á málþinginu. Mynd tekin eftir málþingið. Á myndinni eru f.v.: Brynjólfur Jónsson, Egill Gautason, Eygló Björk Ólafsdóttir, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Lárus Heiðarsson, Jóhann Frimann Þórhallsson, Agnes Geirdal, Dagbjartur Bjarnason, Björgvin Eggertsson og Eiríkur Þorsteinsson. Á myndina vantar: Bjarna Diðrik Sigurðsson, Björn Bjarnald Jónsson, Cornelis Aart Meijles, Elisabeth Bernard, Gunnar Þorgeirsson og Jóhann Gísli Jóhannsson.

Ekki nóg með að á Vallanesi sé ræktað lífrænt korn og suðrænt grænmeti heldur nýta þau nú aukaafkastur skógarins búinu til framdráttar. Skóginn og skjólbeltin þarf að grisja.

Viðurinn er notaður í borð og planku til uppbyggingar á staðnum og afsagið er notað í kurl í göngustíga og til húshitunar. Auk alls þess er heimaræktaða kornið þurrkað með víði skógarins.

Sveppapepp

Bjarni Diðrik Sigurðsson, prófessor

hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, sagði frá sambyli sveppa. Það er bæði erfitt og einfalt að útskýra sveppi en það er eins og sveppir séu alls staðar, þeir eru límið sem gerir líf mögulegt á jörðinni og sveppir eru stærstu lífverur jarðarinnar. Mjög lítil hluti sveppa er ætur og hér á landi er helst að finna góða matarsveppi í skógunum.

Tré hafa mikla þörf fyrir samlífi með sveppum. Þar sem sveppaflóran er rík dafna trén betur.

Í birkiskógunum er gjarnan góð sveppaflóra enda hefur það vistkerfi fengið langan tíma að mótast.

Í þeim má meðal annars finna eftirsóttustu skógarsveppi Evrópu, þ.e. kóngsveppi og kantarellur.

Skógarmatarkistan

Elisabeth Bernard er mannfræðingur og vinnur hjá Skógræktarfélagi Íslands. Hún sagði frá öllum þeim tækifærum sem leynast í skóginum er við kemur mat.

Forðabúr skógarins gefur einnig tekjur og í Skógræktarritinu ár hvert má sjá yfirlit ýmissa flokka með skógafurðir og magn og tekjur af viðkomandi flokki.



Býfluga að störfum.

Mynd / Agnes Geirdal



Nýgræðingur á rauðgreni er lostæti. Mynd / Elisabeth Bernard



Girnilegir matsveppir í skógarbotni.

Mynd / Elisabeth Bernard



Flaggað var að morgni við félagsheimilið Þinghamar. Gestir koma á málþingið einn af öðrum. Mynd / HGS



Jóhann Gísli, formaður skógarbænda, færir Gunnari, formanni BÍ, þakklætisvott, ilmandi körfu með matvælum út skóginum, fyrir góð störf í þágu skógarbænda. Mynd / Bjarni Diðrik Sigurðsson

Ber eru til dæmis náttúruauðlind sem Íslendingar hafa nýtt óspart í gegnum tíðina og í Finnlandi er sala bláberja að skila þúsund milljarða króna tekjum árlega. Með aukinni skógrækt hefur einnig orðið vakning í nýtingu á sveppum og nú eru sveppir tindir víða um land. Við erum þó enn að átta okkur á aðstæðum og getum nýtt þessa matarkistu enn betur. Með fleiri skógum skapast óteljandi tækifæri.

„Suðfjarrækt“

Agnes Geirdal hefur verið býflugnabóndi í rétt tæpan áratug. Að vera bóndi er lífsstíll en að vera býflugnabóndi er suðandi hamingja. Það er einmitt hljóðsins vegna að fólki fannst viðeigandi að kenna búgreinina við „suðfé“.

Agnes sagði skemmtilega frá lífsferli hunangsflugnanna, allt frá tilhugalífi, skemmtanahaldi og lífshættulegum systkinaerjum. Það er ekkert grín að vera býfluga. Samfélagið er mjög stéttskipt og allir hafa sitt hlutverk. Líf flugnanna snýst um að þjóna drottningu með einræðistilburði og felst fyrst og fremst í að fljúga á milli blóma og koma heim með sætindi handa henni sem kallað er hunang.

Þótt drottningin sé stór þá er hún ekki jafn heimtufrek og manneskjan, en til að þóknast henni þurfa 12 flugur að strita allt sitt líf til að útvega hunang í eina teskeið. Hunang er munaðarvara.

Vögguffill

Cornelis Aart Meijles, sérfræðingur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, sagði frá mörgu fróðlegu í fyrirlestri sínum sem nefndist „Verður bóndinn læknir framtíðarinnar?“ Grasrótarstarf þrífst best í heilbrigðum jarðvegi.

Þróunin í landbúnaði um heim allan hefur haft þá tilhneigingu að drepa jarðveginn jafnt og þétt. Hann fær ekki að dafna með allri þeirri flóru og fínu sem til þarf. Lífið undir fótum

okkar á að iða af örverum, sveppróttum og vera uppfullt af næringarefnum sem plönturnar nýta þegar þær stækka með tilstuðlan sólarinnar. Matvæli í dag eru mun rýrari af næringarefnum og allt öðruvísi en þau voru áður en dauðhreinsaður landbúnaður kom við sögu með öll sín kemisku efni og uppróti.

Við megum ekki líta niður til jarðvegsins, hann er undirstaða allrar ræktunar. Cornelis endaði erindi sitt á því að segja frá vögguffli, en það er planta sem mögulega getur verið ný nytjaplanta til fódurs hér á landi.

Kornrækt

Egill Gautason, sérfræðingur hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, sagði frá mikilvægi skjóls í kornrækt. Uppskeyra á norðlægum stöðum ræðst mikið af verðri.

Með skjóli af trjám má jafna vind og þar með hækka hitastig. Þar sem sumur eru stutt, eins og á Íslandi, má lítið út af bera ef ræktun á að skila þeirri afurð sem vænst er, svo sem í ræktun korns. Korn hefur lengi verið ræktað á Íslandi og eru aðstæður mjög misjafnar eftir landshlutum. Alla jafna gera skjólbeltin mikið gagn en það er þó ekki algilt.

Góð kornupskeyra sýnir sig best í þunga kornsins og því lengur sem hægt er að skýla plöntunni aukast líkur á að korn þroskist og þyngist. Nánar er fjallað um kornrækt í nýlegri skýrslu sem ber nafnið „Bleikir akra“.

Samantekt

Matarkista skógarins er auðlind sem við getum nýtt okkur í mun ríkari mæli en verið hefur.

Víða nýttist skjólið til að rækta matvörur til manneldis, eins og dæmin sýna hjá frumkvöðlunum í Vallanesi, en löngu er orðið tímabært að gefa skógarbotninum gaum og leita markvíst að sveppum, berjum og sinna býflugnarækt. Skógurinn og nýttjar hans eru grundvallarþættir í sjálfbærni þjóðar.



RAFVIRKJAR

Fossraf ehf. óskar eftir að ráða til starfa aðila sem hefur reynslu af rafvirkjun. Til greina kemur að ráða inn nema samhliða öðrum ráðningum. Við leitum að starfsfólki sem er laghent og fellur vel að góðum hópi starfsfólks okkar.

Starfssvið

- Almenn rafvirkjun.
- Þjónustuheimsóknir til viðskiptavina.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Rafvirki, rafeindavirki eða aðili með góða reynslu.
- Drifkraftur og hæfni til að leiða verkefni og/eða hópa.
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.

Fossraf ehf. er að hluta í eigu Fastus ehf. og á sameiginlegu tæknisviði starfa nú ríflega 50 tæknimenn. Félagið þjónustar mörg af stærri fyrirtækjum og stofnunum landsins. Hjá félaginu er samhent og virkt starfsmannafélag. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veitir Birkir Pálsson, birkir@fossraf.is og í síma 897-1855.



Aldrei hefur verið þýðingarmeira að nota bætiefni í eldsneytið, hvort sem er í bensín eða dísel. Motul framleiðir framúrskarandi efni sem hafa jákvæð áhrif á eldsneytiseyðslu og mögulegar bilanir.



Við erum einnig á Reyðarfirði
Sendum vörur um land allt

MOTUL

MOTUL Á ÍSLANDI SÍM 462-4600 MOTUL@MOTULISLAND.IS

LANDGRÆÐSLA



Mosavöndur með fleiri en 8 tegundir mosa úr óraskaðri mýri.

Mosarnir í mýrinni

Flestar mosategundir vaxa við mikinn raka eins og í votlendi og lækjarjöðrum, en svo eru einnig margar sem vaxa í þurrum eyðimörkum og á steinum.

Mosategundum er oft hópað saman í einn flokk í gróðurúttektum, kannski vegna þess að mosar eru margir smáir, það þarf stækkun til að sjá þá almennilega, þeir mynda blandaða mosaþekju eða mosalag þar sem margir þeirra vaxa saman og því getur oft verið erfitt að greina þá til tegunda.

Mosar eru mikilvægir á norðlægum slóðum

Mosarannsóknir síðustu ára sýna aukið mikilvægi þeirra, ekki síst í vistkerfum á norðlægum slóðum þar sem mosalagið stýrir flæði orku og efna milli andrúmslofts og jarðvegs. Virkni er þó breytileg eftir tegundum, t.d. geta sumar tegundir barnamosa (Sphagnum) haldið allt að 20x þurrvigt sinni af vatni. Mikilvægi mosa á Íslandi er þar engin undantekning, enda einstaklega mikil mosaparadís. Yfir 600 mosategundir vaxa hér við ýmsar aðstæður og eru þær mikilvægur hlekkur líffræðilegrar fjölbreytni íslenskra vistkerfa og virkni þeirra.

Eru tengsl milli tegundasamsetningu mosa og ástands mýra á Íslandi?

Í vor hófst verkefni á vegum Landgræðslunnar til að bæta loftslagsbókhalda Íslands þar sem mýrar í fjölbreyttu ástandi (mismunandi skala framræslu, landnýtingu, fjarlægð frá sjó og nálægð við gosbelti) eru vaktarar m.t.t. losunar gróðurhúsalofttegunda og fleiri tengdra þátta. Vöktunarpunktur í mýrum voru metnir til vistgerða og gróðurþekja og tegundasamsetning plantna var mæld. Einnig var gerð tilraun til að meta hnignunarstig mýranna. Við fyrstu úttekt virðast mosar vera næmir fyrir raski og ástand þeirra og tegundasamsetning er góð visbinding um ástand mýra. Í óröskuduðum mýrum fundust margar votlendistegundir mosa en við rask þeirra hafði þeim fækkað verulega og voru oft alveg horfnar eftir framræslu. Á þeim svæðum höfðu þjallendis mosar mestmegnis tekið yfir.

Mýrar eru verðmæt votlendisvistkerfi sem þarf að hlúa miklu betur að á Íslandi

Mýrar geyma verulegan hluta kolefnisforða landsins. Þau



Mosaskoðun við lækjarjaðar.



Barnamosi (Sphagnum) úr mýri.

eru mikilvæg búsvæði plantna, fugla, fiska og smádyra, bæta vatnsbúskap jarðar og geta jafnað sveiflukennt vatnsrennsli og þannig minnkað hættu á flóðum. Því er mikilvægt að vernda óraskaðar mýrar og endurheimta þær sem hefur verið raskað. Það er alltaf opið fyrir umsóknir um samstarf við endurheimt votlendis hjá Landgræðslunni.

Komið og kynnist mosunum í mýrinni betur í Perlunni 5. nóvember nk.

Að lokum vil ég vekja athygli á fjölskylduvíðburði Náttúru-minjasafns Íslands og Landgræðslunnar sunnudaginn 5. nóvember milli kl. 14 og 16 á sýningu Náttúru-minjasafnsins, Vatnið í náttúru Íslands á 2. hæð Perlunnar í Reykjavík.

Viðburðurinn Mosarnir í mýrinni er hluti af Hátið líffræðilegrar fjölbreytni 2023 og er aðgangur ókeypis.

Ágústa Helgadóttir, líffræðingur og staðgengill verkefnastjóra endurheimt votlendis - agusta@land.is

Á FAGLEGUM NÓTUM



Danskar Holstein-kýr eru með þeim afurðamestu í heimi.

Mynd /SnS

Íslensku kýrnar hálfdrættingar danskra stallsystra

NMSM samtökin, sem eru samstarfsvettvangur Norðurlandanna um ýmis málefni sem snerta mjólkurframleiðslu, taka reglulega saman margvíslegar áhugaverðar upplýsingar sem tengjast þróun mjólkurframleiðslu Norðurlandanna.

78 kýr að meðaltali

Undanfarin ár hefur meðalbústærð á Norðurlöndunum aukist jafnt og þétt og virðist á engan hátt vera að hægjast á þeirri þróun. Um síðustu áramót var meðalbúið komið í 78,2 kýr og jókst bústærðin frá árinu 2020 um 8,1%, eða um nærri 6 kýr á hvert bú. Það er mjög svipuð aukning og hefur verið undanfarin ár, u.þ.b. 3 kýr á ári á hvert bú. Breytingin innan Norðurlandanna er

Snorri Sigurðsson

snorri.sigurdsson@outlook.com



Helstu upplýsingar má sjá hér í meðfylgjandi töflu en gögnin miða við stöðu hvers lands í árslok. Þar kemur m.a. fram að innvegin mjólkurframleiðsla Norðurlandanna árið 2022 var alls 12,2 milljarðar kílóa. Eftir nokkuð reglulega aukningu mjólkurframleiðslunnar síðustu árin, hefur hún nú staðið nokkuð í stað og raunar dregist aðeins saman frá metárinu 2020, þegar NMSM tók síðast saman tölur um mjólkurframleiðslu Norðurlandanna, en það ár fór hún í 12,4 milljarða kílóa. Kúabú landanna voru 16.814 talsins í árslok 2022, sem er fækkun um 10,7% frá árinu 2020 þegar þau voru 18.833.

Finnska mjólkurframleiðslan á miklu undanhaldi

Líkt og undanfarin ár er danska mjólkurframleiðslan langumsvifamest innan Norðurlandanna en dönsku kúabúin framleiddu í fyrra 5,7 milljarða kílóa, eða um 47% allrar mjólkur þessara fimm landa. Danska mjólkurframleiðslan jókst lítillega frá árinu 2020, eða um 0,1%. Næstframleiddslumesta landið er Svíþjóð með 2,8 milljarða innveginna kílóa og þar varð örllitill samdráttur í heildarframleiðslunni frá árinu 2020, eða um 0,3%. Finnland sker sig nokkuð úr varðandi þróun mjólkurframleiðslunnar þar varð heildarsamdrátturinn 8,9% á þessu tveggja ára tímabili eða um 211 milljónir kílóa.

Meiri samdráttur var þar en öll landsframleiðslan hér á landi!

Noregur er í fjórða sæti yfir heildarframleiðslu Norðurlandanna og jókst framleiðslan þar lítillega frá árinu 2020, eða um 0,9%. Ísland rekur svo lestina með 1,2% framleiddrar mjólkur Norðurlandanna auk þess sem hér varð samdráttur í framleiðslu um 2% frá árinu 2020.

Meðalbúið að leggja inn 723 tonn


Ársframleiðsla norrænu kúabúanna er auðvitað nátengd bústærðinni, en að jafnaði lagði hvert bú inn 723 þúsund kíló á síðasta ári, sem er aukning um 67 þúsund kíló á tveimur árum. Þessi aukning, rúm 30 tonn á ári, hefur verið nokkuð jöfn undanfarin áratug og samhliða fækkun búa hafa þau sem eftir eru aukið við sig. Rétt eins og undanfarin ár bera dönsku búin höfuð og herðar yfir önnur bú á Norðurlöndunum og raunar í allri Evrópu. Þar var hvert bú að leggja inn að jafnaði 2,4 milljónir kílóa árið 2022 sem er 1,3 milljón kílóum meira en sænsku búin leggja inn að meðaltali og eru þau þó næstframleiddslumestu á Norðurlöndum. Minnst er framleiðsla hvers kúabús í Noregi, en þar voru lögð inn að jafnaði 214 þúsund kíló frá hverju bú árið 2022. Eins og áður segir þá jókst innvigtun kúabúa Norðurlandanna töluvert á þessu tveggja ára tímabili en minnst aukning varð á Íslandi, eða 5,1%. Mest aukning varð á meðalinnleggi danskra búa og jókst framleiðslan þar um 11% á þessu tveggja ára tímabili.




NMSM
Nordiske Meieriorganisasjoners
Samarbejdsudvalg for Mjølkekvalitetsarbejd

	Danmörk		Finnland		Ísland		Noregur		Svíþjóð		Norðurlöndin		Breyting á 2 árum, %
	2020	2022	2020	2022	2020	2022	2020	2022	2020	2022	2020	2022	
Fjöldi kúabúa eitt	2.675	2.412	5.374	4.572	531	495	7.228	6.802	3.028	2.733	18.833	16.814	-10,7%
Fjöldi kúabúa með mjaltþjóna	654	691	1.277	1.368	224	256	2.453	2.762	1.189	1.244	5.797	6.341	9,4%
Fjöldi mjaltþjóna	2.135	2.351	1.996	2.198	271	316	2.571	2.957	2.278	2.559	9.251	10.381	12,2%
Fjöldi mjólkurkúa, þúsundir	569	559	256	243	26	26	208	190	303	298	1.362	1.315	-3,5%
Meðalbústærð	212,7	231,5	47,6	53,2	49,0	52,0	28,8	28,7	100,2	108,9	72,3	78,2	8,1%
Heildarmagn innveginna mjólkur, milljónir kg.	5.672	5.678	2.362	2.151	151	148	1.401	1.414	2.773	2.765	12.359	12.156	-1,6%
Ætlað magn innveginna mjólkur frá mjaltþjónabúum, milljónir kg.	1.412	1.506	1.096	1.203	91	100	849	892	1.212	1.425	4.650	5.126	10,0%
Meðalframleiðsla pr. bú, þúsundir kg	2120	2354	440	470	284	299	194	214	917	1012	656	723	10,2%
Meðalinnvigtun mjólkur í afurðastöð pr. kú	9.968	10.166	9.227	8.841	5.808	5.745	6.736	7.450	9.152	9.289	9.074	9.246	1,9%

Mjólkurframleiðsla Norðurlandanna, ýmsar töluvegur upplýsingar.



Byggt á samantekt tæknihóps NMSM. Próun útbreiðslu mjaltþjónabúa á Norðurlöndunum frá 1998.



Sífelld hærra hlutfall mjólkur kemur frá kúabúum með mjaltþjóna. Mynd /Lely

Þá er ekki tekið tillit til heimanota á mjólk eða mögulegra áfalla vegna sjúkdómameðhöndlunar svo dæmi sé tekið. Í samanburði tæknihóps NMSM er hins vegar notast við upplýsingar um alla innvegna mjólk til afurðastöðvanna í löndunum og svo heildarfjölda skráðra mjólkurkúa í löndunum.

Þegar þetta er reiknað þannig út kemur í ljós að sem fyrr eru mestar afurðir að finna í Danmörku, þar sem hver kýr er að skila að jafnaði 10.166 kg mjólkur í afurðastöð, þar á eftir koma sænsku kýrnar með 9.289 kg og þá þær finnsku með 8.841 kg. Næstafurðalægstu kýrnar eru í Noregi, en að jafnaði eru lögð inn 7.460 kg þar í landi eftir hverja kú. Íslensku kýrnar eru langlægstar og ekki með nema 5.746 kg að meðaltali og eru ekki nema rétt rúmlega hálfdrættingar á við dönsku kýrnar.

Mjaltþjónabúum fjölgaði mest á Íslandi

Það virðist vera lítið lát á fjölgun mjaltþjónabúa á Norðurlöndunum og var fjöldi þeirra kominn í 6.341 í lok síðasta árs og hafði þeim fjölgað um 544 bú, eða um 9,4% á framangreindu tveggja ára tímabili. Það er álíka mikil hlutfallsleg breyting og verið hefur um nokkurt skeið. Þróunin hefur þó verið ólík á milli landanna (sjá bæði mynd og töflu) og fjölgaði búnum mest á Íslandi, eða um 14,3% og þar rétt á eftir kemur Noregur með 13,4%.

Gögnin sýna sem fyrr að þar sem meðalbúastærðin er að jafnaði meiri hefur mjaltþjónabúum fjölgað hægar. Þetta á sér líklega þær skýringar að mjaltþjónar hafa hingað til hentað síður fyrir stærri bú. Það kann þó að vera að breytast núna með tilkomu nýrrar og ódýrari útfærslu mjaltþjóna fyrir stór kúabú. Breytingin felst í því að mjaltþjónarnir eru settir saman á sérstakt mjaltasvæði og kýrnar reknar til mjalta tvisvar til þrisvar á dag. Mjaltþjónar þessara kerfa eru einfaldari að uppbyggingu og búnaði og virðist vera töluverður áhugi á þessari lausn nú um stundir meðal kúabænda sem eru með stór bú. Verður áhugavert að fylgjast nánar með þessari þróun á komandi árum.

Í árslok síðasta árs voru mjaltþjónar á 37,7% kúabúa Norðurlandanna en hæsta hlutfallið var hér á landi, en um síðustu áramót

var þessi mjaltatækni á 51,7% af kúabúum landsins. Í öðru sæti listans eru sænsku búin með 45,5% og þá koma norsku búin með 42,1%.

Meira en tíu þúsund mjaltþjónar!

Fjöldi mjaltþjóna á Norðurlöndunum var 10.381 um síðustu áramót, sem er aukning um 12,2% frá árslokum 2020, eða aukning um 1.130 mjaltþjóna. Fjöldinn skiptist nokkuð bróðurlega á milli landanna utan Íslands og eru flestir mjaltþjónar í Noregi, eða 28,5% þeirra. Næstflestir eru í Svíþjóð, eða 24,7% og í Danmörku eru 22,6% allra mjaltþjóna Norðurlandanna. Finnland er þar skammt undan með 21,2% en íslensku fjósin eru eðlilega neðst á þessum lista með einungis 3,0% mjaltþjónanna á Norðurlöndum.

1,6 mjaltþjónn að meðaltali

Líkt og hér að framan greinir var 10.381 mjaltþjónn á 6.341 kúabúi sem gerir að jafnaði 1,6 mjaltþjóna á hverju bú. Ekki þarf að koma á óvart að dönsku kúabúin eru að jafnaði með flesta mjaltþjóna, eða 3,4 að meðaltali.

Þar á eftir koma sænsku búin með 2,1 mjaltþjónn að jafnaði og svo þau finnsku með 1,6 mjaltþjóna að meðaltali. Á Íslandi voru að jafnaði 1,2 mjaltþjónar á þessum búum í árslok 2022 og 1,1 mjaltþjónn að meðaltali í Noregi.

Ísland í sérflokki

Undanfarin ár hefur tæknihópur NMSM áætlað hlutfall mjólkur frá mjaltþjónabúum og samkvæmt þeim útreikningum þá er nú svo komið að í öllum löndum nema Danmörku er meirihluti framleiddrar mjólkur frá kúabúum með mjaltþjóna.

Langhæsta hlutfallið er á Íslandi, eða 68% og svo er Noregur skammt undan með 63%. Þá er talið að 56% allrar framleiddrar mjólkur í Finnlandi sé frá mjaltþjónafjósum og 52% í Svíþjóð. Langlægsta hlutfallið er í Danmörku, eða 27%. Vegna umfangs dönsku mjólkurframleiðslunnar þá heldur hún meðaltali Norðurlandanna vel undir 50% og var þetta hlutfall 42% í árslok 2022 fyrir Norðurlöndin í heild.



FALLEGAR VÖRUR
FYRIR HEIMILIÐ
& BARNIÐ

SENDUM ÚT UM
LAND ALLT

10% Afsláttarkóði:
Bóndinn

Fjörður verslunarmiðstöð, Hafnarfjörður
mdesign.is





VINNUVÉL, VINNUBÍLL, VÖRUBÍLL, SÉRHÆFT IÐNAÐARTÆKI?
VIÐ FINNUM RÉTTA TÆKIÐ EÐA KAUPANDANN FYRIR ÞIG.



UMBOÐSAÐILI LIDER VAGNA
OG LARK HÚSA Á ÍSLANDI



Scanice
www.scanice.is




HUGUM AÐ HAUGNUM

Haugdælur og - hrætur

HAUGDÆLUR

- 6" dælur með þrítengi
- Stillanlegar lengdir
- Að fullu galvaniseraðar

2,4-3,0m: 1.375.900 kr. + vsk.

2,7-3,3m: 1.425.900 kr. + vsk.

HAUGHRÆTUR

- 6,1 metrar
- 650mm skrúfa

776.000 kr. + vsk.



Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi | Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum | www.landstolpi.is
480 5600 | 480 5610 | landstolpi@landstolpi.is



„Bændur ættu að íhuga erfðamengjakynbótamat þegar þeir kaupa og selja kvígur. Erfðamengjakynbótamat gefur mun betra mat á ágæti þessara gripa heldur en einfalt foreldrameðaltal.“

Mynd / Aósend

Arfgreiningar og erfðamengjakynbótamat

Í þessari grein er meiningin að fjalla stuttlega um breytingar í ræktunarstarfinu í naut griparækt með tilkomu erfðamengjaúrvals og venjubundnum arfgreiningum á kálfum.



Egill Gautason.

Fyrst er að nefna að erfðamengjaúrval felur í sér aðra aðferð við að meta kynbóttagildi.

Á 20. öld voru þróaðar aðferðir til þess að meta kynbóttagildi, það er virði gripa til undaneldis, með því að nýta skyldleika samkvæmt ættartölu, og mælingar á gripnum sjálfum og ættingjum. Straumhvörf urðu þegar svokallaðar BLUP (*e. best linear unbiased prediction, isl. besta línulega óbjagaða spá*) aðferðir voru teknar í notkun á 8. og 9. áratug síðustu aldar.

Árið 1993 var BLUP einstaklingslíkan síðan tekið í notkun í íslenska

kúastofninum, og byggði það á vinnu Ágústs Sigurðssonar.

BLUP einstaklingslíkan var síðan notað allt fram til þess að erfðamengjakynbótamat (*e. genomic estimated breeding value, einnig kallað erfðamat*) var tekið upp. Líkanið sem nú er notað hér á landi er þróun á BLUP einstaklingslíkaninu og kallast á ensku single step GBLUP, oft skammstafað ssGBLUP.

Munurinn felst í því að í stað þess að ættartala sé notuð til að reikna skyldleika gripa, þá eru upplýsingar frá ættartölu og arfgreiningum sameinaðar. Í doktorsnámi mínu gerði ég samanburð á öryggi hefðbundna kynbótamatsins (byggt á ættartölu og nýja erfðamengjakynbótamatsins (byggt á ættartölu og arfgreiningum)). Þær niðurstöður hafa verið birtar í ritrýndu vísindatímariti og sýndu að erfðamengjakynbótamatið gaf töluvert herra öryggi en það hefðbundna.

Munur á erfðamengja-kynbótamati og hefðbundnu kynbótamati

Í grundvallaratriðum er erfðamengjakynbótamat og hefðbundið kynbótamat sama hugtakið. En þó eru ákveðin atriði sem þarf að haga hugfast við túlkun þess, einkum hvað varðar öryggi matsins. Fyrst er að rifja upp nokkur hugtök sem bændur ættu að kunna skil á. Kynbótamat er mat á kynbóttagildi einstaks gripis.

Öryggi kynbótamatsins er síðan fylgni milli kynbóttagildis gripisins og kynbótamatsins. Með engar upplýsingar um gripinn sjálfan eða ættingja er öryggið 0, en öryggið nálgast 1 með auknum upplýsingum. Bestu mögulegu upplýsingar eru afkvæmaprófanir þegar mörg hundruð eða mörg þúsund afkvæmi hafa verið mæld. Í slíkum tilvikum er kynbótamatið metið með nær 100% vissu og öryggi nálægt 1.

Öryggi kynbótamats mótast einnig mjög af arfgengi eiginleika; því herra arfgengi, því herra öryggi. Kynbótamat gripis sem hefur engar eigin mælingar er meðaltal kynbótamats móður og föður, kallað foreldrameðaltal. Foreldrameðaltalið hefur aldrei hátt öryggi, vegna þess að það byggir eingöngu á upplýsingum frá ættingjum en ekki neinum upplýsingum frá gripnum sjálfum.

Öryggi kynbótamats hjá arfgreindri og ekki arfgreindri kvígu

Í núverandi kynbótamatskerfi er erfðamengjakynbótamat reiknað fyrir bæði arfgreinda og ekki arfgreinda gripi. En hvort gripurinn er arfgreindur skiptir sköpum fyrir öryggi matsins.

Hugsamur okkur kvígu sem ekki er enn farin að mjólka og hefur því enga mælingu fyrir nyt. Ef gripurinn er ekki arfgreindur, þá byggir erfðamengjakynbótamat

hennar einungis á meðaltali foreldra. Öryggi þess er svipað og öryggi foreldrameðaltals með hefðbundnu kynbótamati byggt á ættartölu. Ef gripurinn er arfgreindur, þá bætast upplýsingar við fyrir kynbótamatið og öryggið hækkar.

Það má segja, með nokkurri einföldun, að arfgreiningin meti hversu vænlegar samsætur gripurinn hefur hlotið frá foreldrum sínum og bætir þeim gögnum við kynbótamatið. Þegar kvígan byrjar að mjólka koma síðan meiri gögn. Þá fer að draga saman með öryggi erfðamengjakynbótamats og hefðbundins kynbótamats. Stærsti munurinn er því í kynbótamati gripa áður en þeir fá mælingar. Það er mikilvægt að bændur geri sér grein fyrir því að arfgreiningin skilar herra öryggi á kynbótamati en foreldrameðaltalið. Sumir bændur eiga arfgreinda tvíkelfinga og þeir hafa sumir veit því athygli að kálfarnir fá ekki sama kynbótamat. Tvíkelfingar eru alsystkini og

Gríðarleg tækifæri í menntun á sviði landbúnaðar og lífvísinda

Frá 23. til 25. október 2023 fór fram allsherjafundur í Háskólanum í Almería á Spáni þar sem yfir hundruð sérfræðingar frá átta evrópskum lífvísindaháskólum komu saman undir merkjum UNIGreen samstarfsins.



Jóhanna Gísladóttir.

Landbúnaðarháskóli Íslands er einn af þessum átta háskólum, og sóttu fulltrúar á breiðu sviði starfsemi háskólans viðburðinn, meðal annars þeir sem vinna að alþjóðasamskiptum, á kennsluviði, endurmenntun, tölvutækni, rannsóknunum og almanna-tengslum.

UNIGreen háskólanetið miðar að því að endurhugsa menntun í landbúnaði, lífvísindum og líftækni til að mæta áskorunum samtímans og stuðla að grænni umbreytingu. Hugmyndafræði samstarfsins er



Hér er íslenski hópurinn sem tekur þátt í innri vinnuhópum. F.v.: Eva Hlín Alfreðsdóttir, alþjóðaskrifstofa, Áshildur Bragadóttir endurmenntunar- og nýsköpunarstjóri, Jóhanna Gísladóttir lektor, Gunnhildur Guðbrandsdóttir, kennsluskrifstofa, Utra Mankasingh verkefnastjóri, Eva Símonardóttir, tölvuþjónusta, Rósa Björk Jónsdóttir, markaðs- og kynningarsvið, Christian Schultze rannsókn- og alþjóðafulltrúi. Öll eru þau fulltrúar í mismunandi vinnuhópum og eru Jóhanna og Christian einnig í yfirstjórn netsins og síðan stýra Christian og Utra sínum vinnuhóp um gæðamál og endurgjöf.

[ELDVARNAR] handalagló

TRYGGJUM FÓLKI OG SKEPNUM ÖRUCCAR FLÓTTALEIÐIR Í ELDSVOÐA

Gera þarf neyðaráætlun um hvernig bregðast á við eldsvöða á heimili og í gripahúsum

Er allt í lagi hjá þér?

Því með sama foreldrameðaltal. Arfgreiningin metur vænleika þess erfðaefnis sem hvor kálfur hefur fengið, og þær upplýsingar fara inn í erfðamengjakynbótamatíð. Í sumum tilvikum er mikill munur á kynbótamati tvíkeltinga.

Öryggi kynbótamats hjá sæðinganautum

Hugsum okkur nú muninn á erfðamengjakynbótamati sæðinganna og því kynbótamati sem var reiknað fyrir reynd og óreynd sæðinganaút í gamla afkvæmadómakerfinu.

Óreyndu nautin höfðu kynbótamat sem var einfaldlega foreldrameðaltal. Reyndu nautin höfðu hins vegar kynbótamat sem byggði á mælingum á nokkrum tugum dætra að lágmarki. Öryggi á kynbótamati þeirra var í kringum 0,9. Í nýja kerfinu eru nautkálfar valdir eingöngu á grundvelli arfgreininga og öryggið á kynbótamati þeirra er því einhvers staðar á milli öryggisins fyrir reynd og óreynd naut í gamla kerfinu.

Þetta þýðir að meiri líkur eru á að innbyrðis röðun nautanna breytist þegar dætur þeirra fara að mjólka. Það er því ekki vænlegt að veðja of mikið á sama nautið. Þegar öll kurl eru komin til grafar getur því verið að hæst metna sæðinganautið sé ekki það besta. Hins vegar vil ég undirstrika að fræðin kenna, og reynslan erlendis hefur sýnt án nokkurs vafa, að erfðafarmfarir eru hraðari með erfðamengjaúrvali heldur en með afkvæmadómum. Ástæðan fyrir því er aðallega sú að erfðamengjaúrvalið styttr ætliðabilið verulega.

Arfgreiningin ekur öryggi verulega

Ég vil hnykkja á því að þó að öryggi erfðamengjakynbótamats sé lægra en öryggi afkvæmaprófaðra gripa, þá er öryggið mun hærra en öryggi foreldrameðaltalsins. Gögnin benda til þess að öryggið aukist um það bil 50% fyrir afurðaeiginleika þegar gripur er arfgreindur. Með aukinni gagnasöfnun verður erfðamengjakynbótamatíð með enn hærra öryggi.

Erfðamengjakynbótamat sem bústjórnartæki

Hægt er að nota arfgreiningar á ýmsa aðra vegu en til að reikna erfðamengjakynbótamat. Erlendis hafa arfgreiningar orðið mikilvæg bústjórnartæki.

Meðal annars nota bændur erfðamengjakynbótamat til að velja kvígur til að selja, sæða með holdasæði og sæða með kyngreindu sæði. Kyngreint sæði er ekki á boðstólum á Íslandi enn sem komið er, og óleyfilegt að sæða alíslenskar kvígur með holdasæði. En bændur ættu að íhuga erfðamengjakynbótamat þegar þeir kaupa og selja kvígur. Erfðamengjakynbótamat gefur mun betra mat á ágæti þessara gripa heldur en einfalt foreldrameðaltal.

Gagnleg erfðamörk

Þá er að nefna að arfgreiningaflagan sem er notuð á Íslandi hefur verið hönnuð sérstaklega fyrir mjólkurkúr. Því er að finna ýmis erfðamörk sem hafa áhrif á framleiðslueiginleika eða valda erfðagöllum.

Meðal annars eru erfðamörk fyrir hornalag, svartan lit og rauðan, og ákveðin mjólkurpróteín. Það kostar þó nokkrar rannsóknir og tíma að sannreyna áhrif þessara erfðamarka í íslenska stofninum, áður en hægt er að birta þessar upplýsingar fyrir kúr og sæðinganaút. Með frekari rannsóknum verður vonandi hægt að finna áhugaverð erfðamörk fyrir íslenska stofninn og bæta þeim á arfgreiningaflöguna.

Rannsóknir með arfgreiningum

Enn má nefna mikla möguleika í rannsóknum. Með arfgreiningunum og gögnum úr skýrsluhaldi er hægt að leita að svæðum í erfðamengi íslenskra kúa sem hafa áhrif á framleiðslueiginleika, og víkjandi skaðlegum samsætum.

Nú er í gangi verkefni þar sem leitað er að svæðum sem valda fósturdauða eða dauðfæddum kálfum. Fyrstu niðurstöður benda til þess að slík meingen sé að finna í íslenskum kúm. Slíkar uppgötvunar hafa verið gerðar í mörgum erlendum kynjum og nú eru slíkar rannsóknir einnig að hefjast í okkar íslenska stofni.

Vonandi hefur þessi pistlingur eftl skilning einhverra á þeim breytingum sem hafa orðið á kynbótamatinu. Miklar breytingar hafa orðið á kynbótakerfinu og fleiri breytingar eru yfirvofandi með frekari rannsóknum og þróunarstarfi.

Egill Gautason,
lektor við Lbhl.

grænn, evrópskur háskóli sem skuldbindur sig til að finna lausnir til framtíðar. Öll erum við að kljást við sömu mikilvægu spurningarnar um það hvernig framleiða megi matvæli á sem sjálfbærastan hátt, með nýsköpun að leiðarljósi.

Ljóst er að í samstarfinu felast gríðarleg tækifæri fyrir nemendur og starfsfólk Lbhl að stunda nám, afla sér þekkingar og fara í samstarf við þá evrópsku skóla innan samstarfsins, í Frakklandi, á Ítalíu, Spáni, í Búlgaríu, Portúgal, Póllandi og Belgíu. Nú þegar er verið að móta verkferla til að hvetja nemendur til að stunda nám við samstarfsháskóla innan UNIGreen háskólanetsins. Slík samvinna stuðlar ekki aðeins að fjölbreytilegu námsumhverfi heldur hraðar það miðlun á rannsóknum og aðferðum.

Sérstök áhersla er á að auka og efla framboð doktors- og meistaranáms á fagsviðum samstarfsins, auk þess að skapa öflugar tengingar við atvinnulífið í gegnum nýsköpun. Stefan er að bjóða upp á fyrsta doktorsnámið haustið 2024 með áherslu á landbúnaðarvísindi og tækni. Þá verður komið á fót sameiginlegum prófgráðum þar sem sérfræðiþekking og styrkleikar hvers háskóla fyrir sig mun spila mikilvægt hlutverk



Frá fundinum.

svo nemendur öðlist gagnýta þjálfun á sínu sérsviði. Það þýðir að ef rannsóknarinnviðir okkar standi hinum háskólunum framar á tilteknu sviði getum við fengið til okkar alþjóðlega nemendur sem þjálfast á því sviði, og öfugt.

Landbúnaður á Íslandi stendur á krossgötum og þetta samstarf mun efla menntun á sviðinu ásamt því að auka tækifæri og þróun nútímataekni í íslenskum landbúnaði.

Jóhanna Gísladóttir lektor.



til heiðurs Jóni Bjarnasyni, fv. skólastjóra Bændaskólans á Hólum.
Haldið í aðalbyggingu Háskólans að Hólum í Hjaltadal fimmtudaginn
16. nóvember. Dagskráin hefst stundvíslega kl: 9:30 og lýkur kl: 16.
Málþingsstjóri: Bjarni Maronsson.

Frummælendur:

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ráðherra háskóla- iðnaðar og nýsköpunar.

Sýn ráðherra á hlutverk Háskólans á Hólum til næstu fimm ára og til lengri framtíðar.

Sr. Gísli Gunnarsson Vigslubiskup á Hólum. Hólastaður, skóli og kirkja, órjúfanleg heild frá örófi alda.

Ingibjörg Gunnarsdóttir aðstoðarrektror vísinda Háskóla Íslands. Á Háskólinn á Hólum að veðja á sérstöðu í vísindum og verkefnavali, eða keppa við aðra mennta- og rannsóknarstofnanir um hylli nemenda og fjármagn?

Vilhjálmur Egilsson, fv. alþingismaður og fv. rektor Háskólans á Bifröst. Gildi háskóla/menntastofnana fyrir uppbyggingu og velgengi landsbyggðarinnar, efnahags- og félagslega. Hvert hefur framlag Háskólans á Hólum verið á Norðurlandi?

Gunnar Rögnvaldsson, fv. nemandi og ráðsmaður á Hólum. Hólar, samfélag fólks á tímum uppbyggingaráranna 1980-2000. Félagsandi og samvinna meðal starfsfólks og nemenda er það lyftistöng framfara og árangurs?

Skúli Skúlason, prófessor við fiskeldis og fiskalífrræðideild Háskólans á Hólum og fv. rektor.

Vísindastarfið á Hólum, hverju hefur það skilað skólanum og samfélaginu?

Ólafur Sigurgeirsson, lektor við fiskeldis- og fiskalífrræðideil Háskólans á Hólum.

Að hve miklu leyti mætti menntun/rannsóknarstarf í fiskeldi þörfum atvinnugreinarinnar?

Ingibjörg Sigurðardóttir, deildarstjóri ferðamálaeildar Háskólans á Hólum.

Samfélags- og efnahagslegt gildi starfsins á Hólum. Hvert er framlag þeirra atvinnugreina sem Háskólinn á Hólum hefur valið að mennta starfsmenn til?

Guðrún Stefánsdóttir, dósent við hestafræðideild Háskólans á Hólum.

Breytt notkun á hestum, reiðmennsku og kynning á hestinum hérlendis og í útlöndum. Hvernig stenst Háskólinn á Hólum samkeppni á þessu sviði?

Arnar Már Ólafsson, ferðamálastjóri. Mæta menntun og rannsóknir Háskólans á Hólum þörfum atvinnugreinarinnar?

Hólmfríður Sveinsdóttir rektor Háskólans á Hólum. Dregur saman það sem hefur komið fram á málþinginu og hvað af því má læra. Lýsir viðhorfum sínum til stöðu Háskólans og Hólastaðar nú og fyrir

hverju hún ætlar að beita sér í starfi skólans í bráð og lengd.

Jón Bjarnason fv. Skólastjóri Bændaskólans á Hólum og fv. ráðherra. Horfir yfir sviðið fyrr og nú.

Málþingi slitið.

Vinsamlegast skráið þátttöku á netfanginu: k108@simnet.is

Kaffiveitingar og hádegismatur verður í boði fyrir gesti.

Velkomin heim að Hólum

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt málþingið:



MARÁS

Léttar og meðfærilegar
brunadælar frá Tohatsu



V20FS
46kg
525 L/min (6 Bar)
Bensín 1cyl / 2 gengis
Sogar 9 metra hæð

VE1500
107kg
2050 L/min (6 Bar)
Bensín 2cyl / 2 gengis
Sogar 9 metra hæð
Hægt að raðtengja..
..1 Km hver dæla



Marás ehf
Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
S: 555 6444 - www.maras.is

Fagleg ráðgjöf, sala og þjónusta.
Bjóðum aðeins viðurkenndan búnað.



Tómt byggstrá sem bar sex raðir af byggi fyrir storminn.

Stormasamt ár í korn tilraunum

Byggjrkjatilraun á melajörð á Hvanneyri varð fyrir miklu áfalli í austanstormi 1. september síðastliðinn. Gríðarlegt tjón varð á tilrauninni eins og byggökrum víða eftir storminn. Niðurstöður tilraunarinnar sýndu veðurþol tvíraða yrkja.



Hrannar Smári Hilmarsson.

Sáð var 1. maí í svellkalda jörð á melajarðveg á Hvanneyri. Borið var á því sem samsvarar 500 kg/ha af 15-7-12 áburði og allt fellt niður með sáðinu. Sáð var til 29 mismunandi arfgerða, 14 tvíraða og 15 sexraða. Þar af voru 14 íslenskar kynbótalinur og fjögur skráð íslenskir yrki til samanburðar við 11 erlend yrki sem voru á sáðvörumarkaði í vor.

Vorið var blautt og kalt fram undir mánaðamótin júní-júlí þegar sól tók að skína með lítilli sem engri úrkomu út ágúst. Þau tíðindi urðu að stormur gekk yfir 1. september og stóð í nokkra daga en var hvassast fyrst þegar meðalvindhraði stóð í 27 m/sek og hviður í rúmum 40 m/sek. Tilraunin var svo skorin 20. september í góðum þurrki.

Niðurstöðurnar sýndu að snemmsproka bygg kom verr út en seinprosa bygg sem var enn grænt þegar veðrið gekk yfir. Grænt bygg á það til að sveigjast í vindi fremur en að brotna eins og stökkt þroskað bygg. Tvíraða bygg er oftar seinna til þroska en sexraða í tilraunum. Í umræddri tilraun var sexraða bygg að meðaltali tveimur dögum fljóttara til skriðs og 10% þurrara við skurð en tvíraða. Tvíraðakorn heldur fast í kornið í axinu, en sexraða bygg er viðkvæmara fyrir því að hrynja úr axinu.

Tölfræðileg greining sýndi að fylgni milli uppskeru sexraða byggs og hruns úr axi var sterk neikvæð ($r = -0,84$) og hámarktæk ($p < 0,001$) en fyrir tvíraða var fylgnin og marktæknin minni ($r = -0,28$; $p < 0,1$). Sem þýðir að uppskerutap í sexraða arfgerðum útskýrist að nánast öllu leyti af hruni úr axi. Í tilraunum síðustu ára hefur sexraða bygg alltaf verið uppskerumeira en tvíraða að meðaltali en í þessari tilraun var því öfugt farið og sexraða korn uppskeruminna (2,7 t/ha) samanborið við tvíraða (3,4 t/ha). Þrátt fyrir þessi meðaltöl raðgerða var uppskerumesta arfgerðin í tilrauninni sexraða með tæp 5 t/ha. Þessi sexraða arfgerð er dvergvoxin og mældist rétt rúmum 50 cm á hæð en meðalhæð sexraða yrkja var 78,5 cm. Meðalhæð tvíraða arfgerða í tilrauninni



Kornið liggur allt í sverðinum eftir storminn.

var 58,5 cm en þar vegur þungt talsverður fjöldi dvergvoxinna arfgerða sem mældust rúmum 40 cm á hæð. Samkvæmt fylgni greiningar sýndu dvergvoxnu arfgerðirnar meiri strástyrk sem leiddi til meiri uppskeru.

Um strástyrk

Uppskerumagn hefði getað orðið í meðallagi gott í tilrauninni en áhrif stormsins voru greinilega mikil eins og sjá má á meðfylgjandi myndum. Mestur var skaðinn vegna hruns úr axi en stráin brotnuðu einnig við hné og sumar arfgerðirnar tóku að leggjast. Þessir eiginleikar eru allir mismunandi og við þá bætist hálsbrotni en það er þegar stráid brotnar rétt undir axinu sem fellur heilt ofan í svörðinn (meira um það síðar). Allir þessir eiginleikar geta flokkast undir strástyrk.

Strástyrkur kemur fram í ýmsum eiginleikum sem við vitum of lítið um. Til að mynda vitum við ekki hvort erfðafylgni sé milli eiginleikanna en við vitum að svipgerðarfylgni milli legu og strábrotis er neikvæð. Þessir eiginleikar strástyrks koma ekki alltaf fram í tilraunum og getur verið vandasamt að meta.

Hæð byggs kemur alltaf fram og einföld mæling í framkvæmd og lítil samspilsáhrif milli mælingamanna. Arfgengi fyrir hæð er með því hæsta sem mælist meðal eiginleika í byggtilraunum LbhÍ. Þetta þýðir að einfaldasta, ódýrasta og skilvirkasta leiðin til þess að ná auknum strástyrk í víðri merkingu er að stytta stráid. Þess skal þá um leið getið að ekkert samband er milli hálmagns og hæðar, tvíraða bygg skilar alltaf meiri hálm en sexraða vegna þess að tvíraða bygg myndar fleiri hliðarsprota. Hér er þess þó ógetið hve vel tekst til við skurð dvergvoxinna yrkja í ójöfnu landi.

En eins og einn búvísindanemi sagði í kornakrinum á haust, „það þýðir ekki að kynbæta kornið fyrir ójöfnu ökrum“.

Hrannar Smári Hilmarsson, tilraunastjóri í jarðrækt hjá LbhÍ



Vitað er að samsetning á CO₂ auðgun og viðbótarlýsingu getur haft meiri jákvæð áhrif á vöxt og uppskeru plantna en aukning hvors þáttar fyrir sig. En ef báðir umhverfisþættir eru bornir saman, er áhrif viðbótarljóss á uppskeru betri en CO₂ auðgun og því er mælt frekar með að auka ljósstyrkin.

Mynd / Aðsenn.

Á að nota CO₂ í tómataræktun og ef svo er, hversu mikið?

– Nýjustu niðurstöður úr gróðurhúsatómataræktun að vetri

Eins og fram kom í 2. tölublaði Bændablaðsins 2023 var kynnt tilraun með tómatu sem gerð var veturinn 2022/2023 í tilraunagróðurhúsi á Reykjum með mismunandi styrkleika CO₂ auðgunar.



Christina Stadler.

Þar var einnig fjallað um uppsetningu tilraunar og sjást þar myndir frá öllum CO₂ meðferðum. Markmiðið með tilrauninni var að rannsaka samspil ljóss og mismunandi styrkleika CO₂ auðgunar á vöxt tómatu, uppskeru og gæði yfir háveturinn og athuga hvað er hagkvæmast.

Verkefnisstjóri undirrituð og verkefnið var unnið í samstarfi við tómatabændur og styrkt af Þróunarsjóði garðyrkjunnar og Matvælasjóði.

Tilraunaskipulag

Gerð var tilraun með óágrædda tómatu (*Lycopersicon esculentum* Mill., yrki 'Completo') frá lok nóvember 2022 og fram í lok mars 2023 í tilraunagróðurhúsi á Reykjum. Tómatarnir voru ræktaðir í steinullarmottum í þremur endurtekningum með 2,5 toppi/m² með einum toppi á plöntu.

Prófaðar voru fjórar mismunandi CO₂ meðferðir með HPS topplýsingu (450-470 μmol/m²/s) að hámarki í 16 klst.:

1. náttúrulegar CO₂ aðstæður (0 ppm CO₂),
2. 600 ppm CO₂ auðgun (600 ppm CO₂),
3. 900 ppm CO₂ auðgun (900 ppm CO₂),
4. 1200 ppm CO₂ auðgun (1200 ppm CO₂).

Gögn úr gróðurhúsátölvu (meðaltal yfir ræktunartímabil)	CO ₂ (ppm)			
	0	600	900	1200
Lofthiti (°C)	21,6	21,8	21,6	21,5
Undirhiti á daginn (°C)	40,5	40,4	40,8	40,1
CO ₂ (ppm)	372	564	819	1068
Gluggaopnun (%)	2,8	3,0	2,5	2,3

Tafla 1: Stillingar í klefum samkvæmt gróðurhúsátölvu í mismunandi CO₂ meðferðum.

Ræktunarefni (°C)	CO ₂ (ppm)			
	0	600	900	1200
Ræktunarefni (°C)	20,9 b	21,4 a	20,7 b	20,9 b
Laufhiti (°C)	19,8 b	20,2 a	19,5 c	18,8 d

Tafla 2: Mælingar í ræktunarefni og laufhita í mismunandi CO₂ meðferðum. Taflan gefur til kynna marktækan mun (HSD, $p \leq 0,05$).

Söluhæf uppskera (kg/m ²)	CO ₂ (ppm)			
	0	600	900	1200
Söluhæf uppskera (kg/m ²)	7,2 b	15,7 a	15,5 a	16,3 a
Uppskornir klasar (fjöldi/m ²)	25	28	28	28
Söluhæf uppskera (kg/klasa)	0,29	0,56	0,55	0,58
Meðalþyngd söluhæfrar uppskeru (g/aldin)	73 c	83 b	85 ab	87 a

Tafla 3: Uppskera á tómtum árið 2022/2023 í mismunandi CO₂ meðferðum. Taflan gefur til kynna marktækan mun (HSD, $p \leq 0,05$).

Fjöldi markaðshæfra aldina	CO ₂ meðferð (ppm)		
	1. fl. (fjöldi/m ²)	2. fl. (fjöldi/m ²)	samtals (1. fl. + 2. fl.) (fjöldi/m ²)
CO ₂ meðferð (ppm)			
0	7 c	96 b	103 b
600	48 b	152 a	199 a
900	56 ab	131 a	198 a
1200	71 a	124 ab	195 a

Tafla 4: Markaðshæfni uppskeru, fjöldi aldina eftir mismunandi CO₂ meðferðum. Taflan gefur til kynna marktækan mun (HSD, $p \leq 0,05$).

CO ₂ meðferð (ppm)	Söluhæf uppskera		Ósöluhæf uppskera			
	1. fl. > 55 mm	2. fl. > 45-55 mm	of smá	stílrót	illa löguð	græn
0	4 c	39 b	26 a	0 a	0 a	31 a
600	17 b	44 a	13 b	0 a	0 a	26 b
900	22 ab	40 b	13 b	0 a	0 a	25 bc
1200	28 a	37 b	12 b	0 a	0 a	23 c

Tafla 5: Hlutfallsleg skipting söluhæfra og ósöluhæfra tómatu eftir CO₂ meðferðum. Taflan gefur til kynna marktækan mun (HSD, p ≤ 0,05).

Hagkvæmni tölur	CO ₂ (ppm)			
	0	600	900	1200
Orkunotkun (kWh)	29.723	29.723	29.723	29.723
Skilvirkni orkunotkunar (kg/kWh)	0,013	0,028	0,027	0,029
Raforkukostnaður + fjárf.kostn. í ljósi (ISK/m ²)	6.372	6.372	6.372	6.372
CO ₂ kostnaður (ISK/m ²)	0	2.477	4.020	7.104
Framlegð (ISK/m ²)	-5.710	-3.117	-4.684	-7.276

Tafla 6: Hagkvæmni tölur eftir mismunandi CO₂ meðferðum.

Hiti var 18°C (dag og nótt). Hitarör voru stillt á 35°C eftir útplöntun og hækkad í 40°C um miðjan janúar og í 45°C um miðjan febrúar. Tómatarnir fengu næringu með dropavökvun. Áhrif ljóss og CO₂ auðgunar voru prófaðar og framlegð reiknuð út.

Niðurstöður og umræða

Lofthitastig, undirhitastig og gluggaopnun voru sambærileg á milli klefa (tafla 1). Hiti í ræktunarefni var eins á milli klefa, en marktækt hærri í „600 ppm CO₂“. Laufhiti lækkaði marktækt með aukinni CO₂ auðgunar vegna þykkara laufs (tafla 2).

Plönturnar voru með fleiri klasa með CO₂ auðgun. Markaðshæf uppskera var 7,2 kg/m² eða 0,29 kg/klasa án CO₂ auðgunar, en tvöfalt meiri (15,5-16,3 kg/m² eða 0,55-0,58 kg/klasa) með CO₂ auðgun (tafla 3). Meiri uppskeru má rekja til þess að fyrsta flokks uppskera var marktækt meiri vegna hærri meðalþyngdar og fjölda markaðshæfra aldina (tafla 3, tafla 4). Styrkleikar af CO₂ auðgun hafa hins vegar ekki áhrif á markaðshæfni uppskeru í þyngd og fjölda uppskorinna aldina. En fyrsta flokks uppskera jókst vegna meiri þyngdar aldins og aukins fjölda markaðshæfra aldina með hærri styrkleika af CO₂ augun (tafla 3, tafla 4). Mikil uppskera í „600 ppm CO₂“ samanborið við hinar tvær CO₂ auðgunarmeðferðirnar gæti orsakast af hærri hita í ræktunarefni plantanna, en lofthiti var sambærilegur milli CO₂ meðferða (tafla 1, tafla 2).

Hlutfall uppskerunnar sem hægt var að selja var 40% við náttúrulegar CO₂ aðstæður og orsakast það vegna mjög mikils magns af of litlum aldinum. Hins vegar, með CO₂ auðgun jókst markaðshæfni uppskeru í meira en 60%. Þar með jókst magn fyrsta flokks aldina af heildaruppskeru með aukinni CO₂ auðgun, en hlutfall of litilla aldina og grænna aldina var óháð styrkleika af CO₂ auðgun (tafla 5).

Þar sem dagleg notkun á kWh's var sú sama milli CO₂ meðferða, var skilvirkni orkunotkunar meiri með CO₂ auðgun samanborið við plönturnar sem ræktaðar voru við náttúrulegar CO₂ aðstæður.

Raforkukostnaður og fjarfestingarkostnaður í ljósi var stór þáttur í rekstrarkostnaði og það sama má segja um CO₂ kostnað þegar hár styrkleiki CO₂ auðgunar var valinn (tafla 6).

Þegar minnsta magn af CO₂ auðgun var borin saman við meðferð með náttúrulegu CO₂, jókst uppskera um 8,5 kg/m² og framlegð um 2.600 ISK/m² (tafla 3, tafla 6). Að auka CO₂ enn frekar í „900 ppm CO₂“ samanborið við „600 ppm CO₂“, leiddi til 0,2 kg/m² minni uppskeru og 1.600 ISK/m² minni framlegð. Hæsta CO₂ auðgunin gaf samanborið við „900 ppm CO₂“ 0,8 kg/m² meiri uppskeru, en 2.600 ISK/m² minni framlegð.

Ályktun

Vitað er að samsetning á CO₂ auðgun og viðbótarljósi getur haft meiri jákvæð áhrif á vöxt og uppskeru plantna en aukning hvors þáttar fyrir sig. En ef báðir umhverfisþættir eru bornir saman, er áhrif viðbótarljóss á uppskeru betri en CO₂ auðgun og því er mælt frekar með að auka ljósstyrkinn.

Undir viðbótarljósi er út frá hagkvæmnisjónarmiði mælt með:

- að rækta tómatu með CO₂ auðgun,
- en CO₂ auðgun ætti ekki að vera meiri en 900 ppm CO₂.

Fleiri rannsóknir eru nauðsynlegar með mismunandi CO₂ auðgun og ljósstyrk til að finna bestu samsetningu þessara þátta.

Christina Stadler, lektor hjá Lbhl.



Gagnheiði 35, Selfossi | Sími 4800080 | www.buvelar.is

Lífræn hreinsistöð



- Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Hágæða vatnshitavar

Vörukaup
Tel. 516-2600 | vorukaup@vorukaup.is



CLAGE

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463



Niðurstöður kynbótamats hrossa haustið 2023

Nýr kynbótamatsútreikningur hefur verið settur inn í Upprunaættbók íslenska hestsins, World-Feng, fyrir alls 492.564 hross.



Elsa Albertsdóttir.

Fjóldi alþjóðlegra kynbótadóma (fullnaðardóma) sem lágu til grundvallar útreikningnum að þessu sinni var 36.160 og skiptist eftir löndum þannig: Ísland 22.379, Svíþjóð 4.459, Þýskaland 3.721, Danmörk 2.819, Noregur 1.279, Austurríki 387, Finnland 294, Holland 319, Bandaríkin 228, Kanada 117, Sviss 110, Bretland 39 og Færeyjar 9. Alls var tekið tillit til 1.027 arfgerðargreindra hrossa í útreikningnum fyrir gangráðinn.

Kynbótamat fyrir „Stóðhestaval“ og „Valparanir“ hefur einnig verið uppfært. Þær upplýsingar eru ómetanlegar fyrir ræktendur þegar verið er að huga að næstu kynslóð hrossa.

Almennt um kynbótamatið

Aðferðin sem notuð er til að reikna út kynbótamat gengur jafnan undir heitinu BLUP (Best linear unbiased prediction) en þetta er gríðarlega umfangsmikil og öflug aðferð. BLUP gildin (þ.e. kynbótamatið) endurspeglar erfðafræðilega getu hestanna, í samanburði við öll önnur hross innan stofnsins.

Kynbótamat dregur saman allar tiltækar tölulegar upplýsingar frá kynbótadómum allra hrossa í stofninum í heildarniðurstöðu sem endurspeglar gildi hrossa til framræktunar. Gildið ræðst af röðun hrossa út frá því hversu mikils er að vænta af viðkomandi hrossi og framlag þeirra til ræktunarstarfsins. Almennt er ekki ráðlegt að nota hross til undaneldis sem eru undir 100 í aðaleinkunn kynbótamats, þar sem þeirra framlag er líklegt til að vera í neikvæða átt, miðað við opinbert ræktunarmarkmið íslenska hestsins. Hross með 116 í aðaleinkunn kynbótamats, með 5 í staðalfrávik og 87% öryggi þýðir einfaldlega að hrossið hefur með 87% öryggi kynbóttagildi milli 111 og 121 stig. Það er því sannarlega afbragðs undaneldisgripur og tilheyrir hópi u.þ.b. 15% efstu hrossa í hrossastofninum hvar sem er í heiminum.

Ávallt er mikilvægt að gera sér grein fyrir öryggi kynbótamats gripa. Kynbótamat með öryggi undir 60% verður að túlkast með varúð. Öryggi byggir á magni upplýsinga (fjöldi

kynbótadóma skyldra einstaklinga) að baki útreikningum og er því hátt öryggi á kynbótamati hrossa sem eiga mörg sýnd afkvæmi. Kynbótamat þeirra endurspeglar vel gildi þeirra til framræktunar, þ.e. hverju þau skila til afkvæma sinna, miðað við opinbert ræktunarmarkmið fyrir íslenska hestinn.

Kynbótamatið er kvarðað út frá meðaltali hrossa fæddra á Íslandi síðustu 10 árin og var viðmiðunarahópurinn að þessu sinni því fæddur árin 2014–2023. Meðaltal kynbótamats allra eiginleika utan eins, er skorðað við 100 og hvert staðalfrávik eðlisfars eiginleika eru 10 stig. Nær öll hross í stofninum liggja því milli 70 og 130 stig með örfáum hrossum utan þeirrar spannar. Kynbótamat fyrir hæð á herðar er birt í sentimetrum og miðast þá við frávik frá meðalhæð þeirra hrossa sem mæld eru á þessu 10 ára tímabili. Sé t.d. gildi stóðhests +1.5 er spáð að hann gefi afkvæmi sem eru 1.5 sm hærra en meðalhrossið.

Alls er reiknað kynbótamat fyrir 24 eiginleika sem flestir eru metnir á kynbótasýningum, þ.e. hæð á herðar; höfuð; háls, herðar og bogar; bak og lend; samræmi; fótagerð; réttleiki; hófar; prúðleiki; tölt; hægt tölt; brokk, skeið; greitt stökk; hægt stökk; samstarfsvilji; fegurð í reid; fet; Aðaleinkunn (AE); AE sköpulags; AE hæfileika; AE án skeiðs; AE hæfileika án skeiðs; og mætingu til kynbótadóms.

Leiðréttingar fyrir kerfisbundnum umhverfisáhrifum

Við útreikninga kynbótamats er tekið tillit til kerfisbundinna umhverfisþátta sem hafa áhrif á frammistöðu gripanna. Með því að leiðrétta fyrir þessum umhverfisþáttum eru dómarnir gerðir samanburðarhæfir milli einstaklinga innan stofnsins. Leiðrétt er fyrir þremur þáttum en það er aldur og kyn einstaklings og sýningarárið þegar hross hlýtur sinn hæsta aldursleiðrétta dómu. Varðandi aldur og kyn þá eru t.d. stóðhestar kerfisbundið fyrri til en hryssur og hrossin verða kerfisbundið betri með auknum aldri. Þar sem dómstörfin þróast frá ári og samanburðarhópurinn verður sífellt betri, verður jafnframt til kerfisbundinn munur á niðurstöðum milli ára, þ.e. sýningarára.

Þróun á kynbótamati

Stöðugt er verið að vinna að því að bæta kerfið þannig að það þjóni tilgangi sínum sem allra best og með sem öruggustum hætti. Talsverðar breytingar voru gerðar á



kynbótamatinu árið 2020 og 2022 [sjá 8. tbl. Bændablaðsins 2020]. Breytingarnar höfðu þau áhrif að mikil aukning varð í fjölda þeirra hryssna sem hlutu afkvæmaverðlaun. Haustið 2020 voru þær alls 31 talsins og haustið 2022 voru þær 20 talsins, samanborið við 5-9 hryssur á ári flest árin á undan. Viðmið þannig að hryssa nái heidursverðlaunum fyrir afkvæmi er að hún nái að lágmarki 116 stigum í aðaleinkunn kynbótamats eða aðaleinkunn án skeiðs og eigi að minnsta kosti 5 dæmd afkvæmi. Í ár eru það 11 hryssur sem hljóta viðurkenningu fyrir afkvæmi.

Alltaf þarf að rýna til gagns og jafnvel endurskoða gildandi viðmið en svo virðist sem kerfið sé að komast í vissu jafnvægi. Þess ber að geta að samræming varð á veitingu viðurkenninga fyrir afkvæmahross árið 2019 innan aðildarlanda FEIF þannig að núna eru hvarvetna sömu viðmið. Viðurkenning á afkvæmahrossum ber að skoða sem mikinn heiður og afrek og endurspeglar sannarlega gildi hrossa til framræktunar.

Við síðustu breytingu á kynbótamatinu var hætt að leiðrétta fyrir því landi sem hrossið er sýnt í, en það hafði verið gert í áratugi á undan. Þrátt fyrir að enn séu marktæk áhrif sýningarlands, var ekki lengur

talin þörf á að meðhöndla það sem kerfisbundinn umhverfisþátt, enda umhverfisaðstæður kynbótasýninga orðnar afar staðlaðar. Breytingar á kynbótamati einstakra hrossa voru hvað mestar hjá stóðhestum sem áttu mörg afkvæmi dæmd í sama landi. Einhverjir stóðhestar voru líklega ofmetnir í þáverandi kynbótamati í alþjóðlegum samanburði en aðrir að sama skapi vanmetnir. Þegar á heildina er lítið varð ekki veruleg breyting á röðun hrossa sem sýnd eru í sama landi en breytingar urðu á alþjóðlegri röðun.

Framtíðin er björt

Hér að neðan má sjá töflu yfir þau 20 hross, stóðhesta og hryssur, sem hæst eru í kynbótamati haustið 2023, raðað eftir aðaleinkunn kynbótamats. Öll hrossin eiga foreldra með eigin dóm. Öll hrossin eru dæmd að undanskildum fjórum sem eru 3 vetra og yngri. Þau hross hafa eðlilega mat með lægsta öryggi, önnur hafa hátt öryggi eða yfir 80%. Afkvæmadæmdu hestarnir tveir, Álfaklettur og Skýr, eru með mat með afar hátt öryggi enda hafa þeir sannað sig sem afbragðs undaneldishestar og hlotið viðurkenningu fyrir það. Þrjú hross eru erlent fædd og aðeins 4 stóðhestar eru á listanum. Athugið að öll þessi

hross á listanum hafa yfir 130 stig í kynbótamati og eru þau í hópi 182 hrossa með þann árangur. Samtímis ber að hafa í huga að kynbótamatið er reiknað fyrir tæplega 500.000 einstaklinga svo þessir úrvalsgripir sem birtast hér telja til 0,004% stofnsins.


Hryssurnar á listanum eiga engin dæmd afkvæmi. En almennt ráðast hryssur ofar í kynbótamatinu ef þær eiga hlutfallslega mörg dæmd afkvæmi. Ástæða þessa er áhrif eiginleikans „mæting til dóms“ enda sá eiginleiki með talsvert mikið vægi þar sem hann er mjög arfgengur. Það er að líkindum viss skekkja milli kynjanna, og er ástæðan aðallega sú að kynjahlutfall afkvæma sem koma til dóms er skekkj enda vantar nánast alla gelta hesta. Þessi meinta skekkja mun leiðrétta um leið og gögn frá íprótta- og gæðingakeppni verða tekin með í útreikninga kynbótamatsins enda margir geldingar og jafnvel stóðhestar sem koma þar fram en ekki í kynbótadómi. Með því að innleiða mætingu í dóm inn í kynbótamatið var dregið úr vægi lítilsháttar mismunar í aðaleinkunn inn í kynbótamatið, þar sem að bara það að mæta hefur mikið vægi. Þetta er kostur og ætti að einhverju leyti að vegna upp á móti ef raunverulegt dómamísræmi er til staðar.

Þróun kynbótamatsins hefur gert það að verkum að skali kynbótamats hefur teygst í seinni tíð og fjöldi hrossa sem falla utan 70-130 stiga í aðaleinkunn hefur frekar aukist, ekki síst á Íslandi. Þetta er viss skekkja upp á við en ekki óraunhæf mynd.

Þetta helgast af tiltölulega góðri mætingu kynbótahrossa og afkvæma þeirra hérlendis og tiltölulega óruggu mati hrossa neðst á skalanum þar sem engar upplýsingar eru að baki og þar af leiðandi öryggi matsins mjög lágt. Því er nefnilega þannig háttað að sama hversu gott kynbótamatskerfið verður, þá endurspeglar það þau gögn sem liggja til grundvallar og þar sem skortur er á gögnum takmarkast upplýsingar kerfisins.

Í nýbirtri grein í Bændablaðinu um Erfðafræðingur í íslenska hrossastofninum – Hvernig er dreifing einkunna á kynbótasýningum og

Nafn	Aldur	Aðaleinkunn	Aðaleinkunn án skeiðs	Sköpulag	Hæfileikar	Hæfileikar án skeiðs	Öryggi	Kynbótamat fyrir mætingu til dóms	Hlutfall dætra með dóm (%)
Álfamær frá Prestsbæ	8	141	129	130	136	123	82%	135	0%
Staka frá Hólum	7	140	139	133	133	134	82%	130	0%
Arney frá Ytra-Álandi	4	138	133	125	133	129	82%	135	0%
Blákápa frá Prestsbæ	2	137	129	130	131	123	62%	134	0%
Díva frá Kvíarhóli	6	137	136	134	130	129	82%	135	0%
Pála vom Kronshof	6	137	134	121	134	133	82%	124	0%
Dimma frá Hjarðartúni	8	137	130	127	132	126	83%	131	0%
Nóta frá Sumarliðabæ 2	4	137	128	114	136	128	82%	131	0%
Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum	10	136	131	130	131	125	94%	134	67%
Dimmadís frá Sumarliðabæ 2	0	136	131	129	131	126	64%	133	0%
Dyngja frá Feti	6	136	131	124	133	128	82%	130	0%
Strengur frá Púfum	4	136	129	130	131	123	81%	128	0%
Ársól frá Sauðanesi	5	135	124	119	133	121	82%	129	0%
Þrá frá Prestsbæ	9	135	128	122	131	124	82%	127	0%
Ástríða frá Prestsbæ	6	135	125	125	131	120	82%	129	0%
Lýdía frá Eystri-Hól	8	135	141	135	127	135	81%	133	0%
Skýr frá Skálakoti	16	135	132	135	128	125	98%	133	60%
Ágúst frá Víðikot	0	135	128	127	130	123	64%	131	0%
Edda frá Rauðalæk	5	135	129	124	131	125	82%	129	0%
Barónessa frá Prestsbæ	1	135	130	129	129	125	66%	130	0%



Í kynbótamati? er ljóst að íslensk hrossarækt stendur með miklum ágætum. Aukning á erfðaframtöllum eða ræktunarhraðinn hefur rúmlega þrefaldast síðan BLUP kynbótamatið var tekið í notkun. Öll umgjörð ræktunarstarfsins, sýninga, dómstarfa, gagnabanki Worldfengs og þekking dómara, sýnenda og ræktunarfólks hefur vaxið og batnað og hefur skilað sér í auknu öryggi matsins og auknum úrvalsstyrk.

Það er óyggjandi staðreynd að flestir íslenskir hrossaræktendur velja til undaneldis hross sem eru

vel yfir meðaltali í kynbótamatinu og það er lykillinn að hinum öru erfðaframtöllum sem hafa náðst í stofninum á síðustu áratugum.

Það ber að fagna þeim góða árangri sem náðst hefur í ræktun hrossa á Íslandi. Hvort sem lítið er til niðurstaðna kynbótamats eða þegar hross eru borin saman á alþjóðlegum grunni eins og á nýliðnu heimsmeistaramóti.

Það er hægt að horfa björtum augum til framtíðar ef áfram heldur eins og verið hefur. Með nýjum aðferðum þar sem erfðamengisúrvali

byggðu á vildtæku DNA sýnatökum og greiningum verður bætt við hefðbundið kynbótamat, má búast við enn hraðari og öruggari framförum. Þarna gæti, og ætti, íslenski hesturinn að vera í fararbroddi meðal annarra hrossakynja.

Vonandi næst samtakamáttur til að efla nauðsynlegt rannsóknarstarf og þróun á þessu spennandi sviði.

Með kærri ræktunarkveðju,
Elsa Albertsdóttir
hrossaræktarráðunautur.

Sérstær þjónusta að þínum þörfum

Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is

Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

GOES

Eruð þið tilbúin í ÆVINTÝRI?

GOES X-WOLF 700

Vélargerð	1 strokks fjörg.vél 686cc
Bein innspýting	EFI Bosch
Gírkassi	Sjálfskipt CVT
Gírar	L, H, N, R, P
Drif	2X4, 4X4, + driflæsing
Stýri	Rafdrifið
Fjöðrun	Sjálfstæð fjöðrun
Hemlar	Vökvastýrðar diskabremsur
Dekk	25x8-12" 25x10-12"
Eldsneytistankur	25 lítrar

Verð: **1.690.000 kr** m/vsk

AFLVÉLAR

TRAUSTUR SAMSTARFSADILI

Selfossi | Akureyri | Garðabæ
sími 480-0000 | www.afvelar.is

Lyftu á gæðum

CAT

KLETTUR

REYKJAVÍK — AKUREYRI — 590 5100 — klettur.is

Músa- og kakkalakkafælar **SEM VIRKA**

...fæst í öllum betri landbúnaðarverslunum

radarcan®

Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu

www.velaskolinn.is

LESENDARÝNI

Kolefnisbinding í sauðfjarrækt

Á undanförunum árum hefi ég fjallað um kolefnisspor dillakjöts frá ýmsum hlíðum. Í Bændablaðinu 22. 9. 2022 skrifaði ég grein þar sem niðurstaðan var að hver hektari af vel grónum úthaga, í eigu bónda, nægði til að koma kolefnisspori dillakjöts í núll.



Sveinn Hallgrímsson.

Þá væri dillakjötið kolefnishlutlaust, það er að engin losun CO₂ umfram bindingu CO₂ ætti sér stað við framleiðslu dillakjöts.

Í útreikningum á kolefnisspori sauðfjarræktar sem Umhverfissráðgjöf Íslands (Birna Sigrún Hallsdóttir og Stefán Gíslason 2017) gerði fyrir sauðfjarrækt, er talið að losun vegna áburðarnotkunar við framleiðslu dillakjöts 2015 hafi verið sem hér segir:

1. Glæðloft vegna notkunar tilbúins áburðar 14,3 Gg CO₂ íg
2. Notkun kalks og þvagefnis 2,2 Gg CO₂ íg
3. Framleiðsla og flutningur tilbúins áburðar 5,8 Gg CO₂ íg
4. Metan vegna geymslu búfjarræktar 11,7 Gg CO₂ íg
5. Glæðloft vegna geymslu búfjarræktar 14,5 Gg CO₂ íg
6. Glæðloft vegna notkunar búfjarræktar 45,8 Gg CO₂ íg

Samtals vegna áburðar við heyframleiðslu 94,3 Gg CO₂ íg

Þessu er deilt á framleiðslu dillakjöts (kindakjöts) 2015 sem var 10.185 tonn, sem þýðir að vegna áburðar til heyöflunar fyrir sauðfé var $94,300/10185 = 9,26$ kg koltvísýrings á hvert kg dillakjöts (kindakjöts) árið 2015 vegna áburðarnotkunar.



Hér er útgjaldahlíðin talin til, en ekki binding kolefnis vegna heyframleiðslu. Hér verður binding kolefnis vegna heyframleiðslu skoðuð.

Grasvöxtur verður vegna tillifunar: CO₂ verður að kolefni og fleiri efnum í plöntunni. Grasið, sem verður að heyfóðri kindarinnar bindur kolefni. Fyrir hvert kg þurrefnis í heyi bindast 0,43 kg C.

Það þýðir að 1 kg þurrefnis bindur $0,43 \times 3,67 = 1,58$ kg CO₂.

Heyforði sem ætlaður er til fóðrunar ærinnar yfir veturinn er um 0,7 FE á dag. Auk þess þarf ærin til fósturmyndunar um 14,0 FE fyrir

einlembing og 20,0 FE fyrir tvílembinga. Árið 2022 fæddust 1,84 lömb á fullorðna á og 0,93 lömb á veturgamlar ær (Eyþór Einarsson og Árni Bragason 2023).

Vegið meðaltal er tæplega 1,7 lömb eftir hverja á árið 2022, samanber tölur úr fjárræktarfélagunum 2022.

Sé reiknað með 180 daga innifóðrun er fóðurþörf til viðhalds yfir veturinn þessi:

Víðhaldsfóður 180x0,7	126,0 FE
Fósturmyndun einl. 0,3x14	4,2 FE
Fósturmyndun tvíl. 0,7x20	14,0 FE
Samtals	144,2 FE

Þess skal getið að 1976 þegar útreikningar þessir voru fyrst gerðir, var reiknað með að fóður til fósturmyndunar einlembings væri 12 FE og 18 á tvílembinga, en hér er eiknað með 14 og 20 FE vegna meiri fæðingarpunga lamba.

Til að fullnægja fóðurþörfinni sé miðað við að 1,2 kg þurrefnis í heyi þurfi í föðureiningu: $144,2 \times 1,2 = 172,8$ kg þurrefnis í heyi í vetrarfóðri ærinnar að jafnaði.

Hér að framan kom fram að 1,0 kg þurrefnis í heyi bindi 1,58 kg CO₂. Binding kolefnis vegna heyfóðurs ærinnar er því $1,58 \times 172,8 = 273,0$ kg CO₂ á ári vegna vetrarfóðurs ærinnar.

Hér er eingöngu binding kolefnis vegna uppskeru, en nokkuð verður alltaf eftir á tíunni, sem ekki er tekið með hér.

Hins skal getið, að í Norður Noregi og Svíþjóð er talið að 1100- 1500 kg CO₂ bindist í jarvegi tíns á ha á hverju ári.

Gefi hektarinn 30 ærfóður/ári er þetta viðbótar binding sem nemur $1200/30 = 40$ kg CO₂ á á, á ári. Ærin bindur því nettó $40 + 273 = 313$ kg CO₂ á á á ári. Við þetta má svo bæta að ásetningsgimbrin er ekki fullvaxin.

Ég áætla að meðalþungi ásetningsgimbra séu 45 kg og að meðal þungi fullvaxinnar ær sé um 70 kg. Á 1. vetri þarf ásetningsgimbrin að vaxa 25 kg. Talið er að um 3,5 FE þurfi á þessu tímabili til að framkalla vöxt upp á 1,0 kg.

Vöxtur úr um 25 kg: $25 \times 3,5 = 87,5$ FEx 1,2 = 105 kg þurrefnis í heyi.

Það gera: $105 \times 1,58 = 165,9$ kg CO₂ ígilda

Ég reikna því með að hver ær bindi að minnsta kosti $273 + 40 + 165,9 = 479$ kg CO₂-ígilda nettó á ári.

Vísu til fyrri greina um sama efni í Bændablaðinu undanfarin ár.

Sveinn Hallgrímsson,
Vatnshömrur í Andakil.

Samfélagsskuld við bændur Borgaralaun fyrir bændur

Starfsskilyrði bænda hafa verið í umræðunni síðustu daga og vikur. Loksins.



Bergþór Ólafsson.

Vel heppnaður baráttufundur Samtaka ungra bænda sem haldinn var í Salnum í Kópavogi vekur vonandi marga af blundi sínum.

Orð matvælaráðherra, sem situr í skjóli þingflokka Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, vöktu þó mörgum ugg. Á fundinum teiknaði ráðherrann

upp þá mynd að ekki sé hægt að horfa til sanngjarnra óska bænda nú um stundir vegna verðbólguþrýstings.

Það jaðrar við ósvifni að setja stöðu efnahagsmála, þar sem verðbólga og himinháir vextir valda heimilum og fyrirtækjum búsiþingum, í samhengi við stöðu bænda og að vegna verðbólgunnar sé ekkert hægt að gera fyrir bændur.

Verðbólguþrýstingur er ekki tilkominn vegna þess að bændur séu ofaldir, það er mun nærtækara að halda því fram að til staðar sé skuld samfélagsins við bændur, sé horft til þess með hvaða hætti stuðningur og starfsumhverfi bænda hefur þróast undanfarin kjörtímabil.

Um helgina hélt Miðflokkurinn fjórða landsþing sitt. Kraftur, áráðni og bjartsýni einkenndi hópinn og enginn velktist í vafa um að þarna var samankomið fólk sem vill taka slaginn fyrir bændur landsins.

Meðal annars var ályktað að:

Gripa þarf strax til aðgerða til að leiðrétta og tryggja rekstrarumhverfi bænda og matvælaframleiðenda áður en illa fer. Auka þarf þegar í stað tollvernd innlendrar framleiðslu með uppsögn og endurskoðun tollasamninga. Koma þarf í veg fyrir óheftan innflutning á ófrosnu kjöti sem er um leið afar mikilvægt lýðheilsuáhrif fyrir þjóðina. Þá þarf að tryggja að tilgangur og markmið með setningu búvörulaganna haldi þannig að bændur geti með hagkvæmum hætti unnið og afsett sínar vörur með samvinnu og/eða nauðsynlegum samrunum afurðafyrirtækjanna. Stutt verði við nýsköpun, uppbyggingu og markaðsstarf sem mætir þörfum samtímans.

Hefja þarf þegar í stað undirbúning að



endurskoðun búvörusamninga sem hafi það að markmiði að tryggja hag bænda, hagsmuni neytenda og öryggi og stöðugleika innlendrar matvælaframleiðslu til langrar framtíðar. Stuðningur við landbúnað verði aukinn í takt við aukna framleiðslu og fyrirkomulag hans einfaldað. Stutt verði við nýliðun í greininni svo sem með sérstökum lánaflökkum hjá Bygðastofnun og skattaávilnunum við flutning bújarða milli kynslóða. Tryggja þarf að eftirlit með landbúnaðarstarfsemi og matvælaframleiðslu sé samræmt á landsvísu og að eftirlitskostnaður sé ekki íþyngjandi.

Í síðustu viku mælti formaður Miðflokksins, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrir þingsályktunartillögu um stóreflingu innlendrar matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar, þar sem mælt var fyrir heildaráætlun í 24 liðum (þingsályktunin er aðgengileg á heimasíðu Miðflokksins).

Ég nefni þetta hér til að draga fram að bændur eiga sannarlega vini og stuðningsmenn í hinu pólitíska umhverfi, en líka andstæðinga, verst er að þeir eru í augnablikinu sumir geymdir annars staðar en best færi á.

Bergþór Ólafsson
alþingismaður.

Núverandi staða bænda er óásættanleg. Stöðugar fréttir berast af því að stór hluti bænda ráði ekki við gifurlegar vaxta-hækkanir og verðbólgu síðustu mánaða.



Halldóra Mogensen.

Kallað hefur verið eftir auknu fjármagni af hendi stjórnvalda og því ákalli verður að svara. Staða bænda er brýn og mikil hætta er á að fjöldi bænda endi í gjaldþroti eða rétt nái að skrimta með því að vinna fulla vinnu samhliða bústörfum. Þetta er óásættanleg staða fyrir

bændur og samfélagið allt.

Við í Pírötum höfum talað lengi fyrir borgaralaunum. Hugmyndin um borgaralaun er sú að allir fái úthlutað upphæð sem nægir til þess að ná endum saman óháð atvinnu eða félagslegri stöðu. Skilyrðislaus grunnframsæsla gæti hentað bændum vel þar sem störf bænda eru oft árstíðabundin og sveiflukennnd. Borgaralaun tryggja reglulega innkomu og aukinn stöðugleika og þar sem launin eru skilyrðislaus stuðla þau jafnframt að aukinni nýliðun og nýsköpun í greininni.

Það hefur lengi verið fyllilega ljóst að núverandi styrkjakerfi setur bændum of þröngar skorður og þegar harðnar í ári líkt og nú þá sitja bændur eftir með háar skuldir, himinháa vexti og síhækkandi verð á aðföngum.

Núverandi landbúnaðarstefna leggur of mikla áherslu á framleitt magn, sem getur bæði ýtt undir offramleiðslu og veitir fólki ekki svigrúm til að rækta það sem það langar helst. Þessu þarf að breyta. Auk borgaralauna þarf að innleiða betri framleiðslustyrki sem og hvatastyrki til að stuðla að sjálfbærni og nýsköpun í matvælaframleiðslu.

Þá væri meiri hvati til að stunda aðra ræktun meðfram hefðbundnum búskap, eins og til dæmis baunarækt, berjarækt, hamprækt, kornrækt og þörungarækt. Auk þess væri hægt að vinna að umhverfis- og loftslagstengdum verkefnum eða hverju því sem bændum og öðrum framsýnum einstaklingum dettur í hug að framkvæma. Það gleymist oft að kerfi eru búin til af fólki.



Þau eru afrakstur hugmynda og málamiðlana um hvernig best sé að skipuleggja og reka samfélög. Ekkert af því er meitlað í stein, ekkert af þessu er ófrávikjanlegt náttúrulögmál. Núverandi kerfi þjóðar ekki lengur bændum né breyttum þörfum samfélagsins. Við verðum að tryggja matvælaöryggi á tímum loftslagsbreytinga og örra tæknibreytinga.

Okkur ber að útfæra betra kerfi, kerfi sem tryggir bændum skilyrðislausu grunnframsæslu sama hvernig viðrar og stuðlar að nýsköpun og nýliðun í greininni. Breytingar í landbúnaði og matvælaframleiðslu hér á landi hafa ekki verið bændum til hagsbóta. Bændum fer sífækkandi og nýliðun í greininni er lítil. Borgaralaun gætu verið skref í átt að nýrri framtíðarsýn í landbúnaði. Framtíðarsýn sem leggur áherslu á velsæld og öryggi bænda, matvælaöryggi, sjálfbærni og tryggir jafnframt að umhverfis- og náttúruvernd, velferð dýra, hagsmunir neytenda og heilbrigð bygðaðróun sé í forgangi þegar hið opinbera beitir hvötum eða styrkjum.

Halldóra Mogensen
alþingismaður.

Lífróður fyrir framtíð landbúnaðar

Þann 23. október sl. kom út skýrsla fjármálaráðuneytisins sem ber heitið, Innflutningur landbúnaðarvara frá Evrópu-sambandinu til Íslands: Greining á misræmi milli gagna Evrópu-sambandsins og Íslands.



Erna Bjarnadóttir.

Skýrslan staðfestir að misræmi er til staðar í innflutningsgögnum milli Íslands og ESB og farið er yfir ýmsar ástæður sem geta skýrt það. Skýrslan staðfestir engu að síður að langvarandi misræmi hefur verið í undirlíð 160232 (unnið kjúklingakjöt, fryst) þar sem ESB skráir meira magn flutt út til Íslands og er það talið geta stafað af misflokun milli kafla, þ.e. að varan sé skráð í undirlíð 020714 (kjúklingakjöt fryst) við innflutning til landsins. Skýrsluhöfundar benda á að vegna mismunandi tollkjara í 2. kafla og 16. kafla getur falist fjárhagslegur ávinningur fyrir innflytjanda af því að flokka vörur frekar í 2. kafla.

Í skýrslunni er einnig staðfest að verulegt misræmi er að finna á undirlíð 040299, bragðbættu mjólkur- og undanrennufti, mun meira er flutt út frá ESB en inn til Íslands. Skýrsluhöfundar finna enga skýringu á hvað verður um mjólkurduftið í hafi. Ekki verður heldur ráðið af skýrslunni hvort og jafnvel hugsanlega nú þegar, Skatturinn hefur beitt sér í málinu t.d. með því að leita til tollayfirvalda í útflutningslandi. Gert er ráð fyrir slíku samstarfi t.d. á grundvelli EES-samningsins. Þess ber þó að geta að misræmið var enn til staðar á árinu 2022 en þá voru flutt inn 34 tonn af vörum í vörulíð 040299 samkvæmt tölum Hagstofunnar (allt mjólkur- og undanrennuft) en 212,5 tonn voru skráð flutt út frá ESB til Íslands.

ESB kvóti í tonnum	Kíló á íbúa			
	Noregur	Ísland	Noregur	Ísland
Nautakjöt	2.500	696	0,45	1,79
Svínakjöt	600	700	0,11	1,81
Alifuglakjöt	950	1056	0,17	2,72
Ostur	8.101	610	1,46	1,57
Pylsur	600	250	0,11	0,64
Unnar kjötvörur	550	400	0,10	1,03

Athygli vekur að ekki er fjallað um pylsur (vörulíður 1601) unnar kjötvörur (vörulíður 1602) með sama hætti og kjöt- og mjólkurvörur. Á bls. 40 í skýrslunni segir:

Ísland og ESB hafa samið um úthlutun tollkvóta og lægri tolla fyrir evrópskar upprunavörur í vörulíð 0207 en ekki hefur verið samið um úthlutun tollkvóta eða betri tollkjör fyrir kjúklingaafurðir í 16. kafla tollskrár.

Hér er ekki farið rétt með, árlega eru til ráðstöfunar 250 tonn í vörulíð 1601 og 400 tonn í vörulíð 1602 samkvæmt samningi Íslands og ESB um viðskipti með landbúnaðarvörur. Það hefði aukið mjög við gildi skýrslunnar ef vörulíðir 1601 og 1602 hefðu verið teknir fyrir með sambærilegum hætti og kjöt- og mjólkurvörur.

Velta þarf öllum steinum við

Nú þegar róinn er lífróður fyrir framtíð íslensks landbúnaðar er brýnt að velta við hverjum steini. Í desember 2020 kom út skýrsla utanríkisráðuneytisins sem ber heitið *Landbúnaðarsamningur Íslands og Evrópusambandsins, úttekt á hagmunum Íslands*. Í fréttatilkynningu með skýrslunni sagði að þáverandi utanríkisráðherra hefði þegar óskað eftir því við ESB að tollasamningur Íslands og ESB yrði endurskoðaður.

Hér má rifja upp að Ísland hefur gengið mun lengra í að opna fyrir markaðsaðgang landbúnaðarvara frá

ESB en Noregur, sjá meðfylgjandi töflu. Þar stingur sannarlega í augum að sjá meiri tollfrjálsa kvóta hér á landi fyrir bæði alifugla- og svínakjöt, sjá meðfylgjandi töflu.

Er endurskoðun tollasamnings við ESB um landbúnaðarvörur á dagskrá?

Stuttu eftir að Ísland óskaði eftir endurskoðun á viðskiptasamningi Íslands og ESB með landbúnaðarvörur var kynnt að viðræður um þessa endurskoðun myndu haldast í hendur við viðræður um Uppbyggingarsjóð EES-samningsins. Í talsvert langan tíma hefur ekkert heyrst af samningaviðræðum og því verið óvist hvort fyrrnefnd endurskoðun á tollasamningi Íslands og ESB sé í raun hafin.

Því vakti óneitanlega athygli, þegar ríkisstjórnin fjallaði um Uppbyggingarsjóð EES-samningsins á síðasta ríkisstjórnarfundum þann 25. október sl., að ekkert var minnst á samningaviðræður um endurskoðun viðskiptasamnings um landbúnaðarvörur. Þar var einungis minnst á samningaviðræður um markaðsaðgang með sjávarafurðir:

Leggja verður áherslu á að skýr markmið verði sett um endurskoðun samningsins og því fylgt eftir af fullum þunga. Það er eitt af þeim lóðum sem leggja má á vogarskálarnir nú þegar barátta er um „Laun fyrir lífi ungra bænda og íslenskra sveita“.

Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur hjá Mjólkursamsölnunni.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Áhugaverðar jarðir

JARDIR.IS

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is



Jólasýning Íslenska bútasamsfélagsins

Íslenska bútasamsfélagið heldur sýningu í Hásölum, safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju, dagana 3.- 5 nóvember 2023.

Sýningin er opin 14.00 til 17:00 á föstudeginum og 12:00 til 17:00 laugardag og sunnudag.

Boðið verður upp á sýnikennslu í bútasam og sölubásar verða á staðnum.

Fjölbreytt úrval verka verður á sýningunni og einhver verk verða til sölu.

Aðgangur er ókeypis.



Íslenska bútasamsfélagið

MITSUBISHI ELECTRIC
Changes for the Better

- Loft í loft
- Loft í vatn
- Vatn í vatn

Varmadælar - Vörukaup ehf

516-2600
vorukaup@vorukaup.is

Vörukaup

Kolefnishlutlaus garðyrkja 2040

Búgreinadeild garðyrkjubænda auglýsir eftir styrkumsóknum fyrir verkefni sem styðja við markmið samnings starfsskilyrða framleiðenda garðyrkjuafurða um kolefnishlutlausa garðyrkju 2040. Styrkumsókn þarf að fylgja kynning á verkefninu, framkvæmda- og fjárhagsáætlun.

Umsóknarfrestur er til 19. nóvember.

Fyrirspurnum ásamt umsóknum skal skila á
gudrunbirna@bondi.is



BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS



VIÐ KYNNUM MEÐ STOLTI UPPRÉTTU GÓLFPVOTTAVÉLINA

TSM WILLMOP 50 B

Nú getur ræstingafólk sagt skilið við hina hefðbundnu moppu og skúringarfötu - og þannig aukið skilvirkni og framleiðni í ræstingum.

TSM WILLMOP 50 B sameinar afl og afköst atvinnugólfvottavélar með hreyfigetu og sveigjanleika gólfmoppu sem gerir notanda kleift að þrifa yfir 2.100 fermetra á klukkustund.

Svæði sem áður var erfitt að ná til er nú enginn vandi að þrifa vel þökk sé 360° stýringu sem gefur notandanum ótrúlega mikinn hreyfanleika.

Þessi moppa framtíðarinnar er fullkomin til viðhalds í verslunum, spítölum, heilsugæslum, skólum, veitingastöðum og flugvöllum.

Dalbrekka 15 | 200 Kópavogur | s. 544 5588 | marpol@marpol.is

LESENDARÝNI

Tillaga um jarðalánasjóð

Ég legg hér með fram tillögu sem miðar að því að stórlækka fjármagnskostnað og afborganir lána í landbúnaði.



Elvar Eyvindsson.

Hún eykur einnig möguleika á aðilaskiptum á bújörðum, stuðlar að því að bújarðir haldist í rekstri og stuðlar að framþróun í byggðum landsins.

Landbúnaður er ákaflega fjármagnsfræk atvinnugrein miðað við veltu og afkomu og fáar atvinnugreinar eru sambærilegar. Mikið land er oftast undir, dýrar byggingar, bústofn, tæki og tól.

Eðli atvinnugreinarinnar er þannig að það tekur langan tíma að rækta jörð og bústofn og til að ná árangri þarf fólk að helga þessu starfi stóran hluta starfsævinnar. Þrátt fyrir að vinnuáðstæður verði sífellt betri er enn þá nauðsynlegt að geta tekist á við langa vinnudaga og erfiðisvinnu í bland. Þess vegna er nauðsynlegt að hefja búskap á besta aldri og yfirleitt er það áður en fólk hefur komið sér upp eignum eða eigin fé. Þannig að kynslóðin sem tekur við keflinu á hverjum tíma á yfirleitt ekki miklar eignir til að setja í þá geysilegu fjárfestingu sem þarf. Segja má að þegar fólk þarf að komast í búskap þá er það ekki nógu efnað og þegar efnahagurinn er orðinn nægilega góður, er áhuginn og getan farin að dvína. Þetta er afgerandi sérstæða sem varla þekkist í öðrum atvinnugreinum.

Vextir og afborganir lána eru að sliga marga bændur og blasir atgervisflótti við og hrun ef ekkert verður að gert.

Landbúnaðarlán eru að langmestu leyti fasteignatryggð til 15-25 ára og svo skemmri lán vegna vélakaupa til dæmis.

Eðlilegt er að lánstími tengist endingartíma viðkomandi veðs og er því eðlilegt að vélalánin séu til 5-7 ára. Lán vegna nýbygginga ættu að geta verið til 15-30 ára.

En það sem ég ætla að ræða er landið sjálft sem er undir. Landið sem bóndinn notar eyðist ekki og mölur og ryð fá því ekki grandað og er það því eitthvert besta veð sem hægt er að bjóða.

Það að hver kynslóð skuli þurfa að brjótast í gegnum afborganir af því á tiltölulega fáum árum með hæstu vöxtum, er ekki rökrétt eða eðlilegt.

Tillagan er því þessi:

- Stofnaður verði Jarðalánasjóður með bakstuðningi ríkisins. Sjóðurinn láni út á bújarðir á 1. veðrétti. Lánin yrðu veitt samkvæmt reiknireglu sem þarf að semja, sem miðast við landþörf viðkomandi bú. Þessi lán væru með mjög lágum vöxtum (1% verðtryggt) og væri ekki gerð krafa um afborganir en vextir innheimtir. Menn mættu hins vegar greiða lánin upp eftir ástæðum.

- Sjóðurinn fjármagni sig á markaði með skuldabréfaútbodum.
- Ríkið taki á sig mismuninn á þeim vöxtum sem bændum væri gert að greiða og þeim vöxtum sem sjóðnum stendur til boða.

Með því að þessi sjóður væri kominn með fyrsta veðrétt í landi, þyrftu aðrir sem lána til framkvæmda, til dæmis, að sætta sig við annan veðrétt. Það ætti í raun ekki að skipta máli, nema að það yrðu þá að vera enn vandaðri rekstrarforsendur. Ef til kæmi að búskapur færi í þrot mundi ferlið ganga eðlilega fyrir sig og það eina sem gerist er að landið hefur verið tekið út fyrir sviga.

Upphæð lána þyrfti að taka einhvers konar mið af markaðsverði lands og væri ekki óeðlilegt að upphæðin væri a.m.k. 500.000 á hektara til að byrja með. Með þessu móti væri hægt að gjörbreyta aðstöðu margra eða flestra bænda.

Kostir:

1. Verulega auðveldari ættliðaskipti og/eða sala
2. Stórlega lækkaður rekstrar-kostnaður til framtíðar
3. Hægt að ráðast í hagkvæmar framkvæmdir fyrir
4. Stuðningur við ýmsar greinar landbúnaðarinnar verður jafnari og sanngjarnari (ég reikna með að allar greinar landbúnaðar geti notið ef þær nota land undir sinn rekstur)
5. Betri nýting á stuðningi ríkisins en augljóst er að ríkið (og svona sjóður) fær mun betri vaxtakjör á markaði en einstakir bændur. Því er um mikinn stuðning að ræða sem kostar lítið. Á bak við lánið stendur landbúnaðarland, sem ætti að geta talist öruggt veð.
6. Einnig má nefna það að svona kerfi mundi styðja við vilja Íslendinga um að halda yfirráðum yfir eigin landi.

Til að leika sér með tölur þá má setja upp dæmi þar sem 2.000 bújarðir með 200 hektara land að meðaltali fengju svona lán. Heildarupphæðin væri 200 milljarðar, en til að setja í samhengi, þá eru hreinar eignir lífeyrissjóðanna vel yfir 7.000 milljarðar. Þetta er því ekki óyfírstíganlegt.

Það er ljóst að til að vel takist til þarf að vanda vel til verka. Til dæmis þarf að koma hlutum þannig fyrir að lækkaðir vextir og greiðslubyrði komi ekki beint til hækkunar á söliverði jarða og fari þannig beina leið aftur út úr greininni til þeirra sem selja. Þetta er hægt að gera með ströngum skilyrðum og kvöðum um búskap á viðkomandi jörðum.

Engu að síður er líklegt að almennt verð á landi muni fara hækkandi fremur en hitt og er eðlilegt að taka tillit til slíks.

Ég vona að þessi pistill hreyfi við málefnalegri umræðu um þessi mál og að þetta verði rannsakað til hlítar og framkvæmt.

Elvar Eyvindsson, bóndi á Skíðbakka 2.



Aron Dyröy Guðmundsson frá Efri-Rauðalæk stoltur með fallegan platta frá Gunnhildi Art og Guðni Jenssoni í Teigi hugsí með sína gimbur í 2. sæti.



Systkinin Anna Sigríður og Sumarliði Erlendsbörn frá Skarði taka við verðlaunum fyrir besta veturgamla hrút ársins 2022 samkvæmt kynbótamati Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarinnar.

Myndir / Aðsendar

Dagur sauðkindarinnar

Dagur sauðkindarinnar í Rangárvallasýslu var haldinn í reiðhöllinni Skeiðvangi á Hvolsvelli þann 14. október síðastliðinn.



Hulda Brynjólfssdóttir.

Fjöldi fólks kom á staðinn og fjölmargar fallegar kindur sömuleiðis.

Dómar hófust fyrir hádegi, en eftir hádegi var bestu lömbunum raðað í sæti og gat þá fólk fengið að koma við og þukla. Niðurstöður í þeim fjórum flokkum sem keppt var í voru eftirfarandi, en efstu lömbum úr dómum var stillt upp saman og raðað eftir átaki.

Í flokki hyrindra gimbra var gimbur frá Efri-Rauðalæk efst með 45,5 stig þegar allar einkunnir eru lagðar saman, þar af 10,0 fyrir framt og 19,0 fyrir læri. Í öðru og þriðja sæti voru gimbur frá Teigi í Fljótshlíð með 19,5 fyrir læri og 45,5 og 46,0 heildarstig.

Í flokki kollóttra gimbra voru þessir bæir aftur með í efstu sætum, en efsta gimbrin var frá Teigi. Hún var með 46,5 heildarstig þar af 19,5 fyrir læri. Í öðru sæti var gimbur frá Sólvöllum en þar eru ungir bændur nýbúnir að taka við bú. Þeirra gimbur var líka með 19,5 fyrir læri og fékk 45,5 stig í lokaeinkunn. Í þriðja sæti var gimbur frá Efri-Rauðalæk með 45,5 stig og 19,0 fyrir læri.

Í flokki hyrindra hrúta var í efsta sæti hrútur frá Kaldbak á Rangárvöllum með 89,5 stig en átakið setti hann í efsta sætið, því í næstu tveimur sætum voru hrútar með 90 stig. Allir fengu þeir 19,5 fyrir læri en hrúturinn í þriðja sæti var líka frá Kaldbak og hann fékk 10,0 fyrir bak. Í öðru sæti var hrútur frá Kirkjulæk í Fljótshlíð.



Littfestursta lambið er valið af áhorfendum og að þessu sinni var gimbur frá Núpi fyrir valinu. Ungu bændurnir, Erla Rún og Fríða Rós, tóku á móti verðlauninum í öruggri fylgd þabba síns, Bjarka Guðmundssonar.



Viðar Steinarsson á Kaldbak kampa-kátur með verðlaunum fyrir besta hyrnda hrútinn.



Tómas Jensson í Teigi og Guðjón Helgason, faðir Hönnu Valdísar á Sólvöllum, með efstu kollóttu hrútana.

Kollóttu hrútarnir voru fæstir en feikna góðir gripir mættu þar til sýningar eins og í hinum flokkunum. Í efsta sæti var hrútur frá Teigi með 90 heildarstig og þar af 19,5 fyrir læri. Í öðru sæti var hrútur frá ungu

bændunum á Sólvöllum með 89,5 stig og í þriðja sæti hrútur frá Efri-Rauðalæk, einnig með 89,5 stig.

Ýmislegt fleira var gert en að bera saman bestu hyrnu og kollóttu lömbin, en litfestursta lambið var valið af áhorfendum og fékk verðlaun fyrir útlit sitt. Verðlaun voru veitt fyrir ræktunarbú ársins 2022, besta veturgamla hrútinn og bestu fimm vetra ána samkvæmt kynbótamati 2022.

Allir verðlaunagripirnir eru málaðir plattar sem Gunnhildur Art málaði og eru þeir hver og einn algjört listaverk. Hún málaði einnig tvo farandgripir sem eru veittir fyrir besta veturgamla hrútinn og bestu fimm vetra ána og mun hann ganga á milli næstu árin. Þökkum við Gunnhildi kærlega fyrir hennar listafögru gripi.

Að þessu sinni var kynnt stuttlega hvernig forystukindur eru dæmdar og var eitt lamb og ein fullorðin ær dæmd eftir dómsskalanum sem til er hjá RML fyrir forystufé. Sá dómur var þó einungis til gamans og ekki skráður.

Þá voru margir glæsilegir happdrættisvinningsdregirnir út og afhentir á meðan fólk var á staðnum. Þökkum við þeim fjölmörgu sem styrktu hátíðina með happdrættisvinninum.

Þá viljum við sérstaklega þakka Sláturfélagi Suðurlands fyrir þeirra stuðning, en þeir gáfu öllum gestum kjótsúpu og einnig fékk þykkasti bakvöðvi sýningarinnar lambalæri í verðlaun sem SS gaf.

Við þökkum þeim fjölmörgu sem gerðu þennan dag svona skemmtilegan með því að koma með kindur og til að horfa á kindur. Sjáumst að ári.

Hulda Brynjólfssdóttir, fh. Félags sauðfjárbænda í Rangárvallasýslu.



Kolbrá Lóa Ágústsdóttir tók við glæsilegum nýjum farandgrip fyrir bestu fimm vetra ána samkvæmt kynbótamati RML. Þær eru báðar frá Vestra-Fíflholti í Landeyjum.



Nokkrar geitur komu á sýninguna og til gamans var ákveðið að setja ómtækið á hryggvöðvann á hafurskiði. Hryggvöðvinn á honum mældist 18 mm en til samanburðar var þykkasti bakvöðvinn 44 mm.

Bændablaðið kemur næst út
16. nóvember



AF VETTvangi STJÓRNARRÁÐSINS

Förum finnsku leiðina

Um nokkurra ára skeið hafa bændur bent á að heimildir þeirra til samstarfs og samvinnu séu lakari en í nágrannalöndum. Ekki hafi verið formfestar skýrar undanþágur fyrir félög framleiðenda á sambærilegan hátt og í nágrannalöndum.



Svandís Svavarsdóttir.

Þar með geti bændur ekki nýtt samstöðu til þess að sækja sér betri stöðu í virðisæðju matvæla og séu valdlausir þegar kemur að afurðasölumálum. Umhverfi landbúnaðar hefur tekið miklum breytingum á síðustu áratugum en ekki er langt síðan að ríkið í gegnum ýmiss konar nefndir ákvað framleiðslumagn og verð á vörum bænda. Það kerfi varð með öllu ósjálfbært og við tók tímabil kvótakerfa og samdráttar í framleiðslu. Afurðafélög voru flest í eigu bænda í gegnum samvinnufélög en þessi staða hefur breyst og nú eru afurðastöðvar af ýmsu tagi og misjafnt hvort þær séu í eigu eða undir stjórn bænda.

Í vikunni var samþykkt á fundi ríkisstjórnar að leggja frumvarp mitt um framleiðendafélög fram á Alþingi sem stjórnarmál. Með því er lagt til að horfa til finnsku leiðarinnar og færa heimildir bænda til samstarfs og samvinnu í fast form. Lagt er til að slíkar heimildir nái til félaga undir stjórn bænda og þannig staða þeirra bætt. Kjarninn í veikri stöðu bænda er sá, líkt og öldungadeildarþingmaður í framboði lýsti eitt sinn vestan hafs, að bændur væru þau einu í hagkerfinu sem kaupa öll aðföng á smásöluverði, selja allar afurðir á heildsöluverði og borga flutninga í báðar áttir.

Lærum af reynslu annarra

Rík hefur fyrir formföstum reglum um framleiðendafélög víðs vegar í Evrópu og Bandaríkjunum. Ástæður þess eru einkum þær að sé markaðsöflunum einum eftirlátið að skipuleggja virðisæðju landbúnaðar er sammingsstaða bænda afleit. Staða framleiðenda í vinnslu og sölu afurða er veik þar sem afurðastöðvar ráða mestu og stórar keðjur dagvöruverslana. Ekki

nóg með að staða bænda gagnvart söluhlöðinni sé veik, þá er hún að sama skapi veik gagnvart aðfangakeðjunni, sölumönnum á ýmiss konar aðföngum til framleiðslu búvara. Þessi staðreynd hefur leitt til þess að heimildir frumframleiðenda hafa víða verið formfestar og ríkuleg flóra af framleiðendafélögum búvara er nú fyrir hendi í löndum Evrópusambandsins. Tilgangur þeirra er misjafn, sum eru stór samþætt félög sem eiga og reka starfsemi á meðan önnur beita sér fyrir bættari stöðu framleiðenda gagnvart afurðafélögum og aðfangakeðjunni.

Forsenda fæðuöryggis í landinu er að bændur búi í sama efnahagslega raunveruleika og aðrir. Til þess að það geti raungerst tel ég nauðsynlegt að skilyrði þeirra til að beita samstarfi og samvinnu séu ekki lakari en annars staðar. Með finnsku leiðinni í framleiðendafélögum getum við fært bændum verkfærin til þess að styrkja stöðu sína. Á næstu vikum mun ég mæla fyrir málinu á Alþingi þar sem það fer svo til þinglegrar meðferðar.

Svandís Svavarsdóttir
matvælaráðherra.

LESENDARÝNI

Báknið:

Þegar sett eru lög um starfsemi sem í raun fela í sér bann

Árið 2011 voru sett lög um skeldýrarækt sem þáverandi formaður Samtaka atvinnulífsins sagði í viðtali að ætti frekar að kalla „lög um bann við skeldýrarækt“. Leyfisveitinga- og eftirlitkerfið sem sett var í kringum greinina kæfði hana í fæðingu eins og varað var við á þeim tíma.



Oddný Anna Björnsdóttir.

Í dag ræktar enginn krækling (bláskel) til sölu á markaði. Þeir sem störfuðu innan greinarinnar þegar lögin tóku gildi eða söttu um leyfi eftir það, hafa allir lagst í dvala eða hætt alveg. Ástæðan er meðal annars blýhúðunin svokallaða sem þýðir að embættismenn hér á landi „nýta ferðina“ og þrængja þau skilyrði sem eru í regluverkinu sem verið er að innleiða. Önnur ástæða er að annars staðar í Evrópu er litið á eftirlit með slíkri ræktun sem lýðheilsuál, ekki eitthvað sem eigi að íþyngja ræktendum.

Af þeim sökum sér ríkið um sýnatökurnar og kostnaðinn af þeim, ekki ræktendurnir eins og hér á landi. Rétt er að taka fram að sýnataka er til að kanna hvort skelfiskurinn sé laus við eiturefni sem er mikilvægt til að tryggja matvælaöryggi. Þess vegna er líka áreiðanlegra að ræktendurnir séu ekki sjálfir að sjá um sýnatökuna.

Verðum af milljörðum í útflutningstekjur

Blýhúðuninni var í tilfelli skeldýraræktar beitt af slíku offorsi að rekstrargrundvöllur greinarinnar brast fullkomlega. Regluverkið tekur þar að auki ekkert tillit til stærðar eldisins. Hið smæsta eldi þarf að undirgangast sömu skilyrði og þau stærstu. Það skýtur því ansi skökku við að í 1. gr. er meginmarkmið laganna sagt vera „að skapa skilyrði til ræktunar skeldýra, setja reglur um starfsemi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu“. Samkvæmt 15. gr. laganna hefur ráðherra heimild til að setja reglugerð sem meðal



annars tekur tillit til áhættuþátta og hagsmuna þeirra sem eru með lita framleiðslu, en ekkert bólar á henni, rúmum áratug síðar.

Einu og hálfu ári áður en lögin voru sett var fjallað um bláskelsræktun í Morgunblaðinu. Í fréttinni kom fram að hún gæti skilað 1.500 tonna framleiðslu á næstu árum og 6.000 tonnum eftir sex ár. Til að það mætti verða yrðu ræktunarmenn að spýta í lófana sem þá töldu 17 fyrirtæki. Bláskelin væri eftirsótt á Evrópumarkaði og þessi framleiðsla gæti skilað tveimur milljörðum í útflutningstekjur á ári (3,4 ma á núvirði) og skapað 175 störf við ræktun og fullvinnslu. Á núvirði væri það um fjórir milljarðar. En í stað þess að spýta í lófana, lögðu þau upp laupana, hvert á eftir öðru. Eini skelfiskurinn á markaði hér á landi er sá sem menn veida í fjörðum landsins (villtur, ekki ræktaður) og er fyrst og fremst seldur til veitingastaða.

Staðan einungs versnað

Ég átti samtalið við frumkvöðul um daginn sem er af erlendu bergi brotin. Hún gengur með þá hugmynd í maganum að koma á fót kræklingarekt í sinni heimabyggð, svipaðri þeirri sem hún þekkir frá sínu heimalandi í Evrópu. Enda í hennar huga ekki svo flókið mál; einfaldlega leggja kaðla í sjó og biða svo eftir því að kræklingar festi sig á böndin og vaxi.

Mín fyrsta spurning var hvort hún hefði ekki heyrt að á Íslandi væru í gildi lög sem væru í gildi banns við slíkri ræktun sem hefðu í raun gengið

af greininni dauðri. Hún hafði ekki heyrt af því og rak upp stór augu.

Bergsveinn Reynisson er einn þeirra sem stundaði kræklinga rækt og var formaður Skelræktar, hagsmunasamtaka kræklingarektenda um tíma, en hann er einnig félagsmaður í Samtökum smáframleiðenda matvæla. Að hans sögn hefur staðan á undanföllum árum versnað, ef eitthvað er.

Ef frumkvöðullinn fyrrnefndi ákveður að hefja ferlið mun hún þurfa að standa straum af kostnaði við eftirlitið og leyfin, þar á meðal af launum eftirlitsaðila og kostnaði vegna aðstöðu, áhalds, búnaðar, þjálfunar og ferðalaga, auk kostnaðar við rannsóknir og sýnatök. Ferlið sem hún þarf að fara í gegnum er eftirfarandi í stórum dráttum.

Starfsleyfi, tilraunaleyfi og heilnæmiskönnun

Sækja um starfsleyfi til Matvælastofnunar (MAST) og gera skýrslu um ellefu rekstrarþætti, grænt bókhald, áhættumat og viðbragðsáætlun. Ef rækta á meira en 200 tonn þarf fyrst að sækja um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar.

Sækja um tilraunaleyfi til að hámarki þrjú ára og skila inn fjölda fylgigagna. Það leyfi veitir ekki heimild til dreifingar afurða til neyslu. Aflla þarf umsagna frá Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Landhelgisgæslunni, Matvælastofnun, Náttúrufræðistofnun, Orkustofnun, Siglingastofnun, Umhverfisstofnun og viðkomandi sveitarstjóri.

MAST mun framkvæma heilnæmiskönnun og krefja frumkvöðulinn um sýni, bæði af sjó og skel, einu sinni í mánuði í heilt ár.

Ræktunarleyfi, uppskeruheimild, eiturefnaprófanir og vinnsluleyfi

Ef framangreint gengur upp er sótt um ræktunarleyfi og þá hefst ferlið aftur upp á nýtt. Útbúa þarf fylgigögn og svo þarf nýjar umsagnir frá ofangreindum niu aðilum. Að auki þarf frumkvöðullinn að láta rannsaka sjávarbotninn undir köðlunum á að lágmarki fimm ára fresti.

Að því loknu þarf að sækja um uppskeruheimild og svo aftur á tveggja vikna fresti meðan á uppskerutíma stendur. Til að fá þá heimild og viðhalda henni þarf að gera eiturefnaprófanir á skelfisknum í hvert sinn. Senda þarf sýnin til Svíþjóðar þar sem greiningin tekur allt að fimm daga. Ef starfsmaður MAST ákveður hins vegar að þörf sé á örari sýnatökum hefur hann heimild til að krefjast þeirra á fimm daga fresti, einungis byggt á huglægu mati. Þetta var kornið sem fyllti mælinn hjá Bergsveini og hans félögum. Þeir einfaldlega gáfust upp og „köstuðu inn kaðlinum“.

Að lokum þarf að sækja um vinnsluleyfi sem er svo flókið að MAST gerði leiðbeiningabækling um umsóknarferlið.

Kæfðum eina sjálfbærustu matvælaframleiðsluna

Ráðamenn þjóðarinnar þreystast ekki á því að tala um sjálfbærni og fæðuöryggi; að við séum matvælaþjóð sem eigi að vera leiðandi í heiminum á því sviði.

Á sama tíma setja þeir matvælaframleiðslu þvilíkar skorður að í greinum eins og skeldýrarækt er meirihluti skelfisks hér á landi innfluttur, þrátt fyrir að á Íslandi séu fullkomnar aðstæður til slíkrar starfsemi og ræktunin ein sú umhverfisvænasta og sjálfbærasta matvælaframleiðsla sem um getur.

Oddný Anna Björnsdóttir
framkvæmdastjóri.



Hilltip Icestriker 900–1600L
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíl og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 380–550L
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíl. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 600 TR
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



Hilltip Snowstriker VP
Fjölplógur fyrir pallbíl, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker SP
Snjótönn fyrir pallbíl, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.



Hilltip Fjölplógur MVP
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíl t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.



A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S:551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is

VÉLABÁSINN

Japanskur jálkur

– Prufuakstur á Kubota M6-132

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Kubota dráttarvélar hafa getið sér gott orðspor hér á landi, enda á hagstæðu verði og áreiðanlegar. Þær hafa þó aldrei verið þekktar fyrir að bjóða upp á mikinn lúxus því stefna framleiðandans er að gera hlutina einfalda og þar með færri atriði sem geta bilað.

Að utan er þessi vél nútímaleg og mjög svipuð flestum hefðbundnum traktorum. Helsti munurinn er að þessi er appelsínugulur, ekki grænn, rauður eða blár. Ámoksturstækinn og felgurnar eru í sama lit. Dekkin virðast minni en á mörgum traktorum í þessum stærðarflokki – sérstaklega framdekkin. Annað sem vekur athygli er að öikumannshúsið er staðsett nokkuð framarlega og er afturrúðan nánast í línu við afturdekkinn. Óvíst hvort þetta hafi nokkur áhrif önnur en að útsýnið að dráttarkróknum getur verið skert.

Fyrstu viðbrögð þegar stigið er um borð er að allt er hrátt og einfalt. Sést það til að mynda á því að hægra megin við sætið eru fjórar mekanískar stjórnstangir fyrir vökvaúrtökin, í staðinn fyrir hátæknilegar rafmagnsstýringar. Þetta er einfalt og gott kerfi sem bilar seint og er ódýrt að laga ef eitthvað fer afslaga. Það er hvorki hægt að segja að innréttingin sé falleg eða ljót, enda er þetta bara traktor þar sem allt snýst um að vera praktískt og endingargott við mikla vinnu.

Fjaðrar þrýðilega

Öikumannshúsið er á gormafjöðrun á meðan framhásingin er á vökvaþjöðrun. Þótt fjöðrun hússins gæti talist frumstæð í samanburði við þær vélar sem eru með loftþúðafjöðrun, þá ræður hún býsna vel við ójafnt undirlag, hvort sem brunnað er eftir þjóðvegi eða akri. Öikumannssætið er af þýsku bergi brotið – frá framleiðandanum Grammer, sem þykir gera gæðavörur. Það er með loftþúðafjöðrun og fjaðrar bæði upp og niður, sem og fram og aftur. Ekki er hægt að segja annað en að Kubota M6 sé vel fjaðrandi og almennt þægilegur traktor.

Útsýnið úr öikumannshúsinu er til sóma. Ámoksturstækinn sjást þó þau séu í neðstu stöðu – ekki þar sem nefið er svo lágt, heldur er það svo mjótt. Þá er þakgluggi til að öikumadurinn sjái í tækin í hæstu stöðu. Húsið er sérstaklega rúmgott og kemst bóndi í fullri stærð vel fyrir í farþegasætinu.

Hljóðeinangrunin er nokkuð góð og í þjóðvegaakstri undir litlu álagi þarf rétt aðeins að hækka róminn til að ræða við farþegann sér við hlið. Hægt er að þakka girassanum að vissu leyti fyrir þennan eiginleika, enda er hæsti girinn mjög hár og snýst vélin á lágum snúningum þegar þeyst er um á hámarks hraða, sem eru fjórutíu kílómetrar á klukkustund.

Skiptingar stífar

Girkassinn á það til að vera með harðar skiptingar, sérstaklega þegar hann er kaldur. Skiptingarnar verða liprari þegar allt er búið að hitna, en finnur öikumadurinn samt sem áður vel fyrir hverri girskiptingu. Girkassinn er með þrjú drif, sem eru með átta kúplingsfría gíra hvert. Kassinn býður upp á sjálfskiptingu eða að öikumadurinn skipti sjálfur milli þrepa með því að ýta eða toga í stjórnþinnann fyrir gírana, sem



Kubota M6-132 er traktor sem gerir allt, en þó með minni lúxus en í sumum tilfellum. Appelsínuguli einkennislitur Kubota er áberandi og þekktist tegundin úr mikilli fjarlægð. Myndir / ÁL



Húsið er nokkuð framarlega miðað við afturdekkin.



Mjúkt sæti, fjöðrun á húsi og hljóðeinangrun gera notkun Kubota M6 nokkuð þægilega. Farþegasæti rúmar fulloröna.

staðsettur er fremst á stjórnborðinu. Þegar girassinn er í sjálfskiptingu á hann til að vera seinn að skipta niður þegar álagið eykst upp brekkur og dregur þá niður í vélinni.

Við stýrið er vengir eins og í flestum traktorum. Einnig er hægt að velja akstursstefnu með takka á stjórnþinnann fyrir girana. Hægt er að kveikja á sjálfvirkri kúplingu og er því hægt að nema alveg staðar með því einu að ýta á bremsufetilinn. Þessi sjálfvirka kúpling er þó ekki alveg fúmlaus og vilji maður losna við alla rykki er betra að nota gamla góða kúplingsfetilinn í vinnu eins og að safna rúllum. Stjórnþinnann fyrir ámoksturstækinn er nokkuð fyrir ofan og til hliðar við stjórnborðið.

Því getur verið ankannalegt að beita honum og nær maður ekki að vera alveg slakur með höndina.

Kubota M6-132 er liprari en gengur og gerist. Hún er útbúin svokölluðum Bi-Speed búnaði sem snýr framdrifinu hraðar en afturdrifinu og klórar hún sig í enn þrengri beygju en þegar hún er einungis í afturdrifinu. Mótörinn er 6,1 lítra en fjögurra strokka, þannig að hver stimpill er býsna stór, sem skilar góðu togi. Þá er hann 133 hestöfl við flestar aðstæður, en undir álagi losnar um 20 auka hestöfl.

Skjár með ýmsa möguleika

Vélin í þessum prufuakstri var útbúin



Hér er flóknum rafmagnsstýringum á vökvasneiðum fórnáð í nafni einfaldleika og áreiðanleika. Snertiskjár fyrir nákvæmar stillingar og Iso-Bus.



Útsýnið fram á við er með sóma.

sjó tommu snertiskjá, sem staðsettur er rétt framan við stjórnborðið. Þetta er aukahlutur sem gefur notandanum möguleika á að nálgast mun meiri stillingar á vélinni en ella. Með skjánum er til að mynda hægt að afmarka gírana sem vélin notar og velja byrjunargír, en óþarfi er að taka af stað í lægsta gír.

Skjárinn er með Iso-Bus tengi sem fer beint í aukahluti eins og rúllusamstæðu og áburðardreifara. Þá getur skjárinn tengst við GPS kúlu sem gefur ýmsa möguleika þegar kemur að nákvæmnisbúskap og myndavél til að sjá betur á blinda punkta. Valmyndin er ekki sú nútímalegasta, en þeir sem eru með metnað fyrir að nýta alla eiginleika

dráttarvélarinnar ættu að geta ráðið fram úr henni.

Að lokum

Hjá Þór hf. kostar Kubota M6 frá 14.787.000 krónum, en vélin í þessum prufuakstri myndi vera á 16.024.000 krónum miðað við gengi evru 146. Öll verð eru án vsk. Þessi traktor er engin lúxuskerra, en með flestum þeim búnaði sem bændur vantar, eins og Load-Sensing vökvadælu, fjóra hraða á aflúrtaki, frambúnað, skotkrók, loftkælingu o.s.frv. Notkun hennar er blátt áfram og ættu flestir bændur að vera snöggir að tileinka sér alla eiginleika hennar.

SÖFNIN Í LANDINU



Frá draugahúsi á hrekkjavöku á Síldarminjasafninu árið 2020.

Mynd / Aðsend.

Hrekkjavakan á íslenskum söfnum

Hrekkjavakan er hátíð sem hefur verið að ryðja sér til rúms á Íslandi í auknum mæli undanfarin ár.

Hátíðir á þessum árstíma eiga sér gamlar rætur, á Írlandi og Bretlandi var hátíðin Samhain haldin þar sem fólk fagnaði árstíðaskiptum, en samkvæmt gömlu keltnesku dagatali voru aðeins tvær árstíðir, vetur og sumar. Þarna fagnaði fólk því upphafi vetrar, myrkri og dauða bæði náttúrunnar og sláturdýranna. Á Norðurlöndunum var einnig haldin hátíð sem kölluð var Veturnatur og í gömlum heimildum er talað um að þá hafi verið haldin Dísablót, en dísirnar voru hættulegar kvenvættir í norrænni trú. Kristinn yfirtók svo þessa hátíð og kallaði Allra heilagra messu, eða All Halloween's Eve, sem seinna varð Halloween eða hrekkjavakan.

Samkvæmt þjóðtrúnni er styttra á milli heima í kringum hrekkja-

vökuna og alls kyns yfirmátturulegar vættir eiga greiðari leið inn í okkar heim. Hrekkjavakan snýst nú til dags um að fagna því hræðilega. Mörg klæðast búningum með frekar skuggalegu ívafi, skera út hræðileg andlit í grasker (og áður rófur), horfa á hryllingsmyndir og láta hræða sig, skreyta og skemmta sér.

Á Íslandi er óhætt að segja að söfnin hafi tekið hrekkjavökunni fagnandi. Söfn hafa það hlutverk að safna og miðla upplýsingum um sögu og menningu. Þau eru líka samkomustaður fólks og oft öflugir þátttakendur í mannlífni í sínu nærsamfélagi. Á hrekkjavökunni hafa mörg söfn staðið fyrir spennandi og stundum dálítið óhugnanlegum viðburðum. Sumum var breytt í ógnvekjandi draugahús, en slík mátti til dæmis finna á þessu ári á Bygðasafni Skagfirðinga í Glaumbæ,

Síldarminjasafninu á Siglufirði og á Arbæjarsafni. Einhver stóðu líka fyrir fjölbreyttum viðburðum, þar sem börn eða fjölskyldur áttu skemmtilega stund saman, fræddust um sögu hátíðarinnar, hlustuðu á íslenskar draugasögur eða útbjuggu skreytingar fyrir hrekkjavökuna. Slíkar skemmtistundir mátti meðal annars finna á Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Safnahúsinu á Egilsstöðum, Menningarhúsinu Bergi á Dalvík og Listasafni Íslands, svo dæmi séu nefnd.

Það er því óhætt að segja að hrekkjavökunni hafi verið tekið opnum örmum af söfnum landsins og þau taka svo sannarlega virkan þátt í að móta nýjar og skemmtilegar hefðir. Menningararfur og hefðir eru nefnilega sibreytilegar.

Dagrún Ósk Jónsdóttir, verkefnisstjóri FÍSOS.

TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI OG VINNUM ÚR ÞEIM LAUSNIR

VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Led lýsing í allar Landbúnaðarbyggingar og Iðnaðarhúsnæði

Tri-proof ljós - Ufo ljós 60° og 90° fyrir meiri lofthæð.

KAUPLAND www.kaupland.is sími 8449484

KROSSGÁTA Bændablaðsins

207	GLYMJANDI	TÚTTA	DÓTARÍ	BLIKKA	SLEPIST	TÓNLIST	PUSA	ÖBREYTT
	TAK	SÍÐAÐUR						
STUTTUR	ÖSLA	GEGNA	VÍSA LEIÐ	ULLAR- EFNI	GREINI- LEGUR	RVJA	RVJA	REIÐIR AF
VÍS- BENDING	SKRÁMA	YFIR	NÓTA	SKRÆKJA	KAUPTÚN	STIG	STIG	MORA
KVEINI	ÓVISS	SKILJA	NÆGILEGA	RANNSAKA	AFHÓLFA	HAPP- DRÆTTI	HAPP- DRÆTTI	FUGL
STRENGUR	MÝKING	HÁTTALAG	VAÐN	HÁTTALAG	VAÐN	HÖNDUR BH	HÖNDUR BH	HÖNDUR BH
EFTIR- MYND	MÆLING	SÖNN	TIL- SAMANS	TVÍHLJÓÐI	MARG- SINNIS	LJÓST	LJÓST	SÖNN
KAUPS	ÚTLIMIR	VORKENNA	MARG- SINNIS	MARG- SINNIS	MARG- SINNIS	HAPP- DRÆTTI	HAPP- DRÆTTI	SÖNN

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

206

RISPA	SKYFÆRI	E	SVÍKJA	VÍETA	S	RAKI	SKRIDA	H
BURÐAR- KLÁR	K	L	Y	F	J	A	D	Ý
KYK NAFN	L	Á	R	A	LÍKUM	G	E	T
URMULL	Ó	T	A	L	TÍELA	G	I	N
ÓREIÐA	R	Ú	UPPANGA	S	T	I	G	I
TÆPLEGA	R	Ú	MÓDINS	S	T	I	G	I
RVJA	R	STIG	SKORTIR	V	A	N	T	A
RVJA	R	STIG	PRÁTTA	V	A	N	T	A
T	U	S	K	A	STÓÐGT	S	Í	TJÓN
T	U	S	K	A	ÓIMSTEINN	S	Í	TJÓN
LJÓST	S	K	Y	R	STIKK- PRÓFA	S	Y	N
LJÓST	S	K	Y	R	STIKK- PRÓFA	S	Y	N
HAPP- DRÆTTI	L	O	T	T	KVÖLD	K	A	F
HAPP- DRÆTTI	L	O	T	T	KVÖLD	K	A	F
B	A	R	A	P	PUKUR	A	U	F
B	A	R	A	P	BLANDAR	A	U	F
K	ANDVARI	SEPI	BRÚNIR	L	SÓNGLA	R	A	U
K	ANDVARI	SEPI	BRÚNIR	L	SÓNGLA	R	A	U
ÁREITA	A	B	B	A	TIGNARI	Æ	Ð	R
ÁREITA	A	B	B	A	NUDDA	Æ	Ð	R
LÖR	L	Ö	G	TOTA	ANGI	SÖGH	N	Ö
LÖR	L	Ö	G	TOTA	ANGI	SKYLDIR	N	Ö
FLYTIJA	F	Æ	R	A	HVEITIL- DEIGS	N	Ú	Ð
FLYTIJA	F	Æ	R	A	LENGJA	N	Ú	Ð
HLUÐN- FARA	A	R	Ð	R	ÞOKKALEG	D	Á	G
HLUÐN- FARA	A	R	Ð	R	ÞOKKALEG	D	Á	G

www.bbl.is

MATARKRÓKURINN

Pönnuréttir úr afgangum

Hafliði Halldórsson
hafliði@icelandicamb.is



Matarsóun er alltof mikil hjá okkur Íslendingum rétt eins og flestum vestrænum þjóðum, en um þriðjungur kolefnisspors í heiminum tengt matvællum er beintengt sóun á þeim.

Það er að fólk hendir í ruslið þriðja hverjum munnþita af því hráefni sem það keypti. Á sama tíma kvarta þeir sem henda matnum oft og tíðum undan verðlagi á aðföngunum, hluti mannkyns sveltur og bændurnir sem framleiða matinn fá oft en ekki of litlar tekjur til sinnar framfærslu. Rétt eins og við þekkjum hér á landi. Það er einhver skekkja í þessu öllu sem við berum sameiginlega ábyrgð á. Enginn einn getur breytt þessu upp á sitt einsdæmi, en allir geta þó breytt sínu framlagi til ábyrgðar í þessum efnunum, bætt sína neysluhegðun og sparað í leiðinni.

Almennt ættum við að velja betur fyrir okkur hvernig við nýtum okkar matvörur og gera allt sem við getum annað en að henda þeim hugsunarlaust í ruslið. Best er auðvitað að skipuleggja innkaupin vel og kaupa ekki óþarflega mikið.

Afganga af elduðu kjöti og grænmeti má ansi oft nýta í alls kyns pönnu- eða pottrétti, súpur og fleira. Hér hef ég gert tvær slíkar „uppskriftir“ til viðmiðunar sem þið getið teyggt og togað í allar áttir eftir efni og aðstæðum hverju sinni. Ég nota oft afganga af stærri steikum í einfalda og mjög fljótgerða rétti á pönnu sem geta vel orðið uppistaðan í bragðgóðum og oft og tíðum mjög lystugum og fallegum mat. Þá er líka um að gera að tæma grænmetisúffuna og nota það sem fellur til ásamt ýmsum sósum sem oft leynast í ísskápnum.



Lambaréttur í pönnu með eggjum

Lambakjötsafgangar
Laukur
Hvítlaukur
Selleri
Eldpipar
Grænkál
Worchestershire-sósa
Sriracha chili-sósa
Svartur pipar
Matarolía
Egg

Notið helst pönnu sem má fara inn í ofn, persónulega finnst mér best að nota pottjárnspönnuna mína sem þolir alls kyns meðferð og er laus við teflon og önnur slík efni.

Skerið lauk og hvítlauk eftir smekk, setjið stóra pönnu á meðalhita og mýkið laukana í olíu í nokkrar mínútur, skerið kjötið í bita og bætið í ásamt söxuðu selleri og eldpirar. Steikið á hægum hita í 3-4 mínútur. Grófsaxið grænkál og bætið í. Smakkið til með Worchestershire og Sriracha sósu, salti og sipar.

Takið af eldavélinni og setjið egg í pönnuna, best að gera holur í réttinn og brjóta eggin í. Hér er líka hægt að færa réttinn úr pönnunni í eldfastan bakka og bæta eggjunum síðan við. Eldið í ofni á 180 °C í nokkrar mínútur, eða þar til eggin eru tilbúin og berið fram með meðlæti að eigin vali. Til dæmis með kartöflusalati úr afgangskartöflum úr ísskápnum.

Kartöflusalat með sýrðum gúrkum og jalapeno

Soðnar kartöflur
Majones
Súrar gúrkur
Laukur
Niðursoðinn jalapeno
Dijon-sinnep
Salt
Pipar

Skerið lauk í teninga og hrærið saman við majonesið, saxið súrar gúrkur og jalapeno og bætið í ásamt sinnepi.

Skraelið og skerið kartöflur í hæfilega bita og blandið saman við, smakkið til með salti og pipar.

Nautaréttur í pönnu með sesam, sojasósu og eggjum

Nautakjöt
Laukur
Fennel
Gulrætur
Sesamfræ
sesamolía
Sojasósa
Teriyaki-sósa
Egg

Skerið nautið í hæfilega bita, saxið lauk og hvítlauk og svtið á pönnu á meðalhita. Skerið fennel og gulrætur smátt og bætið við. Steikið áfram á hægum hita í 5 mínútur og bætið þá kjötinu, sesamolíu og sesamfræjum við. Steikið áfram í 2-3 mínútur og setjið botnfylli af vatni í pönnuna, smakkið til með sojasósu og teriyaki-sósu ásamt pipar. Ath. að sósurnar eru mjög saltar og varist þess vegna að salta réttinn áður en þeim er bætt í! Sjóðið niður í hæfilega þykkt og bætið eggjum í pönnuna og klárið eldunina í ofni á 180 °C í pönnunni, eða í eldföstum bakka. Berið fram með hrisgrjónum og t.d. hvítkálssalati.

Hvítkálssalat með sesamfræjum

Hvítkál
Blaðlaukur
Sesamfræ
Sesamolía
Eplaedik
Salt

Skerið hvíta hlutann af blaðlaukunum í strimla og leggið í bleyti í vatni, skerið hvítkál í eins fina strimla og þið getið og setjið í skál. Takið blaðlaukinn úr vatninu og þerrið áður en honum er blandað saman við kálið. Setjið ríkulegt magn af ediki í skálina og blandið ásamt ögn af sesamolíu, salti og sesamfræjum. Þetta salat geymist vikum saman í loftþétu íláti í kæli.

ERFINGJAR LANDSINS

Tilvonandi smiður?

Hann Hallgrímur Ragnar er hress og kátur strákur sem hefur gaman af að smíða, æfa íþróttir og veiða fisk svo eitthvað sé nefnt!

Nafn: Hallgrímur Ragnar Hilmarsson.

Aldur: 8 ára.

Stjörnumerki: Krabbi.

Búseta: Reykholt, Biskupstungum.

Skóli: Bláskógaskóli.

Skemmtilegast í skólanum: Smíði.

Áhugamál: Veiða fisk og íþróttir.

Tómstundaiðkun: Ég er að smíða kofa, vinna í skemmni hans pabba, æfa íþróttir.

Uppáhaldsdýrið: Refur.

Uppáhaldsmatur: Grjónagrautur og steikt slátur með sykri.

Uppáhaldslag: Reykjavík er okkar.

Uppáhaldslitur: Blár og rauður.

Uppáhaldsmynd: Hobbit.



Fyrsta minningin: Þegar Greipur sagði að pabbi liti út eins og Hobbit, eða fæturnir hans.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert: Fara til útlanda.

SUDOKUPRAUTIR Bændablaðsins

Setja skal inn tölur frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt - og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.

Létt

2		8			4	3		
3	5	6			7			8
4			8	3	2		6	
	9					2		1
8	2	4		5				
				4	3		9	
			3	7		6	5	
	4	5	6			9	7	
6		7	4	9			8	

Miðlungs

	9							
3					2	8		
				6	9			
	2			7			1	
	7	9		1	8			
		6		5				2
6		1		9	7			
	8							7
		7				4		5

Þung

		5		1			3	2
		2		4				
9			2		7			8
			6			4		
2	3		9					7
			9			1		
		8				1		
1	6					7		
				5				

Þyngst

4	7							1
	1							9
		3			5	4		
	4		3		7	2		
7			1					
		6						8
		5		7	3	6		
	6					3		2
				2				

Við hvetjum sem flesta til að hafa samband ef ykkur langar að vera með!
Hafið samband: sigrunpeturs@bondi.is

HANNYRÐAHORNID

Happy Laurel Shawl

– Smásjal heklað úr DROPS Air

DROPS mynstur: ai-448

Stærð: ca 13-14 cm á hæð mælt meðfram miðju og ca 80 cm á breidd mælt meðfram efri hlið.

Garn: DROPS Air, fæst hjá Handverkskúnnst, www.garn.is

Litur á mynd: mosagrænn nr 12.

Heklungur: 5mm

Heklfesta: 14 stuðlar = 10 cm

Hekkleiðbeiningar: Allar umferðir byrja með 3 loftlykkjum sem koma í stað fyrsta stuðuls í hverri umferð. Í lok næstu umferðar er heklað um þessar 3 loftlykkjur.

Úrtaka: Heklið 1 stuðul í næsta stuðul, en bíðið með að bregða þræðinum um heklunálina og að draga þræðinn í gegn í lokin (2 lykkjur á heklunálinni), heklið 1 tvíbrugðinn stuðul um loftlykkjur frá fyrri umferð, en bíðið með að bregða þræðinum um heklunálina og að draga þræðinn í gegn í lokin (3 lykkjur á heklunálinni). Bregðið þræðinum 1 sinni um heklunálina og dragið þræðinn í gegnum allar 3 lykkjurnar á heklunálinni. Það hefur fækkað um 1 lykkju.

Uppskriftin: Sjalið er heklað frá hlið.

1. umf (ranga): Heklið 4 loftlykkjur, heklið 2 stuðla í fyrstu loftlykkju. Það eru 3 stuðlar í umferð. Snúið stykkinu.

2. umf (rétt): Heklið 3 loftlykkjur, heklið 1 stuðul í næsta stuðul og heklið 2 stuðla um 3 loftlykkjur frá fyrri umferð. Það eru 4 stuðlar í umferð. Snúið stykkinu.

3. umf (ranga): Heklið 3 loftlykkjur, heklið 1 stuðul í hvorn af næstu 2 stuðlum og heklið 1 stuðul um loftlykkjur frá fyrri umferð. Það er engin lykkja aukin út í umferðinni. Snúið stykkinu.

4. umf (rétt): Heklið 3 loftlykkjur, heklið 1 stuðul í hvorn af næstu 2 stuðlum og heklið 2 stuðla um loftlykkjur frá fyrri umferð. Það eru 5 stuðlar í umferð. Snúið stykkinu.

5. umf (ranga): Heklið 3 loftlykkjur, heklið 1 stuðul í hvorn af næstu 3 stuðlum og heklið 1 stuðul um loftlykkjur frá fyrri umferð. Það er engin lykkja aukin út í umferðinni. Snúið stykkinu.

6. umf (rétt): Heklið 3 loftlykkjur, heklið 1 stuðul í hvorn stuðul fram að loftlykkjum frá fyrri umferð, heklið 2 stuðla um loftlykkjur. Það hefur aukist um 1 stuðul. Snúið stykkinu.

7. umf (ranga): Heklið 3 loftlykkjur, heklið 1 stuðul í hvorn stuðul fram að loftlykkjum frá fyrri umferð og heklið 1 stuðul um loftlykkjur. Það er engin lykkja aukin út í umferðinni. Snúið stykkinu. ATHUGIÐ HEKLFESTUNA!

Haldið áfram að hekla eins og í 6. og 7. umferð þar til 19 stuðlar eru í umferð og síðasta umferð er heklud frá röngu, stykkið mælist ca 13-14 cm mælt á breiddina og ca 38 cm á lengdina.



DROPS DESIGN.
www.garnstudio.com

Nú er heklað fram og til baka án þess að auka út þannig:

8. umf (rétt): Heklið 3 loftlykkjur, heklið 1 stuðul í hvorn stuðul fram að loftlykkjum frá fyrri umferð, heklið 1 stuðul um loftlykkjur. Snúið stykkinu.

Endurtakið 8. umferð frá réttu og frá röngu alls 4 sinnum (ca 3½ cm án útaukningar), næsta umferð er frá réttu.

Nú er heklað og lykkjum fækkað þannig:

9. umf (rétt): Heklið 3 loftlykkjur, heklið 1 stuðul í hvorn stuðul þar til 1 stuðull er eftir og 3 loftlykkjur frá fyrri umferð – lesið ÚRTAKA og fækkið um 1 lykkju. Snúið stykkinu.

10. umf (ranga): Heklið 3 loftlykkjur, heklið 1 stuðul í hvorn stuðul fram að loftlykkjum frá fyrri umferð, heklið 1 stuðul um loftlykkjur. Snúið stykkinu. Endurtakið 9. og 10. umferð þar til 3 stuðlar eru í umferð. Stykkið mælist ca 80 cm. Klippið þræðinn og gangið frá endum.

Heklveðja

Stelpurnar í Handverkskúnnst - www.garn.is

ÓDÝR
gleraugu
umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispuvörn
19.900 kr.
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6.0 með cyl. til 2.0

Margskipt. gleraugu
39.900 kr.
Margskipt. gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tveir vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

OPTIC
REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN

DROPS 30% alpakka afsláttur
10. október til 31. desember

Handverkskúnnst
www.garn.is
Hraunbæ 102a, 110 Reykjavík - sími 888-6611

BÆRINN OKKAR

Vesturkot er vestasti bærinn á Ólafsvallartorfunni og lengst af hefur verið rekin þar hefðbundinn landbúnaður. Foreldrar Huldu keyptu jörðina árið 2005 og síðan þá hefur verið stunduð hrossarækt á bænum og byggingar aðlagðar að þeirri starfsemi. Hulda og Þórarinn, maður hennar, tóku síðan við rekstrinum árið 2014.

Býli? Vesturkot.

Staðsett í sveit? Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

Ábúendur? Hulda Finnadóttir, Þórarinn Ragnarsson og synir okkar tveir, Einar Ingi, 5 ára og Arnór Elí, 2 ára.

Fjölskyldustærð (og gæludýra)? Við erum fjögur í heimili og síðan hundarnir Tara og Freyja og kötturinn Ísleifur.

Stærð jarðar? 180 ha.

Gerð bús? Hrossaræktarbú

Fjöldi búfjár? Í kringum 80 hross.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Drengjunum er skutlað í leikskólann og síðan er hafist handa við tamningar, þjálfun og umhirðu hrossa. Það stendur yfir fram undir kvöldmat.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Þegar folöldin fæðast og maður röltir út í haga til að sjá hvað maður fékk. Það er alltaf skemmtilegasti tími ársins.



Leiðinlegast er að kveðja gamla vini.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir 5 ár? Með svipuðum hætti. Vonandi verða komnar fleiri hryssur í ræktun frá Vesturkoti.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Það er alltaf til mjólk, piparostur, coke zero og collab og líka eitthvað sem enginn vill borða – það endist lengst.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Það fer eftir því hvern þú spyrð. Ætli það sé ekki nautalund hjá eldri kynslóðinni en hakk og spaghettí eða kjúklingur með karrigrjónum hjá þeim yngri.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þau eru nú flest tengd honum Spuna frá Vesturkoti.



Fyrst þegar hann setti heimsmet 5 vetra á Landsmóti 2011, síðan þegar hann vann A flokkinn á Landsmóti 2014, Íslandsmeistaratitill í fimmgangi og þegar hann hlaut Sleipnisbikarinn á Landsmóti 2018.



Við hvetjum sem flesta til að hafa samband ef ykkur langar að vera með!
Hafið samband: sigrunpeturs@bondi.is

FRÆÐSLA



Silkítoppa er mjög skrautlegur og gæfur fugl. Heimkynni hennar eru í Skandinavíu, Síberíu og Kanada. Þegar æti er af skornum skammti í vetrarheimkynnum hennar er þekkt að þær leggjast á flakk. Þá flækjast þær meðal annars hingað til Íslands en fjöldinn getur verið mjög misjafn milli ára. Stundum eru einungis stakir fuglar sem hingað berast en endrum og sinnum berast þær hingað í stórum hópum. Haustið sem leið var frekar rólegt hvað flækingsfugla varðar enda veðrið býið að vera nokkuð milt og gott. Svo gerðist það loksins í október að við fengum hraustlega haustlægð, með henni barst mikið magn af flækingsfuglum frá Evrópu og sumir þeirra afar sjaldgæfir. Silkítoppa er hins vegar árviss gestur og barst núna nokkuð mikið af þeim til landsins. Þær hafa dreift sér um svo að segja allt land og sjást víða í gördum þar sem fuglum er gefið. Þessi skrautlegi fugl er afar félagslyndur og ekki óalgengt að sjá nokkrar saman. Það er því tilvalið núna þegar dagarnir eru orðnir stuttir og veturinn byrjar að sýna klærnar að gefa fuglum sem hér munu hugsanlega þreya þórrann. Epli, sólblómfræ, fita, matarafgangar og vatn eru dæmi um það sem er vinsælt að gefa.

Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson



Addamsfjölskyldan eins og hún lítur út í dag, með dótturina Wednesday í forgrunni.



Chanel er þekkt fyrir tímalaus klassík, þar sem klæðin eru úr flaueli, blúndum, svörtu eða hvítu.



Addamsfjölskyldan var jólamynd ársins 1991.

Tíska:

Drungi og dimmar nætur

Í tilefni langra skugga, dimmra náttu og hrekkjavökunnar er ekki úr vegi að velja fyrir sér klæðaburði Addamsfjölskyldunnar.

Þessi lífseiga fjölskylda sem flestir kannast við kom fram á sjónarsviðið í blöðum tímaritsins *New Yorker* árið 1938. Teiknimyndasmiðurinn Charles Addams átti heiðurinn af þeirri skemmtun, en hann byggði myndasöguna lauslega á sinni eigin fjölskyldu. Á sjöunda áratugnum, árunum 1964-66, í samvinnu við David nokkum Levy, samdi Charles sjónvarpsþáttaröð um Addamsfjölskylduna og á skjánum birtust þær persónur sem margir kannast við í dag.

Enn fleiri minnst þó sjálfsagt einnar vinsælustu jólamyndar árið 1991, bíómyndarinnar *Addamsfjölskyldan*, sem sýnd var í kvikmyndahúsum hérlandis fram á næsta ár. Þótti kvikmyndargerðarfólki tilefni til þess að halda áfram með söguna og í desembermánuði 1993 var framhald hennar kynnt, bíógestum til mikillar gleði.

Áhugafolk um þessa fjölskyldu hefur svo væntanlega kynnt sér þætti sem finna má á Netflix, undir nafninu *Wednesday*, en þar er daglegu lífi dótturinnar, Wednesday

Addams, fylgt eftir. Stundar hún nám við heimavistarskóla nokkurn þar sem finnst hinar ævintýralegustu persónur.

Sterk persónusköpun og búningar

Það verður að segjast að meðlimir Addamsfjölskyldunnar beri afar sterk persónueinkenni og séu yfir höfuð mjög áberandi.

Fyrir utan skapgerðina þá vekur klæðaburður þeirra hvað mesta athygli – en hver og einn klæðist einungis svörtum fötum, með tilbrigði við hvítt. Rendur eða annað mynstur koma fyrir og er klæðaburðurinn í takt við það sem þekkt undir tískuheitinu „goth“ eða gotneskt á íslensku. Kannski er ekki að undra að yfir þáttum Netflix svífi sá andi yfir bæði leikmynd og búningum, en leikstjórnir er enginn annar en hinn bandaríski Tim Burton. Glöggir lesendur muna sjálfsagt eftir myndum hans, Edward Scissorhand, Sleepy Hollow, Sweeny Todd og teiknimyndinni *Corpse Bride*, þar sem það yfirbragð er einnig afar ríkjandi.

Goth má semsé skilgreina sem drungalega tísku dökka klæða og fölleitra andlita. Þessi

dökka rómantik á rætur að rekja til sorgarklæða Viktoríutímans þegar ekkjur klæddust jafnan svörtum fötum, hvert sem tilefnið var, en vildu oft bera skraut og glingur innan þess ramma. Vilja sumir meina að ímynd vampýra komi einnig við sögu í gotneskri tísku, en vampýrir eru jafnan álitnar bæði glæsilegar og afgerandi í klæðaburði svo og framkomu.

Tískuvelðin hafa tekið þennan stíl upp á sína arma með reglulegu millibili eins og nærri má geta. Þar ofarlega á lista er merki Chanel sem hefur verið þekkt fyrir slík áhrif í gegnum árin, ekki bara í fatnaði heldur einnig innan veggja verslana sinna – allt frá árum stofnandans, hinnar stílhreinu Coco Chanel. Hún lét eitt sinn hafa eftir sér að til þess að allur dauði væri upprisa lífs og til þess að tíska gæti verið blásin lífi þyrfti að tortíma henni.

Sjarmi korsettsins og upprisa gothsins

Á meðan tíska dagsins í dag er ærið frjálst og bylgjur þess sem vinsælt er falla og hefjast hraðar en nokkru sinni, þá hefur goth-stefnan risið hægt og sigandi.

Svartar blúndur, uppháir meðalþykkir sokkar og þröngar perluhálsfestar er eitthvað sem allir þurfa að eiga í dag, auk þess sem korsett færast æ ofar á vinsældalistann.

Korsettin þykja fallett úr þungum efnum á borð við flauel eða flauelslíki, þá dökkgræn, vínráud eða svört og þeim má klæðast yfir skyrtur eða boli, nú eða ein sér við hátiðleg tilefni. Kjólar þar sem efri hluti er korsett þykja móðins og há svört stígvél, gjarnan támjó, setja punktinn yfir i-ið.

Til viðbótar við flauelsefni og blúndur má bæta við svörtu klassísku leðri og jafnvel latexi en mikið er lagt upp úr vandaðri áferð og vel saumuðum flikum.

Fyrir þá sem vilja finna sína innri drama-tísku drungalegu samsetningu er ágætt að horfa á áður nefnda þætti um ungrúna hana Wednesday á Netflix eða líta við í búiðinni Rokk & rómantik á Laugaveginum, en þar er ýmislegt sem gleður augað.



2ja manna infrarauður saunaklefi
Stærð 120x100x200 cm. (BxDxH)
Kr. 260.000,- fyrir einfasa rafmagn.



Rafmagnspotturinn HYDRO
Stærð 200x200x95 cm.
Kr. 850.000,- m/loki, tröppu, síu o.fl.

GODDI.IS
Auðbrekka 19, 200 Kópavogur
s. 5445550

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.

Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

Jesús sagði:
„Elskið óvini yðar og biðið fyrir þeim sem ofsækja yður. Þannig sýnið þér að þér eruð börn föður yðar á himnum.“
Matt. 5.44-45

biblian.is



Sánahús, 4-6 manna úr sedrusviði með 8 kw. Harvia ofni og öllu sem til þarf. Stærð: 210 cm X 240 cm ósamsett. Verð kr. 995.000 m/vsk. Upplýsingar valdi@barki.is s. 569-4000. Barki ehf.



Ódýr og góð dótagæmsla í Mosfellsdal. Hafið samband við Bjarna, bjarniskeggj@gmail.com eða sendið sms. í s. 698-0906.



Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus fræsing, verð reiknast á fermetra. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Nánari upplýsingar og tilboð í S. 892-0808- Oliver.



Nýuppgerð kerra til sölu á kr. 200.000. Uppl. í s. 897-2217.



McCormick X7.621 til sölu. 2023 árg. – í verksmiðjuábyrgð. FPT 6,7 lítra mótur 210 hestöfl, ZF-skipting 6x5 takkaskipt með sjálfskiptimöguleika. 50 km/klst, þýskur-krókur, vökvayfirtengi, DSM skjár, loftkæling. 650/65R42 afturdekk, 540/65R30 framdekk. Verð kr. 15.900.000 +vsk. Uppl. í s. 412-3000.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantíð tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



SsangYong Tivoli DLX, 4x4, árgerð 2018, sjálfskiptur, ekinn 20.000 km. Verð kr. 2.890.000. notadir.bennis.is – s. 590-2035



Jeep Compass S, 4x4, árgerð 2021, sjálfskiptur, ekinn 74.000 km. Verð kr. 4.490.000. Verð áður kr. 5.990.000. - notadir.bennis.is – s. 590-2035



Nú er tíminn til að láta drauminn rætast. Eigum nokkra gullfallega Dacia Duster 2019, til afhendingar strax. Frábært verð, frá kr. 1.390.000 - Bílasala Reykjavíkur s. 587-8888.



Ég leita að stórríttíval sem gengur ekki fyrir rafmagn – svona eins og voru á skrifstofum. Hafið samband í s. 822-5269 eða sendið skýti á netfangið astvaldurl@gmail.com



Til sölu ýmsir varahlutir í Range Rover p38. Ljós, hurðir, vélarhlutir og margt fleira. Upplýsingar á: sverrirkikkur@gmail.com



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérþöntunarpjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is. Opið frá kl.13-16.30.



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt án aukahluta. Breidd 180 cm x 90. Verð frá kr. 9.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.



McCormick X5.110 til sölu, 2023 árgerð, í verksmiðjuábyrgð. FPT F36, 3,6 lítra, 102 hestöfl. 24+24 gírar, kúplingsfrír yfírgír. 540/65R34 framdekk, 440/65R24 framdekk. Ámoksturstaeki og skófla 3&4 svið. Verð kr. 10.900.000 +vsk. Uppl. í s. 412-3000



Sparið milljónir með Grinnstoðum. Uppl. í s. 866-4788 og 866-7500.



Til sölu Peri Duo, létt steypumót, allt að um 220 m², miðað við tvöföldun. Frábær og létt mót sem henta við alla venjulega uppsteypu. Endilega hafið samband við Ásgeir í s. 821-1125.

Jólahlaðborð og skemmtanir um allt land



Davíð og Stefán eru syngjandi veislustjórar
stefanhelgi@gmail.com eða s. 896-9410.

Smáauglýsingar - www.bbl.is

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta. Úrvalið hefur aldrei verið meira.



Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum. Skoðuðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.

Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.

BRIMCO EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

VETRARTÆKI

- Mikið úrval á lager -



Fjöplógur PUV „M“ Diagonal
Með stjórnúnaði. Án festiplötu
2,6m Verð: 1.290.000 kr.*
2,8m Verð: 1.290.000 kr.*
3,3m Verð: 1.450.000 kr.*



Fjöplógur PUV - Heavy Duty
Með stjórnúnaði. Án festiplötu
3,6m Verð: 1.650.000 kr.*
4,0m Verð: 1.749.000 kr.*

Festiplötur:

Verð frá 70.000 kr.*

Slétt plata 3-punkta
EURU/SMS EURO stór
JCB 3CX hrað CASE 580SR

Slitblöð

Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plöga



Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m³, rafstýrður, 12V
Verð: 1.650.000 kr.*



Fjöplógur VT320 & VT380
Sterkir plógur með flotgrind fyrir meiri hraða.
Verð frá 2.890.000 kr.*



Salt- & sanddreifari
SMA510 / 150cm - 590.000 kr.*
SMA800 / 200 cm - 655.000 kr.*
SMA1100 / 200 cm - 740.000 kr.*
SMA1600 / 230 cm - 845.000 kr.*
3p tengi, Kat1/kat2. - 59.500 kr.*
Möguleiki á glussa yfirtengi.



Snjóblásari 241 THS Flex
Vinnslubr. 264 cm, með föstum vængjum, glussastýring á túðu, 3p tengi. Drifsköft.
Fyrir +70hp
Verð 2.490.000 kr.*


*Verð án virðisaukaskatts



Vesturhrauni 3, 210 Gardabæ
Gagnheiði 35, 800 Selfossi
Baldursnesi 4, 603 Akureyri
Sími 480-0000 | www.aflvelar.is




Volvo V40, Cross Country, árg.2018, D2 dísel. Ekinn 43.900 km. Einn eigandi. Vetrardekk á felgum fylgja. Verð kr. 3.150.000. netfang-ulfarg@gmail.com



Til sölu strandveiðibáturinn Byr VE150. Báturinn er með rúllum. 2005 módel. Perkins 90hp. 3 6.000i rúllur og ein grá. Ásett verð er kr. 3.800.000. Nánari upplýsingar í s. 861-4384.



Doosan DA-30. Árgerð 2016. Ekinn 7.000 tíma. Verð kr. 16.900.000 +vsk. S. 894-7370.



Nýtt 200 kg palllok frá diamondback Toyota Hilux 2015. Opnast framan og aftan, þéttikantur og læsing. Til á fleiri pallbílum. Uppl. í s. 867-2020.



Mazda 3 CX optimum fjórhjólabil, árgerð 2017 er til sölu. Díselbíl, keyrður 143.000 km. Einn eigandi. Þverbogi með skíðafestingum, vetrar- og sumardeck fylgja. Ásett verð kr. 2.590.000. Uppl. í s. 566-8265.



Mercedes Bens Atego árg. 2001. 6 metra kassi og lyfta. Ekinn aðeins 130.000 km, í góðu lagi m.v. aldur. Verð kr. 900.000. Á Suðurlandi. S. 862-2345.



Leita að landskika úr jörð með góðu aðgengi og víðsýnu útsýni. Má vera fjarri íbúðabyggð en þó hægt að komast í rafmagn og kalt vatn. Til sölu eða leigu. Kaupandi myndi sjá um deiliskipulagsvinnu en stefnt væri á rekstur smáhýsa til gistingar og rekstur í höndum kaupanda. Húsin falla vel inn í íslenska náttúru. Áhugasamir hafi samband við Jón Rafn í s. 698-5520 eða sendi póst á jrvaldimars@gmail.com



Stefnumiðaður saltdreifari, 26 lítra. Verð kr. 59.520. Ekki renna á rassinn með þetta. Skoðaðu úrvalið á www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is - s. 555-6520.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3-4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Díselhitari, 5 kw 12 eða 34 v. Verð frá kr. 48.900.- Orkubóndinn.is Tranavogi 3, 104 Reykjavík s. 888-1185.



Bretttagafflar með snúningi, 180° eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta: 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is.



Gúmmírampar fyrir brettatjaka. Stærð: L 100 cm x b 50 cm x h 16 cm. Þyngd: 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta: 10 tonn. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager: 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsgandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 l eða 60 l tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðapjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Glussadrifnar haughræur á ámoksturæki eða 3 tengi. Hentar mjög vel fyrir útítanka, útílón og víðar. Lengdir: 4 m, 5 m 6 m, 6,7 m, 8 m, 9 m. Rótor og skrúfa eru sambyggð, enginn öxull. Mjög léttbyggðar, 9 m löng er aðeins 360 kg. Allar festingar í boði fyrir skotbómulyftara og traktora. Boltaðar festingar sem er fljótlegt að skipta um. Getum einnig skaffað fremsta hlutann án burðarvirkis. Óflugur búnaður á góðu verði frá Póllandi. Hákonarson ehf. hak@hak.is - www.hak.is - S. 892-4163.



Beltagrafa 1,4 tonn, vatnskæld 3ja cyl. díselvél. Verð kr. 2.480.000 +vsk. Úrval aukahluta í boði. www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is - s. 555-6520.



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta: 8.000 kg. Stærð: 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163.



Slöngubátur fyrir alhliða veiði. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir: 1,6 m, 2 m, 2,1 m, 2,5 m, 3 m, 3,5 m, 4 m, 4,5 m, 5 m. Burður fyrir par: 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Netfang, hak@hak.is - s. 892-4163.



SsangYong Rexton Ultimate, sýningarbíll, 4x4, árgerð 2023, sjálfskiptur. Verð kr. 12.495.000. Verð áður kr. 13.595.000. notadur. benni.is - s. 590-2035.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbílum og vinnuvélar. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Díselhitari, app-stýrður 12 eða 24v5 kw. Hægt að ræsa með símanum. Samsettur eða ósamsettur. Verð kr. 68.900.- Orkubóndinn.is Tranavogi 3, 104 Reykjavík, s. 888-1185.




Er um með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600






Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is



Vandaðir vatnabátar frá Póllandi. Stærð: 4,04 m x 1,67 m, 110 kg. Bátarnir eru með tvöföldum botni með frauði á milli. Bátunum fylgir sami búnaður og á mynd, ásamt tréarum. Vinsamlega hafið samband fyrir nánari upplýsingar. Hákonarson ehf., netfang, hak@hak.is. S. 892-4163.



Toyota Landcruiser, 90 árg. 2002, dísel, DID, ekinn 290.000 km. Heillegur og góður bíll, mjög lítið ryð. Nagladekk á felgum fylgja með. Nýlega skipt um tímareim og vatnsdælu. Verð kr. 1.100.000. Upplýsingar í s. 846-5883.



Kornvalsar frá SIPMA í Póllandi. https://www.sipma.pl/produkt/zgniatacz-zarna/ Frábærir valsar í mörgum útfærslum. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari: 680 kg og 1500 kg. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf / S. 892-4163 / netfang, hak@hak.is



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang, hak@hak.is.



Háprýstidælur fyrir verkataka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísel. Margar stærðir, allt að 700 bar. Einnig öflugir vatnshitara fyrir háprýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Volvo ECR25D smágrafa til sölu. Vélin er 2017 árgerð og einungis ekin um 1.000 tíma. Með vélinni fylgir skófla og tiltaskófla, á henni er fljótskiptibúnaður. Ásett verð kr. 4.800.000 +vsk. Frekari upplýsingar í s. 893-3024.



Forsölutilboð – Snjóblásarar fyrir traktorinn, 150 cm, 180 cm og 210 cm. Einnig snjóblásari 15 hp fyrir fjórhjólíð 130 cm + hliðarskerar, samtals 150 cm. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is s. 555-6520



Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dieselvélur á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í S. 527-2600.

PUNKTAR OG HNIÐ
RÁÐGJÖF

Hnitset landamerki jarða, hnitá nýjar spildur, geri lóðablöð og sendi til byggingarfulltrúa. Skjót þjónusta. punktarghnit.is s. 693-7992. Er á Suður- og Vesturlandi.



Bragðgott og meyrnt nautakjöt. 1/8 um 20 kg af kjöti, hakk, gúllas, snitsel og steikur. Afhending vikulega. www.myranaut.is eða s. 868-7204.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is. S. 892-4163, netfang, hak@hak.is



Ledljós fyrir kerrur og landbúnaðar-tæki. 12 og 24 V, 7 pinna tengi. 2,5 m kapall á milli ljósa og 12 m kapall í pinnatengi. Segulfesting, IP66 vatns- og rykvörn. Handhæg plasttaska fylgir. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang, hak@hak.is - www.hak.is

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is



Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Mikið úrval af flottum bolum
Verð: 1.736 kr.



Öryggi: Fyrst og fremst

Vefverslun: Khvinnufot.is

KH VINNUFÖT

ethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

ÁSCO

BÍLARAFMAGN

OKKAR ÆR OG KÝR

– STARTARAR OG ALTERNATORAR –



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengir fyrir togsþil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlóður. Fjarlæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áriðlar 12V og 24V / 240V. Hljóðnema fyrir rútur, voltmælur, amperemælur, spennufeltur 24V / 12V. truflanapöttar, loftnetsframlingar. Kerulenglar. Breytar fyrir 13P kerulengja. Öryggi. Sjálfvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulinsöryggi. Öryggjahlóður. Stór öryggi uppi 250A. Stærðir fyrir Landrover, Sínusett fyrir bassakökur. Bassakökur. Óviltbúar. Spennufeltar. Óvilt. Rafgeymaskókur. Vefverslun: Khvinnufot.is - Eignatorg - Eignatorg - Eignatorg. Vefverslun: Khvinnufot.is - Eignatorg - Eignatorg - Eignatorg.

ÁSCO

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is

BÍLARAFMAGN

NÝI ÖKUSKÓLINN

Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári

Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is

Réttindin gilda í Evrópu

Auknir atvinnumöguleikar Íslensk og ensk námskeið

Klettagördum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far

SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ

ALLAR GERÐIR TJAKKA



VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

RAFÓS

- ✓ RAFLAGNIR - VIÐHALD OG NÝLAGNIR
- ✓ HLEÐSLUSTÖÐVAR FYRIR RAFBÍLA UPPSETNING OG SALA
- ✓ VIÐGERÐIR OG SALA Á ÖLLUM GERÐUM HEIMILISTÆKJA
- ✓ VARMADÆLUR - UPPSETNING OG SALA

ÞJÓNUSTUM ALLT LANDIÐ - VERIÐ VELKOMIN

RAFÓS

Sími 519 1800

rafverktakar/heimilistækjaviðgerðir
Goðanes 16 • 603 Akureyri • Sími 5191800 • rafos@rafos.is
Opíð virka daga milli 08:00 - 16:00

rafos@rafos.is



Stór og öflug háþrýstidæla fyrir verkataka til sölu. Dælan er ný og ónotuð, FDX Xtreme XL, www.comet-spa.com. Dælan er 16 l / min og max þrýstingur er 520 bar. Vél: 26 hestöfl, Kohler, dísel, KDW 1003. Vélín er vatnskæld og með rafstarti. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - e-mail - hak@hak.is.



Klaufskurðarbásar frá Póllandi. Margar útfærslur á mjög góðu verði. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is www.hak.is



Brettagafflar fyrir ámoksturstæki. Ásoðnar festingar, Euro. Euro + 3 tengi. Sérþöntun á öllum festingum. Burðargeta 2.500 kg. Lengd á göfflum, 120 cm. Pólsk framleiðsla. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is.



Land Cruiser GX 150 árgerð 2020 til sölu. Ekinn aðeins 34.000 km. 33" breyting frá Toyota. Stórglæsilegur, lítið ekin, og vel með farinn bíll í 7 ára ábyrgð. Nýkominn úr þjónustueftirliti. Verð kr. 10.500.000.- nánari uppl. í s. 893-7913 og silkitoppur@gmail.com



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, l, 170 cm x b 200 cm x h 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is



Klósettadælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótur staðsettur fyrir utan votrymi. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Atvinna

Maður lífandi óskast í vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða allt sem tengist múrverki, hægt að komast í læri. Upplýsingar í s. 898-1999. Högni Guðmundsson múrarmeistari.

Sérverslun sem mun eingöngu selja íslenskar vörur verður opnuð á Selfossi 1. desember næstkomandi. Við leitum eftir framleiðendum um land allt sem hafa áhuga á að selja sínar vörur í versluninni. Allt kemur til greina, matur, handavinna, minjagripir, list o.s.frv. Eina skilyrðið er að um 100% íslenska framleiðslu sé að ræða. Áhugasamir sendi upplýsingar á netfang, alda@madeinland.is og við höfum samband.

Vantar bústjóra á hestabúgarð í Sviss. Upplýsingar í s. 0041- 79-484-7001 eða sigmarssonhelgi@gmail.com

Einkamál

57 ára karlmaður óskar eftir að kynna vinkonu sem býr á Höfn í Hornafirði með fast samband í huga. S. 894-8655.

Kona á barneignaraldri óskar eftir vænum grip til undaneldis. Þarf að vera ljúfur og góður, hugulsamur, heiðarlegur, heill á geði, léttur og kátur, einlægur, sýna frumkvæði við og við, fjárhagslega sjálfstæður, laghentur og natinn. Ekki væri verra að viðkomandi væri í herra lagi, sterklega byggður, bæri sig vel og helst með fallega heiðblá augu. Þeir sem telja sig bera þessa lýsingu mega hafa sambandi á netfanginu joklarosin@gmail.com. Takk fyrir.

Óska eftir

Kaupi vínplötur og CD. Staðgreiði stór plötusöfn. Plötumarkaður Óla, Ísbúðin Háaleitisbraut 58. S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Óska eftir amerískum pallbíl F150-F350, Ram Gmc eða Chevrolet. Mega þarfnast lagfæringa. Hafið samband í s. 774-4441.

Vantar spennu 230/32 v AC. Upplýsingar hjá Helga, s. 864-6960.

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmihellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is, s. 820-8096.

4 slitin vetrardekk á Landcruiser, á álfelgum, stærð: 265/70 17. Verð kr. 40.000 eða skv. samkomulagi. Upplýsingar í s. 898-4772.

Bændur og búalið. Léttlið ykkar lund um stund og lesið „Stílbrot á sjó“. Sönn saga og ljóð. Verð kr. 2.000, heimsent. Pantanir berist í s. 698-3983 (Þórdís).

Til sölu 3 kvígur, árgamlar frá því í ágúst og september 2023. Uppl. í s. 894-0283.

Tilkynningar

Kæri Billi, það tilkynnist hér með að ég verð barnlaus dagana 3. til 7. nóvember nk. Vonast til að heyra frá þér. Kveðja, Sverrir B. Berndsen.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang- einar.g9@gmail.com - Einar G.

Raflagnateikningar og viðgerðir. Kristinn J. Kristinnson rafiðn-fræðingur, email: njarafland@gmail.com s. 859-1168.

Tek að mér að færa alls konar myndir yfir á usb-lykil og flakkara. S. 863-7265 siggil@simnet.is.

Byggingarstjóri. Tek að mér að vera byggingarstjóri á mannvirkjum á öllum byggingarstigum. Vera tengiliður við byggingarfulltrúa fyrir ykkur. Hafið samband í s. 852-3222 eða asgeirvil@gmail.com..

Bústjóri hjá Nautís

Fyrirtækið Nautís, sem rekur einangrunarstöð fyrir Aberdeen Angus holdagripi að Stóra Ármóti Flóahreppi, óskar eftir að ráða bústjóra til að sjá um búið frá næstu áramótum.

- ✓ Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af kúabúskap eða umhirðu nautgripa, ásamt því að hafa búfræðipróf eða sambærilega menntun.
- ✓ Nauðsynlegt er að búseta sé nærri holdanautabúinu.
- ✓ Umsóknarfrestur er til 10. nóvember.



Allar nánari upplýsingar um starfið gefur Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri Nautís, sveinn@bssl.is, sími 894-7146

Efnistaka í Hörgá og Syðri-Tunguá í Hörgársveit

– útgáfa framkvæmdaleyfa vegna matsskyldrar framkvæmdar



Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum þann 31. október 2023 að gefa út eftirtalin framkvæmdaleyfi vegna efnistöku úr Hörgá og þverám hennar:

- Framkvæmdaleyfi vegna 56.284 rúmmetra efnistöku á efnistökusvæði E9 í Hörgá
- Framkvæmdaleyfi vegna 12.500 rúmmetra efnistöku á efnistökusvæði E8 í áreyrum Syðri-Tunguár

Framkvæmdirnar eru matsskyldar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er matsskýrsla umhverfismats samþykkt af Skipulagsstofnun 4. júní 2015. Framkvæmdaleyfin samræmast ákvæðum í Aðalskipulags Hörgársveitar 2012-2024 um efnistöku og eru leyfin gefin út á grundvelli reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Framkvæmdaleyfin taka gildi 31. október 2023 og gilda annarsvegar út 31. desember 2023 (svæði E9) og hinsvegar út 30. apríl 2025 (svæði E8). Frekari skilmálar framkvæmdarinnar koma fram í leyfisbréfi sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins, horgarsveit.is.

Ákvörðun sveitarstjórnar má kæra til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður frá birtingu auglýsingar í Lögbirtingarblaðinu.

Skipulags- og byggingarfulltrúi.

Þú finnur Bændablaðið á www.bbl.is, Facebook & Instagram



Auglýsendur athugið!

Einungis eiga **3** tölublöð
Bændablaðsins
eftir að koma út á árinu.

Eftirfarandi dagsetningar:
16. nóvember
30. nóvember
& jólablaðið 14. desember

Pantið ykkur pláss tímanlega
á netfanginu thordis@bondi.is

Smáauglýsingar skal skrá á
www.bbl.is/smaauglysingar



BETRA FYRIR ÞIG, VÉLINA ÞÍNA OG NÁTTÚRUNA

Finndu þinn söluaðila á
www.aspenfuels.is

ASPEN[®]
FUEL FOR PROFESSIONALS

LAUSNIR Á LAGER

Þar sem allt snýst um gæði

Drifbúnaður, legur, keðjur
og reimar frá SKF.
Smurkerfi frá Lincoln.



VILT ÞÚ BYRJA GJAFAINNKAUPIN SNEMMA Í ÁR?

Nú getur þú fengið jólaskilamiða
með skilarétti til 31. jan.
Nánar á elko.is.

ELKO 